

Skýrsla

umboðsmanns Alþingis

fyrir árið 1998

TIL ALÞINGIS

Í samræmi við 12. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, höfum við samið skýrslu þá, er hér fylgir, um störf okkar á árinu 1998.

Hinn 1. nóvember 1998 fékk Gaukur Jörundsson leyfi frá starfi umboðsmanns Alþingis og var Tryggvi Gunnarsson settur til að gegna starfinu frá sama tíma. Skýrsla þessi er samin af okkur báðum en sem fyrr er hún rituð í fyrstu persónu. Eru því álit og annað efni sem lokið var við á tímabilinu 1. janúar til 31. október 1998 rituð af Gauki en álit og bréf frá 1. nóvember til 31. desember 1998 rituð af Tryggva.

Þegar unnið var að undirbúningi þessarar skýrslu á árinu 1999 var hafin vinna við heimasíðu fyrir umboðsmann Alþingis. Var heimasíðan tekin í notkun í mars á þessu ári (sjá: www.umbodsmaduralthingis.is). Þar eru meðal annars birt álit og aðrar niðurstöður sem umboðsmaður telur rétt að birta ásamt útdrætti (reifun) í hverju máli fyrir sig. Í fyrri ársskýrslum umboðsmanns Alþingis hafa verið birtar að mestu í heild sinni úrlausnir umboðsmanns í málum sem valdar hafa verið með tilliti til eðlis þeirra og þýðingar fyrir stjórnvöld. Þá hafa fylgt útdrættir (reifanir). Umfang þessa efnis hefur farið vaxandi. Með því að nú er unnt að nálgast álit umboðsmanns Alþingis og meginhluta annarra úrlausna hans á heimasíðu embættisins var ákveðið að breyta uppsetningu og efnistöfum ársskýrslu frá og með skýrslu fyrir árið 1998. Þetta leiddi hins vegar til þess að nokkur töf varð á því að skýrslan yrði tilbúin til afhendingar. Í þessari skýrslu er því að finna útdrætti (reifanir) úr álitum í þeim málum sem umboðsmaður lauk á árinu 1998 og talið hefur verið rétt að taka upp í skýrsluna. Í nokkrum málum sem telja verður að hafi verulega almenna þýðingu eru álit umboðsmanns birt að mestu í heild sinni.

Skýrslan er í fimm köflum. Fyrsti kafli fjallar um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans árið 1998. Í öðrum kafla eru töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál, sem umboðsmaður kannaði 1998, svo og tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál. Í þriðja kafla eru birtar niðurstöður og álit í málum, sem við afgreiddum á árinu og ástæða er til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni, svo og framvinda þeirra. Þar er þó aðeins tekinn með hluti þeirra mála sem hafa almenna þýðingu fyrir starf umboðsmanns og starfshætti í stjórnsýslu. Í þeim tilvikum þar sem aðeins er birtur útdráttur (reifun) skal bent á að viðkomandi álit og niðurstöðu má finna í heild sinni á heimasíðu umboðsmanns. Í fjórða kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað var um í fyrri skýrslum umboðsmanns. Fimmti kafliinn geymir skrár yfir atriðisorð og lagatiltvikningar, svo og skrá yfir mál í númeraröð. Tekið skal fram að með tilkomu heimasíðu hefur verið gerð breyting á tilvísun til eldri mála. Þannig ræðst tilvísun nú af númeri máls (t.d. mál nr. 1714/1996 eða skammstafað UA 1714/1996).

Það er von okkar að þetta breytta fyrirkomulag á skýrslu umboðsmanns Alþingis samhliða tilkomu heimasíðu embættisins auðveldi leit að úrlausnum umboðsmanns vegna einstakra viðfangsefna og málaflokka.

Reykjavík, 10. ágúst 2000.

Gaukur Jörundsson

Tryggvi Gunnarsson

Skýrsla

umboðsmanns Alþingis
fyrir árið 1998

Ágúst 2000

Prentsmiðjan Oddi hf.

Efnisyfirlit

	Bls.
I. STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 1998	11
II. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 1998	14
1.0. Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 1998	14
1.1. Málafljöldi	14
1.2. Skipting kvartana	14
1.3. Afgreiðsla mála	16
1.4. Skipting mála eftir aðilum, sem kvörtun beinist að	16
1.5. Skipting mála eftir viðfangsefnum	19
2.0. Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál	20
2.1. Skráð og afgreidd mál 1988–1998	20
2.2. Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–1998	21
2.3. Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–1998	22
2.4. Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–1998	23
2.5. Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–1998	23
III. ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ 1998	24
1.0. Almannatryggingar	24
1.1. Tekjutrygging. Skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka. Hjónalífeyrir. Skýrleiki laga. Stjórnarskrá	24
1.2. Sambúð í skilningi 44. gr. almannatryggingalaga. Tillit til tekna maka. Tekjutrygging. Frekari uppbætur skv. 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Rannsóknarreglan	42
1.3. Rökstuðningur. Endurkröfuréttur skv. almannatryggingalögum. Tilkynningar. Form og efni úrskurða	44
1.4. Valdframsal. Valdbærni. Stjórnsýslusamningar. Svör stjórnvalda til umboðsmanns	45
1.5. Tannréttingar. Rökstuðningur. Rannsóknarreglan	45
1.6. Örorkumat. Upphaf gildistíma ákvörðunar um hækkun örorkumats. Birting stjórnvaldsákvörðunar. Bindandi ákvörðun. Ólögmat sjónarmið	46
1.7. Slysabætur. Tilkynning um slys. Fyrning bótaréttar. Skyldubundið mat	47
1.8. Slysatrygging vegna læknisaðgerða. Rannsóknarreglan. Heimild tryggingaráðs til að kalla til sérfróða menn. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða	47
2.0. Atvinnuleysistryggingar	49
2.1. Varðveisla réttar til atvinnuleysisbóta. EES-samningurinn. Vottorð E-303	49
2.2. Huglæg refsiskilyrði. Rannsóknarreglan. Form og efni úrskurða. Hæfi. Vandaðir stjórnsýsluhættir	49
2.3. Réttur sjálfstætt starfandi einstaklings til atvinnuleysisbóta.	

	Rannsóknarreglan. Form og efni úrskurða	51
2.4.	Réttur sjálfstætt starfandi einstaklings til atvinnuleysisbóta. Lagastoð reglugerðar	52
3.0.	Atvinnuréttindi	53
3.1.	Flugumferðarstjórn. Hámarksaldur til starfsþjálfunar. Sjónarmið sem ákvörðun er byggð á. Skyldubundið mat. Lögmætisreglan. Úrskurðarskylda. Form og efni úrskurða. Málshraði	53
4.0.	EES-samningurinn	64
4.1.	Birting og miðlun upplýsinga um „gerðir“. Lögmætisreglan. Meinbugir á lögum. Stjórnarskrá. Grundvallarsjónarmið réttar- ríkis. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Frumkvæðisathugun	64
5.0.	Fangelsismál	87
5.1.	Reynslulausn. Vararefsing	87
5.2.	Dagpeningar til gæsluvarðhaldsfanga. Lagastoð reglugerðar. Evrópskar fangelsisreglur	88
5.3.	Náðun. Vararefsing	89
6.0.	Fatlaðir	90
6.1.	Samningur um stuðningsþjónustu við fatlaða. Rannsóknarreglan	90
6.2.	Réttur fatlaðra til almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Frjálst mat	90
7.0.	Foreldrar og börn	92
7.1.	Barnaverndarráð. Fósturráðstöfun. Endurupptaka. Form og efni úrskurða. Sjónarmið sem ákvörðun er byggð á	92
7.2.	Barnsmeðlög. Framfærsluskylda. Dráttarvextir. Vandaðir stjórn- sýsluhættir	92
7.3.	Barnsmeðlög. Ákvörðun meðlags. Verklagsreglur. Skyldubundið mat	94
8.0.	Gjafsókn	95
8.1.	Skilyrði gjafsóknar. Álitsumleitan. Rökstuðningur	95
9.0.	Heilbrigðismál	97
9.1.	Valdsvið nefndar um ágreiningsmál skv. lögum um heilbrigðis- þjónustu. Eftirlitsskyldur landlæknis	97
9.2.	Nefnd um ágreiningsmál skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Rökstuðningur. Andmælaréttur	98
9.3.	Auglýsing lyfsöluleyfa	98
10.0.	Hæfi	99
10.1.	Almennt hæfi. Sérstakt hæfi	99
10.2.	Almennt hæfi	100
10.3.	Sérstakt hæfi. Hæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Frumkvæðis- athugun	101
10.4.	Sérstakt hæfi. Stjórnvaldsákvörðun. Frávik frá sérstökum hæfis- reglum stjórnisýslulaga. Meinbugir á lögum. Auglýsing	101

10.5.	Sérstakt hæfi. Stjórnsýslunefndir	113
11.0.	Landbúnaður	115
11.1.	Skattar og gjöld. Innheimta sjóðagjalda. Áætlun. Lögmætisreglan. Rannsóknarreglan. Endurupptaka. Meinbugir á lögum. Lagastoð reglugerðar	115
11.2.	Sala ríkisjarða. Ábúð. Vandaðir stjórnsýsluhættir	125
11.3.	Uppsögn afnotaréttar. Ábúð	125
12.0.	Lífeyrismál	127
12.1.	Staðfesting reglugerðar. Lögmætisreglan. Málshraði. Jafnræðisregla. Svör stjórnvalda til umboðsmanns	127
12.2.	Málsmeðferð stjórnvalda. Staðfesting reglugerðar. Málshraði. Svör stjórnvalda við erindum sem þeim berast. Lögmætisreglan. Jafnræðisregla	129
13.0.	Lögreglumálefni	131
13.1.	Lögreglusamþykktir. Veidiréttindi. Meðalhófsreglan	131
14.0.	Menntamál	133
14.1.	Opinberir starfsmenn. Veiting lektorsstöðu við Háskóla Íslands. Veitingarvald ráðherra. Álitsumleitan. Málshraði	133
14.2.	Flugvélavirkjun. Skilyrði þess að þreyta sveinspróf. Starfsnám. Rannsóknarreglan	134
14.3.	Stjórnvaldsákvörðun. Málshraði	135
15.0.	Námslán og námsstyrkir	136
15.1.	Námslán. Námsframvinda	136
16.0.	Opinberir starfsmenn	140
16.1.	Réttur til þess að launaákvörðun verði vísað til kjaranefndar. Málshraði. Vandaðir stjórnsýsluhættir	140
16.2.	Kjaranefnd. Kjaradómur. Aðgangur að gögnum. Rannsóknarreglan. Leiðbeiningarskylda. Rökstuðningur. Heildarlaun. Yfirvinna og álag. Aukastörf. Skyldubundið mat	141
16.3.	Kjaranefnd. Dráttur á svörum. Skýringar á drætti á svörum. Aðild að kvörtun til umboðsmanns	145
16.4.	Frávikning að fullu. Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996. Refsi-verð háttsemi. Játning	145
16.5.	Veiting kennarastarfs. Menntaskólar. Rannsóknarreglan. Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á	147
16.6.	Fæðingarorlof. Jafnræðisregla	148
17.0.	Póstþjónusta	149
17.1.	Skaðabætur. Form og efni úrskurða	149
18.0.	Ríkisútvarpið	150
18.1.	Verklag stjórnvalda við innheimtu og rannsókn mála. Starfssvið umboðsmanns Alþingis. Réttarágreiningur sem heyrir undir dómstóla	150

18.2.	Innheimta útvarpsgjalds. Andmælaréttur. Birting stjórnvaldsákvörðunar. Rannsóknarreglan	151
19.0.	Sakarkostnaður	153
19.1.	Nauðsynlegur kostnaður. Valdmörk stjórnvalda. Stjórnvaldsákvörðun. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða	153
20.0.	Samgöngumál	155
20.1.	Valdmörk stjórnvalda. Valdframsal	155
21.0.	Skattar og gjöld	157
21.1.	Úrskurður yfirskattanefndar. Skattskyldar tekjur. Skattasniðgangi. Rökstuðningur	157
21.2.	Ívilnun. Lækkun eignarskattsstofns. Verklagsreglur. Skyldubundið mat	158
21.3.	Ívilnun. Lækkun tekjuskattsstofns. Jafnræðisregla	159
21.4.	Ívilnun. Lækkun tekjuskattsstofns. Rökstuðningur	160
21.5.	Bifreiðagjald. Tilkygning um eigendaskipti. Verklagsreglur. Lögmætisreglan	161
21.6.	Þjónustugjöld. Eftirlitsgjald með vínveitingahúsum	162
21.7.	Framsetning tölulegra upplýsinga af hálfu opinberra innheimtumannanna. Frumkvæðisathugun	163
21.8.	Þjónustugjöld. Gatnagerðargjald. Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins í sveitarstjórnarmálum	164
21.9.	Endurupptaka. Endurákvörðun. Stjórnsýslukæra. Kæruheimild. Endurákvörðun skattstjóra verður skotið til yfirskattanefndar ...	164
21.10.	Aðgangur skattyfirvalda að gögnum hjá bankastofnunum. Andmælaréttur	165
22.0.	Skipulags- og byggingarmál	166
22.1.	Stjórnsýslukæra. Kærufrestur. Upphaf kærufrests. Stjórnvaldsákvörðun. Form og efni úrskurða	166
22.2.	Frestun réttaráhrifa. Stjórnvaldsákvörðun. Rannsóknarreglan. Málshraði. Rökstuðningur	167
22.3.	Bindandi skipulag. Endurskoðun skipulags	169
23.0.	Skráning og meðferð persónuupplýsinga	170
23.1.	Tölvunefnd. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur	170
24.0.	Starfssvið umboðsmanns Alþingis og skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun	171
24.1.	Málskot til æðra stjórnvalds	171
25.0.	Stjórn fiskveiða	173
25.1.	Birting laga. Frumkvæðisathugun. Grundvallarreglur réttarríkisins	173
25.2.	Svipting veiðileyfis. Refsikennd viðurlög. Gildistaka reglugerða	181
26.0.	Sveitarfélög	183
26.1.	Lausn nefndarmanns frá störfum. Umboð nefndarmanna.	

Stjórnarskrá	183
26.2. Félagsþjónusta sveitarfélaga. Leiðbeiningar um málskot. Vandaðir stjórnarsýsluhættir. Frumkvæðisathugun	184
26.3. Starfsmenn sveitarfélaga. Uppsögn. Gildissvið stjórnarsýslulaga. Einkaréttarlegir samningar. Meginreglur stjórnarsýsluréttarins. Sjórnarmið sem ákvörðun er byggð á	189
27.0. Utanríkismál	191
27.1. Umferð á Keflavíkurflugvelli. Málshraði. Stjórnarsýslukæra. Úrskurðarskylda	191
IV. UPPLÝSINGAR VEGNA ÁÐUR AFGREIDDRA MÁLA	192
V. SKRÁR	194
1. Númeraskrá	194
2. Lagaskrá	199
3. Atriðisorðaskrá	236

I. STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 1998.

1.

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis að Lág múla 6 var á árinu opin almenningi frá kl. 9.00 til 15.00 frá mánudegi til föstudags. Auk umboðsmanns voru starfsmenn allt árið þrír, Katrín Jónasdóttir, skrifstofustjóri, Margrét Vala Kristjánsdóttir, lögfræðingur, sem fór í barnsburðarleyfi 5. ágúst 1998, og Hrafnkell Óskarsson, lögfræðingur, sem hóf störf 1. janúar 1998. Þórhallur Vilhjálmsson, lögfræðingur, sagði starfi sínu lausu frá og með 14. maí 1998 að telja en hann hafði verið í launalausum leyfi frá 10. nóvember 1997. Ragnhildur Helgadóttir, lögfræðingur, lét af störfum 3. júlí 1998 og Þorgeir Ingi Njálsson, héraðsdómari, sem ráðinn hafði verið tímabundið frá 15. september 1997, hvarf til fyrri starfa 14. ágúst 1998. Krístrún Heimisdóttir, lögfræðingur, var ráðin frá 29. maí 1998 og Kristján Gunnar Valdimarsson, lögfræðingur, var ráðinn tímabundið til eins árs frá 15. júlí 1998. Róbert R. Spanó, lögfræðingur, var ráðinn til starfa 15. ágúst 1998. Páll Hreinsson sem verið hafði sérstakur aðstoðarmaður umboðsmanns frá árinu 1991 lét af því starfi 31. október 1998. Sem fyrr naut umboðsmaður aðstoðar nokkurra manna vegna einstakra viðfangsefna. Umboðsmaður ákvað að víkja sæti í nýu málum og skipaði forseti Alþingis Friðgeir Björnsson, dómstjóra, til að fara með tvö þeirra, Pál Hreinsson, dósent, til að fara með fjögur og Þorgeir Inga Njálsson, héraðsdómara, til að fara með þrjú, sbr. 14. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Hinn 1. nóvember 1998 var Gaukur Jörundsson kjörinn dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Óskaði Gaukur eftir leyfi frá störfum umboðsmanns frá sama tíma en hann hafði verið kjörinn umboðsmaður Alþingis til 31. desember 1999. Tryggvi Gunnarsson, hæstaréttarlögmaður, var settur umboðsmaður í hans stað frá 1. nóvember 1998.

2.

Á árinu 1998 voru skráð 288 ný mál. Þá tók umboðsmaður tíu mál upp að eigin frumkvæði. Skráð mál á grundvelli kvartana sem bornar voru fram voru 278. Tekið skal fram að mál er því aðeins skráð að skriflegt erindi hafi borist, oftast í formi skriflegrar kvörtunar, eða að umboðsmaður taki mál upp að eigin frumkvæði. Einnig er algengt að menn hringi eða komi á skrifstofu umboðsmanns og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oftast greitt úr málum með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg innan stjórn-sýslunnar án þess að til skráningar komi. Þessi þáttur í starfi umboðsmanns er tímafrekur eins og áður.

3.

Við árslok 1998 voru liðin fimm ár frá því að stjórn-sýslulög nr. 37/1993 tóku gildi. Eins og tekið var fram í athugasemdum með því frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 37/1993 var við það miðað að lögin hefðu einungis að geyma helstu meginreglur um málsmeðferð í stjórn-sýslunni og skyld atriði. Þá var því sjónarmiði fylgt við samningu þeirra að lögin yrðu sem aðgengilegust fyrir almenning og starfsmenn stjórn-sýslunnar.

Þegar könnuð eru atriðisorð þeirra mála sem umboðsmaður Alþingis fjallaði um á árinu 1998 og sjá má meðal annars í efnisyfirliti þessarar skýrslu sést að mikið ber á tilvísunum til reglna og efnis stjórn-sýslulaga. Atriðisorð eins og rannsóknarregla, rökstuðningur, form og efni úrskurða og málshraði koma þar oft fyrir en með því er verið að vísa til viðkomandi ákvæða stjórn-sýslulaga. Við könnun á þeim álitum umboðsmanns sem um er að ræða kemur í ljós að þar er gjarnan að finna athugasemdir um að ákvæðum stjórn-sýslulaganna hafi ekki verið fylgt. Vissulega er það svo að þarna er aðeins um að ræða ör-lítið brot af þeim málum sem hlotið hafa afgreiðslu í stjórn-sýslunni og mörg mál sem

koma á borð umboðsmanns Alþingis gefa ekki tilefni til athugasemda af þessu tagi. Þá er þess einnig að geta að við framkvæmd ýmissa ákvæða stjórn-sýslulaganna reynir á mat þess sem fer með málið hvenær kröfur laganna eru uppfylltar, t.d. rannsóknarreglu 10. gr. stjórn-sýslulaga um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Í öðrum tilvikum kveða löginn á um að úrlausn máls skuli uppfylla ákveðin skilyrði um form og efni. Sem dæmi um slíkt má nefna að í nokkrum þessara álita má finna athugasemdir um að æðra stjórnvald, ráðuneyti eða stjórn-sýslunefnd sem falið hefur verið úrskurðarvald, hafi ekki við úrlausn máls um stjórn-sýslukæru fylgt ákvæðum 31. gr. stjórn-sýslulaga um form og efni úrskurða í kærumáli. Það leiðir af stöðu þessara aðila að almennt eru gerðar meiri kröfur til málsmeðferðar af þeirra hálfu við meðferð kærumála heldur en við ákvarðanir hjá lægra settum stjórn-völdum. Sá möguleiki að geta kært ákvörðun til æðra stjórnvalds er liður í að tryggja borgurunum aukið réttaröryggi og aukna réttarvernd. Úrskurðir æðra stjórnvalds eiga líka að vera til leiðbeiningar fyrir lægra sett stjórn-völd. Það skiptir því miklu að vandað sé til slíkra úrlausna og reglum stjórn-sýslulaganna er einmitt ætlað að tryggja það.

Stjórn-sýslulögin eru líka, ef svo má að orði komast, grundvöllur að handverki þess hluta stjórn-sýslunnar sem löginn taka til. Það getur þannig skipt miklu um hvernig til tekst með framkvæmd laganna hvort komið er upp hjá viðkomandi stjórnvaldi verkskipulagi í samræmi við málsmeðferðarreglur stjórn-sýslulaga. Erindi sem stjórnvaldinu berast séu þannig í upphafi skilgreind og afgreiðsla þeirra lögð í viðeigandi farveg. Sem dæmi um þetta má nefna þegar æðra stjórnvaldi berst erindi vegna ákvörðunar eða athafna lægra setts stjórnvalds. Þá skiptir miklu að þegar í upphafi sé tekin afstaða til þess hvort um stjórn-sýslukæru sé að ræða eða ekki og ef vafi er uppi getur verið tilefni til þess að ganga eftir því við þann sem erindið sendi og þá eftir atvikum hvaða kröfur hann geri. Þá má nefna að framkvæmd 9. gr. stjórn-sýslulaganna um málshraða kallar á að komið sé á þannig skráningu erinda, verkskipulagi og skráningu á afgreiðslum, að hægt sé að fylgjast með stöðu erinda og að ákvæðum þess um sendingu tilkynninga sé gætt.

Við lögfestingu stjórn-sýslulaganna fór að frumkvæði forsætisráðuneytisins fram sérstök kynning á efni laganna. Á þeim tímamótum gætti þess viðhorfs nokkuð af hálfu stjórn-sýslunnar að reglur laganna yrðu til að íþyngja stjórn-sýslunni. Nú er það hins vegar svo að með stjórn-sýslulögunum var að hluta til verið að lögfesta ýmsar óskráðar meginreglur stjórn-sýsluréttarins sem dómstólar og umboðsmaður Alþingis höfðu talið að stjórn-sýslunni bæri að fylgja í störfum sínum. Kynning á efni stjórn-sýslulaganna var því um leið fræðsla um þann lagagrundvöll sem íslensk stjórn-sýsla byggist á. Nýjar lagareglur auk skýringa sem leiða má af úrlausnum dómstóla og álitum umboðsmanns Alþingis hafa einnig áhrif á það umhverfi sem starfsfólk stjórn-sýslunnar starfar í. Þá þarf einnig að gefa því gaum að sá hópur sem sinnir störfum í stjórn-sýslunni tekur breytingum og að hann er ekki eingöngu skipaður lögfræðingum.

Á þessum vettvangi er því ástæða til að vekja máls á því hvort ekki sé fullt tilefni til þess að starfsfólk stjórn-sýslunnar eigi í meira mæli en nú er kost á skipulegri fræðslu og endurmenntun um þær lagareglur sem stjórn-sýslan starfar eftir. Þannig verður að telja að aukin fræðsla um réttarreglur stjórn-sýsluréttarins, þá einkum málsmeðferðarreglur stjórn-sýslulaga, sé best til þess fallin að bæta almennt úr þeim atriðum sem hafa orðið tilefni athugasemda af hálfu umboðsmanns Alþingis.

4.

Þær lagareglur sem stjórn-sýslunni er ætlað að starfa eftir hafa síðustu ár orðið umfangsmeiri og grípa inn á fleiri svið samfélagsins. Tilkoma samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, EES-samningsins, hefur þar haft veruleg áhrif. Í skýrslu þessari er birt álit umboðsmanns Alþingis frá 9. janúar 1998 í máli nr. 2151/1997 en þar tók umboðsmaður

að eigin frumkvæði til athugunar hvernig Stjórnarráð Íslands hefði staðið að birtingu og miðlun upplýsinga um þær „gerðir“ sem taka bæri upp í íslenska löggjöf samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Í niðurstöðu álitsins eru gerðar ýmsar athugasemdir við framkvæmd þeirra mála. Þetta álit er nefnt hér til að minna á nauðsyn þess að gætt sé að því hverju sinni að stjórnslan sé í stakk búin til sinna þeim viðfangsefnum sem henni eru falin með lögum og þá að sinna þeim verkefnum svo tímanlega og með þeim hætti að réttaröryggi borgaranna sé tryggt. Á þetta bæði við um mannafla stjórnslunnar og nauðsynlega þekkingu þeirra sem þar starfa. Þá er það brýnt að þess sé gætt þegar við upphaf málsmeðferðar að afstaða sé tekin til þess hvað þurfi að gera til þess að viðfangsefnið sé leyst af hendi þannig að kröfum laga sé fullnægt.

II. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 1998.

1.0. Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 1998.

1.1. Mála fjöldi.

Á árinu 1998 voru alls 288 mál skráð hjá umboðsmanni Alþingis og skiptust þau þannig:

Kvartanir	278
Mál tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns	10
	<hr/>
Samtals	288

1.2. Skipting kvartana.

Eins og fram kemur í kafla I eru kvartanir aðeins skráðar ef skrifleg erindi berast en á árinu var ekki haldin skrá yfir þær fjölmörgu fyrirspurnir sem bárust skrifstofu umboðsmanns. Í sumum tilvikum hafa þessar fyrirspurnir leitt til þess að kvartanir hafa síðar borist skriflega en í öðrum tilvikum hafa viðkomandi verið veittar leiðbeiningar. Kvartanir, sem bárust á árinu, skiptust þannig eftir mánuðum:

janúar	30
febrúar	22
mars	39
apríl	17
maí	14
júní	15
júlí	23
ágúst	22
september	26
október	27
nóvember	20
desember	23
	<hr/>
Samtals	278

Að þessum 278 kvörtunum stóðu samtals 308 aðilar eða 276 einstaklingur og 32 lög- aðilar. Af einstaklingum voru 68 konur og 208 karlar. Yngsti einstaklingurinn, sem lagði fram kvörtun á árinu, var 14 ára og sá elsti 90 ára, en aldurskipting einstaklinganna var sem hér segir:

20 ára og yngri	4
21–30 ára	33
31–40 –	54
41–50 –	75
51–60 –	58
61–70 –	41
71 árs og eldri	11

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu þeirra kvartana sem bárust eftir kjördæmum, sýslum og kaupstöðum miðað við búsetu aðila. Fjórar kvartanir bárust frá einstaklingum búsettum erlendis. Mála fjöldi og hlutfall af honum er miðað við þau 288 mál er tekin voru til meðferðar á árinu og mál, sem umboðsmaður tók upp að eigin frumkvæði, teljast þar með.

	Fjöldi mála	Hlutfall af heildarmála-fjölda	Hlutfall af heildarþúa-fjölda landsins
Reykjavík	155	53,8%	39,3%
Reykjanes	69	24,0%	27,4%
– Kópavogur	13		
– Garðabær	8		
– Hafnarfjörður	17		
– Reykjanesbær	8		
– Seltjarnarnes	6		
– Mosfellsbær	10		
– Gullbringusýsla	6		
– Kjósarsýsla	1		
Vesturland	4	1,4%	5,1%
– Stykkishólmur	3		
– Snæfellsnessýsla	1		
Vestfirðir	3	1,0%	3,1%
– Ísafjörður	1		
– V-Ísafjarðarsýsla	1		
– Strandasýsla	1		
Norðurland vestra	6	2,1%	3,5%
– Blönduós	2		
– Siglufjörður	1		
– A-Húnavatnssýsla	2		
– Skagafjarðarsýsla	1		
Norðurland eystra	15	5,2%	9,6%
– Akureyri	7		
– Dalvíkurbyggð	2		
– Eyjafjarðarsýsla	2		
– S-Pingeyjarsýsla	1		
– N-Pingeyjarsýsla	3		
Austurland	6	2,1%	4,5%
– Austur-Hérað	1		
– Seyðisfjörður	1		
– N-Múlasýsla	3		
– S-Múlasýsla	1		
Suðurland	16	5,6%	7,5%
– Hveragerði	2		
– Árborg	2		
– V-Skaftafellsýsla	2		
– Rangárvallasýsla	3		
– Árnessýsla	7		
Íslendingar búsettir erlendis	4	1,4%	
Mál tekin upp að eigin frumkvæði	10	3,4%	
	<u>288</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

1.3. Afgreiðsla mála.

Á árinu hlutu 264 mál lokaafgreiðslu.

Mál til meðferðar í upphafi árs	151
Mál til meðferðar á árinu	288
Afgreidd mál	264
Mál til meðferðar í árslok	175

Af þeim 175 málum sem voru óafgreidd í árslok 1998 var í 30 tilvikum beðið eftir umsögnum og upplýsingum frá stjórnvöldum, í 13 málum var beðið eftir umsögnum frá þeim sem borið höfðu fram kvörtun, 73 mál voru til frumathugunar, 48 mál voru til athugunar hjá umboðsmanni að fengnum skýringum viðkomandi stjórnvalda og 11 mál voru í athugun hjá skipuðum umboðsmönnum.

Málum, sem berast umboðsmanni eða hann tekur upp að eigin frumkvæði, getur lokið með ýmsum hætti. Máli kann að ljúka þegar eftir frumathugun þar sem ekki eru uppfyllt lagaskilyrði til þess að umboðsmaður taki málið til frekari meðferðar t.d. samkvæmt liðum 4–6 í eftirfarandi yfirliti. Sé mál tekið til efnismeðferðar getur því m.a. lokið með þeim hætti sem þar greinir í liðum 1–3. Í yfirlitinu eru mál, afgreidd á árinu 1998, flokkuð eftir því með hvaða hætti málin hafa verið afgreidd, en tekið skal fram að í nokkrum tilvikum hefur efni málanna verið fjölþætt og einstökum þáttum þeirra lokið með mismunandi hætti. Hér eru þessi mál hins vegar flokkuð í samræmi við þá afgreiðslu sem telja verður meginatriði viðkomandi máls.

Afgreiðsla	Fjöldi mála
1. Álit	67
2. Ábending um að leggja réttarágreining fyrir dómstóla	4
3. Felld niður að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds	83
4. Féllu utan starfssviðs umboðsmanns	
a) Störf Alþingis, nefnda og stofnana á vegum þess	9
b) Dómsathafnir	2
c) Einkaréttarleg lögskipti	1
d) Önnur atriði	7
5. Eftir að skjóta máli til æðra stjórnvalds	44
6. Ársfrestur liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997	6
7. Fallið frá kvörtun eða kvörtun gaf ekki tilefni til frekari meðferðar að lokinni frumathugun	41
Samtals	264

1.4. Skipting mála eftir aðilum, sem kvörtun beinist að.

Í eftirfarandi yfirliti eru kvartanir þar sem umboðsmanni bærust og mál þau er hann tók upp að eigin frumkvæði á árinu 1998 flokkuð eftir þeim stjórnvöldum sem kvörtun beinist að. Tekið skal fram að í ýmsum tilvikum hafa kvartanir beinist að fleiri en einu stjórnvaldi en í yfirlitinu eru þær kvartanir skráðar á þann aðila sem telja verður að kvörtun beinist einkum að. Það skal ítrekað að hér eru teknar allar skráðar kvartanir en eins og fram kemur í yfirliti um afgreiðslu mála á árinu var aðeins hluti þeirra tekinn til nánari athugunar.


Í þeim tilvikum þegar meðferð á kvörtun lauk strax að lokinni frumathugun var mál afgreitt ýmist áður en frekari upplýsinga var aflað frá hlutaðeigandi stjórnvöldum eða eftir slíka gagnaöflun. Það er hugsanlegt að í yfirlitinu komi fram nöfn stjórnvalda sem umboðsmaður hefur ekki beint máli formlega til.

A. Ráðuneyti og ríkisstofnanir:


1. Forsætisráðuneytið			
– Úrsk.nefnd um upplýsingamál	3	3	
2. Menntamálaráðuneytið			
– Ráðuneytið	12		
– Stjórn Lánasj. ísl. námsmanna	2		
– Ríkisútlarpið	3		
– Háskóli Íslands	1		
– Háskólinn á Akureyri	1		
– Kennaraháskóli Íslands	1		
– Framhaldsskólar	2		
– Málskotsnefnd LÍN	1		
– Rannsóknarráð Íslands	2		
– Skólaráð	1	26	
3. Utanríkisráðuneytið			
– Ráðuneytið	3		
– Varnarmálaskrifstofa	1	4	
4. Landbúnaðarráðuneytið			
– Ráðuneytið	6		
– Framleiðsluráð landbúnaðarins	1		
– Yfirdýralæknir	1		
– Aðfangaeftirlit	1	9	
5. Sjávarútvegsráðuneytið			
– Ráðuneytið	10	10	
6. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið			
– Ráðuneytið	35		
– Lögregluþyrirvöld	4		
– Fangelisþyrirvöld	7		
– Ríkissaksóknari	7		
– Sýslumenn	6		
– Tölvunefnd	2		
– Bótanefnd skv. l. 69/1995	2		
– Lögregluskóli ríkisins	1		
– Örorkunefnd	1	65	
7. Félagsmálaráðuneytið			
– Ráðuneytið	9		
– Húsnæðisstofnun ríkisins	1		
– Húsnæðismálastjórn	2		
– Úrskurðarnefnd félagsþjónustu	2		
– Innheimtustofnun sveitarfélaga	3		
– Kærunefnd jafnréttismála	1		
– Ábyrgðarsjóður launa	1		
– Svæðisskr. málefna fatlaðra	2	21	
8. Heilbrigðis- og trygginga- málaráðuneytið			
– Ráðuneytið	7		
– Heyrnar- og talmeinstöð Ísl.	1		
– Tryggingastofnun ríkisins	6		
– Tryggingaráð	14		
– Heilbrigðisstofnanir	1	29	
9. Fjármálaráðuneytið			
– Ráðuneytið	13		
– Yfirskattanevnd	5		
– Skattyfirvöld	17		
– Lífeyrissjóðir	9		
– Kjaranefnd	4		
– Tollgæsla	3		
– Yfirfasteignamatnefnd	1	52	
10. Samgönguráðuneytið			
– Ráðuneytið	6		
– Vita- og hafnamálastofnun	1	7	
11. Iðnaðarráðuneytið			
– Ráðuneytið	5	5	
12. Viðskiptaráðuneytið			
– Ráðuneytið	4		
– Samkeppnisstofnun	1	5	
13. Hagstofa Íslands			
–	2		
– Hlutafélagaskrá	1	3	
14. Umhverfisráðuneytið			
– Ráðuneytið	9		
– Úrsk.nefnd skipulags- og byggingar- mála	2	11	
B. Sveitarfélög:			
Reykjavíkurborg			
–	8		
– Bílastæðasjóður	2		
– Skipulags- og umferðanefnd	1		
– Félagsþjónustan	1		
– Byggingarfulltrúi	1		
– Húsnæðisnefnd	2		
– Heilbrigðisefntirlit	2		
Hafnarfjarðarkaupstaður	2		
Mosfellsbær	1		
Kópavogsbær	1		
Hveragerðisbær	1		
Keflavíkurbær	1		
Skaftharppur	1		
Bessastaðahreppur	1		

[Annað 13]

C. Mál flokkuð eftir ráðuneytum árið 1998.



D. Um athafnir stjórnvalda var fjallað í álitum umboðsmanns Alþingis árið 1998, sbr. b-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.





1.5. Skipting mála eftir viðfangsefnum.


Aðgangur að gögnum	5	Málsmeðferð og starfshættir	
Aðgangur að sjúkraskýrslum	1	stjórnsýslunnar	12
Afnotagjald	1	Meðferð ákærvalds	5
Almannatryggingar	20	Meðlög	4
Atvinnuréttindi og atvinnuleyfi	6	Náðun	1
Ábyrgðarsjóður launa	1	Námslán	3
Bankar og sjóðir	1	Opinberir starfsmenn	13
Bótaábyrgð ríkisins	1	Ríkisjarðir	1
Bótageiðslur til þolenda afbrota	1	Sameining sveitarfélaga	1
Dómstólar	1	Samkeppnismál	2
Fangelsismál	20	Sérleyfi	1
Fasteignamat	1	Skattar	19
Félagsþjónusta sveitarfélaga	4	Skipulags- og byggingarmál	11
Félagslegar íbúðir	4	Skipun nefndar	4
Forsjámál	1	Skólamál	5
Framleiðslustjórn í landbúnaði	3	Skráning persónuupplýsinga	2
Gatnagerðargjöld	1	Skráning skipa	1
Gjafsókn, gjafvörn	1	Stjórnun fiskveiða	7
Gjöld	4	Styrkveitingar	1
Heilbrigðisþjónusta	1	Stöðumælasektir	2
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit	1	Stöðuveitingar	13
Húsnæðismál	2	Sveitarfélög	2
Hæfi	2	Tafir hjá stjórnv. á afgreiðslu máls	40
Iðnréttindi	2	Tollar	1
Innheimta opinberra gjalda	3	Umgengnisréttur	1
Innheimta sekta	2	Útgáfa vegabréfa	1
Jafnréttismál	1	Útlendingaeftirlit	1
Kjarasamningar	2	Vátryggingar	3
Kosningar	1	Vextir og verðbætur	3
Landbúnaður	2	Þjónustugjöld	7
Lífeyrissjóðir	12	Þjónustusamningar	1
Löggæsla	2	Ættleiðing	1
Lögheimili	2	Ökuréttindi	3
Málefni sveitarfélaga	3	Örorkumat	1

2.0. Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál.

2.1. Skráð og afgreidd mál 1988–1998.




2.2. Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–1998.




Ár	Álit	Felld niður að feng. leiðr. eða skýr. stjórnv.	Utan starfssviðs umboðsmanns	Kæruleið ekki tæmd	Ársfrestur liðinn	Felld niður að lokinni frumathugun
1988	7	2	9	5	1	11
1989	29	5	26	23	10	29
1990	35	26	34	31	8	28
1991	23	27	19	32	8	35
1992	36	53	26	37	5	28
1993	50	51	31	33	13	34
1994	51	85	41	76	22	46
1995	59	97	39	73	11	49
1996	80	114	38	58	9	48
1997	53	105	43	65	4	70
1998	67	83	23	44	6	41
Samtals	490	648	329	477	97	419

2.3. Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–1998.




Ár	Störf Alþingis	Störf dómstóla	Einkaréttarleg lögskipti	Réttarágreiningur á undir dómstóla	Önnur atriði
1988		6	2		1
1989	2	14	1	3	6
1990	15	8	1	1	9
1991	6	3	3	4	3
1992	5	9	2	5	5
1993	7	9	3	4	8
1994	6	12	7	9	7
1995	9	10	5	7	8
1996	10	8	5	8	7
1997	23	5	3	4	8
1998	9	2	1	4	7
Samtals Hlutf. afgr. mála	92	86	33	49	69

2.4. Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–1998.



2.5. Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–1998.



III. ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ 1998.

1.0. Almannatryggingar.

1.1. Tekjutrygging. Skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka. Hjónalífeyrir. Skýrleiki laga. Stjórnarskrá. (Mál nr. 1815/1996)

Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á Akureyri, kvartaði yfir ákvæðum 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar sem félagið taldi ekki eiga sér stoð í lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Umboðsmaður vísaði til þess að hann hefði í fyrra álitinu sínu, í máli nr. 26/1988 (SUA 1988:33), fjallað um tekjutryggingarákvæði þágildandi laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Í því máli var niðurstaða hans sú að í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, eins og ákvæðið var orðað eftir breytingu með 5. gr. laga nr. 96/1971, hefði falist heimild til að setja nánari skilyrði fyrir lífeyrishækkun skv. 1. mgr. sömu greinar, þ.e. tekjutryggingu. Því ættu skerðingarákvæði reglugerða sér nægilega lagastoð, enda gætu þau ekki talist fara í bága við nein meginsjónarmið þeirra almannatryggingalaga sem fram til þessa hefðu gilt. Í þessu fyrra álitinu sínu tók umboðsmaður þó fram, að þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu mætti deila um hvort umrædd skerðingarákvæði gætu talist réttlát eða heppileg. Taldi hann ástæðu til að taka þessar reglur til athugunar og taka á ný afstöðu til þess, hvort þær ættu að haldast óbreyttar. Í framhaldi af þessu fyrra álitinu umboðsmanns var lagt fram frumvarp á Alþingi þar sem gert var ráð fyrir að nyti annað hjóna ellilífeyris, skyldi helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans, en frumvarpið hlaut hvorki afgreiðslu né umfjöllun. Fram er komið að það muni ekki verða lagt fram að nýju í óbreyttri mynd.

Umboðsmaður rakti ákvæði 17. og 18. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 um tekjutryggingu, ákvæði 66. gr. þeirra laga um heimild til að kveða á um nánari framkvæmd laganna í reglugerð og ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 485/1995 um tekjutryggingu þar sem fram kemur að reglugerðin sé sett með stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993. Í álitinu sínu tók umboðsmaður fram að í 17. og 18. gr. væri ekki að finna samsvarandi ákvæði því sem var í eldri lögum og var samkvæmt framangreindu álitinu frá 1988 talin nægileg stoð fyrir ákvæði þágildandi reglugerðar um skerðingu tekjutryggingar. Umfjöllun hans lyti því að því hvort skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka lífeyrisþega, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, væri heimil samkvæmt ákvæðum gildandi laga um almannatryggingar.

Umboðsmaður rakti að skv. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993, hefði sá tími sem einstaklingur hefði átt lögheimili hér á landi áhrif á ellilífeyri. Þá væri ljóst að tekjur skertu grunnlífeyri færi einstaklingur yfir viss tekjumörk. Hins vegar væri ekki tekið fram berum orðum í 2. mgr. 11. gr. að lífeyrir skertist vegna tekna maka. Umboðsmaður taldi að ekki yrði séð að skerðing tekjutryggingar vegna maka yrði beinlínis leidd af 4. mgr. 17. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993. Ljóst væri að í löggjöf hefði um árábil ríkt það viðhorf að taka bæri tillit til tekna elli- og örorkulífeyrisþega þannig að þær skertu rétt til greiðslu lífeyris. Þá væri og ljóst að hjónum hefði verið ætlaður lægri lífeyrir en tveimur einstaklingum, sbr. 3. mgr. 11. gr., þ.e. 90% af lífeyri tveggja einstaklinga.

Hins vegar taldi umboðsmaður að kanna þyrfti grundvöll skerðingar tekjutryggingar vegna tekna maka lífeyrisþega. Í álitinu er rakin saga ákvæða um tekjutryggingu lífeyrisþega. Taldi umboðsmaður með hlöðsjón af henni hugtakið hjónalífeyri í almannatryggingalögum vísa til þess að tryggja skuli hjónum, sem bæði njóti lífeyris, fjárhæð sem nemi 90% af fjárhæð lífeyris tveggja einstaklinga. Yrði að telja að ákvæði laga um skerðingu uppbótar vegna tekna taki til tekna hjóna, sem bæði njóta lífeyris, þ.e. hjónalífeyris, umfram þá fjárhæð, sem lögin tiltaka. Umboðsmaður tilgreindi að með bráðabirgðalögum nr. 53/1977, sbr. lög nr. 68/1977, virtist hafa orðið sú breyting að lögmæltar fjárhæðir tekjutryggingar hjóna sem bæði nytu lífeyris skyldu ekki lengur nema 90% af heildarlífeyri tveggja einstaklinga. Lyti uppbót hjónalífeyris sömu reglum um skerðingu og uppbót til einstaklinga, sbr. 1 og 2. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga.

Niðurstaða umboðsmanns var sú, að ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 yrðu ekki talin ósamrýmanleg 1. og 2. mgr. 17. gr. almannatryggingalaga.

I.

Hinn 4. júní 1996 leitaði til mín A, fyrir hönd Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni. Kvartaði félagið yfir ákvæðum 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, sem félagið telur ekki eiga sér stoð í lögum nr. 117/1993.

II.

Kvörtun Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni, beindist jafnframt að því, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefði með reglugerð nr. 62/1996, um breytingu á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum, skert lögbundið framlag samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1996 til bifreiðakaupastyrkja samkvæmt 11. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Í bréfi félagsins, dags. 20. janúar 1997, var fallið frá þessum þætti kvörtunarinnar. Umfjöllun mín mun því eingöngu beinast að þeim þætti kvörtunarinnar, sem greint er frá í I. kafla hér að framan.

III.

Í kvörtuninni segir, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, sé lífeyrisuppbót einstaklingsbætur. Einnig komi skýrt fram í ákvæðinu, að frítekjumarkið skuli miða við aðrar tekjur lífeyrisþegans sjálfs og því óheimilt að deila tekjum milli hjóna, sem bæði njóti lífeyrislauna. Þá sé í 17. gr. almannatryggingalaga ekki að finna heimild til að gera aðila, sem njóti lífeyrislauna vegna elli eða örorku, upp tekjur með því að flytja helming tekna maka hans eða sambúa til hans. Ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eigi sér því ekki lagastoð. Þær brjóti og breyti ákvæðum laganna og taki aftur eða rýri ákvæði laga um rétt lífeyrisþega.

IV.

Ég ritaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra bréf 12. júní 1996, sem ítrekað var með bréfum, dags. 13. ágúst, 10. október og 29. nóvember 1996, þar sem þess var óskað, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið skýrði viðhorf sitt til kvörtunar Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Í svarbréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem barst mér 2. desember 1996, segir svo um þann þátt kvörtunarinnar, sem hér er til umfjöllunar:

„Kvörtun þessi lýtur að meðferð tekjutryggingar hjóna og orðalagi 17. gr. ATL,

en sú lagagrein hefur oft vafist fyrir bótaþegum ásamt rétti ráðherra til túlkunar á henni. Bótameðferð hjóna varðandi grunnlífeyri skv. 11. og 12. gr. ATL er alveg skýr, en þar segir að hjón sem bæði fá grunnlífeyri skuli nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Hjón fá þar með sameiginlega minna en tveir einstaklingar. Ákvæði 17. gr. varðandi tekjutryggingu eru ekki jafnskýr og því veldur afgreiðsla þeirra þessum misskilningi.

Fyrsta málsgrein 17. gr. fjallar um meðferð bóta til einstaklinga, en síðan segir í síðasta málslið: „Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.“ Sama á við um aðra málsgrein og síðasta málslið hennar. Það að ekki er settur punktur eftir orðinu „hjónalífeyri“, heldur bætt við í bæði skiptin „eftir því sem við á“ segir að meðferð tekjutryggingar hjóna skuli háð frekari ákvæðum. Fyrir utan 66. gr. ATL, sem gefur ráðherra almenna heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð, þá kveður 18. gr. á um að fyrir liggi skýrar upplýsingar um hagi bótaþega m.a. hvort ráðstöfun eigna bótaþega sé með þeim hætti að það valdi synjun. Litið er svo á að eignir og tekjur hjóna séu sameiginleg gæði þeirra.

Meðferð tekjutryggingar hjóna hefur frá upphafi lagasetningar um tekjutryggingu verið hin sama frá því 1972. Lagaákvæðum ATL hefur oft verið breytt á þessu tímabili. Ekki hefur þótt ástæða til að hrófla við lagaákvæðum um tekjutryggingu þar eð skilningur um framkvæmd þeirra hefur ætíð þótt ljós.“

Athugasemdir félagsins við bréf ráðuneytisins bárust mér með bréfum, dags. 4. desember 1996 og 20. janúar 1997. Í síðarnefnda bréfinu er ítrekað, að ákvæði 17. gr. mæli svo fyrir, að hver lífeyrisþegi, sem hefur sjálfur aðrar tekjur, innan ákveðinna marka, skuli fá greidda ákveðna uppbót á lífeyri, svokallaða tekjutryggingu, og er því mótmælt, að ráðherra hafi rétt til „frjálslegrar túlkunar“ ákvæðisins. Að því er snertir tilvitnun í lokasetningu 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, er því mótmælt, að vegna orðalagsins „eftir því sem við á“ sé meðferð tekjutryggingar hjóna háð frekari ákvæðum. Telur félagið, að skilja beri ákvæðið þannig, að viðmiðunartölur tvöfaldist, þegar báðir aðilar eru lífeyrisþegar, og að orðalagið höfði fremur til réttindaákvæðis 1. mgr. 11. gr., um skertan lögheimilis-tíma. Síðan segir meðal annars svo í bréfi Sjálfsbjargar:

„Hvað varðar tilvitnun til 66. gr. ATL og að hún gefi, eins og segir í bréfinu: „ráðherra almenna heimild til að kveða nánar á um framkvæmd laganna í reglugerð“, viljum við segja þetta: Orðið „almenna“ er ekki til í greininni, en brottfall þess orðs þrengir meiningu hennar allnokkuð. Ráðherra er alltaf bundinn við skýr ákvæði laganna og reglugerðarheimild er ekki hugsuð til að breyta ákvæðum þeirra, auk þess hljóða niðurlagsorð 66. greinarinnar þannig „enda eigi ákvæði þeirra (þ.e. reglugerðanna) stóð í lögum þessum.“ Það gildir því um þessa reglugerðarheimild, sem og aðrar, að fyrir þeim verður að vera stóð í viðkomandi lögum.

Við höfnum því svo annarsvegar, að ráðstöfun eigna samkvæmt 18. gr. laganna hafi nokkuð með að gera hina „almennu túlkun“ á skilyrtum útreikningi tekjutryggingar samkvæmt 17. gr., og jafnframt því hinsvegar, að almennt sé litið svo á að eignir, og launa- og lífeyrissjóðstekjur, séu sameiginleg gæði hjóna hvað þetta varðar.

Í þessu sambandi má minna á að réttur hjóna til lífeyris úr lífeyrissjóðum er sérgreindur. Hjón ganga þar ekki inn í rétt hvors annars, hvorki við skilnað né andlát. Þá er rétt að geta þess hér að með upptöku tekjumarká á grunnlífeyri samkvæmt 11. gr. ATL er viðmiðunin miðuð við tekjur einstaklingsins sjálfs, það er hjónanna hvors um sig. [. . .]

Við niðurlagsgreinina í bréfi ráðuneytisins erum við mjög ósammála. Framkvæmdin um tekjutryggingu hjóna hefur alltaf verið umdeild, enda verður að telja að

framkvæmdin hafi samkvæmt eldri lögum fremur hangið á langri hefð um framkvæmd, en lagastofð, sem var mjög hæpin, og því að fjölskyldugerðin þá var allt önnur. [. . .]

Rétt er að ATL-lögum hefur oft verið breytt, en að „ekki hafi þótt ástæða til að hrófla við lagaákvæðum um tekjutryggingu þar sem skilningur um framkvæmd þeirra hafi ætíð þótt ljós,“ eins og segir í lokamálsgrein bréfsins, mótmælum við harðlega, enda framkvæmdin alltaf verið umdeild.

Með samþykkt laga nr. 117/1993, sem tóku gildi 1/1 1994, breyttist kaflinn um tekjutrygginguna verulega. Ákvæði greinarinnar er nú skýrt og betur afmarkað en áður, og þar er engin heimild til frekari reglugerðartúlkunar.

Í frumvarpi að lögunum segir einnig svo í umsögn um 17. og 18. greinina: „Greinarnar hafa að geyma ákvæði sem áður voru í 20. gr. laganna. (19. gr. áður en ákvæði um umönnunarbætur var sett inn í lögin.) Ákvæðið er talsvert breytt.“

Ákvæði 17. gr. laga nr. 117/1993, sem fjallar um tekjutrygginguna, er eins og fram kemur í bréfi okkar 31. maí, skilyrt og skýrt. Viðmiðunargrunnurinn eru tekjur lífeyrisþegans sjálfs og aðeins gengið út frá einni grunnfjárhæð í tekjutryggingu og frítekjumark. Sömu fjárhæðir gilda um hjón, „eftir því sem við á,“ sem beint liggur við að túlka þannig, að sé annað hjóna lífeyrisþegi, sé fjárhæðin einföld, en tvöföld ef þau eru bæði lífeyrisþegar. Í 17. gr. laganna er engin heimild til setningar annarra skilyrða eða viðmiðana með reglugerðartúlkun.

Í 18. gr. eru aðeins þau skilyrtu ákvæði að fjárhæðum 17. gr. skuli breytt þann 1. september ár hvert, þ.e.a.s. að fjárhæðirnar fylgi verðbreytingum. Þá er í greininni aðeins það takmarkaða heimildarákvæði fyrir ráðherra, að taka upp aðrar viðmiðunarfjárhæðir en að framan greinir varðandi ýmsar sérgreindar upptaldar tekjur.“

Ég ritaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu bréf á ný 6. maí 1997, sem ítrekað var 26. júní 1997, þar sem óskað var eftir athugasemdum ráðuneytisins, ef einhverjar væru vegna bréfs Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Í bréfinu vísaði ég til álits míns, dags. 29. desember 1988 (SUA 1988:33), en niðurstaða mín í því máli var sú, að skerðingarákvæði reglugerðar nr. 351/1977 ætti sér nægilega lagastofð í 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum. Hins vegar mætti deila um, hvort umrætt ákvæði teldist réttlátt eða heppilegt. Þá taldi ég eðlilegt, að í lögum væri afmarkað nánar, hvaða skilyrði mætti setja í reglugerð fyrir því, að menn gætu notið umræddrar tekjutryggingar. Síðan segir svo í bréfi mínu til ráðuneytisins:

„Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 [6. mgr. 19. gr. sbr. lög nr. 36/1980] var ráðherra heimilt að setja reglugerð „um framkvæmd“ lífeyrishækkana samkvæmt ákvæðinu. Reglugerð nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almanna-tryggingar nr. 117/1993, er samkvæmt 12. gr. hennar sett með stofð í 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 með síðari breytingum. Þar er ekki að finna samsvarandi ákvæði og var í 19. gr. laga nr. 67/1971.“

Með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, nú laga nr. 85/1997, var þess óskað, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gerði nánari grein fyrir lagagrundvelli 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 með tilliti til þess, að nefnt ákvæði væri ekki meðal þeirra ákvæða laga nr. 117/1993, sem snerta tekjutryggingu. Jafnframt var óskað túlkunar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins á ákvæði 4. mgr. 17. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993, með tilliti til kvörtunar Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni.

Hinn 23. júlí 1997 barst mér bréf ráðuneytisins. Þar segir, að erindið hafi verið til sér-

stakrar athugunar í ráðuneytinu og að ráðuneytið muni leitast við að ljúka meðferð þess svo fljótt sem kostur væri. Ég ítrekaði tilmæli mín til ráðuneytisins í bréfi, dags. 2. september 1997. Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 16. september 1997, var mér kynnt annað bréf ráðuneytisins, dags. 26. maí 1997, sem hefur að geyma svör við bréfi mínu, dags. 6. maí 1997. Fram kemur, að bréfið hafi verið sent lögfræðideild ráðuneytisins, sem ekki hafi séð sér fært að taka erindið til athugunar vegna leyfa og forfalla lögfræðinga ráðuneytisins. Samkvæmt niðurlagi bréfsins var það sent mér „með þeim fyrirvara að [lögfræðideildin] gæti óskað annarrar framsetningar málsins“.

Í umræddu svarbréfi ráðuneytisins frá 26. maí 1997 segir meðal annars, að ráðuneytið hafi látið SKÝRR telja þau tilvik, þar sem hjón og sambúðarfólk komi til athugunar vegna tekna maka. Um þetta atriði segir í bréfinu:

„Þar kemur í ljós, að af 15.000 ellilífeyrisþegum eru það rúmlega 1.800 lífeyrisþegar sem fá hærri bætur vegna þess að makinn er með lægri tekjur, en af 5.000 örorkulífeyrisþegum eru það tæplega 150 lífeyrisþegar sem fá lægri bætur vegna þess að makinn er með hærri tekjur. Þar sem ljóst er að sama regla verður að gilda um alla lífeyrisþega, einnig af ástæðum sem fjallað er um síðar, verður að segja að þessi regla er heppileg fyrir mikinn meirihluta lífeyrisþega. Þá nýtur nokkur fjöldi vistmanna á stofnunum hærri vasapeninga vegna þess að tekjur hjóna eru lagðar saman og deilt með þeim að jöfnu.“

Þá segir meðal annars svo í bréfi ráðuneytisins:

„Ráðuneytið bendir á, að 18. gr. laga nr.117/1993 er ný í lögnum og kemur að hluta til í stað 5. og 6. mgr. 19. gr. 67/1971 þar sem reglugerðarákvæðið var að finna, en að hluta til var 6. mgr. flutt yfir í lög um félagslega aðstoð nr. 118/1993 eftir því sem við átti. Það, að ákvæði 18. gr. 117/1993 er að finna í reglugerð nr. 485/1995 um tekjutryggingu ásamt öðrum framkvæmdaatriðum skv. 17. og 18. gr. um tekjutryggingu, byggir á heimild ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga skv. 66. gr. 117/1993. Þótt reglugerð um tekjutryggingu sé sett með stoð í ákvæðum 17. og 18. gr. 117/1993, þá hefði tilvísun til reglugerðarheimildar ráðherra skv. 66. gr. laganna verið rétt aðferð. Það verður leiðrétt eftir að þér hafið vakið athygli ráðuneytisins á þessu atriði og ef þér teljið það óhjákvæmilegt.

Nýtt er í 18. gr. umfram gömlu 6. mgr. 19. gr. að nú setur ráðherra ekki reglugerð um viðkomandi ákvæði skv. tillögum tryggingaráðs, heldur gilda ákvæði 66. gr. nú. Samkvæmt lagagreininni skulu ákvarðanir um hækkunir bóta skv. 17. gr. byggðar á rökstuddum umsóknnum t.d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hjónum er gert að telja fram tekjur og eigur á sama eyðublaði hjá skattstjóra og gera þannig grein fyrir högum sínum. Grundvallaratriði hags hjóna er að þau njóta gagnkvæmrar framfærsluskyldu maka og gera því tilkall til helmings tekna og eigna hvors annars.

Skv. 44. gr. 117/1993 hafa sambúðaraðilar sömu réttindi og skyldur og hjón til almannatrygginga og falla því undir sömu ákvæði hvað þetta snertir.

Lagagrundvöllur 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um tekjutryggingu er því eftir sem áður byggður á sömu forsendum og í eldri lögum.

Þér biðjið um túlkun ráðuneytisins á 4. mgr. 17. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993. Það hafði lengi verið óljóst, hvaða réttarstöðu bótaþegar höfðu með tilliti til réttinda-söfnunar gagnvart tekjutryggingu. Tekjutrygging var skv. texta laganna einungis byggð á hag bótaþega og engu öðru. Við aukin erlend samskipti, sérstaklega eftir að samningar um EES voru gerðir, bar nauðsyn til að skýra þessi mál. Spurningar vökn-

uðu, hvort maður nýfluttur til landsins með minnsta lögheimilistíma, eða 3 ár, fengi fulla tekjutryggingu, eða hvort maður sem átt hefur lögheimili hér á landi í full 40 almanaksár fengi að taka með sér við flutning til útlanda tekjutryggingu sem miðuð er við lífskjör hér á landi og tekur breytingum eftir því 1. september ár hvert. Niðurstaðan var sú, að réttindasöfnun bótapega gagnvart tekjutryggingu fer eftir búsetu á sama hátt og gildir um grunnlífeyri skv. 11. gr. og hún telst því til útflutningshæfra bóta í þeim mæli sem lögheimilistíminn segir til um. Ákvæði 4. mgr. er ætlað til að hægt sé að beita tekjutryggingu á þennan hátt.“

Í tilefni af fyrrnefndum bréfum ráðuneytisins ritaði ég heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra bréf 15. október 1997, þar sem athygli var vakin á eftirfarandi atriðum, er varða lagastöðu ráðuneytisins í samskiptum við umboðsmann Alþingis:

„Markmið þeirrar lagaskyldu, sem lögð er á stjórnvöld að svara spurningum umboðsmanns Alþingis og láta honum í té gögn máls, er það, að lagður verði viðhlítandi grundvöllur að úrlausn þeirra mála, sem koma til meðferðar á grundvelli laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Af þeim sökum verða svör stjórnvalds við fyrirspurnum umboðsmanns Alþingis ekki bundin þeim fyrirvara, sem gerður er í bréfi ráðuneytis yðar, að óskað kunni að verða síðar „annarrar framsetningar“ á málinu af hálfu ráðuneytisins, þegar tími vinnist til að kanna málið af hálfu lögfræðideildar ráðuneytis yðar. Svör stjórnvalda við spurningum umboðsmanns Alþingis verða að vera endanleg í þeim skilningi, að unnt sé að leggja þau til grundvallar úrlausn mála skv. lögum nr. 85/1997. Þá byggja lögin á þeim lagasjónarmiðum, að svör stjórnvalda hafi bæði lögfylgjur við úrlausn mála og einnig að því er snertir ábyrgð þeirra, er svörin veita.“

Með hliðsjón af framangreindum anmörkum á svörum ráðuneytisins við bréfi mínu, dags. 6. maí 1997, óskaði ég eftir því, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra upplýsti, hvort líta bæri á bréf ráðuneytisins, dags. 26. maí 1997, sem endanleg svör við fyrrnefndu bréfi mínu. Með vísan til 2. málsl. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 85/1997 var þess jafnframt óskað, að svör ráðuneytisins bærust mér eigi síðar en 15. nóvember 1997.

Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 10. nóvember 1997, baðst ráðuneytið velvirðingar á þeirri töl, sem orðið hefði á afgreiðslu erinda minna. Jafnframt var beðist velvirðingar á því, að svar ráðuneytisins, dags. 26. maí 1997, hefði verið sent umboðsmanni Alþingis, án þess að þar væri um að ræða endanlegt svar ráðuneytisins.

Í bréfi ráðuneytisins frá 10. nóvember 1997 er gerð grein fyrir lagaákvæðum um ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga frá upphafi, „með það að markmiði að skýra vilja lögjafans varðandi þetta efni“. Umfjöllun ráðuneytisins beinist einkum að ákvæðum varðandi rétt til greiðslu ellilífeyris og ákvæðum um skerðingu ellilífeyris eða greiðslu uppbotar vegna tekna og/eða hjúskaparstöðu.

Í bréfinu er vísað til laga nr. 26/1935, um alþýðutryggingar, sem endurútfegin voru sem lög nr. 74/1937. Um efnisatriði þeirra laga, að því er snertir þau atriði, er mál þetta lýtur að, segir meðal annars svo:

„Í lögum um alþýðutryggingar nr. 74/1937 var gert ráð fyrir því að allir einstaklingar 16 ára og eldri (sbr. þó 50. gr. laganna) greiddu iðgjald í Lífeyrissjóð Íslands til að standa m.a. undir greiðslu ellilífeyris til einstaklinga yfir 67 ára aldri, sbr. m.a. 48. gr. laga nr. 74/1937. Í 55. gr. laganna var kveðið á um með hvaða hætti tekjur og aðrar greiðslur skyldu koma til frádráttar. Hvorki var kveðið á um sérreglur varðandi

greiðslur til hjóna sem bæði eða annað nutu ellilífeyris né almenna heimild til greiðslu uppbótar á lífeyri. Í 1. mgr. 58. gr. laganna sagði þó m.a.:

„Áður en lífeyrisgreiðslur hefjast samkv. 91. gr. síðari máls., skal ákveða með lögum upphæð árlegs elli og örorkulífeyris einstaklinga og hjóna [. . .]“ (undirstrikun ráðuneytis).

Í 56. gr. frumvarps til laga nr. 26/1936, sbr. lög nr. 74/1937, var hins vegar kveðið á um að árlegur lífeyrir fyrir hjón í Reykjavík sem bæði ættu rétt á fullum ellilífeyri næmi kr. 1125 en fyrir einhleyping í Reykjavík kr. 750. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir lægri lífeyri til hjóna og einstaklinga annars staðar á landinu. Þessu ákvæði var breytt í meðförum allsherjarnefndar Alþingis sbr. breytingartillögu meiri hluta nefndarinnar, þingskj. 667, Alþt. 1935, A-deild, bls. 1206–1207. Í umræðum um málið kom fram að breytingin var fyrst og fremst vegna þess að ákvarða átti mismunandi lífeyri eftir búsetu en ekki voru gerðar athugasemdir varðandi hlutfall lífeyrisgreiðslna til hjóna. (Alþt. 1935, B-deild, m.a. d. 1547 og d. 1568). Í frumvarpinu og síðar lögnum var sem fyrr segir gert ráð fyrir skerðingu ellilífeyris vegna tekna, sbr. 55. gr. Slík almenn heimild til skerðingar ellilífeyris vegna tekna var í lögum um alþýðutryggingar og síðar almannatryggingar frá upphafi til ársins 1960 og síðan frá árinu 1992, sbr. 13. gr. laga nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992.“

Um megin sjónarmið, sem lágu til grundvallar reglum um greiðslu ellilífeyris, er vísað til umsagnar nefndar þeirrar, sem frumvarpið stafar frá, þ.e. að koma á fót tryggingu til hagsbóta bæði einstaklingum í ellinni og þjóðfélaginu.

Um ný heildarlög á þessu sviði, sem sett voru 1946, sbr. lög nr. 50/1946, segir meðal annars svo í bréfi ráðuneytisins:

„[Í greinargerð með frumvarpinu] er fyrirkomulag ellilífeyristrygginga gagnrýnt. Þar segir m.a. að fjárhagur og aðstæður hinna ýmsu sveitarfélaga til framlaga í þessu skyni sé mjög mismunandi auk þess sem persónulegt mat á högum bótaþega sé mjög ólíkt. (Alþt. 1945, A-deild, bls. 615.) Lagt er til að myndaður verði einn sjóður, tryggingasjóður, er annist allar greiðslur, að réttindi hinna tryggðu séu yfirleitt fastákveðin og að samræmi sé í bótagreiðslum, þótt þörfin til bótanna sé af ólíkum orsökum sprottin. (Alþt. 1945 A-deild, bls. 617.)

Með lögnum var kveðið á um að íslenskir ríkisborgarar, 67 ára og eldri, ættu rétt á greiðslu ellilífeyris, sbr. 13. gr., án tillits til efnahags, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Lögin gerðu ráð fyrir að greiðslurnar kæmu úr einum sjóði, Tryggingasjóðnum, sem allir á aldrinum 16–67 ára greiddu í. Gert var ráð fyrir að ákvæði um greiðslu ellilífeyris kæmi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en 5 árum eftir gildistöku laganna og m.a. að aðrar tekjur kæmu til frádráttar samkvæmt reglum sem tilgreindar voru í 1. lið ákvæðis til bráðabirgða. Enn var gert ráð fyrir mismunandi greiðslum eftir því hvort um væri að ræða einstaklinga eða hjón, sbr. 15. gr. laga nr. 50/1946. Í greinargerð með ákvæðinu sagði m.a.:

„Ætlast er til, að þær fjárhæðir, sem hér eru ákveðnar, nægi bótaþegum til framfærslu, ef þeir eru heilsuhraustir og sjálfbjarga, án tekna annars staðar að. [. . .]“ (Alþt. 1945, A-deild, bls. 624.)

Í 17. gr. laganna var svohljóðandi ákvæði, sem var nýmæli í lögum:

„Ef ellilífeyrisþegi þarfnast sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika og getur því eigi komið af með þann lífeyri, sem ákveðinn er í 15. og 16. gr., getur Tryggingastofnunin hækkað lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40 af hundraði eða séð honum fyrir vist á elliheimili. Skal Tryggingastofnunin vinna að því, að komið verði upp hæfilegum fjölda elliheimila, sbr. 101. og 104. gr.“

Í bréfinu bendir ráðuneytið á þau sérákvæði laganna um greiðslur barnalífeyris til ellilífeyrisþega, að ef maki ellilífeyrisþega væri vinnufær og hefði verulegar tekjur, væri barnalífeyrir ekki greiddur, og á heimild 38. gr. laganna, til greiðslu bóta til eiginkonu ellilífeyrisþega, enda þótt hún væri ekki fullra 67 ára.

Að því er snertir lög nr. 24/1956, um almannatryggingar, segir í bréfi ráðuneytisins, að enn sem fyrr hafi verið gerður greinarmunur á greiðslum ellilífeyris eftir því, hvort um væri að ræða hjón eða einstaklinga. Síðan segir svo í bréfinu:

„Í lögnum var nýmæli varðandi greiðslu uppbótar á ellilífeyri, sbr. 23. gr. laganna, þar sem sagði m.a.:

„Greiða má uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef lífeyrisþegi á ekki lögskyldan, aflögufæran framfæranda á lífi, sbr. 6. gr. laga nr. 80/1947, og sýnt þykir að hann geti ekki komizt af án hækkunar.

Uppbót þessa skal aðeins greiða þeim, sem:

- a. þurfa sérstakrar umönnunar sökum sjúkleika eða ellilasleika,
- b. dvelja á elliheimili, sjúkrahúsi eða öðru slíku hressingar- eða dvalarheimili,
- c. eru einstæðingar [. .]“

Í greinargerð með ákvæðinu sagði að það svaraði til 17. gr. laga nr. 50/1946, en væri þó mjög frábrugðið og tæki m.a. til fleiri manna og kvæði á um rýmri hækkunarheimild. Þá sagði m.a.:

„[. .] Það er viðurkennt, að það fólk sem grein þessi tekur til sé oftast svo stött, að hinn venjulegi lífeyrir nægi engan veginn til sómasamlegs lífsframfæris þess. Markmið greinarinnar er að bæta úr því [. .]“ (Alþt. 1955, A-deild, bls. 519).

Ekki eru að mati ráðuneytisins frekari vísbendingar um túlkun ákvæðisins í umræðum um frumvarpið (Alþt. 1955, B-deild, d. 920–1026). Þess má geta að í hinum endurskoðuðu lögum var ákvæði er kvað á um að greiða mætti eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 60% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi, sbr. 15. gr. laga nr. 24/1956.

Með lögum nr. 13/1960, um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, var m.a. gerð breyting á 15. gr. laganna þannig að heimilt var að greiða eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% óskerts einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi.

Með lögum nr. 86/1960, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz, um almannatryggingar, voru gerðar breytingar á lögum nr. 24/1956 m.a. að því er varðaði hækkanir á ellilífeyrisgreiðslum og til að jafna aðstöðu hjóna annars vegar og einstaklinga hins vegar. Þannig var kveðið á um að ellilífeyrisgreiðslum yrði breytt þannig að lífeyrir hjóna, sem bæði fengu lífeyri, næmi 90% af lífeyri tveggja einstaklinga, sbr. 1. gr. laganna er breytti 13. gr. laga nr. 24/1956. Sama regla hefur gilt síðan, sbr. nú 3. mgr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Þá var 15. gr. laganna breytt þannig að greiða mætti eiginkonum elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris (ekki óskerts) ef sérstakar ástæður væru fyrir hendi. Ekki er að finna vísbendingar sem taldar verða máli skipta við túlkun framangreindra breytinga í greinargerð með frumvarpinu (Alþt. 1959, A-deild, bls. 471–488).

Við umfjöllun um frumvarpið urðu talsverðar umræður um almennar reglur um skerðingu ellilífeyris þar sem frumvarpið gerði ekki ráð fyrir framlengingu á skerð-

ingu ellilífeyris vegna tekna, sbr. 22. gr. laga nr. 24/1956, sem kvað á um að skerðing gilti einungis til ársloka 1960, sjá Alpt. 1959, B-deild, d. 1747–1882.“

Að því er snertir ný heildarlög um almannatryggingar, lög nr. 40/1963, kemur fram í bréfi ráðuneytisins, að gerð hafi verið breyting á ákvæði um heimild til greiðslu makabóta, þannig að þær ættu við „maka“ ellilífeyrisþega. Þá getur ráðuneytið þess, að við umfjöllun um málið hafi komið fram breytingartillaga, þar sem lagt hefði verið til, að lífeyrir hjóna, sem bæði fengju lífeyri, væri jafnhár lífeyri tveggja einstaklinga.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram, að ekki hafi verið gerðar breytingar á ákvæði um ákvörðun hjónalífeyris í lögum nr. 67/1971, sbr. 11. gr. laganna, né á 13. gr., er fjallaði um makabætur. Síðan segir í bréfinu:

„Hins vegar var gerð breyting á reglum um heimild til greiðslu uppbótar á lífeyri, sbr. 19. gr. laganna, sbr. 21. gr. laga nr. 40/1963. Fyrstu tvær málsgr. ákvæðisins hljóðu svo:

„Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án hækkunar.

Nú eru tekjur elli- og örorkulífeyrisþega lægri en 84.000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

[. . .]“

Í greinargerð með frumvarpi til laganna sagði varðandi þetta ákvæði:

„a. Þegar um er að ræða uppbót á elli- og örorkulífeyri, sbr. 21. gr. 2. mgr., er gert ráð fyrir lögbundinni fjárhæð lífeyris og uppbótar, sem nemi 84.000.00 kr. á ári. Þetta gildir þó því aðeins, að tekjur bótaþega að meðtöldum lífeyri séu lægri en 84.000.00 krónur fyrir einstakling og 151.200.00 fyrir hjón. Í því tilviki skal uppbótin nema því sem á vantar.“ (Alpt. 1970, A-deild, bls. 1680 og 1684.)

Í framsöguræðu Eggerts G. Þorsteinssonar, sjúvrh., sagði varðandi þetta atriði:

„Lágmark elli- og örorkulífeyris er áætlað samkv. frv. 70 560 kr., en þó er gert ráð fyrir því, að ávallt komi til uppbót á þennan lífeyri, ef viðkomandi lífeyrisþegi er tekjulaus, og sú hækkun nemi þeirri upphæð, að heildartekjur lífeyrisþega, heildarlágmarkstekjur lífeyrisþega, verði 84 þús. kr. á ári. Lífeyrisupphæð til hjóna verði með sama hætti ekki lægri en 151 200 kr.“ (Alpt. 1970, B-deild, d. 1479–1480.)

Í ræðu Einars Ágústssonar, 11. þingm. Reykv., sagði m.a. varðandi þetta ákvæði:

„[. . .] Í 19. gr. er nokkur nýmæli að finna, en þar er svo ráð fyrir gert, að þeir, sem litlar eða engar aðrar tekjur hafa, eigi rétt á auknum elli- og örorkulífeyri þannig að samanlagðar tekjur þeirra verði aldrei lægri en 84 þús. kr. fyrir einstakling og tvisvar sinnum það mínus 10% eða 151 200 kr. fyrir hjón. Hér er tekin upp skerðing eða tekjuhemið svipað og í l. var fyrir 1960. Fyrir mitt leyti get ég vel fallið á að einhver slík ákvæði séu í l., þannig að markmiðið með tryggingunum sé að skapa öllum mannsæmandi líf skjör og möguleika til menningarlífs, svo að ég endurtaki þau orð, sem ég byrjaði þessa ræðu á. Það er auðvitað engin ástæða til þess, að maður, sem hefur fullar tekjur t.d. úr sínum lífeyrissjóði hafi jafnhá elli- og örorkulaun og sá, sem ekkert annað hefur við að styðjast. Ég veit, að ýmsir líta ekki svona á. Það eru ýmsir sem segja, að það, sem menn hafa sparað saman með því að greiða í lífeyrissjóð, eigi að koma þeim einum að notum alveg eins og það er gróði einstaklingsins að hafa sparað saman fé

með öðrum hætti, t.d., með því að koma sér upp bankainnistæðu. Það, sem ég segi um þetta, er aðeins mín persónulega skoðun, og ég get endurtekið hana. Hún er sú, að einhver þess konar skerðing sé ekki óeðlileg, en forsenda hennar hlýtur þó að vera sú, að lágmark ellilauna eða tilsvarendi tekjur dugi fyrir framfærslukostnaði. Annars á slík skerðing ekki rétt á sér.“ (Alþt. 1970, B-deild, d. 1488.)

Ráðuneytið vekur sérstaka athygli á orðunum „sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á“ í 19. gr. laganna og orðalaginu „í því tilviki skal uppbótin nema því sem á vantar“ í greinargerð með ákvæðinu. Ráðuneytið telur að tilvitnaður texti beri vott um að leggja eigi tekjur maka saman og meta þær sem eina heild. Orðalagið bendir m.ö.o. ekki til þess að við ákvörðun um greiðslu uppbótar á ellilífeyri eigi að líta til tekna annars hjóna óháð tekjum hins. Bent skal á umræður varðandi ákvæðið m.a. í Alþt. 1970, B-deild, d. 1509, 1515, 1560, 1569 og 1574.“

Um breytingar á 19. gr. laga nr. 67/1971 samkvæmt lögum nr. 96/1971 segir svo í bréfi ráðuneytisins:

„Með lögum nr. 96/1971 var 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, breytt þannig að gert var skylt að greiða uppbót skv. ákvæðinu og var breytingin gerð áður en heildarlögin öðluðust gildi þann 1. janúar 1972. Jafnframt var skv. 2. mgr. lögfest heimild til að greiða frekari uppbót á ellilífeyri. Breytingin var svohljóðandi, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971:

„19. gr. orðist svo:

Nú eru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en kr. 120.000.00 á ári, og skal þá hækka lífeyri hans um það, sem á vantar þá fjárhæð. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

Heimilt er að greiða frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komist af án þess. Við ákvörðun um hækkun lífeyris samkvæmt 1. og 2. málsgrein hér að framan skulu umsóknir um hækkun rökstuddar t.d. með skattaframtölum. Enn fremur skal höfð hliðsjón af því, hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkunar samkvæmt þessari grein.

[. . .]“

Reglugerð með stoð í lögum nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, var sett 25. janúar 1972, sbr. reglugerð um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar. Reglugerðin, sem undirrituð er af þáv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnúsi Kjartanssyni, byggði á því að við ákvörðun lögbundinnar hækkunar á lífeyri og greiðslu frekari uppbótar skyldu tekjur maka reiknast bótaþega að hálfu. Byggt var á því að taka bæri tillit til þess hvernig ætla mætti að ellilífeyrisþegi kæmist af á þeim tekjum, sem til ráðstöfunar væru honum til framfærslu. Telja verður að þetta sjónarmið endurspeglar í framsöguræðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við setningu laga nr. 96/1971, sbr. þau sjónarmið sem fram hafa komið við setningu laga um alþýðu- og almannatryggingar frá öndverðu, þ.e. jafnréttis- og framfærslusjónarmið. Reglugerðir efnislega samhljóða hvað þetta atriði varðar hafa síðan verið settar þrisvar, sbr. reglugerð nr. 171/1974, nr. 351/1977 og núgildandi reglugerð nr. 485/1995.

Frá setningu laga nr. 96/1971, um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971, hafa verið gerðar margar breytingar á 19. gr. laganna, sbr. einkum lög nr. 62/1974, 36/1980, 58/1980 og 25/1984. Þær skipta þó ekki máli við umfjöllun

þessa. Við heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfnum árið 1993, sbr. lög nr. 117/1993, um almannatryggingar, og lög nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, voru heldur ekki gerðar efnislegar breytingar sem hér kunna að skipta máli fyrir utan breytingu á reglugerðarheimild sem fjallað verður um hér síðar. Hins vegar ber að geta mikilvægrar breytingar sem gerð var á 11. gr. laganna með lögum nr. 1/1992, um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1992, sbr. 13. gr. laganna. Þá var á ný kveðið á um almenna skerðingu ellilífeyris vegna tekna, sbr. nú 2. mgr. 11. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Talsverðar umræður spunnust um þessa breytingu og í framhaldsnefndarálit *minni hluta* efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem vitnað er í álit *minni hluta* heilbrigðis- og trygginganefndar (þskj. 388), sagði m.a.:

„[. . .] Tekjutenging elli- og örorkulífeyris getur verið réttlætunleg, en þá er eðlilegt að það sé gert samtímis heildarendurskoðun almanna-tryggingalaganna og að sá sparnaður, sem af því hlytist, yrði notaður til þess að hækka bætur, auka bótarétt og tryggja hagsmuni þeirra sem mest þurfa á almannatryggingum að halda.“

Ráðuneytið telur að í framangreindu nefndarálit komi fram skýr viðhorf lögjafans, á þeim tíma, til réttar til greiðslna ellilífeyris samkvæmt almannatryggingalögum. Viðhorf meiri hluta Alþingis endurspeglar í hinu breytta lagaákvæði.

Við setningu þeirra laga sem nú gilda á þessu sviði, laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, voru þær reglur sem getið er hér að framan, þ.e. 11. og 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem fyrir segir staðfestar efnislega óbreyttar, að því frátöldu að sérstök heimild til setningar reglugerðar sem áður var í 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, er ekki í 17. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum.

Ráðuneytið hefur í umfjöllun hér að framan reifað ítarlega sjónarmið lögjafans frá upphafi lagasetningar um almannatryggingar. Ráðuneytið telur þá umfjöllun sýna að það hafi frá öndverðu verið byggt á því grundvallarsjónarmiði að jafna aðstæður ellilífeyrisþega og lögjafinn hefur frá upphafi til okkar tíma ákveðið að tillit sé tekið til tekna og aðstæðna að öðru leyti. Þá telur ráðuneytið að orðalagið „sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á“ ásamt skýringum í greinargerð við upphaflega setningu þess, sbr. 19. gr. laga nr. 67/1971 sbr. lög nr. 96/1971, sbr. nú 17. gr. laga nr. 117/1993, sýni að meta beri tekjur beggja hjóna saman en að ekki skuli ákvarða upp-bót vegna annars hjóna óháð tekjum hins. Ráðuneytið telur að með vísan til þess sem að framan segir byggist efni reglugerða um tekjutryggingu, sbr. nú reglugerð nr. 485/1995, á vilja lögjafans, enda þótt aldrei hafi verið kveðið á um reglur um frádrátt vegna tekna maka ellilífeyrisþega beinum orðum, sbr. m.a. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Athugun ráðuneytisins bendir til þess að þetta álitafni hafi ekki komið til umræðu á Alþingi þrátt fyrir að reglugerðir um þetta efni hafi verið í gildi frá árinu 1972. Ráðuneytið vill sérstaklega benda á að reglugerð nr. 351/1977, um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkunir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, var meðal gagna sem nefndarmenn í heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis fjölluðu um við setningu laga nr. 117/1993, sjá meðf. allar umsagnir sem nefndinni bárust við umfjöllun um málið. Ráðuneytið getur hins vegar fallist á þau sjónarmið að æskilegt gæti verið að skýrar reglur um þetta efni séu lögfestar.

Ráðuneytið telur að fyrirbyggjandi gögn vegna setningar laga nr. 117/1993 bendi til þess að ekki hafi verið ætlun lögjafans að fella á brott heimild til setningar reglugerðar á grundvelli 17. gr. laganna. Ráðuneytið bendir á að við setningu laganna var gerð veruleg breyting á uppsetningu eldri laga og 17. gr. hefur að geyma ákvæði sem

var í 20. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum. Efnislegar breytingar á lögnum í heild voru ekki viðamiklar og í greinargerð um 17. og 18. gr. frv. til laga nr. 117/1993 segir einungis að ákvæðið sé talsvert breytt. Reglugerðarheimild sem kveðið er á um í 66. gr. laganna var ekki skýrð sérstaklega í frumvarpi til laganna en ráðuneytið telur að hún feli í sér almenna heimild til setningar reglugerða á grundvelli laganna. Með vísan til þess að hvorki verður sýnt fram á að löggjafinn hafi ætlað að breyta efnisreglum né framkvæmd varðandi ákvörðun tekjutryggingar telur ráðuneytið að 66. gr. feli í sér næga heimild til setningar reglugerðar um það efni, sama efnis og fyrri reglugerðir. Ráðuneytið telur því að auk þeirra tilvísana sem greindar eru í 12. gr. reglugerðar nr. 485/1995 beri í ákvæðinu að vísa til 66. gr. laga nr. 117/1993 og mun ráðuneytið breyta reglugerðinni með tilliti til þess.

Ráðuneytið telur með vísan til alls þess sem að framan greinir að ákvæði reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, hafi fullnægjandi stoð í lögum nr. 117/1993.“

Athugasemdir Sjálfsbjargar, félags fatlaðra á Akureyri og nágrenni, bárust mér með bréfi, dags. 15. desember 1997.

V.

Í álitinu mínu, dags. 13. apríl 1998, sagði svo:

„1.

Í álitinu mínu frá 29. desember 1988 (SUA 1988:33) fjallaði ég um tekjutryggingar-ákvæði laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og ákvæði reglugerða samkvæmt þeim lögum um skerðingu á tekjutryggingu örorkulífeyrisþega vegna tekna maka.

Í álitinu eru ákvæði almannatryggingalaga um tekjutryggingu rakin og þær breytingar, sem gerðar höfðu verið á þeim lögum. Með lögum nr. 96/1971 var kveðið á um skyldu til greiðslu slíkrar viðbótar við lífeyri, ef tilteknum lágmarkstekjum væri ekki náð. Skyldi ráðherra setja reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkana, sbr. 3. mgr. 19. gr. almannatryggingalaga, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, síðar 6. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, eftir breytingu með lögum nr. 36/1980.

Í álitinu kemur fram sú skoðun mín, að reglugerðarheimild samkvæmt 3. mgr. 19. gr. og reglugerðarheimildir samkvæmt síðari lögum um breytingar á 19. gr. laga nr. 67/1971 næðu til tekjutryggingar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. Síðan segir svo í álitinu:

„Í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, eins og ákvæði þetta var orðað eftir breytingu samkv. 5. gr. laga nr. 96/1971, var heimild til að setja í reglugerð ákvæði um „framkvæmd“ lífeyrishækkana. Ekki er svo skýrt sem skyldi, hve viðtæk reglugerðarheimild felst í þessu lagaákvæði, en ég tel þó, að í því felist heimild til að setja nánari skilyrði fyrir lífeyrishækkun samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, þ.e. tekjutryggingu, og nánari reglur um fjárhæð hennar. Sama máli gegnir að mínum dómi um síðari lög um breytingu á 19. gr. en þau hafa áður verið rakin. Það er því niðurstaða mín, að skerðingarákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 32/1972, 3. gr. reglugerðar nr. 171/1974 og nú síðast 3. gr. reglugerðar nr. 351/1977 eigi sér nægilega lagastoð. Hef ég þar tekið tillit til þess, að nefnd skerðingarákvæði geta ekki talist fara í bága við nein meginsjónarmið þeirra almannatryggingalaga, sem fram til þessa hafa gilt.“

Þrátt fyrir framangreinda niðurstöðu taldi ég, að deila mætti um, hvort umrædd skerðingarákvæði, sem tóku mið af tekjum maka lífeyrisþega, gætu talist réttlát eða

heppileg. Var það skoðun mín, að ástæða væri til að taka þessar reglur til athugunar og taka á ný afstöðu til þess, hvort þær ættu að haldast óbreyttar. Þá taldi ég eðlilegt, að í lögum væri afmarkað nánar en þá væri gert, hvaða skilyrði mætti setja í reglugerð fyrir því að menn nytu umræddrar tekjutryggingar.

Í framhaldi af álitu mínu upplýsti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið í bréfi, dags. 2. janúar 1991, að í tillögum nefndar um heildarendurskoðun almannatryggingalaga að frumvarpi til laga um almannatryggingar hefði verið gert ráð fyrir, að nyti annað hjóna ellilífeyris, skyldi helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins frá 8. janúar 1992 var frumvarpið lagt fyrir Alþingi vorið 1991. Það hlaut hvorki afgreiðslu né umfjöllun á þinginu. Jafnframt kom fram, að frumvarpið myndi ekki í óbreyttri mynd verða lagt fram að nýju af þáverandi ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála.

2.

Ákvæði um tekjutryggingu eru í 17. og 18. gr. núgildandi laga um almannatryggingar, laga nr. 117/1993, með síðari breytingum. Þar segir:

„17. gr.

Tekjutrygging.

Ef aðrar tekjur ellilífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 232.064 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 333.888 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 232.064 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Ef aðrar tekjur örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994 fara ekki fram úr 232.064 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 343.236 kr. á ári. Hafi bótaþegi hins vegar aðrar tekjur umfram 232.064 kr. skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á.

Nú sinnir maður ekki lagaskyldu um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Er þá heimilt að áætla honum tekjur sem koma til frádráttar greiðslu tekjutryggingar. Setja skal reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd þessa frádráttar.

Um uppbót á lífeyri samkvæmt þessari grein gilda ákvæði 11. gr. eftir því sem við á.

18. gr.

Við ákvörðun um hækkunir bóta skv. 17. gr. skulu umsóknir rökstuddar t.d. með skattframtölum og skýrum upplýsingum um hagi bótaþega. Hliðsjón skal höfð af því hvort eignum bótaþega hefur verið ráðstafað með þeim hætti að það valdi synjun hækkunar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt með reglugerð að ákveða að aðrar tekjuþjárhæðir skv. 17. gr. gildi um lífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, en aðrar tekjur.“

Í 66. gr. laga nr. 117/1993 er almennt ákvæði um heimild ráðherra til þess að kveða á um nánari framkvæmd laganna í reglugerð.

Í 12. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, kemur fram, að reglugerðin sé sett með stoð í 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, með síðari breytingum, og öðlist þegar gildi. Rétt er að taka hér upp eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar:

„1. gr.

Skilyrði greiðslu tekjutryggingar.

Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan ellilífeyri svo og örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og eiga lögheimili hér á landi eða í ríki sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga.

[. . .]

3. gr.

Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Ef tekjur örorkulífeyrisþega fara ekki fram úr 217.319 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 293.268 kr. á ári. Hafi bótaþegi tekjur umfram 217.319 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

4. gr.

Tekjutrygging hjóna og sambúðarfólks.

Hjónum, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, en hafa sameiginlega aðrar tekjur en bætur almannatrygginga sem fara ekki fram úr 304.246 kr. á ári, skal greiða uppbót sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einstaklings eftir því sem við á. Hafi hjón sameiginlega hins vegar tekjur umfram 304.246 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Nú nýtur aðeins annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, og skal þá helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans og að öðru leyti farið með uppbót hans sem tekjutryggingu einhleypings.

[. . .]“

3.

Í ákvæðum 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, um tekjutryggingu er ekki samsvarandi ákvæði og var í 19. gr. laga nr. 67/1971, þ.e. að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd lífeyrishækkana samkvæmt greininni, sem samkvæmt álitinu mínu frá 29. desember 1988 var talin nægileg lagastoð fyrir ákvæði reglugerðar nr. 351/1977 um skerðingu tekjutryggingar. Umfjöllun mín í máli þessu lýtur að því, hvort skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka lífeyrisþega, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, sé heimil samkvæmt ákvæðum gildandi laga um almannatryggingar.

Í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, sbr. 14. gr. laga nr. 148/1994, segir, að um uppbót á lífeyri samkvæmt 17. gr. gildi ákvæði 11. gr. eftir því sem við eigi. Í 11. gr. laganna, með síðari breytingum, segir:

„Rétt til ellilífeyris eiga þeir sem eru 67 ára eða eldri og átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs. Fullur árlegur ellilífeyrir, 181.476 kr., greiðist þeim einstaklingum sem átt hafa lögheimili hér á landi a.m.k. 40 almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs, sbr. þó 2. mgr. Sé um skemmri tíma að ræða greiðist ellilífeyrir í hlutfalli við lögheimilistímann.

Ellilífeyrir skal skerða ef árstekjur einstaklinga eða hjóna hvors um sig eru hærri en 1.050.552 kr. Ef tekjur eru umfram umrædd mörk skal skerða ellilífeyri um 30%

þeirra tekna sem umfram eru uns hann fellur niður. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki bætur almannatrygginga, tekjur úr lífeyrissjóðum, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð eða húsaleigubætur samkvæmt lögum nr. 100/1994. Skerðing samkvæmt þessari málsgrein skal þó aldrei ná til þess hluta ellilífeyris sem einstaklingur á rétt á vegna frestunar á töku ellilífeyris sem ákveðin var fyrir 1. janúar 1992.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að miða lífeyri beggja við lögheimilistíma þess sem á lengri réttinda-tíma, sbr. síðasta málslíð 2. mgr. Þá er og heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum er tryggingaráð metur jafngildar.

[. . .]“

Samkvæmt framangreindu hefur „lögheimilistími“ áhrif á ellilífeyri. Ellilífeyrir skerðist þannig, ef um skemmri „lögheimilistíma“ er að ræða en greinin í 1. mgr. 11. gr. Þá er ljóst, að tekjur skerða grunnlífeyri, ef einstaklingur fer yfir viss tekjumörk. Hins vegar er ekki tekið fram berum orðum í 2. mgr. 11. gr., að lífeyrir skerðist vegna tekna maka. Í skýringum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 10. nóvember 1997 er ekki að finna túlkun ráðuneytisins á 4. mgr. 17. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 26. maí 1997, segir hins vegar, að ákvæði 4. mgr. 17. gr. hafi verið ætlað að gera fært að beita tekjutryggingu þannig, að réttindasöfnun bótaþega gagnvart tekjutryggingu fari eftir búsetu á sama hátt og um grunnlífeyri skv. 11. gr., þannig að hún teldist því til „útflytningshæfra“ bóta í þeim mæli, sem „lögheimilistíminn“ segði til um. Með hliðsjón af því, að tilvísun 4. mgr. 17. gr. hefur samkvæmt framansögðu fyrst og fremst þýðingu að því er snertir „lögheimilistíma“, og því, að tekjur maka skerða ekki grunnlífeyri samkvæmt 11. gr., verður ekki séð, að skerðing tekjutryggingar vegna tekna maka verði beinlínis leidd af 4. mgr. 17. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 117/1993.

Í skýringum ráðuneytisins frá 10. nóvember 1997 er reifuð saga ákvæða almanna-tryggingalaga um elli- og örorkulífeyri og tekjutryggingu. Telur ráðuneytið þá umfjöllun sýna það grundvallarsjónarmið almannatryggingalaga, að jafna beri aðstæður lífeyrisþega og að taka skuli tillit til tekna þeirra og aðstæðna að öðru leyti. Þá telur ráðuneytið, að orðalagið „sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á“ sýni, „að meta beri tekjur beggja hjóna saman en að ekki skuli ákvarða uppbót vegna annars hjóna óháð tekjum hins“. Núgildandi reglugerð um tekjutryggingu sé þannig byggð á vilja löggjafans, enda þótt aldrei hafi verið kveðið á um reglur um frádrátt vegna tekna maka lífeyrisþega beinum orðum, sbr. hins vegar 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995.

Ég tel ljóst, að í löggjöf hafi um árábil ríkt það viðhorf, að taka skuli tillit til tekna elli- og örorkulífeyrisþega, þannig að þær skerði rétt til greiðslu lífeyris, sbr. nú 2. mgr. 11. gr. laga nr. 117/1993, og rétt lífeyrisþega til tekjutryggingar, sbr. nú 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna. Þá er ljóst, að hjónum hefur verið ætlaður lægri lífeyrir en tveimur einstaklingum, sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna, þ.e. 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Ég tel hins vegar, að kanna þurfi grundvöll skerðingar tekjutryggingar vegna tekna maka lífeyrisþega.

Ákvæði um tekjutryggingu lífeyrisþega voru fyrst tekin í lög um almannatryggingar með lögum nr. 67/1971. Í 19. gr. sagði, að væru tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega lægri en 84.000 kr. á ári, skyldi hækka lífeyri hans um það, sem vantaði á þá fjárhæð. Sama gildi um hjónalífeyri, eftir því sem við ætti. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 67/1971, sagði, að þegar um uppbót samkvæmt greininni væri að ræða, næmi lögbundin fjárhæð elli- og örorkulífeyris 84.000 kr. á ári fyrir einstakling og kr. 151.200 fyrir hjón. Þetta gildi þó aðeins, þegar tekjur bótaþega væru lægri en tédar fjárhæðir, en þá skyldi uppbótin nema því sem á vantaði. (Alþt. 1970–71, A-deild, bls. 1684.) Þannig skyldi hjónum, sem bæði nytu lífeyris, tryggð fjárhæð, sem næmi 90% af heildarlífeyri tveggja

einstaklinga. Lágmarksfjárhæðin samkvæmt lögum nr. 96/1971, um breytingu á lögum um almannatryggingar, var 120.000 kr., og skyldi hjónalífeyrir hækka hlutfallslega, sbr. athugasemdir við 4. gr. lagafrumvarpsins. (Alpt. 1971, A-deild, bls. 541 og 542.)

Eftir breytingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 62/1974, um breytingu á lögum nr. 67/1971, hljóðaði 19. gr. almannatryggingalaga svo:

„Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr 37 500 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 80 000 kr. á ári. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 37 500 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.“

Um þessa breytingu segir svo í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins:

„Ákvæði þetta er sett til þess að gefa því fólki, sem á rétt á lágum greiðslum úr lífeyrissjóðum eða getur aflað sér smávægilegra tekna, kost á því að njóta jafnhliða góðs af tekjutryggingu almannatrygginga. Gert er ráð fyrir að uppbót á almennan lífeyri haldist að fullu, þó bótaþegi hafi tekjur, sem nema kr. 2 500.00 á mánuði, en síðan skerðist uppbótin um helming annarra tekna, sem við bætast.

Miðað við upphæð tekjutryggingaruppbótar janúar 1974, kr. 5 336 á mánuði lækkar uppbótin frá þeirri upphæð niður í núll, þegar mánaðartekjur hækka frá kr. 2 500 upp í kr. 13 172.

Erfitt er að gera nákvæma áætlun um útgjaldaaukningu almannatrygginga vegna þessa ákvæðis en Tryggingastofnun ríkisins telur að sennilega sé hér um 250 milljónir að ræða á ársgrundvelli.“ (Alpt. 1973–74, A-deild, bls. 1870.)

Hugtakið hjónalífeyrir virðist samkvæmt framansögðu vísa til þess að tryggja skuli hjónum, sem bæði njóti lífeyris, fjárhæð sem nemi 90% af fjárhæð lífeyris tveggja einstaklinga, sbr. og hlutfall fjárhæða samkvæmt reglugerðum nr. 32/1972 og 171/1974, um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá skal skerða uppbót á lífeyri, fari tekjur fram yfir tilgreinda viðmiðunarfjárhæð, og skulu reglur um tekjutryggingu gilda um hjónalífeyri, eftir því sem við á. Verður því að telja, að ákvæði laga um skerðingu uppbótar vegna tekna taki til tekna hjóna, sem bæði njóta lífeyris, þ.e. hjónalífeyris, umfram þá fjárhæð, sem lögin tiltaka.

Í 1. gr. laga nr. 68/1977, um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, segir:

„Fjárhæðir 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972, nr. 62/1974, nr. 13/1975 og nr. 36/1976, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1977.

1. Fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (reiknaðrar leigu af eigin húsnæði og tekna barna) sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingur	180.000
Hjón	252.000“

Á Alþingi sagði meðal annars svo í framsöguræðu ráðherra:

„Þetta frv. um breyt. á lögum um almannatryggingar er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. júní á s.l. sumri. Þau voru gefin út í samræmi við ákvörðun

ríkisstj. til þess að greiða fyrir samkomulagi um lífeyrismál sem heildarlaun í þeim kjarasamningum sem undirritaðir voru 22. júní, til þess að sú hækkun lífeyrisgreiðslna, sem leiðir af því samkomulagi, valdi yfirleitt ekki lækkun tekjutryggingargreiðslna frá almannatryggingum. Því voru þessi ákvæði sett, að fjárhæð annarra árs-tekna lífeyrisþega en lífeyris varðandi þetta verði hjá einstaklingi 180 þús. kr. í staðinn fyrir 120 þús. kr. og fyrir hjón 252 þús. kr. í staðinn fyrir 168 þús. kr.“ (Alþt. 1977–78, B-deild, dálk. 112.)

Fjárhæð tekjutryggingar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 351/1977, um tekjutryggingu, heimilisuppbót og heimildarhækkanir samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, er í samræmi við framangreind fyrirmæli laganna. Að því er snertir hjón, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, segir í 2. gr. reglugerðarinnar, að hafi þau ekki tekjur, er fari fram úr 252.000 kr. á ári, skuli greiða uppbót á lífeyri að upphæð 542.952 kr. á ári. Hafi hjónin hins vegar tekjur umfram 252.000 kr. á ári, skuli skerða uppbótina um 55% þeirra tekna, sem umfram eru.

Í 3. gr. laga nr. 25/1984, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum, segir:

„1. og 2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 56 736 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattstofns.

[. . .]“

Viðmiðunarfjárhæð til hjóna er ekki tilgreind hér, sbr. hins vegar lög nr. 68/1977. Hins vegar segir í athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins, að gert sé ráð fyrir að hjónalífeyrir verði hlutfallslega óbreyttur og að tekjuhugtakið sé óbreytt. (Alþt. 1983–84, A-deild, bls. 2144.)

Samkvæmt framansögðu virðist hafa orðið sú breyting á hjónalífeyri með bráðabirgðalögum nr. 53/1977, sbr. lög nr. 68/1977, að lögmæltar fjárhæðir tekjutryggingar hjóna, sem bæði nytu lífeyris, skyldu ekki lengur nema 90% af heildarlífeyri tveggja einstaklinga. Eins og að framan hefur verið rakið, lýtur uppbót hjónalífeyris sömu reglum um skerðingu og uppbót til einstaklinga. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 skal skerða uppbót um 45% tekna umfram þartilgreinda upphæð. Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun mín, að ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, um skerðingu tekjutryggingar vegna tekna annars hjóna, sem bæði njóta elli- eða örorkulífeyris, verði ekki talin ósamrýmanleg ákvæðum 1. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

4.

Kvörtun þessi lýtur jafnframt að ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995. Þar segir, að njóti aðeins annað hjóna elli- eða örorkulífeyris, en hitt ekki, skuli helmingur samanlagðra tekna þeirra teljast tekjur lífeyrisþegans og að öðru leyti farið með uppbót hans sem tekjutryggingu einhleypings.

Samkvæmt framansögðu var aðstaðan sú samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 53/1977 og síðan lögum nr. 68/1977, sem að framan hafa verið rakin, að hjónum, sem bæði nytu lífeyris, skyldi sameiginlega ákveðin tekjutrygging, er skyldi lækka í tilteknum hlutföllum vegna tilgreindra sameiginlegra tekna þeirra. Engin vísbending liggur fyrir um, að víkja

hafi átt frá þessu fyrirkomulagi með fyrirætlum 1. mgr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar. Í samræmi við það verður að mínum dómi ekki litið svo á, að ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, brjóti í bága við lög.

Kemur þá til athugunar, hvort ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, sem mæla fyrir um skerðingu tekjutryggingar lífeyrisþega vegna tekna maka hans, verði talin lögmæt þrátt fyrir brottfall sérstakrar heimildar til setningar reglugerðar um framkvæmd lífeyrishækkana.

Í skýringum ráðuneytisins í málinu kemur fram, að fyrirliggjandi gögn vegna setningar laga nr. 117/1993 bendi til þess, að ekki hafi verið ætlun löggjafans að fella á brott heimild til setningar reglugerðar á grundvelli 17. gr. laganna. Reglugerðarheimild 66. gr. laganna feli í sér almenna heimild til setningar reglugerða á grundvelli laganna. Með vísan til þess, að hvorki verði sýnt fram á, að löggjafinn hafi ætlað að breyta efnisreglum né framkvæmd við ákvörðun tekjutryggingar, telji ráðuneytið, að 66. gr. feli í sér næga heimild til setningar reglugerðar um það efni, sama efnis og fyrri reglugerðir.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að í 17. og 18. gr. umræddra laga mælir löggjafinn sérstaklega fyrir um heimild til setningar reglugerða til fyllingar öðrum ákvæðum um tekjutryggingu. Enn fremur vekur athygli, að eftir gildistöku hinnar sérstöku reglugerðarheimildar samkvæmt lögum nr. 67/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, var í reglugerð nr. 32/1972, um lágmarkslífeyri og hækkun tryggingabóta samkvæmt lögum um almannatryggingar, í fyrsta skipti mælt fyrir um, að miða skyldi við samanlagðar tekjur hjóna, þar sem annað nýti örorku- eða ellilífeyris en hitt ekki. Samkvæmt síðari reglugerðum um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar, sbr. nú 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, skal taka tillit til tekna maka í slíkum tilvikum. Slík ákvæði áttu hins vegar, allt til setningar laga nr. 117/1993, stoð í sérstakri reglugerðarheimild samkvæmt gildandi lögum.

Ekki verður fram hjá því litið, að um langa hríð hefur verið gert ráð fyrir, að tekjur maka lífeyrisþega hafi áhrif á rétt lífeyrisþega til tekjutryggingar. Í lögskýringargögnum er ekkert, sem bendir til þess, að átt hafi að auka rétt lífeyrisþega að þessu leyti, en slík breyting, ef um hana var að ræða, gaf tilefni til skýrrar greinargerðar, meðal annars um áhrif hennar á útgjöld ríkissjóðs. Með hliðsjón af framangreindu tel ég, að ekki verði full- yrt, að brottfall sérstakrar reglugerðarheimildar bendi til breytingar á framkvæmd laganna að þessu leyti. Það er því skoðun mín, að ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar geti ekki talist fara í bága við lög.

VI.

Réttindi þau til elli- og örorkulífeyris, sem fjallað er um í II. kafla laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, og reglugerð nr. 485/1985, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, teljast til réttinda, sem tryggja skal í lögum samkvæmt 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995. Það er álit mitt, að lagaákvæði um slík réttindi verði að vera aðgengileg og skýr, meðal annars um það, hvaða takmörkunum þau megi binda. Að mínum dómi er umræddum lagareglum að þessu leyti áfátt. Af því tilefni ítreka ég þá skoðun mína, sem fram kemur í umræddu áliti mínu frá 29. desember 1988, að eðlilegt væri, að nánar yrði kveðið á um slík atriði í lögum. Er athygli Alþingis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra vakin á málinu með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

VII.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín í máli þessu, að skerðing tekjutrygg-

ingar lífeyrisþega vegna tekna maka hans, sem einnig nýtur elli- eða örorkulífeyris, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, fari ekki í bága við lög. Eg hef komist að sömu niðurstöðu um þá skerðingu uppbótar samkvæmt 17. gr. laga nr. 117/1993, sem felst í því, að taka skuli tillit til tekna maka, sem ekki nýtur elli- eða örorkulífeyris, sbr. 2. mgr. 4. gr. framangreindrar reglugerðar. Á hinn bóginn er það skoðun mín, að lagaákvæði um þau réttindi, sem hér er um að ræða, séu hvorki nægilega aðgengileg né skýr, þar á meðal um það, hvaða takmörkunum þau megi binda. Af því tilefni er álit þetta sent forseta Alþingis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.“

VIII.

Hinn 18. október 1998 barst mér bréf frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, dags. 15. október 1998, þar sem sagði meðal annars:

„Ráðuneytið hefur fjallað um málið í ljósi þeirrar niðurstöðu umboðsmanns Alþingis að umrædd lagaákvæði séu hvorki nægilega aðgengileg né skýr, þar á meðal um það, hvaða takmörkunum þau megi binda. Ráðuneytið hefur þegar undirbúið breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993, með síðari breytingum, og setningu nýrrar reglugerðar um tekjutryggingu, til þess að mæta umræddri athugasemd umboðsmanns Alþingis. Jafnframt er unnið að efnislegum breytingum er varða skerðingu tekjutryggingar örorkulífeyrisþega vegna tekna maka. Drög að framangreindum breytingum liggja þegar fyrir í ráðuneytinu. Ákveðið hefur verið að frumvarp til laga um breytingar varðandi framangreint efni verði lagt fyrir 123. löggjafarþing.“

Með lögum nr. 149/1998, sem öðluðust gildi 1. janúar 1999, voru gerðar breytingar á 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

**1.2. Sambúð í skilningi 44. gr. almannatryggingalaga.
Tillit til tekna maka. Tekjutrygging. Frekari uppbatur skv. 10. gr. laga
nr. 118/1993, um félagslega aðstoð. Rannsóknarreglan.
(Mál nr. 2259/1997)**

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem kröfu hennar um greiðslu tekjutryggingar og uppbótar óháð tekjum B var hafnað. A var metin 75% öryrki frá 1. nóvember 1995 og naut örorkulífeyris, tekjutryggingar og uppbótar frá Tryggingastofnun ríkisins. A og B skildu að borði og sæng 1986 og lögskilnaði 1989. Frá 1. ágúst 1990 höfðu þau hins vegar verið skráð til sama heimilis. Var A tilkynnt 1. júlí 1996 að greiðsla uppbótar til hennar félli niður vegna tekna B frá og með 1. ágúst 1996.

Niðurstaða tryggingaráðs var byggð á því að sambúð A og B veitti þeim, á grundvelli 44. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993, sama rétt og hjónum til bóta samkvæmt lögnum. Því skyldi tekið tillit til tekna B við ákvörðun tekjutryggingar A, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995, um tekjutryggingu samkvæmt lögum um almannatryggingar og við ákvörðun uppbótar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð.

Umboðsmaður sagði úrlausn málsins lúta að því hvort líta bæri á búsetu A og B sem sambúð í skilningi 44. gr. almannatryggingalaga þannig að þau nytu réttinda almannatrygginga sem hjón og, ef svo væri, hvort lagaheimild væri til skerðingar tekjutryggingar og uppbótar vegna tekna maka.

Umboðsmaður rakti fyrst ákvæði 44. gr. almannatryggingalaga, sögu þess og ummæli í lögskýringargögnum því fylgjandi. Hann tók fram að ekki yrði séð að réttur skv. 1. mgr. 44. gr. tæki til sambúðar, sem ekki teldist til óvígðrar sambúðar, samkvæmt skilgreiningu þess hugtaks. Umboðsmaður skildi niðurstöðu tryggingaráðs svo, að það liti svo á, með vísan til 3. mgr. 44. gr. almannatryggingalaga, að sameiginlegt lögheimili lengur en í eitt ár jafngilti skráningu í sambúð án tillits til forsendna sambúðarinnar, þ.e. hvort jafna mætti henni við sambúð hjóna. Umboðsmaður taldi hins vegar að túlka yrði ákvæði 3. mgr. 44. gr. með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. sömu greinar. Samkvæmt henni hefðu karl og kona í óvígðri sambúð sama rétt til bóta og hjón, en önnur sambúðarform hefðu ekki sömu réttaráhrif. Taldi umboðsmaður efni ákvæðisins það að heimilt væri að taka tillit til annarra gagna en skráningar í þjóðskrá, en ekki að í ákvæðinu fælist heimild til þess að þeir, sem hafa átt sameiginlegt lögheimili í tiltekinn tíma, fengju, án tillits til forsendna sambúðar, sjálfkrafa, réttarstöðu hjóna skv. lögum um almannatryggingar. Var það skoðun hans að sameiginlegt lögheimili karls og konu leiddi ekki sjálfkrafa til þess að sambúð þeirra yrði lögð að jöfnu við skráningu í óvígða sambúð, og þar með hjúskap, við ákvörðun um rétt skv. almannatryggingalögum. Vísaði umboðsmaður til dóms Hæstaréttar, H 1993:1156, þessu til stuðnings.

Niðurstaða umboðsmanns var að ljóst væri að úrskurður tryggingaráðs hefði ekki verið byggður á mati á því hvort um hefði verið að ræða sambúð, er jafna mætti til hjúskapar. Það hefði tryggingastofnun borið að athuga sérstaklega, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga, áður en ákveðið var að fella niður uppbót og tekjutryggingu A.

Að því er varðaði skerðingu tekjutryggingar vegna tekna vísaði umboðsmaður til álits síns í máli nr. 1815/1996 (sjá kafla 1.1 hér að framan) þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 485/1995 færu ekki í bága við lög. Hvort slík skerðing væri heimil í þessu máli réðist af því hvort A og B teldust sambúðarfólk í skilningi 1. mgr. 44. gr. almannatryggingalaga eða ekki. Því taldi umboðsmaður að ekki hefðu verið forsendur til ákvörðunar um að fella niður tekjutryggingu A á grundvelli tekna B.

Að því er varðaði uppbætur skv. 10. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð, rakti umboðsmaður ákvæði 8. og 9. gr. reglugerðar nr. 59/1996, um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur skv. 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993. Hann rakti að bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð greiddust eingöngu þeim, sem uppfylltu skilyrði laganna og reglugerða, sem settar eru með stoð í þeim. Réttur lífeyrisþega til uppbótar skv. 10. gr. laga nr. 118/1993 væri háður mati á því, hvort honum væri unnt að framfleyta sér án hennar. Skv. 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna væri í reglugerð heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur, aðrar en húsaleigubætur. Sambúð gæti og haft áhrif á hámark uppbótar lífeyrisþega sbr. 9. gr. reglugerðarinnar. Í reglugerðinni væri hins vegar ekki mælt fyrir um, að tekjur annarra en bótaþega hefðu áhrif á rétt hans til uppbótar, sbr. hins vegar 1. mgr. 8. gr. Það var skoðun umboðsmanns að ekki væri fyrir hendi heimild til að taka tillit til tekna eða annars sambúðarfólks við mat skv. 10. gr. laga nr. 118/1993.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að það tæki mál A til athugunar að nýju, óskaði hún þess, eftir atvikum að teknu tilliti til jafnræðisreglu stjórnisýslulaga og að fengnum heimildum til öflunar þeirra gagna sem nauðsynleg þættu.

Með bréfi til tryggingaráðs, dags. 5. apríl 2000, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðsins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í framhaldi af því. Þann 4. júlí s.á. ítrekaði ég þá beiðni.

Í svarbréfi tryggingaráðs frá 7. júlí 2000 kemur fram að C, héraðsdómslögmaður, f.h. A hafi óskað eftir endurupptöku máls hennar í samræmi við framangreint álit mitt með bréfi, dags. 15. júlí 1998. Í svari tryggingaráðs segir svo:

„[. . .]

A fundi tryggingaráðs 9da júní 1999 var mál [A] tekið fyrir að nýju og ákvörðun lífeyristryggingadeildar frá 29da júlí 1996 felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar afgreiðslu lífeyristryggingadeildar.

Með bréfi dags. 14da september 1999 sendi lífeyristryggingasvið (áður lífeyristryggingadeild) Tryggingastofnunar ríkisins [A] bréf er greindi frá fyrirhugaðri tilhögun á endurgreiðslu bóta til hennar. Í framhaldi af því var gert upp við [A] eftir að umbeðin gögn um hjúskaparstöðu höfðu verið lögð fram.“

1.3. Rökstuðningur. Endurkröfuréttur skv. almannatryggingalögum. Tilkynningar. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 2146/1997)

A kvartaði yfir synjun tryggingaráðs frá 14. október 1996 um endurupptöku úrskurðar ráðsins frá 15. desember 1995 þar sem staðfest var sú ákvörðun lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins að endurkrefja A um ofgreidda tekjutryggingu vegna tímabilsins frá 1. apríl 1993 til 31. júlí 1995.

A var örorkulífeyrisþegi sem hafði fengið greidda tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins. Þann 23. apríl 1993 tilkynnti B, eiginkona A, að hún væri hætt störfum en nyti ekki atvinnuleysisbóta. Var tekjutrygging A endurreiknuð með hliðsjón af þessu. Með bréfi, dags. 23. júlí 1995, var A tilkynnt að tekjutrygging honum til handa hefði verið ofgreidd á tímabilinu 1. apríl til 31. júlí 1995.

Umboðsmaður vísaði til álits síns frá 13. apríl 1998 (mál nr. 1815/1996, sjá kafla 1.1 hér að framan) um að ekki færi í bága við lög að skerða tekjutryggingu lífeyrisþega vegna tekna maka, sem ekki nyti elli- eða örorkulífeyris, að ekki væri ástæða til að gera athugasemd við þá framkvæmd lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins að taka tillit til tekna maka við útreikning fjárhæðar tekjutryggingar.

Niðurstaða umboðsmanns var að úrskurður tryggingaráðs væri haldinn verulegum annmarka þar eð hann fullnægði ekki fyrirmælum 31. gr., sbr. 22. gr. stjórn-sýslulaga, með því að tryggingaráði hefði í úrskurði sínum borið að gera grein fyrir því hvernig fullyrðingar um, að tilkynnt hefði verið um breyttar tekjur, hefðu verið kannaðar og til hvers sú könnun hefði leitt. Þá hefði ráðinu borið að gera grein fyrir sönnunarstöðu í málinu og þýðingu hennar fyrir beitingu þeirra endurkröfuheimilda sem Tryggingastofnun ríkisins væru veittar með 1. mgr. 50. gr. laga nr. 117/1993 og fjalla um þá staðhæfingu er fram hefði komið, að starfsfólki Tryggingastofnunar ríkisins hefðu orðið á mistök þar sem ekki var farið yfir skattskýrslur A. Þá lagði umboðsmaður áherslu á að ákvæði 1. mgr. 50. gr. almannatryggingalaga fæli ekki í sér sjálfstæða efnisreglu um endurkröfurétt heldur vísaði til almennra reglna. Hefði tryggingaráð átt að gera grein fyrir þeim reglum í úrskurðinum og beitingu þeirra.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að það tæki málið til meðferðar á ný, óskaði A þess.

1.4. **Valdframsal. Valdbærni. Stjórnarsýslusamningar.
Svör stjórnvalda til umboðsmanns.
(Mál nr. 1756/1996)**

A kvartaði yfir afgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og samráðsnefndar tryggingastofnunar og Læknafélags Reykjavíkur hins vegar á beiðni sinni um aðild að samningi framangreindra um sérfræðilæknishjálp.

Umboðsmaður vísaði til þess að fyrir lægi í málinu álit Samkeppnisráðs, staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, þar sem þeim fyrimælum væri beint til Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur að breyta 1. gr. samnings um sérfræðilæknishjálp á þá leið að einkaréttur félaga Læknafélags Reykjavíkur að samningnum yrði afnuminn og það hlutverk samráðsnefndarinnar, að meta þörfina fyrir þjónustu í viðkomandi sérgrein og fá til þess upplýsingar um umfang væntanlegs reksturs og rekstraráætlun, fellt niður. Þá vísaði umboðsmaður og til þess að í málinu lægi fyrir sýnishorn af nýjum samningi Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur þar sem umrædd samráðsnefnd væri lögð niður.

Umboðsmaður rakti 41. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, en samkvæmt henni er sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins heimilt að semja við stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga um þá þjónustu, sem henni ber að veita samkvæmt lögnum. Umboðsmaður taldi ljóst, af ákvæðinu, að það væri hlutverk sjúkratryggingadeildar að gera samninga við þá aðila, sem veita læknishjálp er sjúkratryggingar taka til. Hann tók fram að ekki væru brigður bornar á heimild stofnunarinnar til að semja um framkvæmd og uppgjör á greiðslum fyrir þá þjónustu sem henni ber að veita. Hins vegar yrði stjórnarsýsluvald stofnunarinnar og valdheimildir hennar til að taka ákvarðanir um rétt og skyldur borgaranna ekki framseldar ytra valdframsali án skýrrar lagaheimildar. Yrði ekki séð að almannatryggingalög heimiluðu tryggingastofnun að framselja vald sitt, til þess að ákveða hverjir skuli fá aðild að samningi um þá þjónustu sem stofnuninni ber að veita samkvæmt lögnum, til samráðsnefndarinnar.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú, að samráðsnefndin hefði ekki verið bær að lögum til að fara með fyrrgreint vald sjúkratryggingadeildar. Þar sem ákvörðunin um að synja A um samningsaðild var ekki tekin af bæru stjórnvaldi taldi umboðsmaður ekki tilefni til þess að hann fjallaði um það hvort nefndin hefði fylgt reglum stjórnarsýslulaga. Þá taldi umboðsmaður drátt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á svörum óhæfilegan.

1.5. **Tannréttingar. Rökstuðningur. Rannsóknarreglan.
(Mál nr. 1995/1997)**

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem ráðið staðfesti fyrri úrskurð sinn.

Í fyrra álitinu sínu, í máli nr. 819/1993 (SUA 1995:39), hafði umboðsmaður fjallað um þann úrskurð tryggingaráðs en þar synjaði tryggingaráð A um þátttöku í tannrétt-ingakostnaði. Í því máli var ágreiningur um hvort A hefði átt rétt til bóta á grundvelli c-liðar 39. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, og reglna nr. 63/1991, um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttinkostnaði samkvæmt almannatryggingalögum, og komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu, að réttara hefði verið að tryggingaráð nýtti heimild sína í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 67/1971 til að kveðja til sérfróða menn, enda settu almannatryggingalög ekki það skilyrði að þeir sem sætu í tryggingaráði hefðu sérþekkingu á læknisfræðilegum atriðum. Byggðist þessi niður-

staða á því að tryggingaráði bæri að fjalla sjálfstætt um ákvarðanir tryggingayfirtannlæknis, meðal annars þær, sem lytu að tannlæknisfræðilegum atriðum. Beindi því umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að það tæki mál A til meðferðar að nýju.

Tryggingaráð byggði niðurstöðu sína við endurupptöku á því, að ekkert nýtt hefði komið fram í málinu, er breytti fyrri niðurstöðu þess. Í skýringum til umboðsmanns var vísað til greinargerðar B tannlæknis og staðfestingar V prófessors á henni, sem tryggingaráð taldi í samræmi við það sem áður hefði komið fram í málinu.

Umboðsmaður vísaði nú til þess að ljóst væri að niðurstaða tryggingayfirtannlæknis væri ekki í samræmi við aðrar tannlæknisfræðilegar umsagnir í málinu. Yrði niðurstaða tryggingaráðs því ekki skýrð með því, að umsagnaraðilar hefðu verið samdóma. Umboðsmaður vísaði til þess að réttur A til endurgreiðslu tannrétttingakostnaðar réðist af því hverjar orsakir tann- og bitskekkju væru og hvernig þær lýstu sér. Enn lægi ekki ljóst fyrir, á grundvelli tannlæknisfræðilegra gagna málsins, hvort skilrðum reglna um rétt til endurgreiðslu hefði verið fullnægt.

Niðurstaða umboðsmanns var, með hliðsjón af framangreindu, að enn skorti verulega á að úrskurður tryggingaráðs frá 1996 geymdi nægilegan rökstuðning fyrir því, hvað ráðið hefði niðurstöðu um rétt A. Hefði þó verið rík ástæða til þess í ljósi niðurstöðu umboðsmanns um fyrri úrskurð ráðsins.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs, að það fjallaði enn á ný um mál A, óskaði hún þess.

1.6. Örorumat. Upphaf gildistíma ákvörðunar um hækkun örorkumats. Birting stjórnvaldsákvörðunar. Bindandi ákvörðun. Ólögmat sjónarmið. (Mál nr. 2079/1997)

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem staðfest var ákvörðun um að hækka örorkumat hennar úr 30% í 49% frá 1. apríl 1996 að telja.

A lenti í flugslysi 26. september 1970 og var meðin 30% öryrki 1972. Óskað var eftir endurmati og 17. apríl 1996 var örorkumati A breytt og það hækkað í 49% með þeim rökstuðningi að óþægindi frá stoðkerfi hefðu smám saman farið versnandi með árunum. Væri nú svo komið að A réði ekki lengur við starf sitt, en hún hafði starfað sem flugfreyja í 34 ár.

Ágreiningurinn í málinu sneri að upphafi gildistíma ákvörðunar um hækkun örorkumats. A hélt því fram að með úrskurði tryggingaráðs hefði fyrri úrskurði tryggingayfirlæknis verið breytt, en samkvæmt þeim úrskurði hefði hækkun matsins átt að gilda allt frá 2. október 1971. Hún taldi að með þessum fyrri úrskurði hefði legið fyrir bindandi ákvörðun sem ekki yrði breytt. Í skýringum tryggingaráðs sagði hins vegar að sú breyting sem orðið hefði, hefði orðið meðan málið var enn til umfjöllunar hjá stofnuninni. Engin formleg tilkynning hefði farið frá stofnuninni til A á þessu stigi.

Umboðsmaður byggði niðurstöðu sína á því að umræddur „fyrri“ úrskurður lægi ekki fyrir í málinu. Í kvörtuninni væri vísað til skjals, þar sem fram kæmi að með örorkumati frá 7. júní 1996 hafi úrskurði verið breytt, en sá úrskurður hefði kveðið á um 49% örorku frá 2. október 1971 en af því taldi umboðsmaður helst verða ráðið að tryggingayfirlæknir hefði gert ráð fyrir að nýtt örorkumat skyldi gilda frá þeim degi. Hins vegar hefði meðferð málsins ekki verið lokið með þeirri ákvörðun, þar sem frekari umfjöllun um málið átti sér stað innan tryggingastofnunar sem lokið hefði með nýrri ákvörðun tryggingayfirlæknis. Mat á því hvort þetta hefði verið heimilt

réðst af 1. mgr. 23. gr. stjórnáslulaga um hvort úrskurður hefði þá þegar verið tilkynntur aðila máls. Slíkur úrskurður, afrit tilkynningar eða önnur gögn til staðfestingar slíkrri tilkynningu til aðila málsins voru ekki meðal gagna málsins. Af minnisblaði lögmanns A mátti ráða að hann hefði fengið upplýsingar um „fyrri“ úrskurð samtímis upplýsingum um úrskurð um hækkun örorkumats er gilda ætti frá 1. apríl 1996. Umboðsmaður taldi í ljósi alls þessa að ekki yrði fullyrt, að umræddur fyrri úrskurður hefði verið tilkynntur A áður en honum var breytt. Því hefði ekki verið um bindandi ákvörðun að ræða.

**1.7. Slysabætur. Tilkynning um slys. Fyrning bótaréttar.
Skyldubundið mat.
(Mál nr. 2305/1997)**

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem beiðni hans um slysabætur var hafnað. A varð fyrir slysi við vinnu sína við Kröflu 24. september 1984. Tilkynning um slys til slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins var dagsett 30. apríl 1996 og var bótarétti hafnað á þeim grundvelli að hann væri fyrndur. Fyrir lá í málinu að vinnuveitandi A hafði vanrækt að tilkynna um slysið, svo sem honum bar, skv. 28. gr. þágildandi laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

Umboðsmaður rakti, að skv. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 67/1971, sbr. nú 2. mgr. 23. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, geti tryggingaráð ákveðið að greiða bætur, þó að lengri tími líði en ár frá því slys bar að höndum. Í niðurstöðu tryggingaráðs var vísað til verklagsreglu þess efnis að almennt skuli ekki fallið frá fyrningarfresti í slysmálum sem eldri eru en 10 ára, þegar þau eru tilkynnt. Tryggingaráði væri heimilt að setja reglur, byggðar á lögum um almannatryggingar, til þess að stuðla að samræmi og jafnrétti í framkvæmd þeirra. Ráðinu væri hins vegar óheimilt að afnema, eins og gert hefði verið, með slíkum vinnureglum, sem í eðli sínu væru viðmiðunarreglur, það mat sem því væri fengið til að taka ákvörðun sem best ætti við í hverju máli með tilliti til allra aðstæðna.

Beindi umboðsmaður því þeim tilmælum til tryggingaráðs að taka mál A upp að nýju, færi hann fram á það.

Með bréfi til tryggingaráðs, dags. 5. apríl 2000, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðsins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Svar barst frá Tryggingastofnun ríkisins með bréfi, dags. 14. apríl 2000. Því fylgdi úrskurður tryggingaráðs frá 5. mars 1999 í máli A. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Bótaskylda vegna vinnuslyss er [A] varð fyrir þann 24. september 1984 er samþykkt.“

**1.8. Slysatrygging vegna læknisaðgerða. Rannsóknarreglan.
Heimild tryggingaráðs til að kalla til sérfróða menn.
Rökstuðningur. Form og efni úrskurða.
(Mál nr. 2135/1997)**

A kvartaði yfir úrskurði tryggingaráðs þar sem kröfu hennar um bætur vegna afleiðinga læknisaðgerðar var hafnað. Niðurstaða tryggingaráðs byggðist á því, að ekki væri unnt að sjá, að einkenni A væru afleiðing læknisaðgerða eða mistaka. A taldi,

að í úrskurðinum hefði ekki verið tekið tillit til staðhæfinga hennar um að ástand hennar væri verra eftir nefnda lækniáðgerð en það var fyrir hana.

Umboðsmaður rakti, að skv. f-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga nr. 117/1993 tæki slysatrygging vegna lækniáðgerða til sjúklinga, sem væru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem störfuðu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu og heilsutjónið eða örorkan væri vegna lækniáðgerða eða mistaka starfsfólks á þessum stofnunum. Af lögskýringargögnum með ákvæðinu yrði ráðið, að ætluð löggjafans hefði verið að bætt yrði heilsutjón vegna lækniáðgerða, án tillits til þess hvort um mistök við áðgerð hefði verið að ræða. Til þess að unnt væri að ákveða hvort bótakrefjandi væri tryggður samkvæmt ákvæðinu þyrfti að staðreyna hvort heilsa hans hefði versnað í kjölfar lækniáðgerðar. Til grundvallar ákvörðun um bótarétt yrði því að liggja lækniáðgerðilegt mat á umkvörtunarefnum sjúklings.

Umboðsmaður vísaði til þess, að tryggingaráði væri, skv. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 117/1993, heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn eða fleiri sérfræðinga, ef úrlausn ágreiningsmáls ylti að einhverju eða öllu leyti á lækniáðgerðilegu mati. Skv. 7. gr. laga nr. 117/1993, hefur sá, sem í hlut á, rétt til þess að bera ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins undir tryggingaráð til endurskoðunar. Það væri hlutverk tryggingaráðs að skera sjálfstætt úr um ágreining um rétt manna til bóta, óháð því hvort aðeins reyndi á skýringu almannatryggingalaga eða á fleiri atriði. Við endurskoðun ákvörðunar væri tryggingaráði skylt að sjá til þess, að eigin frumkvæði, að atvik málsins væru nægilega upplýst, sbr. 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til tryggingaráðs að taka málið fyrir að nýju, óskaði A þess.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá tryggingaráði um, hvort A hefði leitað til tryggingaráðs á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í svari tryggingaráðs, dags. 18. maí 1999, kemur fram, að málið hafi verið endurupptekið, bótaskylda viðurkennd og að fyrir liggja mat dómkvaddra matsmanna, dags. 7. maí 1999, á varanlegri örorku A. Var það mat framkvæmt að beiðni tryggingaráðs.

Lögmaður A óskaði yfirmats með matsbeiðni, dags. 10. september 1999. Lá yfirmatsgerð fyrir 22. febrúar 2000. Í kjölfar hennar tók úrskurðarnefnd almannatrygginga málið til úrskurðar að nýju. Var úrskurður nefndarinnar í því kveðinn upp 12. apríl 2000. Í niðurlagi hans segir svo:

„Úrskurðarnefndin telur varanlega örorku staðreynda með fyrirliggjandi matsgerðum og fellst, með hliðsjón af töflum örorkumatsnefndar og með vísan til rökstuðnings í áðurnefndri matsgerð dómkvaddra matsmanna og yfirmatsgerð, á niðurstöðu í yfirmatsgerð, þ.e. að varanleg slysaörorka kæranda vegna augnaáðgerðar þann 16. júní 1994 sé 8%.“

2.0. Atvinnuleysistryggingar.

2.1. Varðveisla réttar til atvinnuleysisbóta. EES-samningurinn. Vottorð E-303. (Mál nr. 2235/1997)

A kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta þar sem staðfest var sú ákvörðun Atvinnuleysistryggingasjóðs að hafna umsókn A um varðveislu réttar til atvinnuleysisbóta hjá Atvinnuleysistryggingasjóði á meðan A leitaði að atvinnu í öðru EES-landi, þ.e. útgáfu vottorðs E-303, Forsenda þessa var að A hefði ekki fengið greiddar atvinnuleysisbætur í samfelldar fjórar vikur fyrir brottfarardag.

A hafði sagt starfi sínu lausu 31. desember 1996 og sótt um atvinnuleysisbætur hjá Vinnumiðlun Reykjavíkur 23. apríl 1997. Hún hugðist flytja til Noregs 2. júlí sama ár og lagði því fram umsóknina.

Umboðsmaður rakti ákvæði 16.–20. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, og 15. gr. reglugerðar nr. 524/1996, um greiðslu atvinnuleysisbóta.

Þá rakti hann 69. og 83. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71, um beitingu almennatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra, sem flytjast milli aðildarríkja, sbr. reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2001/83, um breytingu og endurskoðun á þeirri reglugerð. Tók umboðsmaður fram að þær hefðu orðið hluti EES-samningsins með því að til þeirra var vísað í VI. viðauka samningsins.

Niðurstaða umboðsmanns var, að með vísan til orðalags 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 524/1996 yrði ekki séð að sömu tímaskilyrðum yrði beitt um önnur skilyrði en fram kæmu í a – c-liðum hennar, þ.e. atvinnuleysi, skráning hjá vinnumiðlun og að umsækjandi hafi verið reiðubúinn til að þiggja vinnu. Ekki yrði leitt af ákvæði 2. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 524/1996 að það sé skilyrði varðveislu réttar til atvinnuleysisbóta, á meðan leitað er að atvinnu í öðru EES-landi, að umsækjandi hafi notið atvinnuleysisbóta í fjórar vikur fyrir brottfarardag.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til úrskurðarnefndar atvinnuleysisbóta að hún tæki mál A fyrir á ný, óskaði hún þess.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá úrskurðarnefnd atvinnuleysisbóta um, hvort A hefði leitað til hennar á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Hinn 28. júní 1999 ítrekaði ég þá fyrirspurn mína.

Svar Vinnumálastofnunar barst mér með bréfi, dags. 9. júlí 1999. Þar kemur fram að ákveðið hafi verið að greiða A atvinnuleysisbætur sem nemur tveimur mánuðum vegna atvinnuleitar hennar í Noregi sumarið 1997.

2.2. Huglæg refsiskilyrði. Rannsóknarreglan. Form og efni úrskurða. Hæfi. Vandaðir stjórnarsýsluhættir. (Mál nr. 2036/1997)

A kvartaði yfir úrskurði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem honum var gert að sæta viðurlögum skv. 41. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, vegna rangra upplýsinga í tilefni af umsókn hans um atvinnuleysisbætur.

Upphaflega hafði A kvartað til umboðsmanns ári áður yfir fyrri úrskurði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem sú ákvörðun úthlutunarnefndar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Rafiðnaðarsambands Íslands að A skyldi sæta þessum

viðurlögum var staðfest. Í fyrra álití sínu, í máli nr. 1702/1996 (SUA 1996:76), hafði umboðsmaður beint þeim tilmælum til stjórnarinnar að hún tæki mál A upp að nýju þar eð henni hefði láðst að rannsaka og taka afstöðu til huglægs saknæmisskilyrðis framangreindar 41. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar, við uppkvaðningu hins upphaflega úrskurðar.

Umboðsmaður áréttaði að nefnt ákvæði geymdi heimild til beitingar refsikenndra viðurlaga, sem bundin væru huglægum skilyrðum og væri ásetnings krafist. Vísaði hann til þess að í nógildandi lögum hefði þessu verið breytt og benti á að í lögskýringargögnum með þeim kæmi skýrt fram að fallið væri frá kröfu um sannaðan ásetning. Umboðsmaður benti á að í úrskurði stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs segði að á umsóknareyðublaði hafi A svarað neitandi spurningu um það hvort hann nyti bóta frá almannatryggingum, en hið rétta væri að á umsóknareyðublaðinu væri lagt fyrir umsækjanda að tilgreina fjárhæð tiltekinna bóta frá almannatryggingum nyti hann þeirra og hefði A látið hjá líða að veita þær upplýsingar. Með vísan til 10. gr. stjórnarsýslulaga sagði umboðsmaður það fara eftir eðli málsins og réttarheimild þeirri sem væri grundvöllur ákvörðunar hvaða upplýsinga afla þyrfti. Ekki yrði með rétti gripið til umræddra viðurlaga fyrr en rannsókn hefði ótvírætt leitt í ljós að laga-skilyrðum fyrir beitingu þeirra hefði verið fullnægt. Þá væri ákvörðunin verulega íþyngjandi fyrir A og bæri því að rökstyðja réttmæti hennar skýrlega og þannig að séð yrði hvaða athafnir hans hefðu réttlætt slíkt úrræði. Ætti það alveg sérstaklega við um refsikennd viðurlög. Taldi umboðsmaður einsýnt að ákvörðun, um að gripið yrði til refsikenndra viðurlaga yrði ekki með réttu grundvölluð á því einu, að bótaþegi hefði í skriflegri umsókn sinni um atvinnuleysisbætur ekki getið atriða sem máli skiptu við úrlausn um bótarétt hans.

Niðurstæða umboðsmanns var sú, að í hinum nýja úrskurði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs hefði stjórnin ekki enn lagt viðhlítandi grundvöll að þeirri ákvörðun sinni að A skyldi sæta nefndum viðurlögum. Fengi hún að óbreyttu ekki staðist.

Umboðsmaður gerði og athugasemd við það að í úrskurði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs kom ekki fram hverjir stóðu að afgreiðslu málsins. Af þessu leiddi að ekki yrði ótvírætt ráðið hvort málið hefði í raun verið leitt til lykta af stjórnvaldi, sem hæft var til ályktunar, sbr. 1. mgr. 34. gr. stjórnarsýslulaga og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 93/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 45/1995. Skv. því og í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti hefði átt að gera grein fyrir því í upphafi úrskurðarins hverjir stóðu að honum.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til stjórnarinnar að málið yrði endurupptekið, óskaði A þess.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs um, hvort A hefði leitað til tryggingasjóðs á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Hinn 28. júní 1999 ítrekaði ég fyrir fyrirspurn mína frá 10. maí 1999.

Í svari Vinnumálastofnunar, dags. 9. júlí 1999, segir meðal annars: „Mál [A] var afgreitt með niðurfellingu fyrri úrskurðar um endurgreiðslu ofgreiddra bóta vegna rangra upplýsinga hans um greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Var ákveðið að greiða honum bætur í samræmi við skráningu hans hjá vinnumiðlun Reykjavíkur tímabilið [1. október 1995 til 21. júní 1996] með fyrirvara um frádrátt vegna ellilífeyris frá [Tryggingastofnun ríkisins] á sama tíma.“

2.3. Réttur sjálfstætt starfandi einstaklings til atvinnuleysisbóta.
Rannsóknarreglan. Form og efni úrskurða.
(Mál nr. 1927/1996)

A kvartaði yfir úrskurði stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs þar sem umsókn hans um atvinnuleysisbætur var hafnað á þeirri forsendu að hann væri sjálfstætt starfandi en ekki atvinnulaus í skilningi laga. A hélt því fram að hann væri ekki með neinn rekstur, seldi engar afurðir og hefði engar tekjur en væri að hanna hluti er hann hygðist gera að markaðsvöru í framtíðinni.

Umboðsmaður óskaði þess sérstaklega, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997 að stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs skýrði viðhorf sitt til þess hvort umræddur úrskurður uppfyllti kröfur um form og efni úrskurða samkvæmt 31. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í svarbréfi stjórnarinnar kom meðal annars fram að hún viðurkenndi að svo væri ekki.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. gr. laga nr. 93/1993 um atvinnuleysisstryggingar en samkvæmt henni eiga launamenn, sem verða atvinnulausir, rétt á bótum úr Atvinnuleysisstryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögnum, en í 2. mgr. er kveðið á um rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til slíkra bóta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Meðal annars skal umsækjandi hafa unnið tilteknar dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Þá vísaði umboðsmaður til reglugerðar nr. 304/1994 um skilgreiningu hugtaksins „sjálfstætt starfandi“ og viðmiðunarreglna nr. 628/1994, sem settar voru samkvæmt þeirri reglugerð.

Þá vísaði umboðsmaður til fyrri álita sinna um hlutverk úthlutunarnefnda og stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs skv. VI. kafla laga nr. 93/1993, um atvinnuleysisstryggingar, þar á meðal til álits síns, í máli nr. 960/1993 (SUA 1995:49), og til álits síns, í máli nr. 1425/1995 (SUA 1995:55), en þar hafi það orðið niðurstaða sín, að úthlutunarnefndum og stjórn Atvinnuleysis-tryggingasjóðs séu fengnar heimildir að lögum til að skera úr um rétt einstakra bótaþega til atvinnuleysisbóta og að við meðferð slíkra mála beri að gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Niðurstaða umboðsmanns var sú, að skort hefði á að undirbúningur úrlausnar um umsókn A hefði verið nægilega rækilegur, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Fyrirliggjandi upplýsingar og staðhæfingar umsækjanda hefðu gefið úrskurðaraðilum tilefni til að kanna og leggja mat á það, hvort um sjálfstæða starfsemi í skilningi reglugerðar nr. 304/1994 væri að ræða. Taldi umboðsmaður þar skipta meginmáli upplýsingar um umfang starfseminnar, sem A rak, með tilliti til skyldu til þess að standa með reglubundnum hætti skil á tryggingagjaldi og virðisaukaskatti vegna hennar. Eins og máli þessu var háttáð taldi umboðsmaður að ekki yrði gerð krafa um tilkynningu um lok starfsemi, nema tekin hefði verið afstaða til þess á grundvelli slíkra upplýsinga, hvort rekstur í framangreindum skilningi hefði verið hafinn. Því hafi stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs borið, skv. 10. gr. stjórnarsýslulaga, að afla frekari gagna um rekstur fyrirtækisins, en stofnun þess virtist hafa ráðið úrlausn hennar í málinu. Þá hefði úrskurður stjórnarinnar ekki fullnægt fyrir mælum stjórnarsýslulaga um form og efni úrskurða í kærnumálum.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til úrskurðarnefndarinnar að taka umsókn A til meðferðar á ný, sbr. 3. mgr. 16. gr. laga um atvinnuleysisstryggingar, óskaði hann þess.

2.4. **Réttur sjálfstætt starfandi einstaklings til atvinnuleysisbóta.**
Lagastoð reglugerðar.
(Mál nr. 2035/1997)

A kvartaði yfir því að úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga hefði með úrskurði, sem stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóð staðfesti, að ófyrirsynju gert honum að sæta viðurlögum skv. 4l. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysisstryggingar, en hann hafði gert út trillubát. Byggðist úrskurðurinn á því að A hefði hafið atvinnurekstur innan 12 mánaða frá upphaflegri umsókn hans án þess að afla fyrir fram samþykkis stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

Umboðsmaður vísaði til álits síns, í máli nr. 1702/1996 (SUA 1996:76), þar sem hann fjallaði um nefnda 4l. gr., og tók fram að hún geymdi ekki hlutlæga skyldu heldur einvörðungu ákvæði um refsikennd viðurlög, sem bundin væru huglægum refsiskilyrðum. Vísaði hann og þar til ákvæðis 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess að þau sjónarmið er þar kæmu fram ættu að meginstefnu og við um refsikennd viðurlög. Kvað umboðsmaður það og ljóst að 1. mgr. 4l. gr. krefðist ásetnings sem saknæmisskilyrðis.

Þessu til viðbótar vísaði umboðsmaður til lögskýringargagna og rakti ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 304/1994, um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingur fái atvinnuleysisbætur. Sagði umboðsmaður, að almennt yrði við það að miða, þegar höfð væri í huga sú meginregla, að stjórnarsýslan er lögbundin, að ákvæði í reglugerðum og öðrum almennum fyrirmælum stjórnvalda, sem væru íþyngjandi yfir borgarana, ættu sér skýra stoð í lögum. Með þessa grundvallarreglu í huga yrði við samningu laga að kveða skýrlega á um þær heimildir, sem ætlunin væri að veita stjórnvöldum. Í því sambandi nægði ekki almenn heimild í lögum til þess að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga. Þyrfti því að koma skýrt fram í lögum, ef heimild ætti að vera til þess að mæla fyrir um viðurlög í reglugerð. Slíka heimild væri ekki að finna í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 93/1993 né öðrum ákvæðum laganna. Taldi umboðsmaður að ákvæði 8. gr. nefndrar reglugerðar ætti sér ekki viðhlítandi stoð í lögum og yrði viðurlögum því ekki komið fram gagnvart þeim sem reglugerðin tæki til.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú, að leyst hefði verið úr málinu á röngum lagagrunni.

Beindi hann þeim tilmælum til úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta og stjórnar Atvinnuleysisstryggingasjóðs að þær tækju mál A fyrir að nýju, óskaði hann þess.

Með bréfi, dags. 5. apríl 2000, óskaði ég eftir upplýsingum frá stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs um hvort A hefði leitað til stjórnarinnar á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Þann 4. júlí s.á. ítrekaði ég þá beiðni.

Í svari Vinnumálastofnunar frá 9. júlí 2000 segir m.a.:

„[. . .]

Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs ákvað þann 20. maí 1998 að fella úr gildi úrskurð þann sem [A] kvartaði yfir til umboðsmanns Alþingis um endurgreiðslu ofgreiddra atvinnuleysisbóta. [A] var tilkynnt um ákvörðun þessa sama dag. Jafnframt var ákveðið að greiða honum atvinnuleysisbætur í samræmi við skráningu hans hjá vinnumiðlun veturinn 1996/1997.“

3.0. Atvinnuréttindi.

3.1. Flugumferðarstjórn. Hámarksaldur til starfsþjálfunar. Sjórnarmið sem ákvörðun er byggð á. Skyldubundið mat. Lögmatísreglan. Úrskurðarskylda. Form og efni úrskurða. Málshraði. (Mál. nr. 1885/1996)

A kvartaði yfir afgreiðslu samgönguráðuneytisins á stjórnarsýslukæru hans varðandi ákvæði um hámarksaldur í starfsreglum Flugmálastjórnar um nám í flugumferðarstjórn.

Umboðsmaður rakti að í 80. gr. laga nr. 34/1964, sbr. nú 73. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, hefði ráðherra flugmála verið falið að setja reglur um starfsskírteini vegna starfa á flugvelli, þ. á m. um það, hverjum kostum þeir skuli vera búnir, sem sinna slíku starfi, og ákvæði reglugerðar nr. 344/1990, um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, með síðari breytingum. Þá rakti hann fyrirkomulag og framkvæmd námskeiða í flugumferðarstjórn og hlutverk valnefndar. Umboðsmaður tók fram að hann teldi ekki ástæðu til athugasemda við það, að Flugmálastjórn takmarkaði fjölda þeirra nemenda sem teknir væru inn í grunnám við áætlaða starfsmannþörf stofnunarinnar. Hins vegar væri ljóst, að þar sem val þeirra umsækjenda, sem tækju grunnám, væri liður í því að velja starfsmenn í stöður flugumferðarstjóra, þyrfti valnefnd að gæta lögmatra sjónarmiða við starf sitt. Hann teldi í sjálfu sér ekki ómálefnalegt að líta til aldurs umsækjenda ásamt öðrum atriðum, þegar tekin væri ákvörðun um val í starfsþjálfun, enda hefði Flugmálastjórn réttmæta hagsmuni af því að til starfa réðust menn, sem gegnt gætu starfinu lengi, og að geta þar með haldið mannbreytingum og þjálfunarkostnaði í lágmarki. Hann fengi hins vegar ekki séð að ákvæði þau í reglugerð nr. 344/1990, sbr. reglugerð nr. 137/1996, sem samgönguráðuneytið vísaði til, veittu Flugmálastjórn neina heimild til að setja það skilyrði fyrir inntöku í nám flugumferðarstjóra, að umsækjendur væru ekki eldri en 30 ára. Með setningu hins fortakslausa aldurstakmarkans hefði Flugmálastjórn afnumið hluta þess mats sem henni hefði verið skylt að framkvæma skv. reglugerðarákvæðunum. Brast Flugmálastjórn því heimild til að setja umrætt skilyrði. Umboðsmaður tók fram að hann hefði ekki tekið neina afstöðu til þess, hvort rétt væri að setja fortakslausar aldurstakmarkanir varðandi inngöngu í nám til réttinda flugumferðarstjóra. Hins vegar yrðu slíkar reglur aðeins settar af þar til bærum aðila á grundvelli fullnægjandi lagaheimildar.

Umboðsmaður rakti að þar sem erindi A til samgönguráðuneytis hefði verið stjórnarsýslukæra hefði ráðuneytinu borið að ljúka úrskurði á erindið í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga, en það hefði ekki verið gert. Þá varð verulegur dráttur á afgreiðslu málsins hjá samgönguráðuneytinu, sem umboðsmaður taldi ekki vera í samræmi við vandaða stjórnarsýsluhætti. Þá hefði viðbrögðum ráðuneytisins við erindum umboðsmanns Alþingis verið verulega ábótavant, bæði að því er varðaði hraða á svörum og efnislegt innihald.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til Flugmálastjórnar, að framkvæmd námskeiða í flugumferðarstjórn yrði eftirleiddis hagað í samræmi við þau sjónarmið, er fram kæmu í álitinu, meðan ekki nyti við reglna frá þar til bærum aðila um skilyrði til að stunda námið. Við samgönguráðuneytið mæltist umboðsmaður til að það tæki til athugunar með hvaða hætti hægt væri að rétta hlut A. Þá kom fram, að umboðsmaður vænti þess að ráðuneytið gerði reka að því að koma meðferð kærumála, sem því bærust, í það horf að samræmdist þeim sjónarmiðum, sem sett væru fram í álitinu.

I.

Hinn 5. september 1996 leitaði A, til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir afgreiðslu samgönguráðuneytisins, dags. 30. júlí 1996, á stjórnarsýslukæru hans frá 29. janúar 1996 varðandi ákvæði um hámarksaldur í starfsreglum Flugmálastjórnar um nám í flugumferðarstjórn.

II.

Með bréfi, dagsettu 29. janúar 1996, kærði A til samgönguráðuneytisins þá ákvörðun Flugmálastjórnar að synja umsókn hans um að hefja nám í flugumferðarstjórn. Í bréfinu segir meðal annars:

„Ég sótti um starf flugumferðarstjóra samkvæmt auglýsingu en hef nú fengið synjun á umsókn minni án þess að vera boðið í stöðupróf. Ég uppfyllti mjög vel öll skilyrði til umsóknar utan eitt; ég er eldri en 30 ára gamall (fæddur 1963). Formaður valnefndar hefur upplýst mig um að öllum umsóknum fólks fæddu fyrir 1966 hafi verið hafnað, en fólki fæddu 1966 eða síðar boðið að koma í stöðupróf. Mun þetta vera vinnuregla Flugmálastjórnar.

Þessa vinnureglu neyðist ég til að kæra til yðar sem æðsta stjórnvalds Flugmálastjórnar. Þessi „vinnuregla“ getur ekki talist vera annað en skýrt brot á jafnræðisreglu gildandi stjórnarsýslulaga, þar sem engin heimild er fyrir henni, hvorki í reglugerð né lögum um útgáfu skírteina til flugumferðarstjóra. Reglugerðarákvæði myndi ekki einu sinni duga þar sem skýrlega yrði að vera lagastoð fyrir slíkri reglu.

Ég verð því að krefjast þess að fá að þreyta stöðupróf í starfið og að ráðuneytið fái hlutlausan aðila til að meta árangur þeirra prófa svo að niðurstaða þeirra verði óvillhöll í minn garð.

Vinsamlegast athugið að málið þarfnast flýtimeðferðar þar sem prófin fara fram þann 3. og 4. febrúar. [. . .]“

Með bréfum, dagsettum 22. febrúar og 25. mars 1996, ítrekaði A fyrra erindi sitt. Með bréfi, dags. 18. apríl 1996, leitaði A til umboðsmanns Alþingis vegna tafa á afgreiðslu málsins. Umboðsmaður Alþingis sendi samgönguráðherra bréf 23. apríl 1996, sem umboðsmaður ítrekaði með bréfum, dags. 12. júní og 16. júlí 1996. Óskaði umboðsmaður þar eftir því, með vísan til 7. gr. þágildandi laga um umboðsmann Alþingis, laga nr. 13/1987, að ráðuneytið upplýsti, hvað liði afgreiðslu á framangreindu erindi A.

Samgönguráðuneytið svaraði kæru A með bréfi, dagsettu 30. júlí 1996. Kom þar fram, að ráðuneytið hefði sent Flugmálastjórn kærana til umsagnar. Síðan segir meðal annars í svari ráðuneytisins:

„Í reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990, sbr. breytingu nr. 137/1996, er kveðið á um skilyrði þess að fá útgefið skírteini flugumferðarstjóra, en þau lúta að aldri, þekkingu og menntun, reynslu, heilbrigði, reglusemi og ríkisfangi. Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal meðal annars hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámi og starfað í a.m.k. 3 mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra.

Um nokkur ár hefur Flugmálastjórn annast starfsþjálfun nema í flugumferðarstjórn, en áður voru nemar sendir til útlanda í starfsþjálfun. Settar hafa verið starfsreglur um nám í flugumferðarstjórn þar sem miðað er við að nemendur hljóti þá starfsþjálfun sem gerður er áskilnaður um til að fá útgefið skírteini flugumferðarstjóra í reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990 með síðari breytingum. Í starfsreglunum er miðað við að skilyrði fyrir námi í flugumferðarstjórn

sé að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi, tali skýrt mál, riti greinilega hönd, hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu, fullnægi tilskildum heilbrigðiskröfum, sé ekki yngri en 20 ára, ekki eldri en 30 ára og leggi fram sakavottorð, er fullnægi skilyrðum loftferðalaga og reglugerða. Skipuð er 5 manna valnefnd samkvæmt reglum Flugmálastjórnar um nám í flugumferðarstjórn og velur hún úr hópi umsækjenda nema til náms í flugumferðarstjórn. Hún gengur úr skugga um hvort umsækjendur uppfylli skilyrði til náms í flugumferðarstjórn og lætur prófa kunnáttu umsækjenda í ensku, íslensku, stærðfræði og eðlisfræði. Að þeim prófum loknum skal velja allt að þrefalt fleiri en ráða skal og skulu þeir þreyta fjarskipta- og einbeitingarpróf (Taxi-test). Jafnframt skulu umsækjendur taka viðtals- og sálfræðipróf.

Þegar nám í flugumferðarstjórn var auglýst á árinu 1995 bárust tæplega 190 umsóknir. Um 30 umsækjendur uppfylltu ekki skilyrði reglugerðar nr. 344/1990 og reglna Flugmálastjórnar um stúdentspróf, aldur og sakavottorð, þar af voru um 10 umsækjendur sem uppfylltu ekki skilyrði um hámarksaldur. Um 100 umsækjendur luku stöðuprófi í ensku, íslensku, stærðfræði og eðlisfræði. Í framhaldi af niðurstöðum stöðuprófa fóru 44 umsækjendur í viðtal hjá sálfræðingi og gengust undir svokallað skipulagspróf (fjarskipta- og einbeitingarpróf) og stóðust um 20 umsækjendur prófið og fóru í viðtöl valnefndar og valdi hún síðan 11 umsækjendur til að fara í starfsþjálfun í flugumferðarstjórn.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið hefur aflað sér er ákvæðið um hámarksaldur í starfsreglum um flugumferðarstjórn í samræmi við sambærilegar reglur nágrannaríkjanna, í Danmörku eru þessi aldursmörk 18–25 ára, í Noregi 20–26 ára og í Bretlandi 18–26 ára. Ástæður þessarar reglu eru fyrst og fremst þær að starfsævi flugumferðarstjóra er stutt og er þeim gert að hætta starfi við 60 ára aldur, en víða erlendis er miðað við 55 ár og er þróunin sú að lækka eftirlaunaaldur enn frekar. Í ljósi þess hve starfsævi flugumferðarstjóra er stutt og að um kostnaðarsamt nám er að ræða, sem er að fullu kostað af Flugmálastjórn telur ráðuneytið að skilyrði um hámarksaldur nema í flugumferðarstjórn sé eðlilegt og byggji á málefnalegum rökum. Ráðuneytið getur því ekki fallist á það með yður að jafnræðisregla stjórnsýslulaga hafi verið brotin, enda verður ekki annað séð en að valnefnd hafi afgreitt umsóknir þeirra sem ekki uppfylltu skilyrði um hámarksaldur með sama hætti.“

Með bréfi, dags. 5. september 1996, leitaði A til umboðsmanns Alþingis á nýjan leik vegna framangreindrar afgreiðslu ráðuneytisins á kæru hans. Taldi A vinnureglu Flugmálastjórnar varðandi aldurshámark skorta lagaheimild, auk þess sem um brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga væri að ræða.

III.

Umboðsmaður Alþingis ritaði samgönguráðherra bréf 17. september 1996 og óskaði þess, með vísan til 7. og 9. gr. þágildandi laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið skýrði viðhorf sitt til kvörtunar A og léti umboðsmanni í té þau gögn, er málið snertu, þar á meðal framangreindar starfsreglur Flugmálastjórnar. Umboðsmaður óskaði þess sérstaklega, að ráðuneytið gerði grein fyrir lagagrundvelli starfsreglnanna. Bréf þetta ítrekaði umboðsmaður 20. nóvember 1996 og 9. janúar, 20. febrúar, 21. apríl og 26. júní 1997.

Svar ráðuneytisins, ásamt gögnum málsins, barst umboðsmanni með bréfi, dags. 30. júlí 1997. Þar segir meðal annars:

„1. Störf flugumferðarstjóra eru opinber og heyra undir Flugmálastjórn og eru réttindi og skyldur háð ákvæðum í loftferðalögum nr. 34/1964 og reglum og reglu-

gerðum á því sviði. Fellur starfið undir 80. gr. laganna, þar sem svo er um mælt að flugmálaráðherra sé rétt að kveða á, hverjum kostum þeir skuli búnir sem starfi á flugvelli eða í öðru flugvirki eða hafi á hendi annað starf utan loftfars er mikilvert sé um öryggi loftferða og setji hann reglur um starfsskírteini fyrir slíkum störfum, sbr. reglugerð nr. 344/1990.

2. Störf flugmálastjóra byggja á l. nr. 119/1950 um stjórn flugmála, en í 2. gr. þeirra laga eins og hún var í janúar 1996 þegar A var hafnað af valnefnd, segir m.a. um flugmálastjóra: „Hann skal annast rekstur og viðhald flugvalla ríkisins og öll önnur störf, er flugið varðar, svo sem nýbyggingu flugvalla, loftferðaefirlit og öryggisþjónustu, undir stjórn flugráðs.“

Með l. nr. 83/1997 var 2. gr. l. nr. 119/1950 breytt og er niðurlag greinarinnar nú sem hér segir: „Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með framkvæmdarvald samkvæmt lögum um loftferðir og öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum á sviði flugmála.“

Ráðuneytið telur að ofangreind ákvæði séu fullnægjandi lagagrunnur fyrir reglum um nám í flugumferðarstjórn.

3. A vísar að jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og telur reglur Flugmálastjórnar um aldursmörk nema í flugumferðastjórn brot á þeirri reglu. Ráðuneytið getur ekki fallist á þetta sjónarmið. Aldursmörkin gilda um alla án undantekningar. Í lögum og íslenskum rétti er fjöldi ákvæða um aldursmörk og algjörlega fráleitt að telja þessi ákvæði brot á jafnræðisreglu. Þegnarnir öðlast kosningarétt við 18 ára aldur og enginn hefur haldið því fram að með því sé brotin jafnræðisregla á öllum 17 ára og yngri. Í ritinu Lögbókin þín eftir Björn Þ. Guðmundsson er á blaðsíðum 565 til og með 571 yfirlit yfir réttaráhrif aldurs og því fer víðsfjarri að með þeim ákvæðum sé verið að brjóta jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga.

4. Allt tal A um að aldursmörkin séu „á skjön við hefðbundinn vinnurétt“ er órökstutt með öllu, enda er fjöldi ákvæða í löggjöf er varða atvinnu og aldur og sennilega eru í samningum launþega og vinnuveitenda mun afdrifaríkari ákvæði er varða aldur.

5. Ráðuneytið telur að aldursmörk í reglum Flugmálastjórnar hafi fulla lagastoð, séu skynsamlegar og í samræmi við reglur þeirra landa, sem við berum okkur saman við. Námi í flugumferðarstjórn má líkja við kostnaðarsama starfsþjálfun, sem er nemandanum að kostnaðarlausu. Að námi loknu vinnur flugumferðastjórinn aðeins hjá Flugmálastjórn og starfstíminn er stuttur.

Allt ber þetta að sama brunni. Aldursmörkin eru lögleg og skynsamleg.“

Með bréfi ráðuneytisins fylgdi meðal annars minnisblað forstöðumanns rekstrardeildar flugumferðarþjónustu Flugmálastjórnar til flugmálastjóra, dags. 1. febrúar 1996, sem samið var í tilefni af framangreindri stjórnarsýslukæru A til samgönguráðuneytisins. Er þar rakin þau aldurstakmörk, sem gilda um inngöngu í nám í flugumferðarstjórn í nokkrum löndum. Síðan segir meðal annars:

„1. Stutt starfsævi og ströng heilbrigðisskilyrði.

Eftirlaunaaldur flugumferðarstjóra á Íslandi er 60 ár en víða erlendis 55 ár og almenn þróun er í þá átt að lækka eftirlaunaaldur í þessu starfi.

Ef ekki væru aldursmörk þá er ljóst að starfsævin gæti orðið stutt og nýtni ríkisins af starfskraftinum hlutfallslega lág miðað við kostnað, auk þess sem reynslan sýnir að nokkuð algengt er að menn missi starfsréttindi sín af heilbrigðisástæðum áður en eftirlauna aldri er náð.

2. Náms- og þjálfunarkostnaður.

Þjálfunarkostnaður á hvern flugumferðarstjóra skiptir milljónum króna og er að fullu greiddur af vinnuveitanda, þannig að eðlilegt er að settar séu kröfur um aldur þegar starfsmenn eru ráðnir, þó ekki sé nema vegna eftirlaunaréttinda. Rétt er að það komi einnig fram hér, að aðeins kostnaðurinn vegna prófa og vals í nám flugumferðarstjóra nemur hundruðum þúsunda.

3. Verið er að velja starfsmenn fyrir flugmálastjórn.

Hvað varðar þá fullyrðingu að verið sé að brjóta einhverjar jafnræðisreglur þá er það skoðun flugumferðarþjónustu að svo sé ekki.

Eingöngu er verið að velja starfsfólk fyrir [Flugmálastjórn] sem þjálfað verður í skóla [Flugmálastjórnar] og ljóst er að ekki er um almennt nám að ræða, heldur starfsþjálfun.

Að okkar mati horfði öðruvísi við ef um t.d. almennt háskólanám væri að ræða, þar sem menn væru að afla sér menntunar sem gæti nýst á almennum markaði. [. . .]“

Jafnframt fylgdu með bréfi ráðuneytisins reglur Flugmálastjórnar um nám í flugumferðarstjórn. Grein 1.1. í þessum reglum er svohljóðandi:

„Inntökuskilyrði til náms í flugumferðarstjórn eru, að umsækjandi hafi lokið stúdentsprófi, tali skýrt mál, riti greinilega hönd, hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu, fullnægi tilskildum heilbrigðiskröfum, sé ekki yngri en 20 ára, ekki eldri en 30 ára og leggi fram sakavottorð, er fullnægi skilyrðum loftferðalaga og reglugerða.“

Með bréfi, dags. 12. október 1997, bárust umboðsmanni athugasemdir A við svör samgönguráðuneytisins. Segir þar um framangreint minnisblað til Flugmálastjóra:

„Í minnisblaðinu segir að aldursreglan sé nokkurra áratuga gömul og til samræmis við það sem almennt er gert í hinum vestræna heimi. Þetta mun rétt með þeim meginmun þó að megnið af hinum vestræna heimi hefur lagaheimild til takmarkanna. [. . .]“

[A, forstöðumaður rekstrardeildar] segir einnig: „Ef ekki væru aldurstakmörk þá er ljóst að starfsævin gæti orðið stutt og nýtni ríkisins af starfskraftinum hlutfallslega lág miðað við kostnað.“ Hér er komið að grundvallarspurningu um heimildir stofnana til þess að mismuna mönnum eftir aldri. Vissulega væri þjóðhagslega hagkvæmt að neita mönnum um að hefja læknisnám eftir 23 ára aldur eða ráða ráðuneytisstjóra eingöngu undir þrítugu. Umboðsmaður Alþingis ætti kannski ekki að vera mikið eldri en 35 þegar hann hefur störf. Ég er ekki að vefengja sannleikann í orðum [A] einungis að benda á að hann er lagalega á hálum ís. [. . .]“

Þá bendir A á að Flugmálastjórn hafi enga tryggingu fyrir því að menn starfi hjá henni fram að eftirlaunaaldri.

Umboðsmaður skrifaði samgönguráðherra á ný bréf 8. janúar 1998, sem hann ítrekaði með bréfum, dags. 27. febrúar og 8. apríl 1998. Þar óskaði umboðsmaður Alþingis þess, með vísan til 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneytið léti honum í té upplýsingar um eftirfarandi atriði:

„1) Hvort það, að umsækjandi er valinn til inntöku í flugumferðarstjórnarnám, jafngildi ráðningu í starf flugumferðarstjóra, og ef svo er, á hvaða tímamarki nemendur byrji að þiggja laun.“

2) Hversu oft námskeið í flugumferðarstjórn séu haldin og með hvaða hætti þau séu auglýst.

3) Nánari skýringa á því viðhorfi, sem kemur fram í bréfi yðar frá 30. júlí 1997, að ákvæði laga nr. 119/1950, um stjórn flugmála, sbr. lög nr. 83/1997, veiti fullnægjandi lagaheimild fyrir reglum um nám í flugumferðarstjórn, þar með töldum þeim þrengdu aldurskilyrðum, sem um getur í reglunum.“

Svarbréf ráðuneytisins barst umboðsmanni Alþingis 13. maí 1998. Þar segir meðal annars:

„Ráðuneytið leitaði umsagnar Flugmálastjórnar um fyrstu tvær spurningarnar og er umsögn hennar meðfylgjandi.

Í svari Flugmálastjórnar kemur fram að það jafngildi ekki ráðningu í starf flugumferðarstjóra að vera valinn til að sitja grunnnámskeið í flugumferðarstjórn. Þegar lokið er grunnnámskeiði er þátttakendum gert að taka próf og aðeins þeir sem ljúka umræddu prófi með fullnægjandi hætti eru ráðnir í réttindanám í flugumferðarstjórn og byrja að þiggja laun frá þeim degi.

Námskeið eru aðeins haldin eftir þörfum þegar Flugmálastjórn telur vanta fleiri flugumferðarstjóra til starfa. Þau eru auglýst í Lögbirtingablaðinu og helstu dagblöðum landsins.

Vegna lokaspurningar yðar um viðhorf ráðuneytisins í bréfi til yðar dags. 30. júlí 1997 vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram.

Ráðuneytið telur ákvæði laga um stjórn flugmála nr. 119/1950 með síðari breytingum ekki fela í sér lagaheimild fyrir reglum um nám í flugumferðarstjórn svo sem áður var haldið fram. Þau lög sem hér koma til álita eru hins vegar lög um loftferðir nr. 34/1964. Þar er ekki að finna beina lagaheimild til stuðnings þeirri framkvæmd Flugmálastjórnar að binda inntöku í nám í flugumferðarstjórn ákveðnu aldurshámarki.

Hins vegar er í 80. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, gefin mjög rík heimild fyrir ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þeirra laga.

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Flugmálaráðherra er rétt að kveða á, hverjum kostum þeir skulu búnir vera, sem starfa á flugvelli, í öðru flugvirki eða hafa á hendi annað það starf utan loftfars, sem mikilsvert er um öryggi loftferða. Ráðherra setur reglur um starfsskírteini fyrir slíkum starfa.“

Rétt er að skoða þetta ákvæði með hliðsjón af ákvæði 36. gr. laga um loftferðir en þar er kveðið á um að flugmálaráðherra ákveði hverjum skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun. Ráðherra hefur sett slíkar reglur í reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990. Í reglugerðinni er að finna skilyrði þess að fá útgefið skírteini flugumferðarstjóra. Í grein 4.3.1. segir m.a.:

„Umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra skal fullnægja tilteknum skilyrðum um aldur, þekkingu og menntun, reynslu, færni, heilbrigði, reglusemi og ríkisfang [. . .] Flugmálastjórn er þó rétt að setja nánari reglur um töku prófa fyrir útgáfu skírteinis og áritana [. . .]“

Á grundvelli þessarar heimildar hefur flugmálastjóri sett starfsreglur þær sem

hafðar eru til hliðsjónar við val á umsækjendum í nám í flugumferðarstjórn. Flugmálastjórn stendur straum af kostnaði við nám í flugumferðarstjórn og annast starfsþjálfun nema. Námið er mjög dýrt fyrir stofnunina og úr hópi nemenda veljast þeir sem starfa fyrir Flugmálastjórn til langframa. Vegna hins mikla kostnaðar sem Flugmálastjórn ber vegna námsins eru engin tök á að hafa námið opið öllum sem um það sækja. Þegar nemendur í skólann eru valdir þarf vissulega að gæta að almennum hæfisskilyrðum þeirra en Flugmálastjórn hefur litið svo á með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum sé eðlilegt að nemendur séu ungir er þeir hefja námið enda er starfsævi flugumferðarstjóra mjög stutt.

Ráðuneytið vill benda á að Flugmálastjórn starfar í alþjóðlegu umhverfi og þar er mikilvert að reglur hennar séu í samræmi við reglur annarra þjóða. Engu að síður verður ávallt að gæta þess að íþyngjandi reglur séu settar með öruggum hætti. Með hliðsjón af þessu mun ráðuneytið endurskoða þær reglur sem í þessu umhverfi gilda m.a. með könnun á reglum annarra þjóða og afla nauðsynlegra lagaheimilda reynist þess þörf.“

Með bréfi, dags. 15. september 1998, tilkynnti ráðuneytið umboðsmanni Alþingis, að mistök hefðu orðið varðandi tilvitnun til reglugerðar nr. 344/1990 í framangreindu bréfi. Vísaði ráðuneytið þess í stað til greina 4.1.1 og 4.1.2 í reglugerðinni máli sínu til stuðnings, en þær eru svohljóðandi, sbr. reglugerð nr. 137/1996:

„4.1.1 Áður en umsækjandi fær gefið út á sínu nafni skírteini eða áritun fyrir aðra en flugliða skal hann uppfylla þær kröfur sem tiltekna eru fyrir það skírteini eða áritun varðandi aldur, þekkingu og menntun, reynslu og, þegar það á við, líkamlegt heilbrigði og kunnáttu þegar það á við.

4.1.2 Umsækjandi um skírteini eða áritun fyrir aðra en flugliða skal sanna á þann hátt sem Flugmálastjórn ákveður að hann uppfylli þær kröfur um þekkingu, menntun og kunnáttu sem tiltekna eru fyrir það skírteini eða áritun.“

Í umsögn Flugmálastjórnar, dags. 27. febrúar 1998, sem fylgdi svari ráðuneytisins, kemur fram, að af u.þ.b. 200 umsækjendum, sem sótt hafi um setu á síðasta námskeiði, sem haldið var í flugumferðarstjórn, hafi 12 verið valdir til að sitja svokallað grunnámskeið. átta þeirra hafi náð að ljúka fullnægjandi prófi. Af þeim átta, sem luku grunnprófi, hafi sex lokið réttindanámi, en einn sé enn í námi.

Með bréfi, dagsettu 22. maí 1998, bárast umboðsmanni Alþingis athugasemdir A við framangreind svör samgönguráðuneytisins. Bendir A þar meðal annars á, að samkvæmt upplýsingum Flugmálastjórnar virðist sem fullnægjandi frammistaða í grunnnámi leiði ætíð til ráðningar, enda virðist til þess ætlast, að menntaðir séu nákvæmlega jafnmargir starfsmenn og Flugmálastjórn vantar á hverjum tíma. Í þessu sambandi áréttar A, að honum hafi aldrei verið leyft að taka stöðupróf, heldur hafi umsókn hans verið synjað aðeins vegna aldurstakmarkana. Þá telur A, að heimild Flugmálastjórnar til setningar nánari reglna um töku prófa fyrir útgáfu skírteinis og áritana, sem sé að finna í reglugerð nr. 344/1990, eigi eingöngu við um fagleg atriði varðandi próftökuna, enda sé kveðið á um aldursmörk flugumferðarstjóra í ákvæðum reglugerðarinnar sjálfrar.

IV.

Í niðurstöðu álits míns, dags. 1. desember 1998, sagði svo:

„1.

Með 80. gr. laga nr. 34/1964, sbr. nú 73. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, er ráðherra

flugmála falið að setja reglur um starfsskírteini vegna starfa á flugvelli, þ. á m. um það, hverjum kostum þeir skuli vera búnir, sem sinna slíku starfi. Í greinargerð með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 34/1964, segir meðal annars um ákvæði 79. gr. frumvarpsins, sem í meðförum þingsins varð að 80. gr. laganna:

„Það er nauðsynlegt að þeir, sem vinna að störfum á flugvöllum og flugvirkjum, séu hæfir til starfans, þannig að öryggi loftferða stafi eigi hætta af vankunnáttu þeirra. Viðbætur I við Chicago-sáttmálann geymir því ákvæði um, að flugtæknifræðingar og afgreiðslumenn loftfara skuli vera búnir skírteinum.

Eigi hefur þótt unnt að svo stöddu að telja upp í lögum þá starfsmenn á flugvöllum og í flugvirkjum á jörðu, er skírteini þurfa, þar sem þróun er mjög ör á þessu sviði. Sama er að segja um þær hæfnikröfur, sem gera verður til þessara starfsmanna. Þær breytast. Er flugmálaráðherra því falið að ráða fram úr þessum málum eftir fyllstu kröfum hvers tíma.

[. . .]“

(Alþt. 1963, A-deild, bls. 193.)

Reglur um þetta eru nú í reglugerð nr. 344/1990, um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, með síðari breytingum.

Kafli 4.4 í framangreindri reglugerð, sbr. reglugerð nr. 137/1996, fjallar um skilyrði fyrir útgáfu skírteinis flugumferðarstjóra. Grein 4.4.1.1 hljóðar svo:

„Aldur.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 21 árs.

Skírteinishafa er eigi rétt að starfa sem flugumferðarstjóri eftir að hann hefur náð 60 ára aldri. Heimilt er þó að framlengja þennan hámarksaldur um allt að 3 ár, enda gangist hlutadeigandi flugumferðarstjóri undir skoðun trúnaðarlækna Flugmálastjórnar ekki sjaldnar en á fjögurra mánaða fresti eftir að hann hefur náð 60 ára aldri.“

Auk þessa þarf umsækjandi um skírteini flugumferðarstjóra meðal annars að hafa lokið viðurkenndu þjálfunarnámi, ásamt því að hafa starfað í a.m.k. þrjá mánuði við stjórn flugumferðar undir eftirliti fullgilds flugumferðarstjóra. Hins vegar er hvorki að finna fyrirmæli um nám í flugumferðarstjórn í settum lögum né í reglugerð nr. 344/1990.

2.

Grunnnámskeið í flugumferðarstjórn og eftirfarandi þjálfunarnámskeið eru haldin á kostnað Flugmálastjórnar í því skyni að þjálfna nægilegan fjölda flugumferðarstjóra, og miðast fjöldi þátttakenda við átlaða starfsmannapörf Flugmálastjórnar hverju sinni.

Samkvæmt vinnureglum Flugmálastjórnar um nám í flugumferðarstjórn skal auglýsa námskeið í helstu dagblöðum. Umsækjendur skulu prófaðir í ensku, íslensku, stærðfræði og eðlisfræði. Að þeim prófum loknum skal sérstök valnefnd velja tiltekinn fjölda nemenda, sem hefja á svokallað grunnnám. Af bréfi Flugmálastjórnar, dags. 27. febrúar 1998, má ráða, að þeir nemendur, sem ljúka grunnnámskeiði þessu áfullnægjandi hátt, séu að því loknu teknir inn í réttindanám í flugumferðarstjórn, og byrji þá að þiggja laun frá Flugmálastjórn.

Starfræksla náms í flugumferðarstjórn þjónar samkvæmt framansögðu þeim tilgangi að sjá Flugmálastjórn fyrir nægilegum fjölda hæfra flugumferðarstjóra. Af fram komnum upplýsingum í málinu má ráða, að þeir, sem ljúka grunnnámi í flugumferðarstjórn með fullnægjandi hætti, eigi almennt kost á að gerast starfsmenn Flugmálastjórnar. Ég tel ekki

ástæðu til athugasemda við það, að Flugmálastjórn takmarki fjölda þeirra nemenda, sem teknir eru inn í grunnnám, við áætlaða starfsmannþörf stofnunarinnar. Þá tel ég ekki ástæðu til athugasemda við það, að þeir umsækjendur hafi ekki verið látnir þreyta stöðuþróf, sem ljóst var að myndu ekki geta fullnægt þeim hæfiskröfum, sem gerðar eru til flugumferðarstjóra í ákvæðum reglugerðar nr. 344/1990, svo sem varðandi lágmarksaldur eða menntun.

Hins vegar er ljóst, að þar sem val þeirra umsækjenda, sem taka á í grunnnám, er liður í því að velja starfsmenn í stöður flugumferðarstjóra, þarf valnefnd að gæta lögmætra sjónarmiða við starf sitt. Hér hlýtur hæfni umsækjenda á þeim sviðum, sem skipta máli í starfi flugumferðarstjóra, að hafa úrslitavægi. Í þessu skyni er prófuð kunnátta umsækjenda í ensku, íslensku, stærðfræði og eðlisfræði. Að þeim prófum loknum er tilteknum fjölda umsækjenda boðið að þreyta fjarskipta- og einbeitingarþróf, auk viðtals- og sálfræðiprófs.

Ég tel, að þar sem námskeið í flugumferðarstjórn eru haldin með það að markmiði að þjálfa menn til að gegna stöðum hjá Flugmálastjórn, hafi valnefnd borið skylda til að kanna nægilega hæfni allra þeirra umsækjenda, sem hugsanlega hefðu getað uppfyllt hæfisskilyrði flugumferðarstjóra, með það fyrir augum að velja úr þá einstaklinga, sem best væru til starfsins fallnir samkvæmt hlutlægum mælikvarða. Ég tel í sjálfu sér ekki ómálefnalegt að líta til aldurs umsækjenda ásamt öðrum atriðum, þegar tekin er ákvörðun um val í starfsþjálfun, enda hefur Flugmálastjórn réttmæta hagsmuni af því, að til starfa ráðist menn, sem gegnt geti starfinu lengi, og að geta þar með haldið mannbreytingum og þjálfunarkostnaði í lágmarki.

Ég fæ hins vegar ekki séð, að ákvæði 4.1.1 og 4.1.2 í reglugerð nr. 344/1990, sbr. reglugerð nr. 137/1996, sem samgönguráðuneytið vísar til, veiti Flugmálastjórn neina heimild til að setja það skilyrði fyrir inntöku í nám flugumferðarstjóra, að umsækjendur séu ekki eldri en 30 ára. Samkvæmt efni sínu fela ákvæði þessi Flugmálastjórn eingöngu mat á því, hvernig staðreynt skuli að umsækjendur fullnægi hæfisskilyrðum flugumferðarstjóra, eins og þau eru sett fram í reglugerð nr. 344/1990. Ákvæðin veita hins vegar enga heimild til að þrengja skilyrðin frekar en gert er í reglugerðinni. Með setningu hins fortakslausa aldurskilyrðis afnam Flugmálastjórn hluta þess mats, sem henni var skylt að framkvæma samkvæmt reglugerðarákvæðum þessum. Tel ég því, að Flugmálastjórn hafi brostið heimild til þess að setja framangreint skilyrði fyrir inntöku í grunnnámskeið í flugumferðarstjórn.

Ég tek fram, að með framansögðu hef ég ekki tekið neina afstöðu til þess, hvort rétt sé að setja fortakslausar aldurstakmarkanir varðandi inngöngu í nám til réttinda flugumferðarstjóra. Ég tel hins vegar, að slíkar reglur verði aðeins settar af þar til bærum aðila á grundvelli fullnægjandi lagaheimildar, annaðhvort með beinum ákvæðum laga eða skýrri lagaheimild til samgönguráðherra til að setja slíkar reglur. Ég vek athygli á því að ákvæði 80. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, sjá nú 73. gr. laga nr. 60/1998, um loftferðir, er almennt orðuð um heimild ráðherra til að kveða á um hverjum kostum þeir skuli vera búnir, sem starfa á flugvelli. Til samanburðar bendi ég á, að í 36. gr. laga nr. 34/1964, sjá nú 31. gr. laga nr. 60/1998, eru talin upp þau skilyrði sem ráðherra skal kveða nánar á um þegar í hlut eiga flugverjar, þ.m.t. aldur. Jafnframt þarf hér að hafa í huga að við ráðstöfun fjármuna af hálfu Flugmálastjórnar til að mæta kostnaði við nám í flugumferðarstjórn er verið að ráðstafa opinberu fé, og að með slíku námi kunna þátttakendur að afla sér verðmætra atvinnuréttinda.

Þar sem fyrir liggur að í tilviki A brast Flugmálastjórn heimild til að setja umrætt aldurskilyrði fyrir inntöku í grunnnámskeið í flugumferðarstjórn, verður hér ekki fjallað sérstaklega um hvort 80. gr. laga nr. 34/1964, um loftferðir, kunni að hafa verið fullnægjandi lagaheimild, ef samgönguráðherra hefði á grundvelli hennar sett reglur um þau aldurskilyrði sem um er fjallað í kvörtun A.

Í bréfi samgönguráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis, sem barst 13. maí 1998, kemur fram að ráðuneytið muni endurskoða þær reglur, sem eins og þar segir „í þessu umhverfi gilda“ og afla nauðsynlegra lagaheimilda reynist þess þörf. Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að framan eru það tilmæli mín, að samgönguráðuneytið taki við framangreinda endurskoðun afstöðu til þess að hvaða marki er talin þörf á reglum um hámarksaldur þeirra, sem almennt geta komið til greina við nám og ráðningu í starf flugumferðarstjóra, og hver þurfi að vera lagagrundvöllur slíkra regna.

3.

Þar sem erindi A til samgönguráðuneytisins frá 29. janúar 1996 var í eðli sínu stjórn-sýslukæra, bar ráðuneytinu að ljúka úrskurði á erindið í samræmi við reglur 31. gr., sbr. 22. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Afgreiðsla ráðuneytisins í málinu er hins vegar ekki í samræmi við þær kröfur, sem ákvæði þessi gera til slíkra úrskurða æðra stjórnvalds.

Samkvæmt 4. tölul. 31. gr. stjórn-sýslulaga skal í úrskurði kærumáls koma fram rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls, og samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna skal í rökstuðningi vísa til þeirra réttarreglna, sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Meðal þess, sem byggt er á í stjórn-sýslukæru A, er, að lagastoð skorti fyrir hinu umdeilda aldursskilyrði. Í niðurstöðu ráðuneytisins er engin grein gerð fyrir þeim réttarheimildum, sem ráðuneytið hefur talið að veiti reglum Flugmálastjórnar um hámarksaldur lagastoð. Þar sem stjórn-sýslukæran var að verulegu leyti á því byggð, að lagastoð skorti, er hér um að ræða ágalla á rökstuðningi niðurstöðunnar. Þá er niðurstaða ráðuneytisins ekki dregin saman í sérstakt úrskurðarorð, eins og mælt er fyrir um í 5. tölul. 31. gr. stjórn-sýslulaga.

4.

Kæra A til samgönguráðuneytisins er dags. 29. janúar 1996. Ráðuneytið tók afstöðu til kærunnar með bréfi, dags. 30. júlí sama ár, eftir að umboðsmanni Alþingis hafði borist kvörtun A vegna dráttar ráðuneytisins á svörum. Ekki er að sjá, að ráðuneytið hafi tilkynnt A um, að tafir væru fyrirsjáanlegar á afgreiðslu málsins, eins og því var skylt skv. 3. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.

Eftir að kvörtun A vegna efnislegrar niðurstöðu ráðuneytisins hafði borist umboðsmanni Alþingis, ritaði hann ráðuneytinu bréf 17. september 1996, þar sem hann óskaði eftir viðhorfi þess til kvörtunarinnar ásamt gögnum málsins. Svar við þessu bréfi barst ekki fyrr en rúmum tíu mánuðum síðar, eða 31. júlí 1997. Síðara bréf umboðsmanns Alþingis til samgönguráðuneytisins vegna málsins er dagsett 8. janúar 1998, og barst svar við því 13. maí 1998, eða um fjórum mánuðum síðar. Í báðum þessum bréfum voru villur varðandi lagatúlkun, sem ráðuneytið sá sig síðar knúið til að leiðrétta, eins og að framan er rakið.

Samkvæmt framansögðu varð verulegur dráttur á afgreiðslu umrædds máls hjá samgönguráðuneytinu, sem ekki getur talist í samræmi við vandaða stjórn-sýsluhætti. Þá er viðbrögðum ráðuneytisins við erindum umboðsmanns Alþingis verulega ábótavant, bæði að því er varðar hraða á svörum og efnislegt innihald.

V.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín, að skilyrði Flugmálastjórnar um hámarksaldur til að hefja réttindanám í flugumferðarstjórn hafi ekki stuðst við fullnægjandi heimild. Beini ég því þeim tilmælum til Flugmálastjórnar, að framkvæmd námskeiða í flugumferðarstjórn verði eftirleiðis hagað í samræmi við þau sjónarmið, er fram koma í álitum þessu, á meðan ekki nýtur við regna frá þar til bærur aðila um skilyrði til að stunda nám þetta.

Jafnframt er það niðurstaða mín, að meðferð samgönguráðuneytisins á málinu hafi

verið verulega áfátt, bæði að því er varðar málshraða, og einnig hvað snertir form og efni niðurstöðu. Því eru það tilmæli mín til ráðuneytisins, að það taki til athugunar, með hvaða hætti hægt sé að rétta hlut A. Þá vænti ég þess, að ráðuneytið geri reka að því að koma meðferð kærumála, sem því berast, í það horf að samræmist þeim sjónarmiðum, sem sett eru fram í álitinu þessu.

[. . .]“

VI.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum samgönguráðherra um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af fyrrgreindu álitinu. Þá fyrirspurn ítrekaði ég hinn 28. júní 1999.

Svar samgönguráðuneytisins barst mér, dags. 7. júlí 1999. Þar sagði meðal annars:

„Ráðuneytið hefur gert samkomulag við [A] dags. 19. janúar sl. þar sem ráðuneytið skuldbindur íslenska ríkið til að greiða bætur að fjárhæð kr. 650.000 þúsund til [A]. Við ákvörðun þessarar fjárhæðar var einkum horft til þeirrar fyrirhafnar og óþæginda sem [A] hefur mátt þola af ofangreindum orsökum auk þeirrar vinnu sem hann hefur lagt í málarekstur sinn. Ráðuneytið fól Flugmálastjóra með bréfi sama dag að inna umrædda samkomulagsfjárhæð að hendi. Þá hefur Flugmálastjórn fellt niður ákvæði um hámarksaldur í starfsreglum Flugmálastjórnar um nám í flugumferðastjórn.“

4.0. EES-samningurinn.

4.1. Birting og miðlun upplýsinga um „gerðir“. Lögmatísreglan. Meinbugir á lögum. Stjórnarskrá. Grundvallarsjónarmið réttarríkis. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Frumkvæðisathugun. (Mál nr. 2151/1997)

Umboðsmaður tók til athugunar að eigin frumkvæði hvernig Stjórnarráð Íslands hefði staðið að birtingu og miðlun upplýsinga um þær „gerðir“, sem taka bæri upp í íslenska löggjöf skv. 7. gr. EES-samningsins. Markmið athugunarinnar var tvíþætt, að kanna hvort farið hefði verið að stjórnarskrá og almennum lögum um birtingu þeirra reglna sem teknar voru í íslensk lög og binda áttu almenning, og að kanna hvernig staðið hefði verið að birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“, sem íslenska ríkið er bundið af skv. þjóðarétti. Sneitt var hjá álitæfnum um hvort Ísland hefði fullnægt skuldbindingum sínum að þjóðarétti, er leiddu af aðildinni að EES, en slíkt eftirlit heyrir undir Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, sbr. 108.–110. gr. EES-samningsins.

Umboðsmaður vísaði til þess að EES-samningurinn fæli í sér þjóðréttarlega skuldbindingu fyrir Ísland að aðhafast ekkert það á sviði löggjafar eða á sviði stjórn-sýslu, sem gæti farið í bága við reglur hans. Samningurinn væri hins vegar að því leyti ólíkur öðrum þjóðréttarsamningum, að hann gerði miklar kröfur til löggjafans um að setja viðamikla löggjöf á því sviði sem hann tæki til, umfangsmiklar reglur sem taka yrði í lög eða stjórnvaldsfyrirmæli. Umboðsmaður rakti fyrirmæli 27. gr. stjórnarskrárinnar um birtingu laga, ákvæði laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, og kröfur íslensku stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu til réttarreglna, er snertu mannréttindi og byggðust á grundvallarreglum réttarríkisins. Hann vísaði til þess að af fyrirmælum stjórnarskrárinnar um að lög skyldu birt og af 7. gr. laga nr. 64/1943 væri ljóst að við það væri miðað í íslenskum rétti að réttarreglum, er felast í settum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, yrði ekki beitt, nema birting hefði farið fram í Stjórnartíðindum. Þetta endurspeglaði tveðli landsréttar og þjóðaréttar í íslenskum rétti, það að til þess að þjóðréttarsamningi yrði beitt að íslenskum lögum þurfi að lögfesta hann, í samræmi við þær kröfur, er leiðir af íslenskri stjórnskipan. Til skýringar nefndi umboðsmaður lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá rakti umboðsmaður fyrirmæli laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og EES-samningsins um birtingu, í fyrsta lagi um birtingu viðbóta og breytinga við EES-samninginn, í öðru lagi um skyldu samningsaðila, skv. 6. lið bókunar 1 um „altæka aðlögun“, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993, til þess að birta upplýsingar.

Umboðsmaður kannaði með hvaða hætti birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla hefði verið háttað í tilvikum, þegar „gerðir“, sbr. 7. gr. EES-samningsins, voru teknar í íslenskan rétt og í álitinu greindi hann frá niðurstöðum sínum um A-deild Stjórnartíðinda annars vegar og B-deild Stjórnartíðinda hins vegar. Taldi hann könnunina, sem ekki var tæmandi, leiða almennt í ljós, að meiri hluti þeirra „gerða“, sem lögtaka beri skv. 7. gr. EES-samningsins, hefði verið tekinn upp í stjórnvaldsfyrirmæli. Birtingarhættir hefðu verið tveir, og skiptist gerðirnar nokkuð jafnt þar á milli, tilvísunaraðferð og umritun. Tilvísunaraðferð væri algengust um reglugerðir Evrópubandalagsins.

Niðurstaða umboðsmanns var, að sú spurning vakni óhjákvæmilega hvort hin

svonefnda „tilvísunaraðferð“ við að taka „gerðir“ Evrópusambandsins í íslenskan rétt uppfylli skilyrði íslenskra laga um fullnægjandi birtingu. Þá er einungis vísað til nafns og númers hlutaðeigandi gerðar en textinn ekki birtur í Stjórnartíðindum. Hann taldi vera ljóst að birting „gerða“ Evrópusambandsins í viðbæti við EES-samninginn, sem gefinn er út af útgáfumiðstöð EFTA í Brussel, skyldi koma í stað birtingar í C-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar léki enginn vafi á því að birting skv. lögum nr. 91/1994, væri ekki ætlað að koma í stað birtingar skv. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, heldur eingöngu þeirrar birtingar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. laganna um C-deild Stjórnartíðinda. Lög væru skýr um það hvar skuli birta lög og reglugerðir, og ljóst væri að með birtingu laga væri átt við birtingu samfellds texta, þ.e. þess texta sem samþykktur hefði verið sem lög frá Alþingi og binda ætti almenning. Umboðsmaður sagði vafa leika á um hvort íþyngjandi ákvæðum „gerða“ yrði beitt gagnvart almenningi, þegar þær hefðu verið teknar upp í íslenskan rétt með því einu að vísa til nafns og númers þeirra í lögum eða reglugerð. Hvað sem því líði væri ljóst að ákvæði „gerða“ sem einvörðungu hefðu verið birt í blaði því, sem útgáfumiðstöð EFTA gefur út í Brussel, gætu vart talist aðgengileg almenningi. Þar við bætist að ekki væri samræmi í því, hvernig vísað væri til birtingar „gerðanna“ og ekki einu sinni alltaf ljóst hvort þær hefðu verið birtar.

Taldi umboðsmaður ljóst að nauðsyn bæri til að framkvæmd á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla yrði tekin til endurskoðunar í ljósi þeirra krafna, er leiddar verði af ákvæðum 27. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 64/1943, Mannréttindasáttmála Evrópu og grundvallar-sjónarmiðum réttarríkisins. Með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, taldi hann sérstaka ástæðu til að vekja athygli Alþingis og forsætisráðherra f.h. Stjórnarráðs Íslands á þeim meinbugum á birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem fjallað var um álitinu.

Umboðsmaður gat þess að hann hefði rekist á nokkur álitamál er tengdust framangreindu viðfangsefni, en með tilliti til þess, að forsætisráðherra hefði skipað nefnd sérfræðinga til að athuga vandamál af þessu tagi, hefði hann ákveðið að fjalla ekki um þau að svo stöddu.

I.

Í bréfi, er ég ritaði forsætisráðherra 12. júní 1997, greindi ég frá því, að í störfum mínum hefði það vakið athygli mína, að ekki lægi alltaf ljóst fyrir, hvernig háttáð væri aðgangi almennings að „gerðum“, sem Ísland væri bundið af samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem hér á eftir verður nefndur EES-samningurinn. Tók ég fram, að af því tilefni hefði ég, á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, ákveðið að taka til athugunar, hvernig Stjórnarráð Íslands hefði staðið að birtingu og miðlun upplýsinga um þær „gerðir“, sem taka bæri upp í íslenska löggjöf samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.

Markmiðið með athugunum mínum var í höfuðatriðum tvíþætt. Annars vegar að kanna, hvort farið hefði verið að stjórnarskrá og almennum lögum um birtingu þeirra reglna, sem teknar voru í íslensk lög og binda áttu almenning. Hins vegar að kanna, hvernig staðið hefði verið að birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“, sem íslenska ríkið er bundið af skv. þjóðarétti á grundvelli EES-samningsins. Í áliti þessu er að mestu sneitt hjá álitaefnum um það, hvort Ísland hafi fullnægt skuldbindingum sínum að þjóðarétti til að taka upp í íslenskan landsrétt þær „gerðir“ Evrópusambandsins, er leiddu af aðild Íslands að EES-samningnum, en slíkt eftirlit heyrir undir Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, sbr. 108.–110. gr. EES-samningsins.

Við undirbúning að athugunum mínum studdist ég meðal annars við greinargerð, sem Stefán Már Stefánsson, prófessor, tók saman að tilhlutan minni um EES-samninginn og lögfestingu hans.

Aður en ég rek bréfaskipti mín við forsætisráðuneytið, tel ég rétt að gera stutta grein fyrir lögtöku EES-samningsins, efni hans og megineinkennum.

1. Efni EES-samningsins.

Með 1. gr. laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, var íslenskum stjórnvöldum veitt heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka, ásamt „gerðum“, sem í viðaukunum er getið. Samningurinn er milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þessara bandalaga annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA-ríkin) hins vegar. Einnig var með ákvæðinu veitt heimild til þess að fullgilda tvo aðra samninga, annars vegar um stofnun Eftirlitsstofnunar EFTA og dómstóls og hins vegar um fastanefnd EFTA-ríkjanna. Voru samningar þessir undirritaðir í borginni Ópórtó í Portúgal 2. maí 1992.

Innihald EES-samningsins greinist í meginmál, sem er í 129 greinum, 49 bókanir, 22 viðauka, 71 yfirlýsingu og fjölda samþykkt. Í viðaukunum er vísað til á annað þúsund bindandi réttarheimilda, sem nefndar eru „gerðir“. Er þar einkum um að ræða tilskipanir og reglugerðir Evrópubandalagsins, sem hafa verið aðlagðar Evrópska efnahagssvæðinu. Meginmarkmið EES-samningsins er stofnun sameiginlegs markaðar aðildarríkja Evrópu-sambandsins og EFTA-ríkjanna að Sviss frátöldu. Í því felst einkum, að EFTA-ríkin taka upp í löggjöf sína þann hluta af rétti Evrópubandalagsins, er lýtur að fjórfrelsinu svo nefnda, auk samkeppnisreglna. Gert er ráð fyrir því í inngangsorðum samningsins, að skýring og beiting sambærilegra reglna sé samræmd á EES-svæðinu öllu, þ.e. bæði innan EFTA-ríkjanna og ríkja Evrópubandalagsins. Segir svo um það, að aðilar samningsins skuli „hafa í huga það markmið að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallast á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum“. Ekki er ástæða til þess að gera hér frekari grein fyrir inntaki og eðli EES-samningsins.¹

Með auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda, nr. 31/1993, um samning um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum, var ákveðið, að EES-samningurinn öðlaðist gildi hér á landi 1. janúar 1994. Í 2. mgr. auglýsingarinnar er tekið fram, að samningurinn sé birtur sem fylgiskjal með auglýsingunni. Um „gerðir“ þær, sem vísað er til í viðaukunum við samninginn, er tekið fram, að þær verði „birtar í sérriiti“. Gerðar voru breytingar á EES-samningnum í Brussel 17. mars 1993, sem veitt var lagagildi hér á landi með lögum nr. 66/1993².

2. EES-samningurinn sem þjóðréttarsamningur.

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 2/1993, segir, að EES-samningurinn sé þjóðréttarsamningur og að sem slíkur bindi hann íslenska ríkið að þjóðarétti, en ekki einstaklinga eða fyrirtæki að landsrétti.³

Í þjóðarétti er með talsverðri einföldun talað um tvær meginkenningar um samband þjóðaréttar og landsréttar. Annars vegar er kenningin um eineðli (monismi) þessara réttarkerfa og hins vegar er kenningin um tvíeðli þeirra (dualismi). Rétt er að rekja hér meginatriði þessara kenninga. Í kenningunni um eineðli þjóðaréttar og landsréttar felst, að þjóðarétturinn og landsrétturinn séu eitt og sama réttarkerfið. Af því leiðir, að þjóðarétt-

¹ Sjá nánar um meginefni EES-samninginn, Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 48–50.

² Loks hefur ákvæðum laga nr. 2/1993 verið breytt með lögum nr. 91/1994.

³ Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 50.

urinn verði sjálfkrafa hluti landsréttar, án þess að gera þurfi sérstakar ráðstafanir til þess að lögfesta hann. Í kenningunni um tvíþætt eðli felst á hinn bóginn, að efni þjóðaréttar og landsréttar sé ekki hið sama. Er þá gert ráð fyrir, að um sé að ræða tvö aðskilin réttarkerfi, sem gildi hvort á sínu sviði. Gildir þjóðarétturinn milli ríkja, en landsrétturinn innan tiltekins ríkis. Af þessu leiði, að veita verði þjóðarétti lagagildi svo að hann geti talist til landsréttar.¹

Íslensk stjórnskipan fylgir reglunni um tvíeðli réttarins. Af því leiðir, að þjóðaréttur er ekki hluti íslensks landsréttar fyrr en hann hefur verið tekinn í íslensk lög með þeim hætti, sem fyrir er mælt í íslenskri stjórnskipan. Viðurkennt er aftur á móti, að skýra beri ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Í bókun 35 við samninginn segir, að komi til árekstra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda, og annarra settra laga, skuldbindi EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis, að EES-reglur gildi í þeim tilvikum. 3. gr. laga nr. 2/1993 er ætlað að fullnægja þeirri skuldbindingu.

Samkvæmt reglum þjóðaréttarins ber ríkjum að taka hann í landslög að því marki sem nauðsynlegt er til þess að tryggja að honum verði fylgt. Þjóðarétturinn geymir ekki fyrirmæli um, hvernig þetta skuli gert. Það fer því eftir stjórnskipun hvers ríkis, hvaða háttur er þar hafður á. Er 3. gr. meginmáls EES-samningsins í samræmi við þessa reglu, þar sem gert er ráð fyrir því, að samningsaðilar skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að staðið verði við skuldbindingar samkvæmt samningnum.

Lögfesting þjóðréttarsamninga getur í fyrsta lagi átt sér stað með þeim hætti, að hann sé lögfestur í heild sinni (incorporation). Þá eru íslensku löginn venjulega mjög stutt og vísa aðeins til samningsins í heild sinni og lögtaka hann. Í öðru lagi er unnt að lögtaka þjóðréttarsamning með svonefndri aðlögun (transformation). Þá er tekið í innlend lög það efni þjóðréttarsamnings, sem þörf þykir að lögfesta. Með þessum hætti er samningurinn felldur inn í innlenda löggjöf á þann hátt, að ekki er ljóst af textanum, hvaða þættir löggjafar eru upprunnir í þjóðréttarsamningi og hvaða þættir eru innlendir að uppruna.

Aðlögun þjóðréttarsamnings fer oftast fram með þeim hætti, að breyting er gerð á innlendri löggjöf (aktiv transformation). Þá getur það einnig orðið niðurstaðan, að gildandi löggjöf sé talin fullnægja þjóðréttarsamningi og þarf þá ekki að koma til nýrrar laga-setningar (passiv transformation).

3. Lögtaka EES-samningsins.

Við lögtöku EES-samningsins voru sumir hlutar hans lögteknir í heild sinni, en íslensk löggjöf aðlöguð öðrum hlutum hans. Þá var í sumum tilvikum ekki talin ástæða til beinna aðgerða. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 2/1993 hefur meginmál EES-samningsins laga-gildi hér á landi. Sama gildir einnig um ákvæði bókunar 1 við samninginn og nánar tilgreind ákvæði í VIII. og XII. viðauka við samninginn. Er meginmál samningsins ásamt nefndri bókun birt sem fylgiskjal með lögunum. Samkvæmt 119. gr. EES-samningsins, sbr. einnig 2. gr., skulu viðaukar, svo og „gerðir sem vísað er til“ í þeim og aðlagðar eru vegna samningsins, auk bókana, vera óaðskiljanlegur hluti samningsins. Um réttaráhrif „gerðanna“ segir svo í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum nr. 2/1993:

„Réttaráhrif gerðanna í EES-samningnum fara eftir því hvernig til þeirra er vísað í viðaukunum, en þar er greint á milli bindandi gerða og óskuldbindandi. Bindandi

¹ Um mun á þessum kenningum var fjallað í ritgerð Stefáns Más Stefánssonar, prófessors, „Um þörf á lögfestingu þjóðréttarsamninga“, er birtist sem fylgiskjal með skýrslu minni til Alþingis fyrir árið 1988.

gerðir eru tilgreindar sem „gerðir sem vísað er til“, en óskuldbindandi gerðir sem „gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af“ eða „tilhlýðilegt tillit til“. M.ö.o. getur reglugerð verið bindandi innan EB, en óskuldbindandi innan EES. EES-samningurinn tilgreinir hvort gerð er bindandi fyrir samningsaðila, en ekki form hennar.

En í flestum tilfellum eru skuldbindandi gerðir reglugerðir eða tilskipanir, en óskuldbindandi gerðir tilmæli, leiðbeiningar, ályktanir, bréf eða þess háttar. Þótt gerð sé óskuldbindandi ber samt sem áður að taka tillit til hennar.

Í 7. gr. samningsins segir með hvaða hætti reglugerðir og tilskipanir, sem vísað er til í viðaukum, skulu teknar upp í landsrétt.

Íslenskum stjórnvöldum ber samkvæmt samningnum að lögfesta (bindandi) reglugerðir óbreyttar, sem lög eða stjórnvaldsreglur. Í flestum tilvikum yrði það gert með stjórnvaldsreglum, en það fer eftir því hvers eðlis reglurnar eru, hvort þær eru á sviði lagasetningar eða stjórnvaldsreglna samkvæmt almennum íslenskum stjórnarfarshæðum. Viðkomandi ráðuneyti gerir tillögu um hvor leiðin sé farin.

Tilskipanir er ekki nauðsynlegt að lögfesta sem slíkar. Þær kveða oftast á um ákveðinn ramma eða lágmarkskröfur sem verður að uppfylla. Samningsaðilar verða hins vegar að tryggja að tilgangi (bindandi) tilskipunar sé náð, þótt ákveðin formskilyrði séu ekki sett. Ef tilskipun er skýr, nákvæm og skilyrðislaus er hins vegar rétt að taka hana upp í lög eða stjórnvaldsreglur.“ (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 52.)

Í 7. gr. EES-samningsins er mælt fyrir um, með hvaða hætti aðildarríkjum er ætlað að lögleiða EES-reglur, sem leiða af samningnum. Þar segir:

„Gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samning þennan, eða ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar, binda samningsaðila og eru þær eða verða teknar upp í landsrétt sem hér segir:

- a) gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;
- b) gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“

Í athugasemdum við 7. gr. samningsins, sem fylgdu frumvarpi því, er varð að lögum nr. 2/1993, segir:

„EES-samningurinn er bindandi að þjóðarétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukunum eru einnig bindandi að þjóðarétti. Innan EB hafa reglugerðir bein réttaráhrif sem felur í sér að einstaklingar geta sótt rétt sinn samkvæmt ákvæðum EB-reglna fyrir dómstólum í aðildarríkjunum á sama hátt og á grundvelli landslaga. Aðildarríkin hafa framselt löggjafarvald frá þjóðþingum sínum til stofnana EB sem gerir þeim kleift að setja reglur sem hafa lagagildi án þess að til komi sérstakt samþykki þjóðþinganna. Hið sama gildir ekki innan EFTA. Til þess að einstaklingar í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna. Hið sama gildir um ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar. Þessi grein kveður nánar á um með hvaða hætti EES-reglugerðir og EES-tilskipanir verða teknar upp í landsrétt.

Í réttarkerfi EB er gerður greinarmunur á reglugerð (regulation, forordning, Verordnung), sem hefur lagagildi í aðildarríkjunum og tilskipun (directive, direktiv, Richtlinie), þar sem sett eru ákvæðin markmið en aðildarríkjum er gefinn viss tími til lagasetningar í samræmi við þau á viðeigandi hátt. Tiltölulega lítil hluti gerða þeirra

sem vísað er til í EES-samningnum er reglugerðir en þær ber skv. 7. gr. að taka upp orðrétt í landsrétt samningsaðila. Mun meira svigrúm er til þess að meta hvernig hægt sé að standa við þær samningsskuldbindingar sem upp eru teknar vegna tilskipana. Samningsaðilar hafa það í sinni hendi í hvaða formi efni tilskipananna er gert hluti af landsrétti.

Aðrar gerðir sem nefndar eru í viðaukunum oftast í formi tilmæla, orðsendinga eða ályktana eru ekki bindandi fyrir samningsaðilana heldur ber þeim ýmist að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra eða taka mið af þeim. Einnig eru nefndar gerðir sem eftirlitsstofnunum samningsaðila ber að taka tilhlýðilegt tillit til.“ (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 66–67.)

Samkvæmt framansögðu gerir 7. gr. EES-samningsins greinarmun á EB-reglugerðum annars vegar og EB-tilskipunum hins vegar. Er í því efni tekið mið af 189. gr. Rómarsamningsins. Efni 7. gr. samningsins er á hinn bóginn annað, þar sem afleidd löggjöf Evrópubandalagsins getur ekki fengið bein lagaáhrif án þess að til komi íslensk lagasetning. Gerir ákvæðið ráð fyrir, að EFTA-ríkin taki þær „gerðir“ óbreyttar upp í löggjöf sína, sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn og svara til EB-reglugerða. Af þessu leiðir, að EB-reglugerðir verður að þýða orðrétt á íslensku og lögtaka þær í því horfi. Um EB-tilskipanir gildir það aftur á móti, að þær þarf ekki að lögfesta sem slíkar. Aftur á móti verða aðildarríkin að tryggja, að efni þeirra sé tekið með einhverjum hætti í landsrétt. Þótt íslensk stjórnvöld hafi þannig val um form og aðferð við að taka tilskipanir í íslenskan rétt, eru þessu vali þó settar skorður af íslenskum lögum, þ.m.t. stjórnarskrá. Þannig verður ávallt að velja lögmæta og færa leið, sem að íslenskum rétti getur tryggt, að tilgangi tilskipunar verði náð.

4. Birting lögfesta EES-reglna.

Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, er það ófrávíkjanleg regla 1. másl. 27. gr. stjórnarskrárinnar, að birta skuli lög. Þetta ákvæði stjórnarskrárinnar svo og lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, eru á því byggð, að óbirtum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum verði ekki beitt gagnvart almenningi. Þegar teknar eru upp í landsrétt þær „gerðir“ Evrópubandalagsins, er leiða af EES-samningnum, verður að birta slíkar reglur í samræmi við kröfur samkvæmt íslenskum lögum, þ.m.t. stjórnarskrá. Um þýðingu birtingar og um þær kröfur, sem gerðar eru til birtingar réttarreglna samkvæmt íslenskum rétti, verður nánar fjallað um í III. kafla hér á eftir.

II.

Í framangreindu bréfi til forsætisráðherra 12. júní 1997 óskaði ég þess, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að forsætisráðuneytið léti mér í té upplýsingar og skýringar, og þá sérstaklega, er snertu eftirtalin atriði:

- „1. Hvernig háttað sé birtingu þeirra „gerða“, sem samsvara reglugerðum Evrópubandalagsins, þegar þær eru lögteknar hér á landi samkvæmt ákvæðum 7. gr. EES-samningsins.
2. Hvernig háttað sé birtingu þeirra „gerða“, sem samsvara tilskipunum Evrópubandalagsins, þegar þær eru lögteknar hér á landi samkvæmt ákvæðum 7. gr. EES-samningsins.
3. Með hvaða hætti hafi verið kunngerðir dómar dómstóls Evrópubandalagsins, sem vísað er til í 6. gr. EES-samningsins.
4. Hvort almenningi sé tiltæk tæmandi og glögg skrá yfir allar „gerðir“ ásamt þeim aðlögunum, sem þeim tilheyra, sem í gildi eru hverju sinni og Ísland er bundið af vegna aðildar sinnar að EES-samningnum.

5. Hvort Stjórnarráð Íslands hafi mótað eða hafi í hyggju að móta almenna og samræmda stefnu um birtingu bindandi „EES gerða“ og þeirra aðlagana, sem þær hafa hlotið eða hljóta vegna aðgerða sameiginlegu EES-nefndarinnar.“

Forsætisráðherra svaraði bréfi mínu með bréfi, dags. 16. júní 1997. Þar segir:

„Með vísan til erindis yðar, dags. hinn 12. þ.m., vil ég upplýsa yður um að hinn 6. þ.m. skipaði ég nefnd sérfræðinga til að athuga með hvaða hætti reglum, sem settar hafa verið á hinu Evrópska efnahagssvæði, hefur verið veitt gildi hér á landi eftir gildistöku samnefndra laga nr. 2/1993, og hvort sá háttur, sem þar hefur verið á hafður, samrýmist reglum íslenskrar stjórnskipunar. Eftir að ég varð þess áskynja að þér hefðuð birtingu og miðlun slíkra regna til sérstakrar athugunar hjá yður lagði ég hins vegar fyrir nefndina að taka þann þátt málsins ekki fyrir fyrir en athugun yðar væri lokið.“

Að því er varðar nánar tilgreindar fyrirspurnir í erindi yðar sérstaklega vil ég einnig taka fram að ég hefi í dag falið sérstökum ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í EES-málum, [. . .], að undirbúa drög að svörum við þeim.“

Tilvitnað svar ráðuneytisins barst mér með bréfi, dags. 18. júlí 1997, þar segir meðal annars:

„EES-samningurinn vísar til gerða sem skráðar eru eða vísað er til í viðaukum við samninginn og í minna mæli í bókunir sem honum fylgja. Í viðræðum um gerð samningsins var ákveðið að í þann texta, sem síðar varð að hinum svokallaða Óportó-samningi, yrðu teknar allar þær gerðir Evrópubandalagsins¹ (hér eftir nefnt: EB²) sem samkomulag yrði um að EES-samningurinn tæki til og lögteknar hefðu verið hjá EB fyrir lok júlí 1991. Jafnframt var ákveðið að þær gerðir sem heima ættu í EES-samningnum og lögteknar yrðu hjá EB frá 1. ágúst s.á. og fram að gildistöku EES-samningsins yrði safnað í svokallaðan „viðbótarpakka“ og lagðar fyrir sameiginlegu EES-nefndina, sem starfar skv. 2. þætti 1. kafla VII. hluta EES-samningsins, fljótlega eftir gildistöku hans. Óportó-samningurinn var birtur með þeim viðaukum og bókunum sem honum fylgdu í C-deild stjórnartíðinda sem fylgiskjal 1 með auglýsingu nr. 31/1993, um samning um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum. Í auglýsingu þessari sagði að gerðir sem getið væri í viðaukum við samninginn yrðu birtar í sérriti. Þetta sérrit var síðan gefið út af utanríkisráðuneyti í 50 heftum undir heitinu „EES gerðir“ og báru auðkennin S1–S50 í samfelldri töluröð. Í síðasta heftinu er m.a. að finna yfirlit um efni einstakra hefta.“

Með 1. gr. laga nr. 91/1994 var gerð svofelld breyting á lögum nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið:

„Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr. svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.“

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 91/1994 öðlaðist breytingin gildi við birtingu laganna hinn 30. maí 1994.

Hið sérstaka blað sem hér um ræðir nefnist „EES-viðbætir við Stjórnartíðindi

¹ Áður: Efnahagsbandalag Evrópu.

² Áður nefnt: EBE.

EB“ og er gefið út á íslensku annars vegar og norsku hinsvegar.¹ Útgáfa þess hófst á því að framangreindur „viðbótarpakki“ var gefinn út í sex þykum bindum eftir að sameiginlega EES-nefndin hafði fallist á hann. Voru þau auðkennd sem „sérstök útgáfa“ af viðbætinum og bækurnar tölusettar í samfelldri röð.

Allar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar hafa síðan verið birtar í viðbætinum ásamt öðru efni er varðar framkvæmd EES-samningsins. Á sjötta tug hefta hafa komið út árlega. Skrifstofa Fríverslunarsamtaka Evrópu (hér eftir nefnd: EFTA) annast þýðingu ákvarðana nefndarinnar og efnis frá öðrum stofnunum EES á íslensku, en þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytis þýðir allar þær gerðir sem ákvarðanir vísa til. Viðbætirinn er seldur í áskrift og munu flestir áskrifendur hér á landi vera opinberar stofnanir og hagsmunasamtök.

Ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar skapa íslenskum stjórnvöldum þjóðréttarlega skyldu til þess að aðlaga landsrétt að gerðum EES-samningsins í samræmi við það markmið hans að einsleitni gildi á Evrópska efnahagssvæðinu í reglum á þeim sviðum er samningurinn tekur til. Samkvæmt 7. gr. EES-samningsins skal taka gerðir samningsins upp í landsrétt sem hér segir:

„[. . .]

a. gerð sem samsvarar reglugerð EBE skal sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila;

b. gerð sem samsvarar tilskipun EBE skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.“

Í erindi yðar er í fyrsta lagi spurt, hvernig háttáð sé birtingu þeirra gerða, sem falla undir framangreindan staflíð a, þegar þær eru lögteknaðar hér á landi.

Lögtaka gerðanna hefur yfirleitt farið fram með svokallaðri tilvísunaraðferð eftir að viðkomandi ráðuneyti hafa gengið úr skugga um að fullnægjandi lagaheimildir séu fyrir hendi eða þeirra hefir verið aflað hjá löggjafarvaldinu.

Með tilvísunaraðferðinni er í reglugerð, sem ráðherra setur, annaðhvort vísað til birtingar viðkomandi reglugerðar EB með framangreindum hætti eða vísað til viðkomandi reglugerðar EB, sem þá er birt sem fylgiskjal með íslensku reglugerðinni. Skulu hér nefnd nokkur dæmi af handahófi.

Í 1. gr. auglýsingar frá samgönguráðuneyti nr. 441/1994, um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna farþegaflutninga á landi, eru tilteknar reglugerðir EB felldar í íslenskan rétt á grundvelli laga nr. 53/1987, um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, sbr. sérstaklega 2. gr. laga nr. 62/1993. Í 2. gr. auglýsingarinnar segir síðan: „Gerðir samkvæmt 1. gr. eru birtar í bók 3 sérstakri útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bls. 397–405 og 413–455, sbr. lög nr. 91/1994“.

Annað dæmi er 1. gr. reglugerðar frá iðnaðarráðuneyti nr. 585/1993, um tilkynningu til Orkustofnunar um fjárfestingarverkefni, sem sett er á grundvelli 82. gr. orkulaga nr. 58/1967. Þar er tilteknum reglugerðum EB veitt gildi hér á landi og síðan sagt í 2. mgr. sömu greinar: „Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari“.

¹ Viðbætirinn er einnig gefinn út af ESB á hinum 11 opinberu tungumálum sambandsins og fylgir hann C-deild Stjórnartíðinda ESB. Sú deild birtir ýmislegt efni er varðar framkvæmd ESB-samstarfsins og samsvarar helst B-deild íslensku Stjórnartíðindanna. Aðrar útgáfur þeirra eru L-deildin sem birtir gerðir ESB og samsvarar helst A-deild íslensku Stjórnartíðindanna og S-deildin sem svipar einkum til íslenska Lögbirtingablaðsins og birtir m.a. auglýsingar um opinber útboð á EES-svæðinu.

Þriðja dæmið er reglugerð frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem bæði reglugerðir og ein tilskipun EB eru felldar í íslenskan rétt á grundvelli umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingu, og vísað til birtingar þeirra í sérritinu EES-gerðir, sem fylgdi auglýsingu nr. 31/1993, annars vegar og hins vegar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Auk þess eru í reglugerðinni nokkur „sérákvæði um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í innanlandsflutningum“.

Fjórða dæmið er reglugerð frá viðskiptaráðuneyti nr. 594/1993, um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þar eru taldar upp nokkrar EB-reglugerðir ásamt tveimur ákvörðunum sem teknar eru í íslenskan rétt með heimild í samkeppnislögum nr. 8/1993. Texti gerðanna er ekki birtur með reglugerðinni en vísað til birtingar þeirra í sérriiti með auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild stjórnartíðinda og síðan sagt í 2. mgr. 3. gr. að Samkeppnisstofnun muni gefa út í sérstakri handbók reglugerðir EES á sviði samkeppnismála.

Í öðru lagi er spurt hvernig háttáð sé birtingu þeirra gerða sem falla undir b-lið 7. gr. EES-samningsins, þegar þær eru lögteknar hér á landi. Í tiltölulega mörgum tilvikum er efni þeirra tekið upp í lagatexta, sem lagður er í frumvarpsformi fyrir Alþingi. Tilskipanir eru oft þannig orðaðar að þær gefa aðildarríkjunum svigrúm eða val um aðgerðir, t.d. á sviði skaðsemisábyrgðar svo dæmi sé tekið. Þá eru margvíslegar tilvísanir til stofnana í tilskipununum sem umrita þarf að staðháttum í EFTA-rikkjunum. Í öðrum tilvikum eru þær lögteknar með reglugerðum á grundvelli lagaheimilda en þá umskriðar að íslenskum staðháttum. Loks hafa þær í fáeinum undantekningartilvikum verið lögfestar og birtar með tilvísunum á sama hátt og reglugerðir þær sem að framan er lýst.

Umritun tilskipana í íslenskan lagatexta er oft vandasamt verk. Meginreglan er sú að þær skuli umrita í ljósan og nákvæman texta, sem einstaklingar og lögaðilar geti byggt á fyrir innlendum dómstólum og hafi þannig bein réttaráhrif hér á landi. Því fylgir tvenns konar vandi og leiðir oft annan af hinum. Íðulega er texti frumgerðanna hvorki nægilega nákvæmur né skýr og þá leiðir að líkum að þýðingar þeirra á íslensku verða sömu annmörkum haldnar. Ekki er hægt að styðjast við athugasemdir lagafrumvarpa á sama hátt og gert er í norrænni lagahefð og skortur er á samsvarandi skýringargögnum. Á hinn bóginn hefur Eftirlitsstofnun EFTA í Brussel eftirlit með réttri lögtöku á gerðum EES-samningsins og aflar sér í því skyni margvíslegra upplýsinga um lögtöku þeirra hjá aðildarríkjum Evrópusambandsins. Er þeim miðlað til stjórnvalda í aðildarríkjum EFTA með ýmsum hætti, en á meðan ekki liggja fyrir dómar hinna fjölbjóðlegu dómstóla EB og EFTA um ýmis vafaatriði verður þó ekki útilokað að fram komi misræmi í túlkun tilskipananna í rétti aðildarríkja EES-samningsins af þeim sökum.

Eins og áður segir fer birting íslenskra réttarreglna sem byggðar eru á EES-tilskipunum oftast fram á sama hátt og almennt gildir um lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Undantekningar eru yfirleitt á sviði tilskipana um tæknileg atriði þar sem talið er unnt að nota tilvísunaraðferð eða birta tilskipanir sem fylgiskjal með íslenskri reglugerð.

Dæmi um hið síðastnefnda er reglugerð frá iðnaðarráðuneyti nr. 534/1995, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða. Reglugerðin er sett á grundvelli laga nr. 97/1992, um staðla. Í 3. gr. hennar segir: „EB-gerðir samkvæmt 2. gr. eru birtar í einum samfelldum texta sem viðauki við þessa reglugerð.“

Annað dæmi er reglugerð frá samgönguráðuneyti nr. 439/1994, um gildistöku

ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flugmála, þar sem vísað er um birtingu þeirra reglugerða og tilskipana sem lögtekna eru í 1. gr. til EES-viðbættisins, sbr. 3. gr., en til stjórnartíðinda EB að því er varðar tiltekna tilskipun í 2. gr. Ráðuneytið mun síðan hafa gefið þessar reglur út í sérstakri handbók til afnota fyrir þann þrönga hóp sem reglurnar snerta.

Þá má nefna reglugerð frá fjármálaráðuneyti nr. 302/1996, um innkaup ríkisins, þar sem sex tilskipanir og ein reglugerð voru teknar upp með tilvísunaraðferðinni í 50. gr., en samhliða því gaf ráðuneytið út í handbók um opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem reglur á því sviði eru settar fram á einfaldan og skýran hátt.

Loks má nefna auglýsingu frá samgönguráðuneyti nr. 102/1994, um gildistöku ákvæða er leiða af sameiningu (sic) Evrópska efnahagssvæðisins vegna takmörkunar á hávaða frá loftförum, sem sett er á grundvelli laga nr. 34/1964, um loftferðir. Þar skorti á leiðbeiningar um birtingu á þeim þremur tilskipunum sem auglýsingin veitir gildi, en þær munu þó hafa birst í sérritinu er fylgdi auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, hefti S20. Slíkt telst til undantekninga en réttlætist e.t.v. af því að hér var um að ræða reglur, sem flugfélög þurftu einnig að uppfylla á áfangastöðum sínum erlendis og voru því væntanlega búin að samræma þær daglegum rekstri sínum hvort eð var. Engu að síður er óþarflega tafsamt að kanna efni þeirra reglna sem fyrrnefnd auglýsing vísar til.

Í þriðja lagi er spurt með hvaða hætti hafi verið kunngerðir dómar dómstóls Evrópubandalagsins sem vísað er til í 6. gr. EES-samningsins. Utan þess útdráttar sem ríkisstjórnin lét vinna á íslensku úr öllum þeim dómum EB-dómstólsins sem lagðir voru til grundvallar við gerð EES-samningsins og kynnti utanríkismálanefnd Alþingis við meðferð frumvarps þess er varð að lögum nr. 2/1993, hafa dómar dómstólsins ekki verið sérstaklega kunngerðir hér á landi.

Sökum mikils kostnaðar af þýðingu og útgáfu dómanna er sömu sögu að segja um önnur EFTA-ríki. Stjórnvöld í Noregi hafa t.d. ekki gefið dómanna út í norski þýðingu og sænsk og finnsk stjórnvöld áttu heldur ekki frumkvæði að útgáfu þeirra á sínum tungumálum meðan þau ríki voru aðilar að EFTA-stoð EES-samningsins. Á hinn bóginn lætur Evrópusambandið gefa dómanna út á hinum 11 opinberu tungumálum sambandsins en þ. á m. eru bæði danska og enska sem Íslendingum eru vel kunnar.

Þá er kunnugt um að íslenskar stjórnáslustofnanir, hagsmunasamtök og lögmannsstofur hafa í einhverjum tilvikum tryggt sér aðgang að prentuðum dómum dómstólsins eða með áskrift að geisladiskum sem gefnir eru út ársfjórðungslega (CELEX). T.d. hefur bókasafn nokkurra ráðuneyta í Arnarhvoli haft yfir að ráða tölvubúnaði til útskrifta á þessu efni um nokkurt skeið og starfsmaður þess veitt aðstoð við upplýsingaöflun þeim sem eftir því leita, þ. á m. utanaðkomandi. Um þessar mundir er einnig unnið að því að veita aðgang að sama efni á tölvuneti stjórnarráðsins. Ennfremur er mér kunnugt um að viðræður standa nú yfir milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Evrópusambandsins um að dóma EB-dómstólsins verði að finna í vörslu safnsins í prentuðu formi. Dómar EFTA-dómstólsins eru hins vegar birtir í EES-viðbættinum og nánari greinargerð um þá er að finna í ársskýrslu dómstólsins.

Samkvæmt þessu ætti að vera tryggður aðgangur að dómum EB-dómstólsins hér á landi, þó ekki á íslensku. Ábendingar og umfjöllun um dóma dómstólsins er og að finna í evrópskum fræðiritum á sviði lögfræði. Með slíkum leiðbeiningum ætti því að vera hægt að leita uppi þá dóma sem máli skipta í hverju tilviki.

Í fjórða lagi er spurt hvort almenningi sé tiltæk tæmandi og glögg skrá yfir allar

gerðir ásamt tilheyrandi aðlögunum, sem í gildi eru hverju sinni og stjórnvöld eru bundin af vegna aðildar sinnar að EES-samningnum.

EFTA-skrifstofan í Brussel gaf í lok síðasta árs út á prenti uppfærða skrá á ensku yfir þær gerðir sem tilheyra EES-samningnum. Eðli samningsins samkvæmt úreldist sú skrá þó fljótt. Af þeirri ástæðu hefur heldur ekki þótt svara kostaði að gefa slíka skrá reglubundið út á íslensku. Hins vegar er nú unnið að því að gera þessa skrá aðgengilega á „interneti“ í því skyni að uppfæra hana þar eftir hvern fund sameiginlegu EES-nefndarinnar. Er þess að vænta að þessari tilhögun verði komið á að loknum yfirstandandi sumarleyfum hjá EFTA-skrifstofunni. Jafnframt er þó fyrirhugað að gefa skrána út á prenti öðru hverju.

Ennfremur er nú unnið að því að veita aðgang að íslenskum þýðingum allra gerða EES-samningsins frá þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins á „interneti“. Er reiknað með að því verki verði einnig lokið með haustinu. Þá mun fljótlega verða opnaður aðgangur á „interneti“ að skrá Eftirlitsstofnunar EFTA yfir aðlögun og upptöku EES-gerða í lög og reglugerðir EFTA-ríkjanna.

Hér skal þess einnig getið að utanríkisráðuneytið gaf á sínum tíma út nokkurs konar upplýsingablöð ætluð almenningi þar sem fjallað var í samandregnu máli um þær reglur sem gilda á einstökum sviðum EES-samningsins. Á vegum sama ráðuneytis er og um þessar mundir unnið að útgáfu meginmáls EES-samningsins og helstu fylgisamninga hans í handhægri prentaðri útgáfu.

Þegar öllu framangreindu hefur verið hrint í framkvæmd ætti því að vera unnt að nálgast yfirlit yfir gildandi EES-rétt og texta EES-gerðanna á íslensku á sæmilega skjóttan og öruggan hátt, enda þótt enn megi telja álitamál hvort þessi skipan mála teljist fullnægjandi fyrir almenning.

Í fimmta lagi er spurt hvort Stjórnarráð Íslands hafi mótað eða hafi í hyggju að móta almenna og samræmda stefnu um birtingu bindandi EES-gerða og þeirra aðlagana sem þær hafa hlotið eða hljóta vegna aðgerða sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Af þessu tilefni vil ég áréttta það sem þegar er fram komið í erindi mínu til yðar, dags. hinn 16. f.m., að ég hefi nú nýverið skipað nefnd sérfræðinga til þess að athuga meðferð reglana sem settar hafa verið á grundvelli EES-samningsins og kanna hvort sá háttur, sem þar hefur verið á hafður, fullnægi kröfum stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttar um aðlögun þeirra að landsrétti. Er þeirri nefnd ætlað að yfirfara það sem gert hefur verið á þessu sviði, skila mér um það skýrslu og eftir atvikum gera til mín tillögur um úrbætur.

Eftir að ég varð þess áskynja að þér hefðuð til sérstakrar athugunar hvernig staðið hefur verið að birtingu og miðlun upplýsinga um sömu reglusetningu beindi ég því til nefndarinnar að hún tæki þann þátt viðfangsefnis síns ekki fyrir fyrr en athugun yðar væri lokið. Þegar álit yðar liggur fyrir er þess hins vegar að vænta að mótun almennrar og samræmdrar stefnu um birtingu þeirra geti farið fram á grundvelli þess og þeirra ábendinga sem þar kunna að koma fram.“

III.

Eins og áður segir, felur EES-samningurinn í sér þjóðréttarlega skuldbindingu fyrir Ísland til að aðhafast ekkert það á sviði löggjafar eða á sviði stjórnsýslu, sem gæti farið í bága við reglur hans. Að þessu leyti er hann líkur öðrum þjóðréttarsamningum. Á hinn bóginn er samningurinn ólíkur öðrum þjóðréttarsamningum, þar sem hann gerir miklar kröfur til löggjafans um að setja viðamikla löggjöf á því sviði, sem hann tekur til. Þar er um að ræða umfangsmiklar reglur, sem taka verður í lög eða í stjórnvaldsfyrirmæli. Að auki eru gerðar kröfur um, að löggjöf þessi skuli geyma nákvæmlega þau fyrirmæli, sem

EES-samningurinn kveður nánar á um. Mörgum þeirra „gerða“, sem svara til EB-reglugerða eða tilskipana, er ætlað að veita einstaklingum og lögaðilum beinan rétt eða leggja á þá skyldur. Eins og áður er fram komið, geyma ákvæði 7. gr. EES-samningsins fyrirmæli um, hvaða EB-„gerðir“ skuli teknar upp í landsrétt samningsaðila og með hvaða hætti það skuli gert. Ákvæðið mælir á hinn bóginn ekki fyrir um það, með hvaða hætti „gerðir“ skuli aðlagðar EES-rétti eða hvernig þær skuli birtar í framhaldi af lögfestingu þeirra. Í því efni gilda reglur íslensks réttar.

1. Fyrirmæli 27. gr. stjórnarskrárinnar um birtingu laga.

Það er ófrávikjanleg regla skv. 1. másl. 27. gr. stjórnarskrárinnar, að birta skuli lög. Í 2. másl. segir síðan, að um birtingarháttinn og framkvæmd laga fari að landslögum. Í eldri stjórnskipunarlægum var gert ráð fyrir, að konungur annaðist „birting laga og framkvæmd“. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því, er varð að stjórnarskipunarlægum nr. 33/1944, segir:

„Hér er boðið, að birta skuli lög, og felst í því, að landslýður skuli ekki fara eftir óbirtum lögum. Gert er ráð fyrir, að um birtingarháttu og framkvæmd laga sé kveðið á í landslögum, og er það réttara en það, sem nú segir, þar sem vitað er, að hvorki birting né almenn framkvæmd laga hefur í raun og veru verið í höndum konungs. Á það skal bent, að brýn nauðsyn er til, að lagaákvæðin um birtingu laga verði endurskoðuð og samin á ný.“ (Alþt. 1944, A-deild, bls. 15.)

Litið er svo á, að birting laga heyri til stjórnslu, þar sem hún komi til eftir að hinu eiginlega löggjafarstarfi er lokið, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Að baki áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu laga felst ekki að sérhver skuli þekkja lögin, heldur það sjónarmið, að almenningur skuli eiga kost á að kynna sér lögin, enda verður almenningi ekki gert að fara eftir óbirtum lögum, eins og segir í tilvitnuðum skýringum. Auðsæ sjónarmið um réttaröryggi leiða til þess, að almenningur verður að eiga kost á því, að kynna sér efni og tilvist réttarreglna og þar með gæta hagsmuna sinna í skiptum sínum í milli eða við stjórnvöld.

Stjórnarskrárákvæðið segir ekki til um, hvernig birtingu skuli hagað, heldur er almenna löggjafanum falið að mæla fyrir um það.

2. Lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda.

Samkvæmt 27. gr. stjórnarskrárinnar fer um birtingarháttinn eftir almennum lögum. Um þetta efni gilda nú lög nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Þegar þau lög voru sett, hafði verið unnið að endurskoðun stjórnarskrárinnar og lá þá fyrir frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, er samið hafði verið af „millipinganefnd í stjórnarskrármálinu“ (Alþt. 1944, A-deild, bls. 10–12). Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 64/1943, sagði:

„Rétt þykir að setja heildarlög um birtingu laga og annarra ákvarðana og um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Svo þykir og henta, að sett verði glögg fyrirmæli um það, hvenær fara megi að beita fyrirmælum laga o.s.frv. og hvenær allir verði að hlíta þeim. Er með því skorið úr ágreiningi meðal fræðimanna um þessi efni, með því að sumir telja rétt að beita óbirtum fyrirmælum gagnvart þeim, sem þekkja þau. Aðalatriðið virðist vera það, að fyrirmælin séu birt með þeim hætti, að almenningur geti aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það verði allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrr. Með því skapast mest réttaröryggi.

Gleggra sýnist að binda gildistöku ákvarðana við tiltekinn mánaðardag en reikna

í vikum frá útkomudegi B-deildar Stjórnartíðinda.“ (Alþt. 1943, A-deild, bls. 224–225.)

Í samræmi við framangreind ummæli er í 7. gr. laga nr. 64/1943 tekið fram, að „fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis [megi ekki] beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. [laganna] hefur farið fram“.

Lög nr. 64/1943 geyma fyrirmæli um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Er útgáfan í höndum dóms- og kirkjumálaráðherra, sbr. 5. gr. laganna. Við setningu laga nr. 64/1943 var gert ráð fyrir, að Stjórnartíðindi skiptust í tvo hluta, A-deild og B-deild. Í 1. gr. laganna sagði meðal annars:

„Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar, samninga við önnur ríki og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, [. . .]“

Í 2. gr. laga nr. 64/1943 eru síðan fyrirmæli um það, sem birta skuli í B-deild Stjórnartíðinda. Sagði þar meðal annars:

„Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, [. . .]“

Frumvarp það, er varð að lögum nr. 64/1943, geymdi ekki skýringar við einstök ákvæði, heldur einungis þær almennu athugasemdir, sem áður hafa verið raktar.

Með lögum nr. 22/1962 voru gerðar breytingar á 1. og 2. gr. laga nr. 64/1943. Fólu breytingarnar í sér, að auk A- og B-deilda Stjórnartíðinda skyldi komið á fót C-deild Stjórnartíðinda, en þar skyldi „birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra“. Í athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 22/1962, sagði:

„Frumvarp þetta er flutt að beiðni utanríkisráðuneytisins. Á vegum þess er nú unnið að heildarútgáfu samninga Íslands við erlend ríki. Mun fyrirhugað að sú útgáfa nái til ársloka 1961, og þykir hagræði að því, að frá þeim tíma verði unnt að hafa slíka samninga á einum stað sér í Stjórnartíðindum, en þetta efni hefur verið birt í A-deild Stjórnartíðinda, og þá eins og að líkum lætur á við og dreif innan um annað efni.“ (Alþt. 1961, A-deild, bls. 818.)

Í ræðu framsögumans, er frumvarpið var til umræðu í efri deild, kom eftirfarandi fram:

„Regluleg birting milliríkjasamninga í Stjórnartíðindum er óefað til mikilla bóta og mikils hagræðis fyrir alla þá, sem hafa með að gera utanríkismálefni í einni eða annarri mynd. Á hinn bóginn breyta auðvitað hinir fyrirhuguðu birtingarhættir engu um gildi milliríkjasamninga sem réttarheimildar hér á landi. Þrátt fyrir þá birtingarháttu verða milliríkjasamningar sem slíkir auðvitað ekki settir á bekk með landslögum að því er varðar skuldbindandi verkun fyrir þegnana og lægra sett stjórnarvöld, og er það einmitt undirstrikað með því, að þá á að birta í sérstakri deild Stjórnartíðinda.“ (Alþt. 1961, B-deild, dálk. 759.)

Samkvæmt lögum nr. 22/1962 skal ekki einungis birta samninga við önnur ríki í C-deild Stjórnartíðinda, heldur einnig „auglýsingar varðandi gildi þeirra“. Í samræmi við þessi fyrirmæli var í auglýsingu nr. 31/1993, um samning um Evrópska efnahagssvæðið og

bókun um breytingu á samningnum, tekið fram í C-deild Stjórnartíðinda, hvenær samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefði verið undirritaður og að hann skyldi öðlast gildi 1. janúar 1994.

Verulegar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi frá því að lög nr. 64/1943 voru sett. Með nýjum aðferðum, einkum á sviði tölvutækni, hefur orðið gerbylting við miðlun upplýsinga. Þrátt fyrir það gilda enn þær röksemdir, er búa að baki þeim áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu lagareglna, að menn skuli eiga kost á að kynna sér löginn, og ákvæðum um að mönnum sé ekki skylt að fara eftir óbirtum lögum.

3. Kröfur íslensku stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu til réttarreglna, er snerta mannréttindi.

Hér er rétt að víkja að grundvallarreglum réttarríkisins og tengslum þeirra við lög-gjafarstarf og birtingu laga. Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögtekinn hér á landi með lögum nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Í upphafi þess sáttmála leggja aðildarríkin áherslu á grundvallarreglur réttarríkisins. Að því er til mannréttinda tekur, leiðir af þessum grundvallarreglum ákveðnar kröfur til lög-gjafar, sem snertir mannréttindi.

Í mörgum ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu er aðildarríkjunum með vissum skilyrðum heimilað að setja mannréttindum ákveðnar skorður. Má hér einkum vísa til 8.–11. gr. sáttmálans, 1. gr. 1. samningsviðauka og 2. gr. 4. samningsviðauka. Meðal nefndra skilyrða er sú ófrávíkjanlega krafa, að umræddar skorður séu ákveðnar í lögum. Lög duga hins vegar ekki ein sér. Með hliðsjón af grundvallarreglum réttarríkisins verða löginn að vera reist á sjónarmiðum réttaröryggis. Löginn verða að vera nægilega skýr og almenningi aðgengileg.

Framangreind viðhorf til skýringar á Mannréttindasáttmála Evrópu hafa komið fram í fjölmörgum úrlausnum Mannréttindanefndar Evrópu og Mannréttindadómstóls Evrópu. Dæmi um það eru úrlausnir um takmarkanir á tjáningarfrelsi. Þar hefur verið lögð áhersla á, að það skilyrði í 2. mgr. 10. gr., að lög mæli fyrir um takmörkun, feli meira í sér en það eitt, að takmörkunin sé í samræmi við landslög. Það taki einnig til verðleika laganna, þar sem þau verði að samrýmast meginreglum formála mannréttindasáttmálans um réttarríkið (sjá dóm í máli Silvers o.fl. gegn Bretlandi frá 25. mars 1983, Ser. A No. 61, § 90, og dóm í máli Golders gegn Bretlandi frá 21. febrúar 1975, Ser. A No. 18, § 34). Þau lög, sem í hlut eiga, verða að vera nægilega aðgengileg í þeim skilningi, að borgarinn verður að eiga kost nægilegra upplýsinga um, miðað við alla málavexti, hvaða lagareglur eigi við. Til laga teljast með öðrum aðeins fyrir mæli, sem eru það skýr, að borgarinn sé fær um að breyta samkvæmt þeim, eftir atvikum að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf, og sjá fyrir, eftir því sem eðlilegt er að ætlast til eftir atvikum hverju sinni, hvaða afleiðingar sú athöfn, sem um er að ræða, hafi í för með sér (sjá dóm í máli Sunday Times gegn Bretlandi frá 26. apríl 1979, Ser. A No. 30, § 49). Í þessari kröfu felst, að landsréttur á að veita vissa vörn gegn handahófskenndum afskiptum handhafa opinbers valds af mannréttindum, sem verndar njóta (sjá dóm í máli Malone gegn Bretlandi frá 2. ágúst 1984, Ser. A No. 82, § 67).

Að mínum dómi verða framangreindar kröfur til laga ekki aðeins leiddar af Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú er lög í landinu, heldur verði þær einnig byggðar á stjórnskipun Íslands sem réttarríkis. Þær réttarreglur, sem fjallað er um í álitinu þessu, verða því að fullnægja þeim skilyrðum, sem nefnd grundvallarsjónarmið réttarríkisins útheimta samkvæmt framansögðu.

4. Um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar.

Af fyrir mælum stjórnarskrárinnar um að lög skuli birt og 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er ljóst, að við það er miðað í íslenskum rétti, að réttar-

reglum, er felast í settum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, verði ekki beitt, nema birting hafi farið fram í Stjórnartíðindum. Framangreindar réttarreglur endurspegla enn fremur þær kenningar, sem raktar hafa verið um samband landsréttar og þjóðaréttar í I. kafla 2 hér að framan. Til þess að þjóðréttarsamningi verði beitt sem íslenskum lögum þarf að lögfesta hann í samræmi við þær kröfur, er leiða af íslenskri stjórnskipan, þ. á m. um birtingu samkvæmt lögum nr. 64/1943. Til skýringar á því, sem hér hefur verið rakið, má nefna lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Fyrir lögfestingu sáttmálans hafði Ísland skuldbundið sig með fullgildingu sáttmálans 19. júní 1953 til þess að tryggja hverjum þeim, sem lögsaga þess nærði til, réttindi þau og frelsi, sem sáttmálinn kveður á um, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 í A-deild Stjórnartíðinda, um fullgildingu Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Íslenska ríkið hafði einnig skuldbundið sig til að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 58/1958.

Með 1. gr. laga nr. 62/1994 var kveðið svo á, að Mannréttindasáttmáli Evrópu ásamt þeim breytingum, sem á honum hefðu verið gerðar, hefði lagagildi á Íslandi. Þessi lög ásamt Mannréttindasáttmála Evrópu og viðaukum voru síðan birt í A-deild Stjórnartíðinda.

5. Fyrirmæli laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, og EES-samningsins um birtingu.

5.1. Birting viðbóta og breytinga við EES-samninginn.

Eins og rakið er í bréfi forsætisráðuneytisins 18. júlí 1997, var með 1. gr. laga nr. 91/1994 aukið nýrri lagagrein við lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, er varð 4. gr. laganna. Er greinin svohljóðandi:

„Á eftir 3. gr. laganna kemur ný grein sem verður 4. gr., svohljóðandi:

Birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, telst fullgild birting.“

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, er varð að lögum nr. 91/1994, sagði svo um ástæður lagabreytingarinnar:

„Allar breytingar og viðbætur við EES-samninginn verða birtar á íslensku í sérstöku blaði sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA. Rétt þykir að láta þessar birtingar nægja og ekki þurfi einnig að birta slíkar breytingar og viðbætur í C-deild Stjórnartíðinda. Breytingar og viðbætur á þeim hluta EES-samningsins sem hefur lagagildi, sbr. 2. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, þarf hins vegar að birta einnig í A-deild Stjórnartíðinda.“ (Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 3947.)

Eins og áður er rakið, var í auglýsingu nr. 31/1993, um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og bókun um breytingu á samningnum, tekið fram, að þær „gerðir“, sem vísað væri til í viðaukum við samninginn, yrðu „birtar í sérriti“. Í 7. gr. EES-samningsins er síðan að finna nánari fyrirmæli um það, hvernig „gerðir“ þessar skuli teknar upp í landsrétt. Tilvitnað sérrit, sem hér um ræðir, var gefið út af utanríkisráðuneytinu í 50 heftum undir heitinu „EES-gerðir“, er báru auðkennin S1–S50. Með 1. gr. laga nr. 91/1994 var síðan mælt fyrir um birtingu „breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði“. Eins og segir í bréfi forsætisráðuneytisins frá 18. júlí 1997, hófst útgáfa þess blaðs, er nefnist „EES-viðbætur við Stjórnartíðindi EB“, með útgáfu á svonefndum „viðbótarpakka“, sem gefinn var út í „sex þykkum bindum“ og auðkenndur sem „sérstök útgáfa“. Á sjötta tug hefta af viðbætinum hafa síðan komið út árlega og er hægt að fá viðbætinn keyptan í áskrift hjá útgáfumiðstöð EFTA í Brussel.

Pegar lögskýringargögn laga nr. 91/1994 eru könnuð, er ljóst, að birtingu „gerða“ í „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB“ skv. 1. gr. laganna hefur verið ætlað að koma í staðinn fyrir birtingu í C-deild Stjórnartíðinda. Í fyrrnefndum athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, er varð að lögum nr. 91/1994, er á hinn bóginn sérstaklega áréttað, að breytingar og viðbætur á þeim hluta EES-samningsins, sem hafi lagagildi, sbr. 2. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, þurfi einnig að birta í A-deild Stjórnartíðinda. Í athugasemdum við frumvarpið er ekki frekar vikið að birtingu annarra laga eða stjórnvaldsfyrirmæla. Verður því að telja að um birtingu þeirra fari eftir hinum almennu reglum í 1. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu í A- og B-deild Stjórnartíðinda, eftir því sem við á hverju sinni.

Af framansögðu er því ljóst, að vikið hefur verið frá þeirri stefnu, sem mörkuð var með lögum nr. 22/1962, að samningar Íslands við önnur ríki yrðu birtir á einum stað, með ákvæðum 1. gr. laga nr. 91/1994. Þannig eru þær „gerðir“, sem teljast hluti EES-réttarins, því að finna á þremur mismunandi stöðum eftir því, hvar þær hafa verið birtar. Í fyrsta lagi í nefndu sérriti, sem gefið var út í 50 heftum. Í öðru lagi í nefndum viðbótarpakka og loks í nefndum EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB, sem kemur út í lausum heftum með reglulegu millibili. Í framangreindu felst enn fremur, að birting þjóðréttarsamninga heyrir nú ekki einungis undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, sbr. 5. gr. laga nr. 64/1943, heldur einnig undir útgáfumiðstöð EFTA að því er snertir útgáfu á „gerðum Evrópubandalagsins“.

Rétt er hér einnig að vekja athygli á 4. gr. laga nr. 64/1943 sem kveður svo á, að komi upp vafamál, hvar birta skuli atriði þau, sem greinir í 1.–3. gr., „eða hvort erindi skuli birt eða eigi, [úrskurði] dómsmálaráðherra“.

5.2. Skylda samningsaðila til þess að birta upplýsingar.

Samhengis vegna tel ég rétt að geta þess, að skv. 6. lið bókunar 1 um „altæka aðlögun“ er hefur lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 2/1993, eru eftirfarandi skyldur lagðar á samningsaðila:

- „a. Þegar aðildarríki EB á, samkvæmt gerð sem vísað er til, að birta ákveðnar upplýsingar um staðreyndir, málsmeðferð og annað slíkt skulu EFTA-ríkin einnig, samkvæmt samningnum, birta viðkomandi upplýsingar á samsvarandi hátt.
- b. Þegar birta á, samkvæmt gerð sem vísað er til, staðreyndir, málsmeðferð, skýrslur og annað slíkt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins skal birta þar samsvarandi upplýsingar varðandi EFTA-ríkin í sérstakri EES-deild.“

Um það, hvernig háttað verði birtingu framangreindra upplýsinga, fellur utan viðfangsefnis þessa áli.

IV.

1. Birting „gerða“, sem teknar hafa verið í landsrétt.

Við athugun mína á því efni, sem hér er til umfjöllunar, ákvað ég að kanna, með hvaða hætti birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla hefði verið háttað í þeim tilvikum, þegar EB „gerðir“, sbr. 7. gr. EES-samningsins, höfðu verið teknar í íslenskan rétt. Kannaði ég í því sambandi, hvaða háttur hefði verið hafður á við birtingu í A- og B-deild Stjórnartíðinda.

2. A-deild Stjórnartíðinda.

Eftir að lagafrumvarp hefur verið samþykkt á Alþingi og staðfest af forseta, eru lögin birt í A-deild Stjórnartíðinda. Þegar tilskipanir Evrópubandalagsins eru teknar í landslög,

sbr. b-lið 7. gr. EES-samningsins, eru ýmsar leiðir færar, eins og lýst er í bréfi forsætisráðherra frá 18. júlí 1997 og nánar verður vikið að hér á eftir. Um EB-reglugerðir gildir á hinn bóginn, að þær ber að taka óbreyttar í landsrétt viðkomandi ríkis, sbr. a-lið 7. gr. EES-samningsins. Vegna þess hve mismunandi háttur getur verið á við aðlögun og lögleiðingu EB-tilskipana, ákvað ég að kanna þau lagafrumvörp, sem lögð höfðu verið fram á Alþingi frá því um haustið 1992 til vors 1996, þ.e. á 116.–120. löggjafarþingi, til að sannreyna, hvaða aðferðum hefði einkum verið beitt, er kom að birtingu í Stjórnartíðindum. Könnun mín tók til 60 lagafrumvarpa, sem urðu að lögum á þessu tímabili. Við samningu þeirra hafði verið tekið mið af um 213 EB-tilskipunum og 6 EB-reglugerðum. Af athugasemdum við einstök lagafrumvörp var ekki alltaf ljóst, hvort og þá að hvaða marki frumvarp hafði verið samið til þess að fullnægja fyrirmælum ákveðinna tilskipana. Voru dæmi um, að vísað væri í greinargerð til EES-reglna án þess að nánar kæmi fram, við hvaða reglur væri átt, sbr. t.d. lög nr. 81/1994, um breytingu á lögum um skipulag ferðamála, sjá Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 4122. Algengast var að EB-tilskipanir hefðu verið umskrifðar sem lög, sbr. t.d. lög nr. 95/1992, um hópuppsagnir, en með þeim eru tekin í lög ákvæði tilskipunar nr. 75/129/EBE, eða að gerðar væru breytingar á íslenskum lögum til þess að fullnægja skuldbindingum samkvæmt tiltekinni tilskipun. Þá voru dæmi þess, að ráðherra væri veitt heimild til þess að setja stjórnvaldsfyrirmæli í því augnamiði, að lögfasta tilteknar tilskipanir og reglugerðir Evrópubandalagsins, sbr. lög nr. 33/1995, um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í sex lagafrumvörpum, er urðu að lögum, var lagt til, að tilteknar EB-reglugerðir yrðu teknar í íslenskan rétt. Í fjórum þeirra var um það að ræða, að reglugerð hafði verið veitt lagagildi og hún síðan birt sem fylgiskjal, sbr. reglugerð 1768/92/EBE, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 36/1996, um breytingu á lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, með síðari breytingum. Enn fremur með lögum nr. 47/1968, um vörumerki, með síðari breytingum, og lögum nr. 48/1993, um hönnunarvernd. Undir það sama féll enn fremur reglugerð nr. 1612/68/EBE, ásamt breytingum með reglugerð nr. 312/76/EBE, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Síðastgreindum lögum var síðan breytt með lögum nr. 90/1995 vegna reglugerðar nr. 2434/92/EBE. Þá voru þess einnig dæmi, að í greinargerð væri vísað til þess, að við samningu frumvarpsins hefði verið höfð hliðsjón af tiltekinni EB-reglugerð, sbr. frumvarp það, er varð að lögum nr. 47/1994, um vöruflutninga á landi, en þar er vísað til þess, að 2. gr. frumvarpsins hafi verið í samræmi við „reglugerð Evrópusambandsins nr. 881/92“. (Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 4118.)

3. B-deild Stjórnartíðinda.

Könnun mín á birtingu stjórnvaldsfyrirmæla í B-deild Stjórnartíðinda tók til árána 1993, 1994 og 1995. Beindist könnunin að því að leiða í ljós, hvaða aðferðum hafði einkum verið beitt við birtingu nefndra „gerða“ Evrópubandalagsins. Á nefndu árabili tók ég til athugunar 150 stjórnvaldsfyrirmæli. Kom í ljós, að með þeim höfðu verið teknar upp í íslenskan rétt 365 tilskipanir og að auki 186 tilskipanir, sem fólu í sér breytingar á eldri tilskipunum. Af nefndum 365 tilskipunum höfðu 183 verið teknar upp í íslenskan rétt með svonefndri tilvísunaraðferð og að auki 107 tilskipanir, er fólu í sér breytingar á eldri tilskipunum. Með tilvísunaraðferð er átt við, að vísað sé til þess í stjórnvaldsfyrirmælum, oftast reglugerð, að tiltekin tilskipun Evrópubandalagsins skuli gilda hér á landi, án þess að hún sé birt sem fylgiskjal með stjórnvaldsfyrirmælum í Stjórnartíðindum. Um birtingu hennar er þá vísað til birtingar í fyrrnefndu sérriti, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, eða í sérstakri útgáfu af viðbæti við EES-samninginn eða í viðbætinum sjálfum, eins og áður er rakið í III. kafla 4.1. Dæmi um tilvísunaraðferð við lögtöku tilskipana Evrópubandalagsins má finna í auglýsingu nr. 566/1993, um gildistöku ákvæða, er

leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna lágmarkskrafna fyrir tiltekin olíuflutningaskip. Þar er tekið fram, að tilskipun nr. 79/116/EBE, um lágmarkskröfur fyrir tiltekin tankskip sem koma til eða fara frá höfnum í bandalagslöndum, ásamt breytingu nr. 79/1034/EBE sé „birt í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda“. Í 2. gr. var síðan gert ráð fyrir því, að samgönguráðuneytið gæfi út gerðir XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í sérriti. Með auglýsingu nr. 442/1994, um gildistöku ákvæða, er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó, var síðan ákveðið, að auglýsing nr. 566/1993 skyldi falla úr gildi 13. september 1995. Í 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. auglýsingar nr. 442/1994 er vísað til þess, að „tilskipun ráðsins 93/75/EBE [. . .], um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins“, skuli öðlast gildi. Í 2. gr. auglýsingarinnar segir síðan, að „gerðir samkvæmt 1. gr. [séu] birtar í bók 3. sérstakri útgáfu EES-viðbætis Stjórnartíðindi EB, bls. 494–506, sbr. lög nr. 91/1994“. Sem annað dæmi um birtingu tilskipana með nefndri tilvísunaraðferð má nefna reglugerð nr. 130/1994, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um mælitæki. Í 2. gr. reglugerðarinnar er vísað til þess, að 11 tilgreindar gerðir Evrópubandalagsins skuli gilda hér á landi. Í 3. gr. reglugerðarinnar er síðan tekið fram, að þær „EB-gerðir“, sem vísað sé til í 1. og 2. gr., hefðu verið „birtar í sérriti, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993“. Í öðru lagi má nefna hér reglugerð nr. 242/1994, um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 411 11. október 1993, en með henni eru teknar upp í íslenskan rétt 60 tilskipanir Evrópubandalagsins. Í 20. gr. reglugerðarinnar segir, að „EB gerðir sem vísað er til [séu] birtar í sérritunum EES-gerðir S4 og S5, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda“. Loks má einnig nefna hér reglugerð nr. 582/1995, um skráningu og útgáfu markaðsleyfa samhliða lyfja. Í viðauka 1 með reglugerðinni er tilgreind 31 tilskipun, sem skuli gilda hér á landi. Um birtinga þeirra segir, að þær sé „að finna í íslenski þýðingu í riti um EES-samninginn, II. viðauka, undirflokki XIII og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, bók 3, ISSN 1022–9337, EFTA Publication Unit“.

Í fimm tilvikum höfðu tilskipanir verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda sem fylgiskjal með hlutaðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Dæmi um slíkt er reglugerð nr. 336/1995, um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu. Í 2. mgr. 1. gr. segir, að tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE sé birt sem viðauki við reglugerðina. Við nánari athugun kemur í ljós, að láðst hefur að birta viðaukann. Á hinn bóginn má nefna reglugerð nr. 534/1995, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla, og reglugerð, þar sem þrjár tilskipanir Evrópubandalagsins eru birtar sem fylgiskjal með reglugerðinni.

Í 177 tilvikum var ljóst, að efni tilskipunar hafði verið aðlagð íslenskum rétti og tekið í stjórnvaldsfyrirmæli. Ekki er ástæða til þess að tilgreina sérstök dæmi hér.

Að því er snertir þær aðferðir, sem beitt var við birtingu reglugerða Evrópubandalagsins í B-deild Stjórnartíðinda, kom í ljós, að með nefndum 150 stjórnvaldsfyrirmælum voru teknar 98 reglugerðir Evrópubandalagsins í íslenskan rétt. Þar að auki var um að ræða 42 reglugerðir, sem breyttu eldri reglugerðum. Af nefndum 98 reglugerðum höfðu 93 þeirra verið teknar upp í íslenskan rétt með fyrrnefndri tilvísunaraðferð. Dæmi um slíkt er að finna í reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þar er vísað til þess, að tilgreindar reglugerðir Evrópubandalagsins, ásamt breytingum, séu „birtar í sérritinu EES-gerðir S40, bls. 179–199, 204–206 og 312–315, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, en EBE-gerðirnar [. . .] eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 4, bls. [. . .]“. Hér má einnig nefna auglýsingu nr. 279/1995 um gildistöku ákvæða, er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra

flutninga. Í 1. gr. reglugerðarinnar eru tilgreindar sjö reglugerðir og ein tilskipun Evrópubandalagsins, sem skuli gilda hér á landi. Um birtingu þeirra segir í 2. gr.: „Framangreindar gerðir eru birtar í C-deild Stjórnartíðinda.“ Ekki er nánar tilgreint, hvar nefndar „gerðir“ séu birtar.

Þó svo að könnun mín hafi ekki tekið sérstaklega til ársins 1996, þykir mér þó rétt að nefna hér auglýsingu nr. 51/1996, um gildistöku EES-reglugerðar, um inn- og útflutning tiltekinnna hættulegra efna. Í 1. gr. auglýsingarinnar er „auglýst gildistaka eftirtalinnar reglugerða“. Síðan eru tilgreindar í þremur tölulíðum þær reglugerðir Evrópubandalagsins, sem skuli gilda hér á landi. Í 2. gr. reglugerðarinnar segir síðan:

„Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468–473.

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 17.12.94, bls. 39–41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur ekki enn verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en birtist í „Official Journal of the European Communities“, nr. L 332, 22.12.94, bls. 1–3.“

4. Samantekt.

Ekki ber að líta á framangreinda könnun mína sem tæmandi á því sviði, sem hér um ræðir. Ég tel engu að síður, að hún hafi almennt leitt í ljós, að meiri hluti þeirra „gerða“, sem lögtaka ber samkvæmt fyrir mælum 7. gr. EES-samningsins, hafi verið teknar upp í stjórnvaldsfyrirmæli. Að því er snertir aðferðir við birtingu þeirra, verður ekki betur séð en að þar hafi þær skipst nokkuð jafnt milli tvenns konar birtingarháttar, sem annars vegar voru fólgnir í svonefndri tilvísunaraðferð og hins vegar í birtingu umritunar. Að því er snertir aðferð við birtingu reglugerða Evrópubandalagsins var algengast að beitt væri nefndri tilvísunaraðferð.

V.

Um breytingar og setningu nýrra EES-reglna eru ákvæði í 97.–104. gr. EES-samningsins. Í 98. gr. segir, að breyta megi viðaukum samningsins, svo og bókunum 1–7, 9–11, 19–27, 30–32, 39, 41 og 47, eftir því sem við á, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar. Setning nýrra reglna og breytingar á eldri reglum, sem falla undir 98. gr., hefst með því, að framkvæmdastjórn ESB gerir tillögu um nýja löggjöf eða breytingu á eldri. Þegar ráðherraráð ESB hefur tekið ákvörðun um nýjar reglur, sem jafnframt eiga við um EES-samninginn, ber sameiginlegu EES-nefndinni að taka ákvörðun eins fljótt og unnt er. Um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar er sérstaklega fjallað í 103. gr. EES-samningsins. Það ákvæði, sem skiptir hér mestu máli, kemur fram í 1. mgr. Þar segir:

„Ef ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar getur einungis verið bindandi fyrir samningsaðila eftir að hann hefur uppfyllt stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi sem getið er í henni, ef sérstakur dagur er tiltekinn, að því tilskildu að hlutaðeigandi samningsaðili hafi tilkynnt hinum samningsaðilanum fyrir þann dag að stjórnskipuleg skilyrði hafi verið uppfyllt.

Hafi tilkynning ekki farið fram fyrir umræddan dag gengur ákvörðunin í gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir síðustu tilkynningu.“

Í 2. mgr. 103. gr. EES-samningsins er gert ráð fyrir, að ákvarðanir EES-nefndarinnar geti tekið gildi til bráðabirgða, ef frestur verður á að einhverjir samningsaðilar uppfylli stjórnskipunarskilyrði heima fyrir. Ekki er ástæða til að lýsa þessu úrræði að öðru leyti hér.

Ákvæði 1. mgr. 103. gr. er reist á því, að einstök ríki geti við ákvarðanir í sameiginlegu EES-nefndinni sett það skilyrði fyrir því, að ákvörðun nefndarinnar taki gildi, að þau hafi áður tilkynnt, að stjórnskipulegum skilyrðum heima fyrir hafi verið fullnægt. Hér er vísað til stjórnskipulegra skilyrða fyrir stofnun þjóðréttarlegra skuldbindinga, en ýmis álitamál geta vaknað um það, hver þau skilyrði eru, hvenær slíkra tilkynninga er talin þörf og hvenær þær eru sendar. Er ekki efni til að fjalla um þau hér.

Eins og áður er rakið, var nýrri lagagrein bætt við lög nr. 2/1993, um Evrópska efna-hagssvæðið, og varð hún að 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994. Samkvæmt lagagreini-inni telst „birting breytinga og viðbóta við EES-samninginn í sérstöku blaði, sem gefið verður út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA, [. . .] fullgild birting“. Eins og áður segir, var ætlunin að láta slíka birtingu nægja, svo að „ekki [þyrfti] einnig að birta slíkar breytingar og viðbætur í C-deild Stjórnartíðinda“, eins og segir í athugasemdum, er fylgdu frumvarp því, sem varð að lögum nr. 91/1994 (Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 3947).

Samkvæmt framansögðu er því ekki vafa bundið, hvar birta á breytingar og viðbætur við EES-samninginn vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins. Af athuga-sem-dum í greinargerð með 1. gr. laga nr. 91/1994 er gert ráð fyrir því, að ekki þurfi að koma sérstaklega til birtingar á viðaukum við EES-samninginn í C-deild Stjórnartíðinda.

Þegar reglur 103. gr. EES-samningsins og ákvæði 1. gr. laga nr. 91/1994 eru athuguð nánar, kemur þó í ljós, að reglur þessar eru ekki eins skýrar og æskilegt væri. Er sérstaklega vakin athygli á því, að ekki er gert ráð fyrir, að birt sé opinberlega tilkynning, um að stjórnskipulegum skilyrðum hafi verið fullnægt. Birting í „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB“ sker því ekki úr um það í öllum tilvikum, hvort og hvenær ákvörðun tekur gildi að þjóðarétti, og þar með hvort og þá hvenær þjóðréttarskuldbinding til að fella breytingar inn í íslenska löggjöf hefur stofnast.

Skal hér áréttað, að sérstök ástæða er til að vanda birtingu EES-gerða, þar sem mörgum ákvæðum þeirra er, eins og fyrr segir, fyrst og fremst ætlað að hafa áhrif á réttar-stöðu einstaklinga og lögaðila. Af þessari ástæðu meðal annars vaknar sú spurning, hvort birting í EES-viðbætinum geti talist fullnægjandi.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 með síðari breytingum „skal birta [. . .] aug-lýsingar varðandi gildi þeirra“, þ.e. samninga við önnur ríki, í C-deild Stjórnartíðinda. Slíkar auglýsingar eru almennt ekki birtar í svonefndum „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB“, sem gefinn er út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA í Brussel í Belgíu. Vaknar því sú spurning, hvort enn standi skylda skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943 til að birta slíkar aug-lýsingar í C-deild Stjórnartíðinda. Í slíkum auglýsingum kemur meðal annars fram, frá hvaða tíma íslenska ríkið er bundið að þjóðarétti af umræddum samningi, en frá þeim tíma ber t.d. almennt að skýra íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli til samræmis við hinn þjóðréttarlega samning eftir því sem unnt er, óháð því hvort til standi að taka samninginn síðar upp í íslensk lög.

Þar sem slíkar auglýsingar hafa ekki verið birtar í C-deild Stjórnartíðinda frá því að lög nr. 91/1994 tóku gildi, tel ég rétt að beina því til utanríkisráðherra og dóms- og kirkju-málaráðherra, að tekið verði til athugunar, hvernig rétt sé að standa að tilhögun á slíkum auglýsingum, þar á meðal hvar beri að birta þær.

VI.

Í niðurstöðu álits míns, dags. 9. janúar 1998, segir svo:

„Ég hef hér að framan gert grein fyrir þeim lagareglum, er gilda í íslenskum rétti um birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla, og þeim mun, sem er á birtingu réttarreglna samkvæmt landsrétti og þjóðarétti. Íslensk stjórnskipan er að meginstefnu til reist á sjónar-miðum um tvíþætt eðli réttarins. Af því leiðir, að taka verður upp í íslenskan rétt þær

réttarreglur þjóðaréttarins, sem ætlunin er að ljá lagagildi hér á landi. Að því búnu verður að birta slík fyrirmæli í samræmi við 27. gr. stjórnarskrárinnar og fyrirmæli laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Röng eða ófullnægjandi birting réttarreglna getur leitt til þess, að slíkum reglum verði ekki beitt gagnvart almenningi, sérstaklega ef þær eru í eðli sínu íþyngjandi eða snerta stjórnarskrárvarin mannréttindi.

Sú spurning vaknar óhjákvæmilega, hvort svonefnd „tilvísunaraðferð“ við að taka „gerðir“ Evrópusambandsins í íslenskan rétt uppfylli skilyrði íslenskra laga um fullnægjandi birtingu. Á ég þá við það afbrigði „tilvísunaraðferðarinnar“, þegar í lögum eða reglugerð er einungis vísað til nafns og númers hlutaðeigandi „gerðar“, en texti hennar og ákvæði, sem binda eiga almenning, eru ekki birt í A- eða B-deild Stjórnartíðinda, hvorki sem hluti af umræddum lögum eða reglugerð né sem fylgiskjal. Við það er þá látið sitja að vísa í þá birtingu, sem fram hefur farið vegna þjóðréttarlegra skuldbindinga íslenska ríkisins í C-deild Stjórnartíðinda eða í sérstöku blaði, svonefndum „EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB“, sem gefið er út á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA í Brussel í Belgíu.

Ljóst er af þeim lögskýringargögnum, er snerta setningu laga nr. 91/1994, að birting „gerða“ Evrópusambandsins í viðbæti við EES-samninginn, sem gefinn er út af útgáfumiðstöð EFTA í Brussel, skyldi koma í stað birtingar í C-deild Stjórnartíðinda. Að því leyti hins vegar sem breytingar og viðbætur við samninginn áttu að hafa lagagildi skyldi einnig birta slíkar breytingar í A-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt þessu leikur enginn vafi á, að birting skv. lögum nr. 91/1994, var ekki ætlað að koma í stað birtingar skv. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, heldur eingöngu þeirrar birtingar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. laganna um C-deild Stjórnartíðinda.

Lög nr. 64/1943 eru skýr um það, hvar birta skuli lög og reglugerðir, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. laganna. Fram kemur í athugasemdum við 27. gr. frumvarps þess, er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 33/1944, að í ákvæðinu felist, „að landslýður skuli ekki fara eftir óbirtum lögum“. (Alþt. 1944, A-deild, bls. 15.) Af ákvæðum laga nr. 64/1943 og lögskýringargögnum þeirra verður ráðið, að við setningu laganna hafi verið við það miðað, að með birtingu laga væri átt við birtingu samfellds texta, þ.e. þess texta, sem samþykktur hefði verið sem lög frá Alþingi og binda ætti almenning. Í 7. gr. laga nr. 64/1943 er tekið skýrt af skarið um, að „fyrirmælum“ laga og reglugerða megi ekki beita, „fyrir en birting samkvæmt 1. og 2. gr.“ laganna hafi farið fram. Með „fyrirmælum“ virðist ljóst, að vísað er til texta eða ákvæða umræddra laga og reglugerða, en ekki einungis nafns og númers þeirra. Sami skilningur kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 64/1943, en þar kemur fram, að rétt þyki að setja skýrar reglur um það, „hvenær fara megi að beita fyrirmælum laga o.s.frv. og hvenær allir verði að hlíta þeim“. Sú stefna, sem mörkuð var með lögnum, var „að fyrirmælin [væru] birt með þeim hætti, að almenningur [gæti] aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það [yrðu] allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrir“ ((Alþt. 1943, A-deild, bls. 225.) leturbreyting mín).

Samkvæmt framansögðu leikur vafi á, hvort íþyngjandi ákvæðum „gerða“ verði beitt gagnvart almenningi, þegar þær hafa verið teknar upp í íslenskan rétt með því einu að vísa til nafns og númers þeirra í lögum eða reglugerð, en ákvæði „gerðarinnar“ ekki að öðru leyti birt í A- eða B-deild Stjórnartíðinda, sbr. ótvíræð fyrirmæli 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sbr. 27. gr. stjórnarskrárinnar. Það fellur undir dómstóla landsins að skera endanlega úr því, hvort, og þá eftir atvikum, að hvaða skilyrðum uppfylltum slík birting getur talist hafa réttaráhrif fyrir almenning að íslenskum lögum.

Hvað sem líður gildi slíkrar birtingar að landslögum, er ljóst, að ákvæði „gerða“, sem einvörðungu hafa verið birt í blaði því, sem útgáfumiðstöð EFTA gefur út í Brussel í Belgíu, geta vart talist aðgengileg almenningi. Þar við bætist, að ekki er samræmi í því, með hvaða hætti vísað er til birtingar „gerðanna“, og ekki einu sinni alltaf ljóst, hvar þær

hafa verið birtar. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, er aðgangur almennings að þeim EB-„gerðum“, sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt, með nefndri tilvísunar- aðferð, í raun takmarkaður og af þeirri ástæðu ekki fullnægjandi, þar sem réttaröryggi almennings er þá skert.

Að framansögðu athuguðu tel ég ljóst, að nauðsyn beri til að framkvæmd á birtingu laga og stjórnvaldsfyrirmæla verði tekin til endurskoðunar í ljósi þeirra krafna, er leiddar verða af ákvæðum 27. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 64/1943, Mannréttindasáttmála Evrópu og grundvallarsjónarmiða réttarríkisins. Með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, tel ég sérstaka ástæðu til að vekja athygli Alþingis og forsætisráðherra f.h. Stjórnarráðs Íslands á þeim meinbugum á birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sem hér að framan hefur verið fjallað um.

Stjórnvöld gefa út ýmis sérrit, sem hafa að geyma samantekt á EES-reglum á tiltekn- um sviðum. Slík útgáfa er til bóta, þar sem hún auðveldar aðgang almennings að reglum á því sviði. Hún getur þó hvorki komið í stað þeirrar birtingar, sem kveðið er á um í lögum, né orðið til þess að unnt sé að víkja frá þeim lágmarkskröfum, sem gera verður til hennar og hér hefur verið vikið að. Loks veitir ný tækni í miðlun upplýsinga aukna möguleika fyrir stjórnvöld að miðla því efni, sem hér um ræðir, til almennings. Í því sambandi hefur forsætisráðuneytið bent á í bréfi sínu til mín, dags. 18. júlí 1997, að unnið sé að því að veita aðgang að íslenskum þýðingum allra „gerða“ EES-samningsins frá þýðingamiðstöð utan- ríkisráðuneytisins á „interneti“. Mun slíkt vafalaust auðvelda mjög aðgang að „gerðun- um“, þegar sá gagnabrunnur opnast á netinu.

Við athugun mína á máli þessu hef ég rekist á nokkur álitamál, sem því tengjast. Með tilliti til þess, að forsætisráðherra hefur skipað nefnd sérfræðinga til að athuga vandamál af þessu tagi, hef ég ákveðið að fjalla ekki um þau að svo stöddu.“

VII.

Með bréfi frá forsætisráðuneytinu, dags. 20. janúar 1998, barst mér afrit af erindi forsætisráðherra til formanns nefndar um aðlögun „gerða“ samkvæmt EES-samningnum að íslensku réttarkerfi. Í bréfinu sagði m.a.:

„Umboðsmaður Alþingis hefur beint til mín hjálögðu álit, dags. hinn 9. þ.m. um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ samkvæmt EES-samningnum og réttar- reglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Er hér um að ræða niðurstöður athugunar þeirrar er varð tilefni erindis míns til nefndar þeirrar, er þér leiðið, til að kanna aðlögun þessara „gerða“ að íslensku réttarkerfi, hinn 9. júní sl. Þar var því beint til yðar að taka þennan þátt viðfangsefnis nefndarinnar ekki fyrir fyrir en álit þetta lægi fyrir. Í niðurstöðu álitsins er því athygli mín vakin á meinbugum á birtingu þessara „gerða“ og álitaeftum sem af því leiða um gildi þeirra og gildistöku.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í dag var fallist á tillögu mína um að fela nefnd þeirri, er þér stýrið, að taka álit þetta til athugunar og gera tillögur til mín um, hvernig brugðist verði við þeim athugasemdum, er þar koma fram og álitaeftum um úrbætur á þessu sviði. Er þess sérstaklega óskað, að ráðgjöf nefndarinnar taki bæði til þess, hvernig risið verði undir þeim kröfum sem stjórnarskrá og landslög gera til birtingar fyrirmæla af þessu tagi framvegis sem og hvort og til hvaða ráðstafana beri að grípa vegna þeirra „gerða“ sem þegar hafa verið birtar með þeim hætti sem umboðsmaður gerir athugasemdir við.

Með bréfi, dags. 4. nóvember sl., varð ég við ósk nefndarinnar um að færa starfs- tíma hennar fram til 1. febrúar nk. Krefjist framangreint viðfangsefni lengri tíma verður orðið við erindi þess efnis. Þó legg ég áherslu á að verkefni hennar er brýnt

og því mikilvægt að niðurstöður hennar geti legið fyrir snemma á yfirstandandi misseri“

Skýrsla ofangreindrar nefndar, „Skýrsla um lögleiðingu EES-gerða“, var gefin út af forsætisráðuneytinu hinn 17. september 1998.

5.0. Fangelsismál.

5.1.

Reynslulausn. Vararefsing. (Mál nr. 2424/1998)

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem ákvörðun Fangelsismálastofnunar ríkisins um að synja beiðni hans um reynslulausn var staðfest. A var með dómi gert að greiða sekt í ríkissjóð að fjárhæð 6.300.000 kr. en ellefu mánaða fangelsi skyldi koma í stað sektarinnar, greiddist hún ekki innan sex mánaða frá birtingu dómsins að telja. A hóf afplánun vararefsingar 22. október 1997 en sótti um reynslulausn til Fangelsismálastofnunar ríkisins hinn 29. desember 1997.

Í úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins var vísað til tillögu náðunarnefndar um afgreiðslu á kæru A en þar voru ákvæði V. kafla almennra hegningarlaga rakin en þar er fjallað um tegundir refsivistar, heimild til að veita reynslulausn og vararefsingu fésekta. Byggist synjunin á því að við setningu ákvæða almennra hegningarlaga um vararefsingu fésekta og reynslulausnir hafi ekki verið gert ráð fyrir því, að veitt yrði reynslulausn frá vararefsingu og hafi verið stuðst við þá túlkun í framkvæmd.

Umboðsmaður benti á að framangreindur kafla almennra hegningarlaga hefði að geyma almenna heimild fyrir stjórnvöld til að leysa úr refsivist þá menn sem sviptir hefðu verið frelsi sínu vegna refsiverðra athafna. Eftir setningu laga nr. 16/1976 hefði framkvæmd þessa úrræðis verið sú, að refsifangar fengu nær undantekningarlaust reynslulausn eftir helming eða tvo þriðju hluta refsítímans, svo framarlega sem skilyrðum 40. gr. almennra hegningarlaga væri fullnægt. Yrði því að telja að löng venjuhelguð framkvæmd, hefði í reynd áunnið dómþolum réttindi að því marki, sem framkvæmdin uppfyllti skilyrði 40. gr. almennra hegningarlaga. Sagði umboðsmaður að í ljósi þessa teldi hann rök hníga að því að sérstaklega hefði þurft að takmarka réttindi þeirra fanga sem afplána vararefsingar, með skýru og ótvíræðu lagaákvæði, til að heimilt væri að hafna reynslulausn á þeim grundvelli að ákvæði 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga tækju ekki til þeirra.

Þá taldi umboðsmaður óeðlilegt að dómur, úrskurður eða sátt um greiðslu fésektar að viðlagðri vararefsingu reyndist dómþolum þungbærari ákvörðun en óskilorðsbundin fangelsis- eða varðhaldsrefsing, enda væru fésektir vægasta tegund refsinga skv. almennum hegningarlögum. Þá væri til þess að líta að reynslulausn úr refsivist gæti, vegna skilyrða laga, aðeins átt við þegar um allháar sektargreiðslur væri að ræða.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að verulegur vafi léki á um að fært væri að útiloka fanga sem afplánaði vararefsingu fésekta um lengri eða skemmri tíma og uppfyllti að öðru leyti skilyrði 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga frá þeim möguleika að verða látinn laus til reynslu, sökum þess að hann gæti stýtt afplánunartíma sinn, hefði hann til þess fjárhagslegt bolmagn.

Beindi umboðsmaður því þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það gengist fyrir nánari athugun á því hvort að lögum væri útilokað að veita þeim föngum sem afplána vararefsingu sektarrefsingar reynslulausn og að mál A yrði tekið fyrir að nýju, óskaði hann þess.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðherra um, hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 17. maí 1999, kemur fram að A hafi

ekki leitað á ný til ráðuneytisins, þannig að ekki hafi reynt á að taka frekari ákvarðanir í máli hans.

Með lögum nr. 24/1999 var 40. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 breytt og er nú tekið fram í 5. mgr. greinarinnar að ekki verði veitt reynslulausn þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar. Í almennum athugasemdum þess frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 24/1999 er gerð grein fyrir sjónarmiðum að baki lagasetningunni. (Alþt. 1998–1999, A-deild, bls. 2277–2279.)

5.2. **Dagpeningar til gæsluvarðhaldsfanga. Lagastoð reglugerðar. Evrópskar fangelsisreglur. (Mál nr. 2301/1997)**

A, gæsluvarðhaldsfangi, kvartaði yfir því að slíkir fangar fengju ekki greidda dagpeninga meðan á vistun þeirra í afplánunarfangelsi stæði.

Umboðsmaður vísaði til þess, að skv. lögum nr. 48/1988, um fangelsi og fangavist skiptust fangelsi í afplánunarfangelsi og gæsluvarðhaldsfangelsi. Við setningu laganna hefði verið kveðið á um að einnig mætti vista gæsluvarðhaldsfanga í afplánunarfangelsum ef einangrun teldist ekki nauðsynleg. Á þeim lögum hefðu síðan verið gerðar breytingar sem umboðsmaður taldi að af mætti ráða þá þróun í vistunarmálum gæsluvarðhaldsfanga að þeir væru nú að meginstefnu til vistaðir á meðal afplánunarfanga, ef ekki teldist nauðsynlegt að þeir sættu einangrun vegna rannsóknarhagsmuna opinbers máls. Umboðsmaður lagði áherslu á að þessar breytingar röskuðu ekki því grunnsjónarmiði, sem fram kæmi í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögum frá 1988, að gæsluvarðhaldsfangi, sem vistaður er í afplánunarfangelsi skuli sæta sömu kjörum og afplánunarfangi.

Umboðsmaður vísaði til 108. gr. laga um meðferð opinberra mála, um réttarstöðu gæsluvarðhaldsfanga og reglugerðar um gæsluvarðhalds-vist nr. 179/1992 en í 3. mgr. 74. gr. hennar kemur fram að gæsluvarðhaldsfangi á ekki rétt á dagpeningum þótt hann eigi ekki kost á vinnu í gæslunni. Umboðsmaður sagði það skoðun sína að við mat á lagastoð framangreinds ákvæðis reglugerðarinnar yrði annars vegar að líta til þess grunnsjónarmiðs sem áður var nefnt og fram kom í greinargerð með lögum nr. 48/1988 og hins vegar þeirra kjara sem löggjafinn veitti afplánunarföngum í þeim lögum. Hann tók fram að staða gæsluvarðhaldsfanga og afplánunarfanga væri ólík að íslenskum lögum. Löggjafinn hefði í samræmi við stöðu þeirra að lögum ákveðið að veita þeim mismunandi réttindi og leggja á þá ólíkar skyldur. Það væri hins vegar skoðun sín að það væri stefna löggjafans, sem leiða megi af athugasemdum með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 48/1988, að gæta samræmis milli hópanna þegar gæsluvarðhaldsfangar eru vistaðir í afplánunarfangelsi og taka tillit til sambærilegra þarfa þeirra.

Umboðsmaður vísaði til þess að í lögum nr. 48/1988 kæmi fram að dagpeningar skyldu miðast við brýnustu persónulegu nauðsynjar fangans. Vakti hann enn fremur athygli á ákvæði 20. gr. evrópsku fangelsisreglnanna sem væru lágmarksreglur um meðferð fanga og gerðu að þessu leyti ekki greinarmun á afplánunarföngum annars vegar og gæsluvarðhaldsföngum hins vegar. Vísaði umboðsmaður til hreinlætisþarfa fanga, sem væru hinar sömu hvort sem væri í afplánun eða gæsluvarðhaldi. Þá sagði umboðsmaður það skoðun sína að leiða mætti rétt gæsluvarðhaldsfanga til dagpeningagreidslna af ákvæði 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/1988 og hins vegar af samsvarandi nauðsyn til að gæta hreinlætis og hollustu.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytis að það

hlutaðist til um endurskoðun á ákvæði 3. mgr. 74. gr. reglugerðar nr. 179/1992 þannig að gæsluvarðhaldsfangar fengju greidda dagpeninga, ef eigi væri kostur vinnu í fangelsinu eða viðkomandi ekki vinnufær vegna veikinda.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum dóms- og kirkjumálaráðherra um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álit.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. júní 1999, kemur fram að með reglugerð nr. 683, 23. nóvember 1998 um breyting á reglugerð um gæsluvarðhaldsvist nr. 179/1992, hafi 3. mgr. 74. gr. verið breytt á þann veg að gæsluvarðhaldsfangar fái greidda dagpeninga.

5.3.

Náðun. Vararefsing. (Mál nr. 2144/1997)

A kvartaði yfir þeirri ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að hafna beiðni hans um náðun af 2.500.000 kr. sektarrefsingu samkvæmt dómi. Það var skoðun náðunarnefndar í málinu að ekki væru næg rök til þess að mæla með náðun m.a. vegna þess að um sektarrefsingu væri að ræða. Í skýringum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til umboðsmanns kom fram að til að náðun komi til greina þurfi að vera fyrir hendi ástæður sem myndu gera afplánun refsingar mjög óeðlilega eða sérstaklega þungbæra fyrir dómþola. Þá kemur fram að heilsuleysi maka A og fjárhagserfiðleikar hafi ekki þótt næg ástæða til þess að mæla með náðun né heldur aðstæður A sjálfs. Í tilefni af orðalagi í tillögu náðunarnefndar til ráðuneytisins æskti umboðsmaður sérstaklega skýringa á því hvort skilyrði væru strangari fyrir því að fella niður með náðun vararefsingu en aðra refsingu. Því svaraði ráðuneytið neitandi, náðunarnefnd meti á grundvelli allra upplýsinga er fyrir liggja hvort til náðunar skuli koma og hvort um sektarrefsingu sé að ræða sé aðeins einn þáttur af mörgum.

Niðurstaða umboðsmanns varð sú, með vísan til þess að af hálfu ráðuneytisins hefði komið fram í málinu að í öllum tilvikum þurfi mjög sérstakar og veigamiklar ástæður að liggja að baki ákvörðun um náðun, að af gögnum málsins yrði ekki ráðið að grundvöllur þeirrar ákvörðunar að hafna beiðni A um náðun byggist á ólögmetum sjónarmiðum og þess að athugun hans hefði ekki leitt í ljós óeðlilegt mat á aðstæðum A, að ekki væri ástæða til athugasemda.

6.0. Fatlaðir.

6.1. Samningur um stuðningsþjónustu við fatlaða. Rannsóknarreglan. (Mál nr. 1965/1996)

Hjónin A og B kvörtuðu yfir uppsögn svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi á samningi þeirra um stuðningsþjónustu við fatlaðan dreng, sem gerður hafði verið við þau á grundvelli 2L. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Umboðsmaður tók fram að stuðningsforeldri sem undirritaði samning um þjónustu við fatlað barn bæri ábyrgð á því að samningurinn væri efndur réttilega og í samræmi við þær skyldur sem hann legði því á herðar. Í samningi um slíka þjónustu og þeim réttarheimildum sem hann stýðst við yrði á hinn bóginn gert ráð fyrir því að umönnun og forsjá barns sé í höndum stuðningsfjölskyldu. Í ljósi þessa gat umboðsmaður ekki fallist á það með félagsmálaráðuneytinu að fortakslaust verði litið á það sem vanefnd á samningi um þjónustu stuðningsfjölskyldu við fatlað barn að stuðningsforeldri væri fjarri heimili sínu um tíma, meðan hinn fatlaði dveldi þar, enda væri þá öðrum til að dreifa innan fjölskyldunnar, færur um að sinna umsjárskyldum.

Umboðsmaður vísaði til 10. gr. stjórnisýslulaga og hinnar óskráðu meginreglu um rannsóknarskyldu stjórnvalds. Hann tók fram að ekki hefði verið gripið til uppsagnar sammingsins vegna meintra vanefnda og yrði hún því ekki réttlætt á þeim grunni. Taldi umboðsmaður að starfsmanni svæðisskrifstofunnar hefði verið skylt að huga að því, hvort afstaða stuðningsforeldris til áframhaldandi þjónustu við hinn fatlaða hefði breyst. Niðurstaða umboðsmanns var að svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Suðurlandi hefði með tilgreindri ráðstöfun sinni slitið samningi um þjónustu stuðningsfjölskyldu án þess að sú niðurstaða byggðist á viðhlítandi heimildum.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til félagsmálaráðuneytisins að það tæki mál A og B til athugunar að nýju, óskuðu þau þess, og leitaðist þá við að rétta hlut þeirra.

6.2. Réttur fatlaðra til almennrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Frjálst mat. (Mál nr. 2285/1998)

Hjónin A og B kvörtuðu yfir þeirri ákvörðun menntamálaráðuneytisins að bjóða ekki upp á nám í framhaldsskóla fyrir 18 ára fatlaða dóttur þeirra. Í bréfi umboðsmanns, sem hann ritaði þeim 4. september 1998, sagði meðal annars:

„Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er eitt af markmiðum laganna að tryggja fötludum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Í 7. gr. sömu laga er síðan kveðið á um það, að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Segir síðan, að ávallt skuli leitast við að veita fötludum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Almenn lög um framhaldsskóla eru lög nr. 80/1996. Í 19. gr. laganna er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að veita fötludum nemendum kennslu og sérstakan stuðning í námi á framhaldsskólastigi. Látin skuli í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Þá skuli stefnt að því, að fatlaðir nemendur stundi nám samhliða öðrum nemendum.

Það er skoðun mín, að af framangreindum ákvæðum íslenskra laga, verði ráðin

sú stefna löggjafans, að stuðlað sé eftir mætti að jafnrétti fatlaðra og annarra þjóðfélagsþegna. Skuli í því sambandi kappkosta, að veita fötluðum nemendum á framhaldskólastigi sömu möguleika til náms og öðrum nemendum. Af eðli þessara réttinda leiðir hins vegar, að veita ber stjórnvöldum ákveðið svigrúm við skipulagningu og mótun námsframboðs, þannig að tekið sé eftir mætti tillit til þeirra erfiðleika, sem fyrir hendi eru við ákvörðun um forgang verkefna og fjárveitingar.

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins til mín, dags. 19. febrúar 1998, kemur fram, að ráðherra hafi skipað ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar Þroskahjálpar og Umhyggju, félags langveikra barna, til að fjalla um stöðu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Hlutverk nefndarinnar sé meðal annars að fjalla um það námsframboð, sem fyrir hendi sé á hverjum tíma, og gera tillögur til ráðherra um ný úrræði og annað það sem betur megi fara í starfsemi framhaldsskóla varðandi þá nemendur, sem hlut eiga að máli. Með vísan til þessa og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem ég rakti hér að framan um eðli þeirra réttinda, sem hér um ræðir, er það skoðun mín, að ekki sé tilefni til, að ég hafi frekari afskipti af máli umbjóðenda yðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.“

7.0. Foreldrar og börn.

7.1. Barnaverndarráð. Fósturráðstöfun. Endurupptaka. Form og efni úrskurða. Sjónarmið sem ákvörðun er byggð á. (Mál nr. 2261/1997)

A kvartaði yfir úrskurði barnaverndarráðs þar sem staðfestur var úrskurður barnaverndarnefndar þess efnis að barnið B skyldi vera í fóstri til 16 ára aldurs. Kynforeldrar höfðu gert kröfu um riftun fóstursamnings, sbr. 35. gr. laga nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, og óskuðu jafnframt endurupptöku máls síns á grundvelli 50. gr. sömu laga.

Umboðsmaður rakti ákvæði 35. gr. barnaverndarlaga en samkvæmt því skal velferð barns ávallt ganga fyrir við úrlausn máls um endurskoðun fósturráðstöfunar. Taldi umboðsmaður að niðurstaða úrskurðar barnaverndarráðs hefði byggst á lög­mætum sjónarmiðum, þ.e. hagsmunum barnsins.

Þá rakti umboðsmaður ákvæði 50. gr. nefndra laga um endurupptöku mála, og athugasemdir í lögskýringargögnum við það. Umboðsmaður gat þess að verulegar breytingar á aðstæðum kynforeldra væru forsenda endurupptöku og ákvæði barnaverndarnefnd hvort foreldrarnir hefðu sýnt fram á slíkar breytingar. Í úrskurði barnaverndarnefndar sagði að nefndin liti svo á að foreldrarnir hefðu engar forsendur til að taka við uppeldi barnsins á nýjan leik, enda hefðu aðstæður þeirra ekkert breyst.

Umboðsmaður taldi að ekki yrði séð að mat nefndarinnar styddist við skýrslur eða aðrar skjalfestar upplýsingar um aðstæður kynforeldra á þeim tíma er upphaflega var fjallað um mál þeirra. Ekki yrði fullyrt að sumar aðstæður hefðu ekki breyst og aðstæður skapast fyrir foreldrana til að fara með forsjá barna, eftir atvikum með stuðningsúrræðum, sbr. 17. gr. barnaverndarlaga. Því hefði ekki komið fram með fullnægjandi hætti hvaða upplýsingar lágu til grundvallar því mati að hagir A og B væru óbreyttir og skilyrðum laga til endurupptöku því ekki fullnægt. Umboðsmaður gerði og athugasemdir við að barnaverndarráð hefði ekki nægilega skýrlega vísað til lagaákvæða í úrskurði sínum.

Niðurstaða umboðsmanns var, að þrátt fyrir greinda annmarka á meðferð málsins á grundvelli 50. gr. barnaverndarlaga, byggðist sú ákvörðun í málinu að barnið skyldi vera áfram í fóstri, á lög­mætum sjónarmiðum. Taldi umboðsmaður því ekki ástæðu til frekari athugasemda vegna kvörtunarinnar.

7.2. Barnsmeðlög. Framfærsluskylda. Dráttarvextir. Vandaðir stjórnsýsluhættir. (Mál nr. 1842/1996)

A kvartaði yfir því, að Innheimtustofnun sveitarfélaga hefði ekki staðið við samkomulag um að dráttarvextir af meðlagsskuld hans við stofnunina yrðu felldir niður.

Umboðsmaður rakti ákvæði 5. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga og 9.-11. gr. reglugerðar nr. 214/1973, um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga, um hlutverk innheimtustofnunar við innheimtu meðlaga, skyldu barnsfeðra til greiðslu dráttarvaxta ef meðlag er ekki greitt innan tiltekins tíma og heimild stjórnar innheimtustofnunar til þess að víkja frá dráttarvaxtatöku, sé um sérstaka félagslega erfiðleika að ræða hjá skuldara.

Umboðsmaður taldi ljóst, að ákvörðun stjórnar innheimtustofnunar hefði ekki staðið til þess að allir dráttarvextir af meðlagsskuld A yrðu felldir niður. Hins vegar

hefði orðalag bréfs stofnunarinnar, þar sem A var tilkynnt niðurstaða stjórnarinnar gefið aðra afstöðu stofnunarinnar til kynna. Bréfið hefði gefið A ástæðu til að ætla að allir dráttarvextir hefðu verið felldir niður. Innheimtustofnun sveitarfélaga hélt því fram, að A hefði leitað skýringa á efnislegu inntaki bréfsins skömmu eftir að það barst honum og að honum hefði þá verið kynnt bókun stjórnarinnar. Umboðsmaður vísaði til þess, að væri þessi staðhæfing rétt, hefði Innheimtustofnun sveitarfélaga borið að áréttu það bréflaga við A, að aðeins hefði verið felldur niður helmingur dráttarvaxta. Það hefði verið í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti, og um leið hefði stofnunin tryggt sér sönnun fyrir því, að efni stjórnarsamþykktarinnar hefði verið réttilega komið á framfæri við A. Umboðsmaður taldi þetta hafa verið sérstaklega brýnt, því að A hefði talið, í ljósi skilnings síns á samþykktinni, að skuld hans næmi tiltekinni fjárhæð, sem hann greiddi svo með greiðsluseðli skömmu síðar. Hann ritaði á greiðsluseðilinn athugasemd þess efnis að um lokagreiðslu vegna skuldar á meðlagi væri að ræða, sbr. bréf stofnunarinnar. Umboðsmaður benti á, að ef A hefði fengið þær skýringar á bréfi stofnunarinnar, sem hún héldi fram, hefði stofnunin engu að síður við viðtöku greiðsluseðilsins mátt gera sér grein fyrir því að skilningur A var annar. Hún aðhafðist hins vegar ekkert í tilefni af viðtöku seðilsins.

Það var því niðurstaða umboðsmanns, að A hefði verið rétt að skilja bréf innheimtustofnunar þannig, að stofnunin hefði ákveðið að fella niður alla dráttarvexti af meðlagsskuld hans, enda yrði ekki ráðið af gögnum málsins að stofnunin hefði leiðrétt þennan skilning A innan hæfilegs frests. Lög stæðu því ekki til þess, að Innheimtustofnun sveitarfélaga krefði A um þá dráttarvexti, sem um væri að ræða.

Í málinu kom fram, að það væri venja hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga að bakfæra ekki þá dráttarvexti, sem samþykkt hefði verið að fella niður, fyrr en skuldin hefði að öðru leyti verið gerð upp. Væri þetta ástæða þess að vísað hefði verið til þess af hálfu stofnunarinnar, að höfuðstóll skuldar A væri uppgreiddur en helmingur dráttarvaxta enn ógreiddur. Umboðsmaður benti á, að í lögum nr. 54/1971 og reglugerð nr. 214/1973, væri hvergi vikið að því, að stjórn innheimtustofnunar skyldi setja það skilyrði fyrir samkomulagi, eins og því sem hér um ræddi, að skuldin væri jafnframt gerð upp að öðru leyti. Hann taldi hins vegar að stjórninni væri þetta heimilt þegar efni stæðu til þess. Þá væri brýnt að sú afstaða stjórnarinnar kæmi fram í bréfi til skuldara þannig að honum mætti vera hún ljós. Þetta skipti máli um útreikning dráttarvaxta en innborganir gengju fyrst til greiðslu þeirra. Umboðsmaður tók fram, að sú reikningsaðferð innheimtustofnunar að miða niðurfellingu við áfallna dráttarvexti fyrr og síðar, leysti ekki til fulls úr tölulegu misræmi, sem kynni að koma upp í þessu sambandi.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til stofnunarinnar, að hún tæki mál A til meðferðar að nýju, ef hann óskaði þess, og hagaði þá úrlausn þess í samræmi við þau sjónarmið sem kæmu fram í álitinu.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort [A] hefði leitað til Innheimtustofnunar sveitarfélaga á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í svari Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 6. október 1999, segir að á stjórnarfundum hjá stofnuninni hinn 23. febrúar 1998 hafi verið gerð svofelld bókun:

„Lagt fram erindi [A], dags. 23. f.m. um niðurfellingu á dráttarvöxtum. Samþykkt að fella niður og bakfæra $\frac{1}{4}$ hluta dráttarvaxtanna með hliðsjón af álitgerð umboðsmanns Alþingis. Greiði 2 meðlög á mánuði.“

7.3. Barnsmeðlög. Ákvörðun meðlags. Verklagsreglur. Skyldubundið mat.
(Mál nr. 2222/1997)

A kvartaði yfir úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem ráðuneytið staðfesti úrskurð sýslumannsins í Reykjavík um meðlagsgreiðslur vegna barnsins B. Í bréfi er umboðsmaður ritaði, dags. 16. júlí 1998, sagði meðal annars: „Önnur atriði kvörtunar yðar snerta fjárhæð framfærslueyris og fjárhagsstöðu yðar. Framfærslu barns skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns, sbr. 1. mgr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992. Þá segir í 2. mgr. 10. gr. laganna, að framfærslueyri skuli ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra. Tilvitnuð lagaákvæði veita dómsmálaráðuneytinu töluvert svigrúm til þess að ákvarða fjárhæð meðlags, eftir því sem eðlilegt þykir í hverju tilfalli, og til að móta nánar þær reglur, sem fylgt er í þeim efnum. Dómsmálaráðuneytið hefur mótað vinnu- og viðmiðunarreglur í þessum tilgangi, sem stuðst er við, þegar úrskurðað er um hærra meðlag en lágmarksmeðlag. Ég tel að ráðuneytinu sé heimilt að setja slíkar reglur, til þess að stuðla að samræmi og jafnrétti við framkvæmd framangreindra ákvæða barnalaga. Hins vegar er ljóst, að slíkum reglum verður aðeins beitt til viðmiðunar og að líta verður til atvika allra í hverju máli. Samkvæmt kvörtun yðar teljið þér að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafi ekki tekið tillit til aðstæðna yðar í úrlausn sinni um aukið meðlag með syni yðar. Ég tel, að þau sjónarmið, sem ráðuneytið hefur lagt til grundvallar í úrskurði sínum og eru nánar skýrð í bréfi þess [. . .], séu í samræmi við umrædd ákvæði barnalaga. Þá hefur athugun mín ekki leitt í ljós, að ráðuneytið hafi að öðru leyti lagt til grundvallar ólögmat sjónarmið eða óeðlilegt mat á aðstæðum.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða mín, að dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hafi verið heimilt að taka mið af vinnureglum þeim, sem ráðuneytið hefur mótað, við úrlausn þess, hvort yður skuli gert að greiða hærra meðlag en lágmarksmeðlag, og að ólögmat sjónarmið hafi ekki legið til grundvallar niðurstöðu þess. Gefur kvörtun yðar því ekki tilefni til annarra athugasemda af minni hálfu en að framan greinir. Er afskiptum mínum vegna kvörtunar yðar því lokið, sbr. a-lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.“

8.0. Gjafsókn.

8.1. Skilyrði gjafsóknar. Álitsumleitan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2156/1997)

A kvartaði yfir ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem beiðni hans um gjafsókn vegna forsjármáls sem fyrrverandi eiginkona hans höfðaði gegn honum var hafnað, á þeirri forsendu að hann uppfyllti ekki skilyrði a. liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991, þ.e. að kostnaður við gæslu hagsmuna í dómsmáli væri honum ekki fyrirsjáanlega ofviða.

Umboðsmaður rakti ákvæði 125. og 126. gr. laga um meðferð einkamála og gat þess að samkvæmt þeim mæti gjafsóknarnefnd hvort skilyrðum 126. gr., fyrir meðmælum með gjafsókn eða gjafvörn, væri fullnægt og að neikvæð niðurstaða væri bindandi fyrir dóms- og kirkjumálaráðherra. Ráðherra hefði heimild í lögum til að setja nánari reglur í reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar, þar á meðal um viðmiðunarmörk í mati hennar á skilyrðum fyrir gjafsókn, en slík reglugerð hefði ekki verið sett.

Umboðsmaður vísaði til þess, að nefndin hefði lagt til grundvallar umsögn sinni tekjur umsækjanda á árinu 1996 samkvæmt skattframtali, að teknu tilliti til greiðslubyrði hans og fjölskylduhaga. Hann sá í sjálfu sér ekki ástæðu til athugasemda við að nefndin setti sér viðmið á borð við það að líta til skattleysismarka, enda væri beinlínis gert ráð fyrir því að ráðherra setti nefndinni slík mörk í formi reglugerða, og ekki yrði séð að nefnd viðmið byggðust á ómálefnalegum sjónarmiðum. Umboðsmaður sá hins vegar ástæðu til að áréttta að jafnframt slíkum almennum sjónarmiðum yrði að koma til heildstætt mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Endanleg ákvörðun hlyti ávallt að byggjast á mati á aðstæðum í hverju tilviki.

Umboðsmaður vísaði til álits síns, í máli nr. 753/1993 (SUA 1993:83), þar sem fjallað var um skyldu gjafsóknarnefndar til þess að rökstyðja umsagnir sínar. Með því að umsögn nefndarinnar væri bindandi leiddu meginreglur þær, sem 21. og 22. gr. stjórnarsýslulaga eru byggðar á, óhjákvæmilega til þess að gjafsóknarnefnd bæri að rökstyðja þá niðurstöðu að mæla ekki með gjafsókn, því að öðrum kosti væri dóms- og kirkjumálaráðuneytið ekki fært um að rökstyðja synjun, svo sem því bæri. Ljóst væri að umsögn nefndarinnar byggist á matskenndum grundvelli. Síðari málsl. 1. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga mælti fyrir um að í rökstuðningi slíkra ákvarðana skyldi greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið. Almennar staðhæfingar uppfylli ekki þær kröfur.

Með því að um endurupptöku málsins var að ræða, þar sem lagðar höfðu verið fram ítarlegri upplýsingar um skuldir, greiðslubyrði og tekjur, taldi umboðsmaður að rökstuðningur nefndarinnar hefði átt að vera mun ítarlegri um það hvaða sjónarmið voru ráðandi, hvernig þeim var beitt og hvaða einstakir þættir í eigna- og skuldastöðu höfðu áhrif og þar með hvaða ráðstöfunartekjur nefndin byggði á að A hefði til að standa strauam af kostnaði af gæslu hagsmuna sinna í málinu.

Beiðni umboðsmaður þeim tilmælum til gjafsóknarnefndar og ráðuneytisins að mál A yrði tekið upp að nýju, óskaði hann þess.

Umboðsmaður tók fram að í álitinu hefði ekki verið tekin afstaða til þess hvort nefndinni hefði borið skylda til þess að afla frekari upplýsinga um greiðslubyrði A, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga, áður en beiðni hans um gjafsókn var afgreidd öðru sinni.

Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. apríl 2000, óskaði ég eftir upplýsingum um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í framhaldi af því.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 25. apríl 2000, kemur fram að A hafi ekki óskað eftir því að mál hans yrði tekið upp að nýju. Jafnframt vakti ráðuneytið athygli á því að sett hefði verið reglugerð um starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 69/2000.

9.0. Heilbrigðismál.

9.1. Valdsvið nefndar um ágreiningsmál skv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Eftirlitsskyldur landlæknis. (Mál nr. 1999/1997)

A kvartaði yfir afgreiðslu nefndar um ágreiningsmál skv. lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, á erindi sem hann sendi henni í tilefni útgáfu læknisins B á læknisvottorði vegna sonar A.

Settur umboðsmaður rakti ákvæði 5. mgr. 3. gr. nefndra laga um skyldu landlæknis til að sinna kvörtunum eða kærur er „varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar“, þar sem er og að finna heimild til að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar. Taldi settur umboðsmaður ljóst að nefndinni væri ætlað að fjalla um sömu ágreiningsefni og landlækni bæri að sinna. Þá vísaði hann og til þess að í 18. gr. læknalaga nr. 53/1988 væri að finna reglur um eftirlit landlæknis með störfum lækna og til 28. gr. sömu laga um áminningu sem landlæknir getur veitt læknum.

Hann féllst á það með nefnd um ágreiningsmál skv. lögum 97/1990, að nokkur vafi væri um verksvið nefndarinnar að því er tæki til sjálfstætt starfandi lækna. Þá rakti hann að í nefndum lögum segði ekkert um með hvaða hætti landlæknir eða nefndin um ágreiningsmál skyldi leysa úr kvörtunum eða kærur. Taldi hann, með vísan til 1. mgr. 7. gr. starfsreglna nefndarinnar nr. 150/1985, að ekki yrði litið á niðurstöðu nefndarinnar sem stjórnvaldsákvörðun. Til nefndarinnar væri engu að síður stofnað með lögum og væri hún sem slík hluti af stjórnslu ríkisins.

Niðurstaða setts umboðsmanns var, að í starfi læknisins á lækningastofu sinni og við útgáfu umrædds vottorðs hefði hann ekki verið hluti af þeirri starfsemi er felld yrði undir heilbrigðisþjónustu í merkingu laga nr. 97/1990, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. og skilgreiningu sömu laga á heilsugæslu skv. 11. gr. og 2. mgr. 12. gr. Hann vakti og athygli á því að þrátt fyrir að ákvæði í 2. mgr. 1. gr. starfsreglna nr. 150/1985 felldi störf lækna utan sjúkrastofnana undir starfssvið nefndarinnar væri ekki gert ráð fyrir skyldu þeirra til að láta nefndinni í té upplýsingar, sbr. 9. gr. starfsreglnanna. Sem sjálfstætt starfandi læknir hefði B hins vegar fallið undir eftirlit landlæknis, sbr. 18. gr. læknalaga nr. 53/1988, og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990. Athugasemdum vegna útgáfu umrædds læknisvottorðs hefði því verið hægt að beina til landlæknis sem þá hefði borið að taka afstöðu til þess hvort tilefni væri til afskipta af starfi læknisins á grundvelli eftirlitsskyldna landlæknis.

Með því að læknirinn B var ekki að störfum innan heilbrigðisþjónustunnar taldi settur umboðsmaður að það hefði fallið utan starfssviðs úrskurðarnefndarinnar að fjalla um erindi A. Nefndinni hefði því borið að vísa erindinu frá. Í samræmi við þá niðurstöðu kvað settur umboðsmaður ekki tilefni til þess að hann fjallaði frekar um efni kvörtunar A, en vegna efnis svarbréfs nefndar um ágreiningsmál skv. lögum nr. 97/1990, beindi hann þeim tilmælum til nefndarinnar, að hún tæki mál A upp að nýju, óskaði hann þess.

9.2. Nefnd um ágreiningsmál skv. lögum um heilbrigðisþjónustu.
Rökstuðningur. Andmælaréttur.
(Mál nr. 2165/1997)

A kvartaði yfir því að nefnd um ágreiningsmál skv. lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, hefði ekki tekið rökstudda afstöðu til erindis síns og ekki staðið við loforð um endurupptöku málsins.

Niðurstaða setts umboðsmanns var, að sú skýring nefndarinnar, að rökstutt álit hefði ekki verið gefið með því að erindi A hefði byggt á röngum forsendum, sbr. 2. gr. nefndra laga, væri fullnægjandi og ekki væri tilefni til athugasemda við að niðurstaða nefndarinnar hefði ekki verið rökstudd. Hins vegar hefði verið rétt að nefndin tæki fram í niðurstöðu sinni ástæðu þess að rökstutt álit var ekki gefið, sbr. 2. gr. starfsreglna nefndar um ágreiningsmál um heilbrigðisþjónustu nr. 150/1985. Um það kvörtunarefni að A hefði verið lofað endurupptöku sagði settur umboðsmaður að þar stæði staðhæfing gegn staðhæfingu og engin efni væru til að taka afstöðu til þess hvor væri rétt. Hins vegar yrði að telja að A gæti enn látið reyna á afstöðu nefndarinnar til beiðni um endurupptöku.

Settur umboðsmaður gerði hins vegar athugasemd við að A var ekki gefinn kostur á að tjá sig munnlega fyrir nefndinni, þrátt fyrir að A hefði óskað þess sérstaklega, og að í 2. mgr. 4. gr. starfsreglna nefndarinnar væri tekið fram að aðilar að kvörtunum og kærumálum skyldu fá færi á að fylgja þeim munnlega eftir.

9.3. Auglýsing lyfsöluleyfa.
(Mál nr. 1816/1996)

Apótekarafélag Íslands kvartaði yfir því að ný lyfsöluleyfi hefðu ekki verið auglýst laus til umsóknar. Í bréfi sínu til félagsins rakti umboðsmaður að í lyfsölulögum nr. 30/1963 hefði kveðið á um það í 2. mgr. 7. gr. að þegar veita skyldi lyfsöluleyfi, bæri ráðherra að auglýsa eftir umsóknum með þeim hætti sem segði í 5. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þessi ákvæði hefðu verið felld úr gildi með lögum nr. 76/1982 en í 2. mgr. 10. gr. þeirra laga hefði verið tekið fram að lyfsöluleyfi skyldu auglýst.

Umboðsmaður vísaði til þess að í gildandi lyfjalögum væri hvergi kveðið á um það að skylt væri að auglýsa lyfsöluleyfi laus til umsóknar. Ekki væri heldur að finna neina ráðagerð þess efnis eins og verið hefði í eldri lögum. Umboðsmaður féllst því á það sjónarmið ráðuneytisins að ekki væri skylt samkvæmt lyfjalögum að auglýsa lyfsöluleyfi. Þá tók hann fram að það væri skoðun sín, að þar sem markaðsaðstæður ættu nú í aðalatriðum að ráða því, hversu margar lyfjabúðir væru starfræktar og hvar, yrði ekki talið að á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hvíldi ólögfest skylda til að auglýsa lyfsöluleyfi laus til umsóknar. Tók hann fram að hann teldi skyldu ráðherra skv. 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 til þess að afla umsagnar sveitarstjórnar um ný lyfsöluleyfi og til þess að meta sjálfur, sbr. dóm Hæstaréttar, H 1996:3921, með tilliti til íbúafjölda að baki lyfjabúð og fjarlægðar hennar frá næstu lyfjabúð, engu breyta í þessu efni, enda tilgangur ákvæðisins fyrst og fremst að koma í veg fyrir að óheft samkeppni stofnaði rekstrargrundvelli apóteka í dreifbýli í hættu.

10.0. Hæfi.

10.1.

Almennt hæfi. Sérstakt hæfi. (Mál nr. 2308/1997)

A kvartaði yfir því að formaður áfrýjunarnefndar skv. 63. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki, væri vanhæfur til meðferðar tiltekins máls hjá áfrýjunarnefndinni.

Umboðsmaður tók fram, að í vörumerkjalögum væru ekki ákvæði um sérstakt hæfi nefndarmanna til meðferðar máls en þar sem nefndin teldist til stjórnýslu ríkisins og úrskurðir hennar væru stjórnvaldsákvæðanir giltu ákvæði stjórnýslulaga um málsmeðferð áfrýjunarnefndar. Hafa bæri í huga við úrlausn framangreinds álitaefnis að hæfisreglum væri ætlað að hindra að aðilar að máli gætu haft réttmæta ástæðu til að ætla að óviðkomandi sjónarmið hefðu haft áhrif á ákvarðanir. Einnig að í úrskurðum áfrýjunarnefndarinnar væri iðulega fjallað um verulega fjárhagslega hagsmuni og að oft réði mat miklu um niðurstöðu.

Umboðsmaður tók afstöðu til tveggja meintra vanhæfisástæðna er vörðuðu sérstakt hæfi og einnar er varðaði almennt hæfi. Í kvörtuninni var því í fyrsta lagi haldið fram að formaðurinn væri vanhæfur þar eð hann starfaði á lögmannsstofu sem kæmi fram sem umboðsmaður í skilningi 35. gr. vörumerkjalaga fyrir eigendur vörumerkja sem ekki væru búsettir hér á landi. Lögmannsstofan og A væru því í beinni samkeppni á þessu sviði. Umboðsmaður taldi að þótt lögmannsstofan hefði tekið að sér að annast skráningu vörumerkja í nokkrum tilvikum, yrði ekki séð að það ylli sjálfkrafa vanhæfi formannsins til þess að úrskurða í sérhverju máli, þar sem deilt væri um skráningu vörumerkja. Það yrði heldur ekki séð, að í umræddu máli reyndi á svo sérstaka og verulega samkeppnishagsmuni á þessu sviði að það gerði formanninn vanhæfan til meðferðar málsins.

Í kvörtuninni var því í öðru lagi haldið fram að formaðurinn væri vanhæfur til meðferðar málsins þar sem hann kæmi fram sem lögmaður tiltekinnar bílaleigu í dómsmáli sem A hefði höfðað á hendur bílaleigunni. Umboðsmaður taldi rétt að taka fram, að því væri ekki haldið fram að málin tengdust efnislega eða gætu að öðru leyti haft fordæmisgildi hvort fyrir annað og einnig að áréttta að það væru ekki sömu aðilar sem tækjust á í umræddu dómsmáli og í því stjórnýslumáli sem áfrýjunarnefndin hefði til úrlausnar. Umboðsmaður vísaði til athugasemda í greinargerð með stjórnýslulögum og dró af þeim þá lögskýringarályktun að þurfi dómari ekki vika sæti við ákveðnar aðstæður skv. lögum um meðferð einkamála þurfi starfsmaður í stjórnýslu ekki heldur að gera það við sömu aðstæður. Umboðsmaður vísaði til dóms Hæstaréttar, H 1984:742 og taldi með hliðsjón af honum og því að ekki var haldið fram að framganga formannsins hefði verið með þeim hætti að ástæða væri til að draga óhlutdrægni hans í efa, að formaðurinn hefði ekki verið vanhæfur til meðferðar umrædds máls.

Í þriðja lagi var því haldið fram í kvörtuninni að starfsskyldur lögmanns sem sér um gæslu hagsmuna fyrir eigendur vörumerkja og starfsskyldur formanns áfrýjunarnefndar um vörumerki séu þess eðlis að til hagsmunaárekstra hljóti að leiða. Umboðsmaður athugaði hversu oft formaðurinn hefði orðið að vika sæti í málum vegna vanhæfis og umboðsmenn hversu margra vörumerkja lögmannsstofa hennar væri og komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fullyrða að formaðurinn yrði fyrir sjáanlega vanhæfur til meðferðar það margra mála sem ættu eftir að koma til kasta áfrýjunarnefndarinnar að hann teldist vanhæfur skv. hinni almennu óskráðu hæfisreglu, að ekki skuli skipa þá menn til nefndarsetu, sem fyrirsjáanlegt er að verði oft

vanhæfir til meðferðar einstakra mála eða sem gegna stöðu, sem vegna ákveðinna tengsla við nefndina veldur sjálfkrafa því að þeir geta ekki talist hæfir til að fjalla um sömu mál í báðum störfum.

10.2.

Almennt hæfi.
(Mál nr. 1968/1996)

Félag íslenskra stórkaupmanna kvartaði yfir skipun forstjóra Ríkiskaupa í lyfjaverðsnefnd skv. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 sem félagið taldi ekki samrýmast hæfisreglum.

Umboðsmaður tók fram að engin vísbending sæist um að ómálefnalegra eða annarra ólögðra sjónarmiða hafi gætt í störfum lyfjaverðsnefndar við úrlausn tiltekinnna mála. Því kæmi aðeins til úrlausnar hvort sami maður gæti almennt gegnt samtímis starfi forstjóra Ríkiskaupa, sem starfar samkvæmt lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup, og átt sæti í lyfjaverðsnefnd sbr. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, sbr. 5. gr. laga nr. 131/1994, um breytingu á þeim lögum.

Umboðsmaður vísaði til þess, að með ákvæðum 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 sbr. 5. gr. laga nr. 131/1994, hefði löggjafinn ákveðið að setja samkeppni og verslun með lyf ákveðnar hömlur, en þær væru fölgjar í því að lyfjaverðsnefnd væri falið það opinbera vald að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og öllum dýralyfjum í heilðsölu og smásölu. Umboðsmaður sagði það ljóst af markmiðum laganna og lögskýringargögnum að við ákvörðun um hámarksverð lyfja væri verið að þræða veg milli ólíkra og að hluta til andstæðra hagsmuna. Þá tók hann fram að í 3. mgr. 40. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 væri svo fyrir mælt að féllu atkvæði jöfn við afgreiðslu mála hjá nefndinni skæru atkvæði formanns úr.

Umboðsmaður benti á að val ráðherra á þeim nefndarmanni sem skipa skyldi án tilnefningar í lyfjaverðsnefnd væri komið undir frjálsum mati hans. Vali hans væru þó settar skorður af settum ákvæðum og grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins.

Hann vísaði til skýrslu sinnar fyrir árið 1992 (mál nr. 500/1991) (SUA 1992:104), um að ganga yrið út frá því að sú grundvallarregla gildi um almennt hæfi nefndarmanna í opinberum nefndum að ekki skyldi skipa þá menn til nefndarsetu sem annaðhvort væri fyrirsjáanlegt að yrðu oft vanhæfir til meðferðar einstakra mála eða gegndu stöðu sem vegna ákveðinna tengsla við nefndina ylli því sjálfkrafa að þeir gætu ekki talist hæfir til að fjalla um sömu mál í báðum störfunum. Vísaði umboðsmaður einnig til dóms Hæstaréttar H 1993:603 um skýringu á þessari reglu.

Umboðsmaður gerði greinarmun á föstum nefndarmönnum í lyfjaverðlagsnefnd og nefndarmönnum sem einvörðungu tækju sæti í nefndinni þegar fjallað væri um tiltekin málefni. Hæfisreglur horfðu öðruvísi við föstum nefndarmönnum en fulltrúum tiltekinna hagsmunaaðila.

Niðurstaða umboðsmanns var sú, að starfsskyldur formanns lyfjaverðsnefndar og forstjóra Ríkiskaupa væru í þeim mæli ósamrýmanlegar að sami maður mætti ekki gegna þessum störfum á sama tíma.

Beindi hann þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að skipan nefndarinnar yrði að þessu leyti komið í lögðætt horf. Þá beindi hann og þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að vandað yrði betur til könnunar á því hvort nefndarmenn uppfylltu almenn hæfisskilyrði áður en þeir væru skipaðir í lyfjaverðsnefnd.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álit. Þá fyrirsurn ítrekaði ég hinn 28. júní 1999.

Í svari heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 1999, kemur fram að hinn 1. mars 1999 hafi A verið veitt lausn frá formennsku í lyfjaverðsnefnd og B, hagfræðingur, skipaður formaður hennar frá sama tíma.

10.3. Sérstakt hæfi. Hæfisreglur sveitarstjórnarlaga. Frumkvæðisathugun.
(Mál nr. 2110/1997)

A kvartaði yfir úrskurði umhverfisráðuneytisins um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga, þ.e. byggingar álvers, lagningar háspennulínu og stækkunar Grundartangahafnar. Taldi hún, að til grundvallar úrskurðinum hefði verið lögð lögbundin umsögn Hvalfjarðarstrandarhrepps sem haldin væri verulegum annmarka þar sem oddviti hreppsins hefði verið vanhæfur til að standa að umsögninni en hann hefði átt hagsmuna að gæta við afgreiðslu málsins.

Umboðsmaður tók fram, að ekki yrði séð að A hefði kært til umhverfisráðherra úrskurð skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga. Af þeim sökum yrði ekki séð með vísan til 2. mgr. 4. gr. laga um umboðsmann Alþingis að A ætti aðild til þess að bera fram kvörtun yfir meintum annmarka á umsögn sem einvörðungu var veitt til undirbúnings að úrlausn kærumáls, sem hún hafði ekki gerst aðili að. Hann ákvað á hinn bóginn að fjalla engu síður um efni kvörtunar hennar að eigin frumkvæði með vísan til 5. gr. laga um umboðsmann Alþingis.

Umboðsmaður fjallaði fyrst um ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem varða framkvæmd laga um mat á umhverfisáhrifum og taldi að hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hefði átt að úrskurða um hæfi oddvitans til meðferðar umrædds máls með formlegum hætti í samræmi við skýr fyrirmæli 45. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Umboðsmaður taldi ljóst að oddvitinn hefði átt verulegra og sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins og því verið vanhæfur til undirbúnings og afgreiðslu umsagnar til ráðherra, sbr. 45. gr. laga nr. 8/1986. Hann benti á að þegar vanhæfur nefndarmaður hefði tekið þátt í meðferð og úrlausn máls væri talið að ákvörðunin gæti engu að síður verið gild ef sannað væri að áhrif og atkvæði hins vanhæfa nefndarmanns hefði ekki ráðið úrslitum máls. Ekki yrði annað séð en að umsögn Hvalfjarðarstrandarhrepps hafi verið í samræmi við stefnu hreppsins í málefnum stóriðju á þessu svæði.

Niðurstaða umboðsmanns var því sú að framangreindur annmarki á meðferð og afgreiðslu umsagnarinnar leiddi ekki til ógildis umsagnarinnar og hefði því ekki áhrif á gildi úrskurðar umhverfisráðuneytisins.

10.4. Sérstakt hæfi. Stjórnvaldsákvörðun. Frávik frá sérstökum hæfisreglum stjórn-sýslulaga. Meinbugir á lögum. Auglýsing.
(Mál nr. 1820/1996)

A kvartaði yfir styrkveitingum úr Lýðveldissjóði árið 1995. Hann taldi að auglýsa hefði átt fyrirhugaða styrkveitingu og að þeir menn, sem skipuðu verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna sjávar, sem undirbjó styrkveitinguna og gerði tillögur til sjóðstjórnar um það hverjir skyldu hljóta styrki, hefðu ekki uppfyllt sérstök hæfisskilyrði stjórn-sýslulaga.

Umboðsmaður rakti forsögu laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, ákvæði þeirra og reglugerðar um sjóðinn. Hann taldi ljóst, með hliðsjón af því að sjóðurinn væri eign ríkisins, í vörslu forsætisráðuneytisins og að stjórn hans væri kosin af Alþingi, að

sjóðurinn tilheyrði stjórnýslu ríkisins. Þá teldist ákvörðun um úthlutun styrkja úr opinberum sjóðum ákvörðun um réttindi eða skyldur manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Það var því niðurstaða hans að við meðferð mála hjá Lýðveldissjóði bæri m.a. að fylgja ákvæðum stjórnýslulaga.

Fyrir lá, að þeir menn, sem skipuðu verkefnisstjórnina, áttu aðild að ýmsum styrkumsóknum til sjóðsins árið 1995. Umboðsmaður rakti, að skv. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnýslulaga væri hver sá sem ætti aðild að eða væri í fyrirsvari fyrir styrkumsókn vanhæfur til meðferðar málsins. Þetta gildi einnig um þá starfsmenn sem undirbúa mál og gera tillögur að úrlausn þeirra, sbr. 1. mgr. 4. gr. stjórnýslulaga. Í skýringum Lýðveldissjóðs hafði verið vísað til þess, að löggjafinn hefði einkum ætlað að styrkja rannsóknir við hafrannsóknastofnun og að löggjafinn hefði lagt til grundvallar að starfsmenn stofnunarinnar ættu að gera tillögur til sjóðstjórnarinnar um rannsóknáætlun. Umboðsmaður skildi þessar skýringar sjóðsins svo, að því væri borið við að löggjafinn hefði vikið hæfisreglum stjórnýslulaga til hliðar með lögum 125/1994, þannig að starfsmenn hafrannsóknastofnunar teldust ekki vanhæfir þó að þeir hefðu komið að umsóknum um styrki úr sjóðnum. Hann vísaði til álits síns, í máli nr. 993/1994 (SUA 1996:206), þar sem því var lýst að byggja yrði á því að hæfisreglur stjórnýslulaga tækju til slíkra hagsmunaárekstra nema ljóst væri af lögum eða lögskýringargögnum, að löggjafinn hefði ætlað að vikja beinlínis frá sérstökum hæfisreglum stjórnýsluréttar og tók fram að engin slík ráðagerð kæmi fram í texta laga nr. 125/1994. Á hinn bóginn fælu ummæli í lögskýringargögnum í sér slíka ráðagerð. Umboðsmaður áréttaði, að þótt ákvæðum yngri laga væri ætlað að ganga frammar hæfisreglum stjórnýslulaga, þá vikju þau hæfisreglunum sjaldnast að öllu leyti til hliðar, heldur aðeins að því er varðaði afmarkaðar vanhæfisástæður. Það væri því alltaf sérstakt rannsóknarefni að hvaða leyti vikið væri frá hæfisreglum stjórnýslulaga með yngri lögum. Ekki yrði vikið frá hæfisreglum, nema að því leyti sem það yrði skýrlega ráðið af lögum eða lögskýringargögnum að ætlun löggjafans hefði staðið til þess, enda hefði stjórnýslulögum verið ætlað að auka réttaröryggi borgaranna með því að gera ákveðnar lágmarkskröfur til málsmeðferðar stjórnvalda. Umboðsmaður taldi það valda vafa við skýringu laga nr. 125/1994, að ráðagerð um frávik frá hæfisreglum stjórnýslulaga kæmi aðeins fram í lögskýringargögnum en ekki í lagatextanum. Taldi hann engu að síður, að með hliðsjón af lögskýringargögnunum yrði ekki talið að starfsmenn hafrannsóknastofnunar væru vanhæfir til undirbúnings mála hjá Lýðveldissjóði, þótt þeir kæmu að umsóknum um styrki úr sjóðnum, þar sem löggjafinn virtist hafa ætlað að búa við þennan hagsmunaárekstur. Gilti hið sama að þessu leyti um prófessor við Háskóla Íslands, sem sæti átti í verkefnisstjórninni, vegna náinna starfstengsla sem hann hafði við hafrannsóknastofnun, en hann hafði m.a. starfs- og rannsóknaraðstöðu hjá stofnuninni og aðgang að skipum hennar. Það var því niðurstaða umboðsmanns, að því er varðaði þennan þátt kvörtunar A, að ekki yrði talið að þeir sem sátu í umræddri verkefnisstjórn árið 1995 hefðu verið vanhæfir til að undirbúa mál og gera tillögur til stjórnar Lýðveldissjóðs.

Í álitinu vísaði umboðsmaður til þess, að það væri almennt talið nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum samskiptum almennings og stjórnvalda að hinar sérstöku hæfisreglur væru virtar. Þær miðuðu ekki eingöngu að því að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hefðu áhrif á efni stjórnvaldsákvæðana, heldur einnig að því, að almenningur og þeir sem hlut ættu að máli gætu treyst því að leyst væri úr málum á óhlutdrægan hátt. Umboðsmaður áréttaði, að þegar nauðsynlegt væri að lögfesta ákveðnar undantekningar frá hæfisreglum stjórnýslulaga væri mikilvægt að undantekningarnar væru skýrar og ótvíræðar og kæmu fram í lögum. Sú væri hins vegar ekki raunin í lögum nr. 125/1994, þar sem ráðagerð um frávik frá hæfisreglunum kæmi

aðeins fram í lögskýringargögnum en ekki lagatextanum. Þetta ylli óvissu um skýringu laganna. Þannig léki vafi á því hvort þetta væri nægilegt til þess að víkja hæfisreglum stjórnarsýslulaga til hliðar og þá að hvaða leyti. Með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997 vakti umboðsmaður athygli Alþingis á þessum meinbugum á lögum nr. 125/1994.

Við umfjöllun um þann þátt kvörtunar A, sem laut að auglýsingu fyrirhugaðrar styrkveitingar, áréttaði umboðsmaður að fylgja bæri ákvæðum stjórnarsýslulaga og meginreglum stjórnarsýsluréttar, þ.m.t. jafnræðisreglunni, er fé væri úthlutað úr Lýðveldissjóði. Þar sem sú skylda hvíldi á stjórnvöldum að gæta jafnréttis milli borgaranna yrði oft að gera þær kröfur til stjórnvalda að þau notuðu opinberar auglýsingar við meðferð mála, þegar þau væru að ráðstafa takmörkuðum gæðum, sem fyrirsjáanlegt væri að færri fengu en vildu. Þannig væri öllum, sem áhuga hefðu og skilyrði uppfylltu, gefið sama tækifæri til að sækja um. Það var því niðurstaða umboðsmanns, að þar sem ekki lá afdráttarlaust fyrir í upphafi, hverjir kæmu til greina sem umsækjendur um styrki, hefði verið réttara að stjórn sjóðsins hefði jafnframt auglýst fyrirhugaðar styrkveitingar opinberlega. Með tilliti til þess að umsókn A var tekin til efnislegrar meðferðar þó að hún bærist eftir lok umsóknarfrests, var hins vegar ekki tilefni til frekari umfjöllunar um þennan þátt kvörtunarinnar.

I.

Hinn 14. júní 1996 leitaði til mín A og kvartaði yfir veitingu styrkja úr Lýðveldissjóði á árinu 1995. Laut kvörtun A annars vegar að því, hvernig staðið hefði verið að auglýsingu á fyrirhuguðum styrkveitingum, og hins vegar að því, að í verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna, sem hafði undirbúning málsins með höndum, hefðu setið menn, sem ekki uppfylltu sérstök hæfisskilyrði stjórnarsýslulaga.

II.

Í kvörtun A er því lýst, að hann hafi um nokkurra ára skeið stundað rannsóknir á erfðavistfræði þorsksins. Þegar Alþingi hefði á hátíðarfundum sínum á Þingvöllum 17. júní 1994 samþykkt þingsályktunartillögu um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni af 50 ára afmæli Lýðveldisins, sem meðal annars var ætlað að efla rannsóknir á lífríki og vistfræði sjávar, hefði hann ákveðið að sækja um styrk til rannsókna. Ekki hefði verið auglýst opinberlega eftir umsóknum um styrki. Hefði honum borist vitneskja um umsóknarfrest þremur vikum eftir að hann var liðinn. A sótti síðan um styrk úr sjóðnum 24. mars 1995. Stjórn Lýðveldissjóðs tilkynnti A 16. júní 1995 að sjóðurinn sæi sér ekki fært að styrkja verkefni hans.

Í bréfi, sem A ritaði stjórn Lýðveldissjóðs 30. janúar 1996, lýsti hann þeirri afstöðu sinni, að hann væri ekki sáttur við úthlutun stjórnar sjóðsins og afgreiðslu hennar. Gerði A athugasemdir við það, með hvaða hætti mönnum hefði verið gefinn kostur á að sækja um styrki úr sjóðnum. Í bréfi A segir meðal annars svo:

„Umsókn undirritaðs var synjað [. . .] en umsókn þeirra kollega minna [. . .] sem fengu að vita og sóttu fyrir tilskilinn umsóknarfrest voru styrktar [. . .] Af þessari staðreynd gæti ég dregið þá ályktun að það að mér var leyft að senda inn mína umsókn eftir tilskilinn umsóknarfrest hafi verið yfirskinn, að ákvörðun hafi þá þegar verið tekin. Til að upplýsa þetta spyr ég:

1. Hvaða stofnunum og hvaða einstaklingum var boðið að taka þátt í rannsóknum á lífríki sjávar?
2. Hvað var lagt til grundvallar ákvörðun um hvaða stofnunum og einstaklingum yrði boðið að taka þátt í þeim rannsóknum?
3. Var fyllsta jafnræðis gætt við framkvæmd kynningar á fyrirhuguðum styrkveitingum og umsóknarfresti?

Umsókn minni um styrk til verkefnisins „Erfðabreytileiki sem vísitala æxlunarárangurs þorsksins“ var sýnað. Á lista sjóðsins yfir styrki [. . .] og lista yfir verkefnisstjóra einstakra verkefna [. . .] sést að [X, Y], og [Z] eru víða verkefnisstjórar einstakra verkefna og eiginlegir styrkþegar að stórum hluta allra styrkveitinga. Ég lít svo á að sem verkefnisstjórar einstakra verkefna séu þeir styrkþegar sjóðsins og eiginlegir mótumsækjendur mínir um styrk úr sjóðnum. Jafnframt sátu þessir þrír menn í verkefnisstjórn þeirri sem í raun ákvað hvaða umsóknir skyldu styrktar og skipti fé sjóðsins með tillögum sínum til sjóðstjórnar Lýðveldissjóðs [. . .] Þeir eru því eiginlegir umsækjendur og styrkþegar sjóðsins jafnframt því að sitja í úthlutunarnefnd. [. . .]“

Í svarbréfi stjórnar Lýðveldissjóðs, dags. 30. apríl 1996, er í upphafi þess vísað til þingsályktunartillögu Alþingis frá 17. júní 1994 um stofnun nefnds háttíðarsjóðs og ummæla í greinargerð með ályktuninni um, að það skyldi vera hlutverk Hafrannsóknastofnunar að gera tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlun, stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í verkefninu. Í samræmi við þetta hafi verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna verið skipuð tveimur starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og einum frá Háskóla Íslands. Hafi ekki verið ætlast til þess, að „þeir vísindamenn, sem skipuðu verkefnisstjórnina, væru [. . .] útilokaðir frá þátttöku í vísindaáætluninni“. Síðan segir í bréfi stjórnar Lýðveldissjóðs:

„Um störf verkefnisstjórnar vistfræðirannsóknna er annars þetta að segja:

Verkefnisstjórnin tók, að höfðu samráði við stjórn Lýðveldissjóðs, ákvörðun um hvaða stofnunum og einstaklingum var boðið að taka þátt í rannsóknáætluninni. Það voru eftirtaldir aðilar: sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar svo og þeir af sérfræðingum sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri sem einnig starfa á Hafrannsóknastofnun. Þeim var í lok janúar 1995 sent tölvuskeyti þar sem vakin var athygli á fyrirhuguðu „Átaki í rannsóknum á lífríki sjávar“ og var þeim boðið að koma fram með hugmyndir að verkefnum. Forstöðumönnum Náttúrufræðistofnunar og Líffræðistofnunar Háskólans var enn fremur sent í lok janúar 1995 símbref um sama efni. Í bréfinu var leitað eftir hugmyndum sérfræðinga þessara stofnana að verkefnum og þeir beðnir um að koma þeim á framfæri við verkefnisstjórn fyrir 24. febrúar 1995. Gengið var út frá því að forstöðumenn þessara stofnana gerðu sérfræðingum á þeim, sem unnið hafa að rannsóknum tengdum lífríki sjávar, grein fyrir erindinu og fylgdu málinu eftir. Nokkrir sérfræðingar utan áðurgreindra stofnana höfðu samband við verkefnisstjórn og báðu um frekari upplýsingar um rannsóknir þessar. Var þeim sent sérstaklega bréf það sem farið hafði til sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar og sent hafði verið forstöðumönnum Náttúrufræðistofnunar og Líffræðistofnunar Háskólans.

Á þennan hátt var reynt [. . .] að tryggja að allar helstu íslenskar rannsóknastofnanir og einstaklingar, sem starfa á þeim og sinnt hafa rannsóknum á lífríki sjávar, fengju vitneskju um fyrirhugaðar rannsóknir. Hvorki stjórn Lýðveldissjóðs né verkefnisstjórn taldi eðlilegt, þegar að undirbúningi rannsóknáætlunarinnar var unnið, að auglýsa opinberlega (t.d. í dagblöðum) eftir þátttöku vísindamanna eða hugmyndum um verkefni, m.a. vegna áðurgreindra ákvæða í greinargerð þingsályktunartillögunnar, sem samþykkt var á Þingvöllum, um forustuhlutverk Hafrannsóknastofnunar.

Stjórn Lýðveldissjóðs telur að með þessu vinnulagi hafi þess verið gætt nægjanlega að allar helstu íslenskar rannsóknastofnanir og einstaklingar, sem starfa á þeim og tengst hafa rannsóknum á lífríki sjávar, hafi fengið vitneskju um fyrirhugaðar rannsóknir. [. . .]

Enda þótt frestur til að skila tillögum að verkefnum hafi verið til 24. febrúar 1995 fengu tillögur að verkefnum, sem bárust eftir þann tíma, en þær voru nokkrar, að öllu leyti sömu umfjöllun og komu til álita við styrkveitingu eins og aðrar sem bárust fyrir þann tíma. Var það gert með hliðsjón af því að verkefnið var að fara af stað og til ýmissa þátta að líta á fyrsta starfsári sjóðsins.

Um mat á umsóknum er þetta að segja:

Mat umsókna fór fram á faglegum grunni en sérstaklega var tekið mið af því að þær féllu innan þeirra meginviða sem tilgreind eru í greinargerð áður nefndrar þingsályktunartillögu um stofnun Lýðveldissjóðs. Einnig var höfð hliðsjón af því hvort sjóðurinn gæti styrkt verkefnið á þann hátt að þau skiluðu tilætluðum árangri á starfstíma hans.

[. . .]

Í þessu sambandi er mikilvægt að benda á að þegar tillögur verkefnisstjórnar voru að mestu leyti mótaðar, og fyrir lá að einstaklingar í verkefnisstjórn áttu aðild að einstökum verkefnum, eða stjórnðu þeim, samþykkti stjórn sjóðsins á fundi sínum 11. maí 1995 að kynna tillögurnar forstjóra og aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar, bæði almennt og sérstaklega að þessu leyti. Fóru þeir vandlega yfir tillögurnar og skiluðu álitum á fundi stjórnar Lýðveldissjóðs 30. maí 1995. Þá samþykkti stjórn sjóðsins enn fremur að fela tveimur sérfræðingum utan Hafrannsóknastofnunarinnar, sérfræðingum á sviði fiskifræði og líffræði, að leggja sjálfstætt mat á áætlunina, og sérstaklega þau verkefni sem verkefnisstjórnarmenn áttu aðild að. Niðurstaða þeirra lá fyrir á fundi stjórnarinnar 11. júní. Að fengnu álitum frá þessum aðilum, svo og á grundvelli þeirrar sérþekkingar sem er fyrir hendi í stjórn sjóðsins, samþykkti hún þær tillögur sem verkefnisstjórn gerði endanlega til stjórnarinnar.

[. . .]

Varðandi umsókn yðar sérstaklega, og hvernig um hana var fjallað, skal þetta tekið fram:

Umsóknin var lesin yfir af verkefnisstjórn og í framhaldi af því send til tveggja utanaðkomandi sérfræðinga. Umsögn þeirra beggja um verkefnið, svo og um þá upphæð sem sótt var um, var á þann veg að verkefnisstjórn taldi sér ekki fært að styrkja verkefnið.

Tillögum, sem verkefnisstjórn mælti ekki með, var öllum vísað til sérstakrar umfjöllunar stjórnar sjóðsins, og svo var einnig um umsókn yðar. Það skal tekið fram sérstaklega að synjun um styrk til yðar byggðist að engu leyti á því að umsóknin barst ekki fyrr en eftir auglýstan umsóknarfrest, heldur einvörðungu á efnislegu mati.

Að lokum vill stjórn Lýðveldissjóðs benda yður á að verkefnisstjórn vistfræðirannsóknar er ekki stjórnarsýslunefnd í skilningi stjórnarsýslulaga þar eð hún tekur ekki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Verkefni hennar er það eitt að afla umsókna um styrki og gera tillögur um úthlutun styrkja til stjórnar Lýðveldissjóðs. Stjórn Lýðveldissjóðs telur sig hins vegar vera stjórnarsýslunefnd í áðurgreindum skilningi enda er það hún sem tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutun styrkja. Stjórn sjóðsins telur að hún hafi að öllu leyti lagt sjálfstætt mat á tillögur verkefnisstjórnar með því að afla álitis fjögurra utanaðkomandi sérfræðinga, auk þeirrar sérfræðipækkingar sem er fyrir hendi innan stjórnarinnar og áður hefur verið dregið á. Stjórnin hefur jafnframt litið svo á að stjórnarmenn Lýðveldissjóðs ættu ekki að eiga aðild að neinum verkefnum á vegum sjóðsins.

Verkefnisstjórn vistfræðirannsóknar hefur því einungis starfað sem faglegur ráðgjafi. Einstaklingar, sem í henni sitja, voru valdir í hana á grundvelli sérfræðipækkingar og starfa þeirra. Stjórn sjóðsins taldi það mikinn feng að fá þá þrjá einstaklinga sem um ræðir, [Z, X] og [Y] prófessor, í verkefnisstjórnina og vildi ekki að með þátt-

töku sinni í verkefnisstjórninni væru þeir útilokaðir frá þátttöku í verkefnum í svo viðamikilli rannsóknáætlun sem hér um ræðir.

Stjórn Lýðveldissjóðs telur því samkvæmt framansögðu að aðfinnslur yðar um störf og hæfi verkefnisstjórnar vistfræðirannsóknna séu ekki á rökum reistar. Stjórnin telur að undirbúningur, þar á meðal kynning verkefna, hafi verið fullnægjandi af hálfu verkefnisstjórnar og að henni hafi verið heimilt að gera tillögur um verkefni þar sem verkefnisstjórnarmenn áttu sjálfir aðild að, enda hefur verið fjallað sjálfstætt og af nægilegri sérfræðipækkingu um tillögurnar. Þá telur stjórn Lýðveldissjóðs að umsókn yðar hafi fengið eðlilega og efnislega meðferð sem engir sérstakir annmarkar séu á.“

Með bréfi, dags. 30. apríl 1996, sótti A um styrk til Lýðveldissjóðs á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 324/1995, um Lýðveldissjóð, til svonefndra „minni háttar verkefna“. Sótti hann um framlag til kaupa á sjálfvirkum DNA raðgreini. Hlaut hann styrk að fjárhæð 800.000 kr. þó að því tilskildu, að styrkur fengist á móti úr tækjakaupasjóði Háskólans.

III.

Með bréfi, dags. 24. júní 1996, óskaði ég eftir því, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að stjórn Lýðveldissjóðs gerði grein fyrir viðhorfum sínum til kvörtunar A og léti mér í té gögn málsins. Skýringar stjórnar Lýðveldissjóðs bárust mér með bréfi stjórnar sjóðsins 31. október 1996. Áður höfðu mér borist viðbótarupplýsingar frá A með bréfi hans, dags. 1. júlí 1996. Í bréfi sínu upplýsir A, að hann hafi einnig sótt um styrk til minni háttar verkefna, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 324/1995, um Lýðveldissjóð, og að hann hafi fengið slíkan styrk. Meðal umsækjenda um sams konar styrk hafi verið forstjóri Hafrannsóknastofnunar. Síðan segir í bréfinu:

„Í kvörtun minni til umboðsmanns rakti ég hvernig forstjóri Hafrannsóknastofnunar réði í reynd skipun verkefnisstjórnar [. . .] og var fenginn sem utanaðkomandi sérfræðingur til að leggja mat [á] tillögur verkefnisstjórnar og sérstaklega að því leyti að verkefnisstjórnarmenn voru sjálfir umsækjendur [. . .] Ég vek athygli á því að hér kemur forstjóri Hafrannsóknastofnunar fram sem mótumsækjandi undirritaðs sem aðili að umsókn um samskonar tæki.“

Með bréfi, dags. 3. júlí 1996, gerði ég stjórn Lýðveldissjóðs grein fyrir framangreindu bréfi A.

Að því er snerti þann hluta kvörtunar A, sem laut að kynningu á fyrirhuguðum styrkveitingum úr Lýðveldissjóði, vísaði stjórn sjóðsins í skýringum sínum í bréfi frá 31. október 1996 til bréfs síns frá 30. apríl 1996. Enn fremur vísaði stjórnin til bréfs verkefnisstjórnar frá 9. september 1996, þar sem því væri einnig lýst, hvernig að kynningu á fyrirhuguðum styrkveitingum hefði verið staðið og tillögum verkefnisstjórnarinnar um þátttöku vísindamanna í rannsóknáætluninni. Í skýringum stjórnar Lýðveldissjóðs segir meðal annars:

„Stjórn Lýðveldissjóðs telur að umsókn dr. [A] hafi hlotið faglega umfjöllun, en leitað var álits fagaðila eins og frekast var kostur og hlutleysis gætt. Eins og fram kemur hér að framan og í bréfi Lýðveldissjóðs til [A], dags. 30. apríl 1996, bls. 3, voru tillögur [A] ekki einungis meðhöndlaðar af mönnum með sérþekkingu innan stjórnar sjóðsins heldur var áætlunin í heild sinni einnig kynnt forstjóra og aðstoðarforstjóra Hafrannsóknastofnunar, þeim [. . .] sem fóru vandlega yfir tillögur verkefnisstjórnar og skiluðu álit. Enn fremur var tveimur sérfræðingum utan Hafrannsóknastofnunarinnar, sérfræðingum á sviði og líffræði, þeim [. . .], falið að leggja sjálfstætt mat á

áætlunina og sérstaklega þau verkefni sem verkefnisstjórnarmenn áttu aðild að. Á grundvelli álita allra þessara aðila var ákvörðun tekin um áætlunina og þar á meðal að hafna umsókn dr. [A]. Til nánari skýringar og fróðleiks um úthlutun Lýðveldissjóðs fylgir með yfirlit yfir úthlutun sjóðsins 1995 þar sem fram kemur að hvaða verkefnum verkefnisstjórnin átti aðild.“

Í tilvitnuðu bréfi verkefnisstjórnar vistfræðirannsóknna frá 9. september 1996 kemur fram, að bréfið er svar við ósk stjórnar Lýðveldissjóðs um greinargerð um það, hvernig hagað hefði verið sambandi verkefnisstjórnar við vísindamenn utan Hafrannsóknastofnunarinnar um kynningu áætlunar um vistfræðirannsóknir og með hvaða hætti þeim hefði verið gefið tækifæri til þess að eiga aðild að henni. Í nefndu bréfi verkefnisstjórnarinnar segir meðal annars:

„Það er mikilvægt í þessu samhengi öllu að í þeirri greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar nr. 1322 um stofnun hátíðasjóðs í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldissins til átaks í rannsóknum á vistfræði sjávar, var það vilji Alþingis að rannsóknirnar lytu yfirstjórn Hafrannsóknastofnunar og tækju mið af þeim verkefnum sem stofnunin teldi brýnust á þessu sviði og ekki hafði verið hægt að sinna sem skyldi fram að þessu. Í greinargerðinni segir m.a. svo: „Það er skoðun flutningsmanna að heppilegast sé að Hafrannsóknastofnun, er býr yfir mestri þekkingu á vistfræði sjávar hérlendis, hafi forustu um undirbúning þessa verkefnis. Það kæmi því í hlut Hafrannsóknastofnunar að gera tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlunina, stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í verkefninu“. Af greinargerðinni er því alveg „kristaltært“ að [sjóðnum] er fyrst og fremst ætlað að efla þær rannsóknir sem stundaðar eru á Hafrannsóknastofnun á sviði vistfræði sjávar. Því var í raun ekki verið að setja á laggirnar sjóð sem allir sem sinntu sjávarrannsóknum hefðu frjálсан aðgang að. Við framkvæmd var hinsvegar reynt, að svo miklu leyti sem verkefnið gáfu tilefni til, að virkja aðrar stofnanir sem sinna verkefnum á þessu sviði.

[. . .]

Um tengsl okkar í verkefnisstjórn við þau verkefni sem Lýðveldissjóður hefur styrkt og unnin eru af Hafrannsóknastofnun er að öðru leyti þetta að segja. Öll eru verkefni grundvallarþættir í starfsemi stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Þau miðast við það að afla upplýsinga um og öðlast dýpri skilning á lífríki hafsins og svara spurningum þar að lútandi [. . .]. Rannsóknastefna stofnunarinnar er hinsvegar að sjálfsögðu mörkuð af forstjóra stofnunarinnar og stjórn en ekki okkur sem verkefnisstjórnar „Átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar“. Framlag Lýðveldissjóðs er í flestum tilfellum aðeins brot af heildarkostnaði hvers verkefnis. Mikilvægi þessa framlags fyrir Hafrannsóknastofnunina felst hins vegar í því [að] gera stofnuninni kleyft að kaupa ýmis konar rannsóknabúnað og vinna betur og markvissar úr niðurstöðum en unnt væri að öðrum kosti. Eðli málsins samkvæmt eiga starfsmenn verkefnisstjórnar þátt í nokkrum viðfangsefnum. Hins vegar erum við allir fastráðnir starfsmenn Háskólans og Hafrannsóknastofnunarinnar og eigum því persónulega engra fjárhagslegra hagsmuna að gæta.“

Með bréfi, dags. 4. nóvember 1996, gaf ég A kost á að senda mér þær athugasemdir, sem hann teldi ástæðu til vegna skýringa Lýðveldissjóðs. Athugasemdir A bárust mér með bréfi hans, dags. 26. nóvember 1996.

Með bréfi, dags. 25. september 1997, óskaði ég eftir því við stjórn Lýðveldissjóðs, að hún veitti mér upplýsingar um starfstengsl Y, prófessors, við Hafrannsóknastofnun. Mér bárust svör stjórnar Lýðveldissjóðs með bréfi, dags. 30. september 1997. Með bréfinu

fylgdi samningur á milli Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunar um rannsókn- og kennslustöðu í hafefnafræði fyrir prófessor Y. Þar kemur m.a. fram, að Y hefur starfs- og rannsóknaraðstöðu hjá Hafrannsóknastofnun. Þá hefur hann aðgang að skipum stofnunarinnar, eins og hann kann að hafa þörf fyrir vegna rannsókna og gagnasöfnunar. Niðurstöður rannsókna Y, sem birtar eru, skulu koma út á vegum Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands.

Með bréfi, dags. 9. október 1997, gaf ég A kost á að senda mér þær athugasemdir, sem hann teldi ástæðu til, vegna skýringa Lýðveldissjóðs. Ég ítrekaði tilmæli mín í bréfi, dags. 28. október 1997, og óskaði þess að þær bærust fyrir 15. nóvember 1997. A óskaði eftir því að fá framlengingu á fresti til þess að skila athugasemdum sínum til 1. janúar 1998 og varð ég við því. Athugasemdir A bárust mér síðan með bréfi hans, dags. 29. desember 1997. Í bréfinu segir meðal annars svo:

„Þegar [Y] tekur við starfi prófessors í hafefnafræði virðist hann fá svipaða fyrirgreiðslu og forveri hans [. . .] sem hafði rannsóknaraðstöðu á Hafrannsóknarstofnun. Samkvæmt samningnum veitir Hafrannsóknastofnun [Y] ýmsa aðstoð og aðstöðu til kennslu og rannsókna og til kennslu í rannsóknatengdu framhaldsnámi til M.S., þar með talið tíma á skipum stofnunarinnar. Vinnustaður [Y] við rannsóknir telst vera Hafrannsóknastofnun og áætlanir [Y] sem hann stundar einn eða í samvinnu við starfsmenn Hafrannsóknastofnunar eru metnar á sama hátt og rannsóknir annarra starfsmanna Hafrannsóknastofnunar. [Y] er því háður Hafrannsóknastofnunar. Hafrannsóknastofnun er einnig háð [Y] eins og fram kemur í 6. gr. að niðurstöður rannsókna [Y] koma út á vegum Hafrannsóknastofnunar og HÍ. Rannsóknir [Y] auka virðingu Hafrannsóknastofnunar og þann virðingarauka notar stofnunin til áhrifa, m.a. þegar stofnunin sækir fé til fjárveitingarvaldsins.

Af þessu er ljóst að þrátt fyrir að [Y] sé prófessor við Háskóla Íslands eru rannsóknartengsl hans við Hafrannsóknastofnun slík að hann getur ekki talist vera aðili óháður Hafrannsóknastofnunar. [Y] hefur ýmsan hag af tengslum sínum við Hafrannsóknastofnun og Hafrannsóknastofnun hefur hag af tengslum við [Y]. Þegar forstjóri Hafrannsóknastofnunar skipar á sínum tíma verkefnisstjórnina velur hann því ekki aðila óháða stofnuninni. [Y] er einn af vísindamönnum stofnuninnar, þar er hans vinnustaður og hann situr við sama borð og aðrir vísindamenn á stofnuninni [. . .]“

IV.

Í forsendum og niðurstöðu álits míns, dags. 13. febrúar 1998, sagði svo:

„Á hátíðarfundum á Þingvöllum 17. júní 1994 samþykkti Alþingi þingsályktun um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis Lýðveldisins. Í ályktuninni sagði, að ráðstöfunarfé sjóðsins skyldi vera 100 milljónir króna árlega á árunum 1995 til 1999. Skyldi helmingur fjárhæðarinnar renna til átaks í vistfræðirannsóknnum á lífríki sjávar. Samkvæmt tillögunni skyldi Alþingi kjósa þriggja manna sjóðstjórn, sem skyldi staðfesta sérstaka rannsóknáætlun og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Í greinargerð með tillögunni sagði meðal annars:

„Umsjón með vistfræðirannsóknnum á lífríki sjávar verður á hendi faglegrar verkefnisstjórnar og skulu reglur um störf hennar staðfestar af sjóðstjórn. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðstjórnin staðfesti rannsóknáætlunina. Það er skoðun flutningsmanna að heppilegast sé að Hafrannsóknastofnun, er býr yfir mestri þekkingu á vistfræði sjávar hérlendis, hafi forustu um undirbúning þessa verkefnis. Það kæmi því í hlut Hafrannsóknastofnunar að gera tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlunina,

stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í verkefninu. Verkefnisstjórn hefði á hendi hina faglegu umsjón með verkefninu og annaðist greiðslur fyrir einstaka þætti þess. Gera verður ráð fyrir að verkefnið verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar en jafnframt er ætlast til þess að stofnunin nýti sér þekkingu annarra vísindamanna eftir því sem við á.“ (Alpt. 1993, A-deild, bls. 5225–5226.)

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er enn fremur nánari útlistun á tillögunni, þ. á m. þætti Hafrannsóknastofnunar í svokölluðum fjölstofnarannsóknnum, og hugmyndir um þau verkefni, sem stofnunin teldi einna brýnust á sviði vistfræði sjávar (Alpt. 1993–1994, A-deild, bls. 5226–5227). Í ræðu flutningsmanns tillögunnar segir meðal annars:

„Eins og áður er fram komið er gert ráð fyrir að 50 millj. kr. renni árlega næstu fimm árin til sérstakra verkefna er lúta að rannsóknum á lífríki hafsins. Út frá því er gengið, eðli málsins samkvæmt, að forusta um þessi verkefni verði á hendi Hafrannsóknastofnunar og vísindamanna hennar. Það er mat forustumanna stofnunarinnar að fyrir það fé sem hér um ræðir megi gera myndarlegt átak í rannsóknum, sem til þessa hafa setið á hakanum þótt mjög mikilvægar séu, til aukins skilnings á fæðukeðjunni í hafinu umhverfis landið. Jafnframt hyggst stofnunin endurskipuleggja ráðstöfun rannsóknafjárins og mannhald til þess að tryggja að framlög úr Lýðveldissjóði nýtist sem best.

Í greinargerð með tillögunni liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um þau brýnu rannsóknaverkefni sem fyrir liggja hjá stofnuninni á þessu sviði. [. . .]

Flutningsmenn tillögunnar vilja taka fram að æskilegt er að vísindamenn frá öðrum rannsóknastofnunum en Hafrannsóknastofnun geti komið að þessum verkefnum í einhverjum mæli og eftir því sem við getur átt. Í tillögunni er miðað við að vistfræðirannsóknirnar verði á hendi faglegrar verkefnisstjórnar sem geri nákvæma rannsóknáætlun.“ (Alpt. 1993–1994, B-deild, dálk. 8913.)

Á grundvelli framangreindrar þingsályktunar voru síðan sett lög nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð. Skyldi starfstími hans vera frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999 og varsla hans og dagleg umsýsla heyra undir forsætisráðuneytið. Samkvæmt 3. gr. laganna skyldi Alþingi kjósa fyrir árslok 1994 þriggja manna stjórn sjóðsins. Skyldi það vera hlutverk stjórnarinnar að staðfesta rannsóknáætlun fyrir verkefni í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Í 5. mgr. sama ákvæðis er síðan gert ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins skuli „gangast fyrir vali á þriggja manna verkefnisstjórnnum“, sem skuli hafa á hendi „faglega yfirstjórn verkefnaáætlana um lífríkisrannsóknir“. Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, segir meðal annars svo:

„Umsjón með vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar verður á hendi faglegrar verkefnisstjórnar og skulu reglur um störf hennar staðfestar af sjóðstjórn. Þá er gert ráð fyrir að sjóðstjórn staðfesti rannsóknáætlunina. Talið er heppilegt að Hafrannsóknastofnun hafi með höndum forustu um undirbúning þessa verkefnis og geri tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlunina, stjórn verkefnisins og þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Þótt gera megi ráð fyrir að þetta verkefni verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar er ætlast til þess, að stofnunin nýti sér þekkingu annarra vísindamanna eftir því sem við á.“ (Alpt. 1994, A-deild, bls. 1461.)

Með reglugerð nr. 324/1995, um Lýðveldissjóð, voru síðan sett nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga nr. 125/1994.

V.

1. Hæfi stjórnarmanna í verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna sjávar.

A kvartar yfir því, að þeir X, Y og Z hafi verið vanhæfir til meðferðar mála í verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna sjávar við úthlutun úr Lýðveldissjóði árið 1995, þar sem þeir hafi átt aðild að nokkrum af þeim verkefnum, sem samþykkt voru og styrkir veittir til úr Lýðveldissjóði. Af kvörtuninni verður ráðið, að hvorki séu bornar brigður á færni né menntun umræddra manna. Kvörtunin snertir því einungis sérstakt hæfi þeirra til undirbúnings, meðferðar og gerðar tillagna til stjórnar um úthlutun styrkja úr Lýðveldissjóði árið 1995, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 324/1995.

Eins og áður er fram komið, var Lýðveldissjóður stofnaður með lögum nr. 125/1994. Samkvæmt 1. gr. laganna er hann eign ríkisins og heyrir varsla hans og dagleg umsýsla undir forsætisráðuneytið. Stjórn sjóðsins er kosin af Alþingi, sbr. 3. gr. laganna. Að framansögðu athuguðu er ekki vafa undirorpið, að Lýðveldissjóður telst til stjórnarsýslu ríkisins í skilningi 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Þar sem ákvarðanir um úthlutun styrkja úr opinberum sjóðum teljast ákvarðanir um réttindi eða skyldur manna í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga, ber meðal annars að fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga við meðferð mála hjá Lýðveldissjóði.

Í skýringum forstjóra Hafrannsóknastofnunar í bréfi hans til stjórnar Lýðveldissjóðs, dags. 12. september 1996, kemur fram, að umræddir menn hafi verið valdir í verkefnastjórn vistfræðirannsóknna sjávar, þar sem þeir hafi verið taldir hæfastir til þess að gegna þessu starfi sökum afburðaþekkingar á hafræði, lægstu þrepum fæðukeðjunnar og tengslum þeirra við aðra þætti lífríkis sjávar.

Á minnisblaði, sem fylgdi bréfi Lýðveldissjóðs til mín, dags. 31. október 1996, kemur fram, að X, Y og Z hafi átt aðild að 5 af 21 verkefni, sem samþykkt hafi verið og styrkir veittir til. Flestum verkefnunum hafi 2–5 vísindamenn stjórnað.

Hver sá, sem á aðild að eða er í fyrirvari fyrir umsókn um styrk úr opinberum sjóði, er vanhæfur til meðferðar málsins á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnarsýslulaga, en þar segir, að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls, ef hann er aðili máls, fyrirsvarsmáður eða umboðsmáður aðila. Fyrir gildistöku stjórnarsýslulaga giltu samþærilegar réttarreglur á grundvelli hinnar óskráðu meginreglu um sérstakt hæfi starfsmanna stjórnarsýslunnar. Enn fremur var að finna nokkur lagaákvæði, er áréttuðu þetta, svo sem 6. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, þar sem svo er fyrir mælt, að við úthlutun úr Kvikmyndasjóði megi nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Samkvæmt skýrum ákvæðum 1. mgr. 4. gr. stjórnarsýslulaga, svo og athugasemdum við 4. gr. frumvarps þess, er varð að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, er ljóst að hæfisreglur laganna gilda ekki aðeins um þá starfsmenn, sem taka þátt í úrlausn máls, heldur taka þær einnig til starfsmanna, sem eingöngu hafa það hlutverk að undirbúa mál og gera tillögur að úrlausn þeirra.

Í svörum Lýðveldissjóðs og verkefnastjórnar vistfræðirannsóknna sjávar er meðal annars bent á, að það hafi verið ætlun löggjafans að styrkja fyrst og fremst rannsóknir, sem stundaðar eru á Hafrannsóknastofnun. Þá hafi löggjafinn lagt til grundvallar, að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar ættu að gera tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlun.

Ég skil framangreindar skýringar svo, að því sé borið við, að með lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, hafi löggjafinn vikið til hliðar hæfisreglum stjórnarsýslulaga, þannig að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar teljist ekki vanhæfir til þess að taka þátt í undirbúningi og meðferð mála um úthlutun styrkja úr Lýðveldissjóði, enda þótt þeir hafi verið stjórnendur nokkurra þeirra verkefna, sem þeir fjölluðu um og gerðu tillögu um að hlytu styrki úr sjóðnum.

Eins og ég hef áður vikið að í álitinu mínu frá 4. janúar 1996, í máli nr. 993/1994 (SUA 1996:206), verður að byggja á því, að hæfisreglur II. kafla stjórnarsýslulaga taki til slíkra

hagsmunaárekstra, verði ekki ráðið skýrlega af lögum eða lögskýringargögnum, að ætlun löggjafans hafi verið að víkja beinlínis frá sérstökum hæfisreglum stjórnsýsluréttar.

Í lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, kemur engin slík ráðagerð fram í lögnum sjálfum. Í 2. gr. laganna segir, að annað meginhlutverk sjóðsins sé að stuðla að rannsókn-um á lífríki sjávar. Í ákvæðinu er ekkert minnst á sérstakt hlutverk Hafrannsóknastofnunar í því sambandi. Í 5. mgr. 3. gr. laganna er sjóðstjórninni meðal annars gert að gangast fyrir vali á þriggja manna verkefnisstjórn, er hafi á hendi faglega yfirstjórn verkefnaáætlana um lífríkisrannsóknir sjávar. Í greininni er hvorki mælt svo fyrir, að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar skuli eiga þar sæti né að vikið skuli að einhverju leyti frá hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Í lögskýringargögnum kveður aftur á móti við annan tón. Bæði í greinargerð með þingsályktunartillögu um stofnun hátíðarsjóðs í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins (Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 5225–5226) svo og í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð (Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 1461), er ráðagerð um sérstakt hlutverk Hafrannsóknastofnunar og starfsmanna hennar við rannsókn vistfræðirannsókna sjávar. Framangreind lögskýringargögn eru rakin í IV. kafla hér að fram- an. Þar kemur annars vegar fram, að talið sé heppilegt að Hafrannsóknastofnun undirbúi og geri tillögur til sjóðstjórnar um rannsóknáætlun, stjórn verkefna og þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Hins vegar kemur fram ráðagerð um, að þessi verkefni verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar.

Samkvæmt framansögðu virðist löggjafinn hafa byggt á því, að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar gætu haft afskipti af undirbúningi að úthlutun styrkja úr Lýðveldissjóði, þótt fyrirsjáanlegt væri, að verkefnin, sem styrkir væru veittir til, yrðu einkum á hendi þeirra. Umrædd ummæli fela því í sér ráðagerð um frávík frá hæfisreglum stjórnsýslulaga.

Þótt ákvæðum yngri laga sé ætlað að ganga framár hæfisreglum stjórnsýslulaga víkja slík ákvæði hæfisreglum stjórnsýslulaga sjaldnast að öllu leyti til hliðar heldur einungis að því er varðar afmarkaðar vanhæfisástæður. Það er því ávallt sérstakt rannsóknarefni, að hvaða leyti vikið er frá hæfisreglum stjórnsýslulaga með yngri lögum. Með það í huga, að stjórnsýslulögnum var ætlað að auka og tryggja betur réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við stjórnvöld með því að gera ákveðnar lágmarkskröfur til málsmeðferðar stjórnvalda (Alþt. 1992–1993, A-deild, bls. 3277), tel ég að byggja verði á því sjónarmiði, að ekki verði vikið frá hæfisreglum stjórnsýslulaga, nema að því leyti sem skýrlega verður ráðið af lögum eða lögskýringargögnum, að ætlun löggjafans hafi staðið til þess.

Það veldur óneitanlega vafa við skýringu laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, gagnvart hæfisreglum stjórnsýslulaga, að ráðagerð löggjafans um að víkja að nokkru frá hæfisreglum stjórnsýslulaga kemur aðeins fram í lögskýringargögnum en ekki hinum birta lagatexta. Vegna framangreindra ummæla í lögskýringargögnum verður þó að mínum dómi ekki talið, að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar séu vanhæfir til að undirbúa mál í verkefnastjórn vistfræðirannsókna sjávar og gera tillögur til sjóðstjórnar, enda þótt fyrirsjáanlegt sé, að þeir muni síðar starfa að sumum af þessum verkefnum hjá Hafrannsóknastofnun, þar sem ætlun löggjafans virðist hafa verið að una við þennan hagsmunaárekstur. Vegna þeirra nánu starfstengsla, sem prófessor Y hefur við Hafrannsóknastofnun og rakin eru í III. kafla hér að framan, tel ég, að hið sama gildi um hann.

2. Meinbugir á lögum.

Almennt hefur verið talið, að það sé nauðsynlegt skilyrði fyrir eðlilegum samskiptum almennings og stjórnvalda og því trausti, sem stjórnvöld verða að njóta hjá almenningsi, að starfsmenn virði hinar sérstöku hæfisreglur. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að hinar sérstöku hæfisreglur miða ekki eingöngu að því, að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efni stjórnvaldsákvæðana, heldur er þeim einnig ætlað að stuðla að

því, að almenningur og þeir, sem hlut eiga að máli, geti treyst því, að stjórnvöld leysi úr málum á óhlutdrægan hátt.

Við löggjöf hér á landi verður ekki horft fram hjá því, að vegna fámennis er oft ekki margra kosta vöð um skipun sérfróðra manna á vissum sviðum í stjórnvöldum. Þegar fyrirsjáanlegt er, að það verði verulegum vandkvæðum bundið að fá starfsmenn með nauðsynlega sérfræðikunnáttu, sem ekki tengist málum eða aðilum þess, til að annast undirbúning að úrlausn stjórnvöldumála, getur verið nauðsynlegt að lögfesta ákveðnar undantekningar frá hæfisreglum stjórnvöldumála. Þegar svo stendur á, er mikilvægt að slíkar undantekningar frá hæfisreglum stjórnvöldumála séu skýrar og ótvíræðar og þær komi fram í lögum. Það varðar ekki aðeins réttaröryggi almennings miklu, að slíkir löggjafarhættir séu viðhafðir, heldur einnig starfsskilyrði og réttaröryggi þeirra starfsmanna, sem sjá eiga um framkvæmd laga.

Eins og áður segir, kemur ráðagerð löggjafans um að víkja að nokkru frá hæfisreglum stjórnvöldumála einungis fram í lögskýringargögnum en ekki fram í texta laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð. Þetta veldur óhjákvæmilega óvissu við skýringu laganna. Þannig er vafa undirorpið, hvort þetta er nægilegt til þess að víkja hæfisreglum stjórnvöldumála til hliðar og þá að hvaða leyti. Með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er athygli Alþingis vakin á þessum meinbugum á lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð.

3. Auglýsing um umsóknir um styrki úr sjóðnum.

Þá kvartar A yfir því, hvernig staðið var að auglýsingu fyrirhugaðra styrkveitinga úr Lýðveldissjóði á árinu 1995. Fram kemur í kvörtun hans, að ekki hafi verið auglýst opinberlega eftir umsóknum um styrki úr Lýðveldissjóði. Slíkt hafi einungis verið gert með styrki til minni háttar rannsókna skv. 10. gr. reglugerðar nr. 324/1995, um Lýðveldissjóð.

Í kvörtun A kemur fram, að hann hafi um árabíl stundað rannsóknir á erfðavistfræði þorskins. Fram kemur, að honum hafi ekki verið kynnt fyrirhuguð styrkveiting úr sjóðnum og hafi hann frétt af henni á skotspónum.

Í bréfi stjórnar Lýðveldissjóðs til A, dags. 30. apríl 1996, segir, að verkefnisstjórn hafi í samráði við stjórn Lýðveldissjóðs tekið ákvörðun um, hvaða stofnunum og einstaklingum skyldi boðið að taka þátt í rannsóknáætluninni. Hafi þeim í lok janúarmánaðar á árinu 1995 verið sent tölvuskeyti og boðið að koma fram með hugmyndir að verkefnum fyrir 24. febrúar 1995. Hafi þannig verið reynt að tryggja, að allar helstu íslenskar rannsóknastofnanir og einstaklingar, sem starfa á þeim og sinnt hafa rannsóknum á lífríki sjávar, fengju vitneskju um fyrirhugaðar rannsóknir. Þá kemur fram, að hvorki stjórn Lýðveldissjóðs né verkefnisstjórn hafi talið eðlilegt, þegar að undirbúningi rannsóknáætlunarinnar hafi verið unnið, að auglýsa opinberlega eftir þátttöku vísindamanna eða hugmyndum um verkefni, meðal annars vegna áðurgreindra ákvæða í greinargerð þingsályktunartillögunnar um forystuhlutverk Hafrannsóknastofnunar.

Í þessu sambandi skal áréttað, að í lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, er ekki mælt svo fyrir, að Hafrannsóknastofnun eigi að stjórna því, hverjir fái að taka þátt í umræddum rannsóknum. Í öðru lagi er rétt að hafa í huga, að enda þótt að í lögskýringargögnum komi fram ráðagerð um, að rannsóknarverkefni verði einkum á hendi starfsmanna Hafrannsóknastofnunar, er sérstaklega áréttað bæði í greinargerð þingsályktunartillögunnar og greinargerð frumvarps þess, er varð að lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð, að „ætlast [sé] til þess, að stofnunin nýti sér þekkingu annarra vísindamanna eftir því sem við á“ (Alþt. 1993–1994, A-deild, bls. 5226 og Alþt. 1994–1995, A-deild, bls. 1461).

Eins og áður segir, tilheyrir Lýðveldissjóður stjórnvöldum ríkisins. Við meðferð og útlutun þess opinbera fjár, sem Lýðveldissjóður hefur yfir að ráða, ber því meðal annars að

fylgja ákvæðum stjórnarsýslulaga svo og meginreglum stjórnarsýsluréttar, þ.m.t. jafnræðisreglunni.

Þar sem sú skylda hvílir á stjórnvöldum að gæta jafnréttis milli borgaranna, hef ég í fyrri álitum mínum um hliðstæð efni bent á, að oft verði að gera þær kröfur til stjórnvalda, að þau noti opinberar auglýsingar við meðferð mála, þegar stjórnvöld eru að ráðstafa takmörkuðum gæðum, sem fyrirsjáanlegt er að færri fá en vilja. Með því er öllum, sem áhuga hafa og skilyrði uppfylla, gefið sama tækifæri til að sækja um.

Þar sem ekki lá afdráttarlaust fyrir í upphafi, hverjir kæmu til greina sem umsækjendur um styrki, tel ég, að réttara hefði verið að stjórn Lýðveldissjóðs hefði jafnframt auglýst fyrirhugaðar styrkveitingar opinberlega.

Þar sem umsókn A var tekin til efnislegrar umfjöllunar, þótt hún bærst eftir lok umsóknarfrests, tel ég ekki tilefni til frekari umfjöllunar um þennan þátt kvörtunarinnar.

VI.

Niðurstaða.

Það er niðurstaða mín í tilefni af þeirri kvörtun, sem hér hefur verið fjallað um, að réttara hefði verið, að stjórn Lýðveldissjóðs hefði jafnframt birt opinberlega þá tilkynningu, sem send var afmörkuðum hópi manna.

Eins og nánar greinir hér að framan, kemur ráðagerð löggjafans um að víkja að nokkru frá hæfisreglum stjórnarsýslulaga einungis fram í lögskýringargögnum en ekki í texta laga nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð. Þetta veldur óhjákvæmilega réttaróvissu við skýringu laganna. Þannig er vafa undirorpið, hvort þetta er nægilegt til þess að víkja hæfisreglum stjórnarsýslulaga til hliðar og þá að hvaða leyti. Með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er athygli Alþingis vakin á þessum meinbugum á lögum nr. 125/1994, um Lýðveldissjóð.

Vegna framangreindra ummæla í lögskýringargögnum verður að mínum dómi ekki talið, að þeir, sem sæti áttu í verkefnisstjórn vistfræðirannsóknna árið 1995, hafi verið vanhæfir til að undirbúa mál og gera tillögur til stjórnar Lýðveldissjóðs.“

10.5.

Sérstakt hæfi. Stjórnarsýslunefndir. (Mál nr. 2358/1998)

Alþjóðastofnunin Friður 2000 bar fram kvörtun þar sem því var haldið fram að menntamálaráðherra hefði brotið gegn 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um sérstakt hæfi, með skipun X og Y í nefnd til að vinna að framgangi hugmynda um starfsemi í Reykholti og stofnun rekstrar- og eignarhaldsfélags. Taldi Friður 2000 að X og Y hefðu hvor um sig sótt um aðstöðu í Reykholti eða komið fram með ákveðnar hugmyndir um nýtingu Reykhólts, auk þess að koma að ákvarðanatöku fyrir hönd ráðuneytisins í málinu.

Í bréfi sem umboðsmaður ritaði í tilefni kvörtunarinnar sagði m.a. svo:

„Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda þau, þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnarsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Í 3. mgr. sömu greinar er kveðið svo á, að ákvæði II. kafla laganna um sérstakt hæfi gildi einnig um gerð samninga á sviði einkaréttar. Samningar einkaréttarlegs eðlis teljast til dæmis þeir samningar, sem stjórnvöld gera um kaup, lán eða leigu. Giltu því hæfisreglur II. kafla stjórnarsýslulaga um þá, sem komu að samningsgerð fyrir hönd menntamálaráðuneytisins.“

Í 3. gr. stjórn-sýslulaga eru greindar vanhæfisástæður og í henni segir meðal annars svo:

„Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrisvarsmáður eða umboðsmáður aðila.
[. . .]
5. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, [. . .] stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrisvari fyrir.“

Starfsmenn, sem taka þátt í undirbúningi að samningagerð, svo sem forvali á viðsemjendum, undirbúningi sammingsdraga, samningaviðræðum o.fl., verða á sama hátt og þeir starfsmenn, sem undirbúa stjórnvaldsákvörðun, að uppfylla hæfisskilyrði 3. gr. stjórn-sýslulaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Verkefni undirbúningsnefndarinnar eru rakin hér að framan og er ljóst, að þau eru með þeim hætti, að hæfisreglur stjórn-sýslulaga taka til nefndarmanna.

Kemur þá til athugunar, hvort einhverjar þær ástæður séu fyrir hendi, sem valdið geta því, að X og Y teljist vanhæfir skv. 3. gr. stjórn-sýslulaga. Í 1. tölul. 3. gr. stjórn-sýslulaga, sem rakin er hér að framan, kemur fram, að starfsmaður eða nefndarmaður [sé] vanhæfur til meðferðar máls, ef hann er aðili þess.

X og Y settu ekki fram hugmyndir í eigin nafni heldur fyrir hönd aðila, sem þeir voru í fyrisvari fyrir. Á hinn bóginn stóð aldrei til, að þeir sjálfir eða aðilar, sem þeir voru í fyrisvari fyrir, stæðu að rekstri Reykhólts eða kæmu að honum á nokkurn hátt. Tillögur þeirra fólu því ekki í sér, að þeir aðilar, sem þeir voru í fyrisvari fyrir, gætu orðið viðsemjendur menntamálaráðuneytisins. Ekkert kemur heldur fram um það í gögnum málsins, að þeir hafi átt einhverra annarra hagsmuna að gæta við vinnu að framgangi framkominna hugmynda. Verður því ekki séð, að þeir hafi átt beinna og svo verulegra hagsmuna að gæta, að telja beri þá aðila umrædds máls í skilningi 1. tölul. 3. gr. stjórn-sýslulaga.

Nátengt ákvæði 1. tölul. 3. gr. er 5. tölul. sömu greinar, en þar er meðal annars tekið fram, að vanhæfi valdi, varði mál verulega „stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrisvari fyrir“.

X lagði fram tillögu fyrir hönd héraðsnefndar Borgarfjarðarsýslu. Héraðsnefndir eru settar á fót skv. 4. mgr. 6. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og starfa að þeim verkefnum, sem sveitarfélög fela þeim eða eru falin þeim með lögum. Ljóst er því, að héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu fellur ekki undir 5. tölul. 3. gr. stjórn-sýslulaga, þar sem hún telst hvorki stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu. Fjárfestingarskrifstofa Íslands er rekin á vegum Útflutningsráðs og viðskiptaráðuneytisins. Rekstur hennar er greiddur úr ríkissjóði og telst hún því heldur ekki falla undir ákvæði 5. tölul. 3. gr., enda hefur hún með höndum rækslu opinberra verkefna. Þar sem ekki kemur fram, að X og Y hafi átt sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta við úrlausn málsins, verður heldur ekki séð, að ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórn-sýslulaga hafi tekið til þeirra. Tel ég því ekki tilefni til athugasemda við þátttöku þeirra í undirbúningi og meðferð málsins. [. . .]

Samkvæmt framansögðu gefur kvörtun yðar ekki tilefni til frekari afskipta af minni hálfu.“

11.0. Landbúnaður.

11.1. Skattar og gjöld. Innheimta sjóðagjalda. Áætlun. Lögmætisreglan. Rannsóknarreglan. Endurupptaka. Meinbugir á lögum. Lagastof reglugerðar. (Mál nr. 1729/1996)

A kvartaði yfir afgreiðslu landbúnaðarráðuneytisins á máli er snerti álagningu og innheimtu sjóðagjalda af kartöfluuppskeru hans. Fyrir lá, að Framleiðsluráð landbúnaðarins hafði byggt ákvörðun gjaldanna á áætlaðri framleiðslu A, þar sem hann hafði ekki sinnt lagafyrirmælum um skýrsluskil.

Umboðsmaður ákvað að takmarka athugun sína við heimild Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að byggja ákvörðun gjaldanna á áætlun. Hann vék fyrst að því, að gjöld þau er Framleiðsluráði væri að lögum falið að innheimta yrðu greind í þrennt, búnaðarmálasjóðsgjald, framleiðsluráðsgjald, og neytenda- og jöfnunargjald, og rakti ákvæði laga og reglugerða um þau. Þá rakti hann að íslensk stjórnskipun væri byggð á lögmætisreglunni, þeirri grundvallarreglu að stjórnvöld væri bundin af lögum, en í henni fælist að stjórnvöld gætu almennt ekki tekið ákvarðanir sem væru íþyngjandi fyrir borgarana, nema hafa til þess heimild í lögum. Jafnframt yrði að ganga skýrt frá því í lögum, hvaða kvæðir yrðu á borgarana lagðar.

Umboðsmaður vék að því að rannsóknarregla 10. gr. stjórnsýslulaga legði þá skyldu á stjórnvöld að sjá til þess að mál væru nægilega upplýst, en í reglunni fælist ekki að stjórnvald þyrfti sjálft að afla allra upplýsinga. Þegar mál byrjaði að frumkvæði málsaðila gæti stjórnvald beint þeim tilmælum til hans að hann veitti upplýsingar og legði fram þau gögn sem nauðsynleg væru og með sanngirni mætti ætla að hann gæti lagt fram án þess að það íþyngdi honum um of. Svigrúm stjórnvalda væri hins vegar mun minna þegar mál hæfist að frumkvæði þeirra. Ef stjórnvöld hefðu ekki sérstakar lagaheimildir til þess að krefja málsaðila upplýsinga í slíkum tilvikum stæði lögmætisreglan því almennt í vegi, að íþyngjandi upplýsingagjöf yrði lögð á borgarana.

Umboðsmaður vísaði til dæma um að stjórnvöldum væru veittar víðtækar lagaheimildir til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga til álagningar lögboðinna gjalda, sbr. 68. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og IX. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, um framtöl og skýrslugjöf. Í lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, væri hins vegar ekki að finna neina slíkar heimildir fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins til að krefja þá, er álagning hins svonefnda neytenda- og jöfnunargjalds beindist að, um upplýsingar til að ákvarða gjaldstofn gjaldsins.

Umboðsmaður vék næst að því hvort íþyngjandi ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en þar er fjallað um heimildir Framleiðsluráðs til að áætla neytenda- og jöfnunargjald skv. 2. mgr. 1. gr. sömu reglugerðar og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun, ef gjaldskyldur aðili lætur ekki í té þær upplýsingar, sem 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar tekur til, ætti sér nægilega skýra stoð í lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum. Gerði hann í því sambandi ítarlega grein fyrir tilurð reglugerðarheimildanna og skýringargögnum með þeim. Taldi umboðsmaður ákvæði 5. gr. nefndrar reglugerðar ekki eiga sér viðhlítandi stoð í lögum.

Niðurstaða umboðsmanns var að A hefði verið lögskýlt að greiða af kartöfluuppskeru sinni umrætt gjald skv. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum. Með því að

ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990 ætti sér ekki tilskilda lagastoð beindi umboðsmaður því til landbúnaðar-ráðuneytisins, að álagning gjaldanna á því tímabili sem um ræddi í álitinu, yrði endurupptekin í ljósi þeirra sjónarmiða sem lýst hefði verið, óskaði A þess.

Með vísan til þess að hann hefði í skýrslu sinni fyrir árið 1995 bent á, að undirrót margra ágreiningsefna í stjórnslu væru oft atriði sem ekki hefði verið hugað nægilega að við samningu laga, sbr. SUA 1995:12, lýsti umboðsmaður því að ágreiningur ætti hér að verulegu leyti rætur í slíkum atriðum. Athugun sín hefði leitt í ljós að 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 99/1993 hefðu með 1. gr. laga nr. 99/1995 verið felldar á brott fyrir mistök, sem leiðrétt voru tæpu hálfu ári síðar. Á því tímabili hefði reglugerð nr. 536/1990 ekki notið lagastoðar að því er varðaði hið svonefnda framleiðsluráðsgjald. Gæfi þetta tilefni til að áréttu nauðsyn þess að vanda ekki einungis til nýsmíði, heldur og síðari breytinga laga.

I.

Hinn 12. mars 1996 leitaði til mín A, og bar fram kvörtun, er laut að afgreiðslu landbúnaðarráðuneytisins frá 13. mars 1995 á máli, er snerti álagningu og innheimtu svonefndra sjóðagjalda af kartöfluuppskeru hans. Í gögnum þeim, er A lagði fram með kvörtun sinni, kom fram, að Framleiðsluráð landbúnaðarins hefði byggt ákvörðun gjalda þessara á áætlaðri framleiðslu A, þar sem hann hefði ekki „sinnt lagafyrirmælum um skýrsluskil vegna kartöfluuppskeru haustin 1990, 1991, 1992 og 1993“, eins og sagði í áðurgreindu bréfi landbúnaðarráðuneytisins.

Með vísan til 1. mgr. 10. gr. þágildandi laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, sbr. nú 1. mgr. 10. gr. samnefndra laga nr. 85/1997, ákvað ég að takmarka athugun mína á kvörtun A við heimild Framleiðsluráðs landbúnaðarins til að byggja ákvörðun gjaldanna á áætlun.

II.

Samkvæmt gögnum málsins voru gjöld þau, sem Framleiðsluráði landbúnaðarins var lögum samkvæmt falið að innheimta af „vöru og leigusölu“ í landbúnaði á framangreindu tímabili, einu nafni nefnd sjóðagjöld. Þau verða að öðru leyti greind í þrennt eftir þeim lagaheimildum, sem álagning þeirra byggðist á.

1. Búnaðarmálasjóðsgjald.

Í fyrsta lagi var um að ræða svonefnt búnaðarmálasjóðsgjald, sem greiða skyldi skv. 1. gr. laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, af nánar tilgreindri „vöru og leigusölu í landbúnaði“ í 2. gr. s.l., þ. á m. 1,5% af þeirri upphæð, sem framleiðendum garð- og gróðurhúsaafurða hvers konar væri greidd fyrir framleiðslu sína, sbr. d-lið í B-lið þeirrar greinar. Í 7. gr. laganna var ráðherra gert að setja í reglugerð „nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað“, er lög in varðaði. Á grundvelli þessa ákvæðis setti landbúnaðarráðherra reglugerð nr. 393/1990, um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs. Geymir hún m.a. ákvæði um áætlun gjaldsins og innheimtu samkvæmt áætlun við nánar tilteknar aðstæður, sbr. 7. gr.

2. Framleiðsluráðsgjald.

Í öðru lagi var um að ræða gjald, sem landbúnaðarráðherra var heimilað að innheimta samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, af heildsöluverði þeirra búvara, sem lög in tóku til, til að standa straum af kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd laganna umfram þann kostnað, sem það fengi greiddan samkvæmt öðrum ákvæðum þeirra. Í 2. gr. laganna kom fram, að til

búvara teldust m.a. afurðir nytjajurta. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laganna mátti gjaldið vera mishátt eftir einstökum tegundum búvara, en þó aldrei herra en 0,25% af heildsöluverði þeirra. Í 2. mgr. 27. gr. laganna var ráðherra gert að setja í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna samkvæmt áætlun og annað, er laut að framkvæmd á innheimtu gjaldanna. Ákvæði þessi voru óbreytt, þegar lög nr. 46/1985 voru, samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 112/1992, endurútgefin með innfelldum síðari breytingum og birt með sömu greinatölu í lögum nr. 99/1993.

Á grundvelli framangreindra lagaheimilda var gjald þetta ákveðið 0,25% af heildsöluverði búvara í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í f-lið 2. gr. reglugerðarinnar var ákveðið, að gjaldskylda skv. 1. gr. hennar tæki til garð- og gróðurhúsaafurða hvers konar og í 2. mgr. 5. gr. að heimilt væri að áætla gjöldin og innheimta þau samkvæmt þeirri áætlun, ef gjaldskyldur aðili léti ekki í té fullnægjandi upplýsingar til ákvörðunar gjaldanna.

3. Neytenda- og jöfnunargjald.

Í þriðja lagi var um að ræða 1% jöfnunargjald og 1% gjald á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara skv. 3. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, sem rann til stofnlánadeildarinnar. Í 2. mgr. sömu greinar var Framleiðsluráði landbúnaðarins falið að annast innheimtu og álagningu þessara gjalda „[. . .] samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð“. Jafnframt var í 18. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, að finna eldri heimild til að setja með reglugerð „nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m.a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda [bryti] sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum“.

Á grundvelli þessara lagaheimilda var í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, mælt fyrir um greiðslu svonefnds neytenda- og jöfnunargjalds til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, er skyldi vera 2% af heildsöluverði búvara samkvæmt lögum nr. 45/1971. Í 5. gr. reglugerðar þessarar var að finna ákvæði um áætlun gjaldsins og innheimtu samkvæmt áætlun við nánar tilteknar aðstæður svo sem fram hefur komið, þar eð ákvæði hennar voru sameiginleg fyrir innheimtu þessa gjalds og gjalds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins samkvæmt lögum nr. 46/1985, sbr. síðar lög nr. 99/1993.

III.

I.

Íslensk stjórnskipun er byggð á þeirri grundvallarreglu, að stjórnýslan sé bundin af lögum. Regla þessi hefur verið nefnd lögmatísreglan og er ein af grundvallarreglum réttarríkisins. Í henni felst, að ákvarðanir stjórnvalda verða að vera í samræmi við lög og að ákvarðanir þeirra verða að eiga sér viðhlítandi stoð í lögum. Af þessari reglu leiðir, að stjórnvöld geta almennt ekki tekið ákvarðanir, sem eru íþyngjandi fyrir borgarana, nema hafa til þess heimild í lögum. Meginreglan er þá sú, að það sé einungis löggjafinn, sem hafi vald til þess að mæla fyrir um það með lögum, innan þeirra marka, sem stjórnarskrá heimilar, að hvaða leyti og með hvaða hætti stjórnvöldum sé heimilt að íþyngja almenníngi með ákvörðunum sínum.

Með því að 7. gr. laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 46/1985, sbr. síðar lög nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, veittu sérstakar heimildir fyrir því, að gjöld samkvæmt þeim lögum mætti leggja á og innheimta samkvæmt áætlun, og reglugerðir, sem settar voru á grundvelli þeirra lagaheimilda, gerðu ekki ráð fyrir að því úrræði yrði beitt, nema gjaldendur veittu ekki fullnægjandi upplýsing-

ar til að ákvarða stofn gjaldanna, þótti mér ekki ástæða til að taka þann þátt máls þessa til nánari athugunar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Sambærilega heimild var hins vegar ekki að finna í lögum nr. 45/1971. Varð það mér tilefni til að rita landbúnaðarráðherra bréf 29. ágúst 1996 og leita eftir skýringum ráðuneytis hans, með vísan til 9. gr. þágildandi laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, og að röktum málavöxtum í II. kafla 3 hér að framan, á lagastoð 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990 til að leggja á og innheimta svonefnt neytenda- og jöfnunargjald samkvæmt áætlun.

2.

Við athugun máls þessa vakti það jafnframt athygli mína, að 27. gr. laga nr. 99/1993 var með 1. gr. laga nr. 99/1995 breytt á þann veg, að reglugerðarheimild 2. mgr. 27. gr. fyrrnefndu laganna, m.a. til að kveða nánar á um innheimtu og álagningu gjalds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins skv. 25. gr. þeirra, féll brott. Enda þótt lagabreyting þessi hefði verið gerð utan þess tímabils, sem athugun í máli þessu tekur til, leitaði ég í áðurgreindu bréfi mínu til landbúnaðarráðherra, dags. 29. ágúst 1996, jafnframt eftir skýringum ráðuneytis hans á því, hvort 27. gr. laga nr. 99/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 99/1995, veitti fullnægjandi lagastoð til þess að heimta gjald skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 536/1990 á grundvelli áætlunar skv. 2. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar.

IV.

Svar landbúnaðarráðuneytisins barst mér 3. desember 1996 í bréfi, dags. 29. nóvember s.á. Þar sagði meðal annars svo:

„Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971 er gert ráð fyrir að innheimta þeirra gjalda sem þar um ræðir fari fram hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins og samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, nú rg. nr. 536/1990. Í þeirri reglugerð er fjallað sameiginlega um innheimtu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, en innheimta gjalds til Framleiðsluráðs byggir á ákvæði í 1. mgr. 25. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 99/1993 er gert ráð fyrir að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu og álagningu þeirra gjalda sem innheimt eru skv. lögnum, þ. á m. gjalds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og er þar heimilað að áætla álagningu gjaldsins og innheimta það skv. þeirri áætlun.

Áralöng framkvæmdavenja er fyrir jafnhliða innheimtu sjóðagjalda á vegum Framleiðsluráðs landbúnaðarins samkvæmt mismunandi lagaheimildum. Vísar ráðuneytið í því sambandi til nánast samhljóða ákvæða í reglugerðum nr. 393/1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs og reglugerðar nr. 536/1990 um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þá má nefna eldri reglugerðir, þ.e. nr. 627 og 631 frá 11. nóvember 1982. Það er skoðun ráðuneytisins að í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971 felist það víðtæk heimild til að setja með reglugerð ítarleg ákvæði um allt er varðar álagningu og innheimtu gjalda skv. 3. og 4. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 1. gr. rg. 536/1990, að unnt sé að beita því úrræði að áætla gjöldin og innheimta þau eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þá er, eins og áður er fram komið, beint gert ráð fyrir því í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 99/1993, að gjald samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 536/1990, verði innheimt á grundvelli áætlunar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Gjaldskyldur aðili á þess kost að gera athugasemd við umrædda áætlun og krafist endurskoðunar hennar og einnig á hann þess kost að skjóta málinu til úrskurðar ráðuneytisins.

Að síðustu skal þess getið að lög nr. 45/1971 hafa verið endurskoð[uað] og hefur

[r]íkisstjórnin nú til meðferðar frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins sem ætlað er að koma í stað nefndra laga. Þá vinnur ráðuneytið, eða nefnd á þess vegum, að því að endurskoða lög um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990.“

Breytingar þær, sem boðaðar voru í niðurlagi svarbréfs landbúnaðarráðuneytisins til mín, voru gerðar með lögum nr. 68/1997, um Lánasjóð landbúnaðarins, og með lögum nr. 84/1997, um búnaðargjald. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 84/1997 tóku þau gildi hinn 1. janúar s.l. og féllu þá jafnframt úr gildi lög nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, og 25. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 68/1997 komu þau einnig til framkvæmda hinn 1. janúar s.l. og féllu þá úr gildi lög nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum. Samkvæmt þessu fer álagning hinna svonefndu sjóðagjalda á framleiðslu landbúnaðarvara ekki lengur fram á grundvelli þeirra lagaheimilda, sem lýst var í II. kafla hér að framan. Engu að síður tel ég, að A eigi hagsmuni af að fá úrlausn um, hvort löglega hafi verið staðið að álagningu og innheimtu þeirra gjalda, sem á hann voru lögð með áætlun um framleiðslu hans á því tímabili, sem landbúnaðarráðuneytið hefur fjallað um, þ.e. á árunum frá 1990 til 1993.

Með bréfi, dags. 3. desember 1996, gaf ég A kost á að gera athugasemdir við bréf landbúnaðarráðuneytisins. Erindi þetta ítrekaði ég með bréfum, dags. 20. febrúar og 18. mars 1997. Athugasemdir hans bárust mér í bréfum, dags. 2. apríl og 12. desember 1997.

V.

Í forsendum og niðurstöðu álits míns, dags. 24. júní 1998, sagði svo:

„1. Gjaldtökuheimildin.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, var Framleiðsluráði landbúnaðarins falið að innheimta tvenns konar gjöld af „óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarvara“, sbr. 3. og 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar, og skyldi álagning þeirra og innheimta fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. Gjaldskyldar vörutegundir.

Um gjaldskylduna sagði nánar tiltekið í nefndum 4. tölul., að jöfnunargjaldið skyldi reiknað og innheimt á sama hátt og segði í 3. tölul. Í 5. másl. þess tölulíðar sagði, að gjaldið næði til „allra sömu vörutegunda og gjald skv. 2. tölul.“ sömu greinar. Jafnframt var í 6. másl. 3. tölul. sérstaklega vikið að kartöflum með þeim orðum, að „innheimta [skyldi] sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið [væri] af kartöflum framleiddum innanlands“.

Samkvæmt nefndum 2. tölul. var svonefnt framleiðendagjald lagt á söluvörur og þjónustu landbúnaðarins í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu annars vegar og annað, sem gjaldskyldt var hins vegar, og skyldi það ákvarðað og innheimt „á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald“. Þessi tölulíður var hins vegar felldur úr gildi 1. september 1990 með b-lið 8. gr. laga nr. 41/1990, um Búnaðarmálasjóð, þegar gjald í þann sjóð kom í stað framleiðendagjaldsins (Alpt. 1989–1990, A-deild, bls. 3988).

Af almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 41/1990, verður ráðið, að framangreind breyting á gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, miðaði einungis að því, að fella niður svonefnt framleiðendagjald sem slíkt (Alpt. 1989–1990, A-deild, bls. 3988) og sameina það búnaðarmálasjóðsgjaldi með samsvarandi hækkun á gjaldhlutfalli þess gjalds (Alpt. 1989–1990, A-deild, bls. 3989). Samkvæmt því verður ekki séð að ætlan löggjafans hafi verið að gera neina breytingu á öðrum gjöldum, sem innheimt voru samkvæmt lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, enda þótt ákvæði þeirra um gjaldskyldar vörutegundir hafi ekki staðið eftir jafnskýr og áður.

Fram til þess að ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, var fellt á brott höfðu síðast gilt um ákvörðun búnaðarmálasjóðsgjalds lög nr. 40/1982, um búnaðarmálasjóð. Samkvæmt c-lið 3. mgr. 2. gr. þeirra laga voru garð- og gróðurhúsaafurðir hvers konar meðal þeirra vara, sem gjaldskyldan tók til. Þegar þetta er virt ásamt þeirri ráðagjörð, er telja verður að falist hafi í 6. másl. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um að kartöflur teldust til gjaldskyldra vörutegunda, þykir gjaldskylda framleiðslu A ekki vera vafa undirorpin, sbr. einnig f-lið 2. gr. reglugerðar nr. 536/1990.

3. Um gjaldskylda aðila.

Í 4. másl. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, sagði enn fremur, að skylda til að standa skil á gjaldinu hvíldi á sölusamtökum framleiðenda og öðrum seljendum á heildsölustigi. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 536/1990 var greiðsluskylda lögð á viðskiptaaðila, „sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliðum að smásölu dreifingu“, og „framleiðendur sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásöluaðila“.

4. Um ákvörðun gjaldstofns.

Samkvæmt 1. másl. 3. tölul. og 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, námu gjöld þau, sem hér um ræðir, tilteknum hundraðshluta af „óniðurgreiddu heildsöluverði landbúnaðarvara“. Eins og gjaldstofn þessi var ákveðinn, er ljóst, að álagning gjaldsins gat ekki farið fram, nema fyrir lægju fullnægjandi upplýsingar um magn gjaldskyldra afurða (gjaldanda) á hverju álagningartímabili, sem og upplýsingar um verðmæti þeirra, ef heildsöluverð var ekki ákveðið af fimmannanefnd, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1985 og síðar sömu grein laga nr. 99/1993. Í lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, var þó hvorki að finna sérstök ákvæði um það, hvernig Framleiðsluráði bæri að standa að öflun tilskildra upplýsinga í þessu skyni né heldur fyrirmæli um upplýsingaskyldu þeirra, sem gert var að standa skil á gjöldunum gagnvart Framleiðsluráði.

Með 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, var hins vegar lagt fyrir gjaldskylda aðila að skila Framleiðsluráði landbúnaðarins mánaðarlega skýrslu um þær upplýsingar, er ráðinu voru nauðsynlegar til að ákvarða gjaldstofn neytenda- og jöfnunargjalds. Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, sagði jafnframt, að innheimtuaðila væri „...] heimilt að áætla gjöldin og innheimta þau skv. þeirri áætlun“, ef gjaldskyldur aðili léti ekki fullnægjandi gögn af hendi til ákvörðunar gjaldanna, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

VI.

1.

Þegar stjórnvöldum er falið að taka ákvarðanir, er íþyngja borgurunum með þeim hætti, sem hér um ræðir, leiðir af þeirri grundvallarreglu, er lýst var í upphafi III. kafla og nefnd hefir verið lögmætisreglan, að nauðsynlegt er að skýrt sé frá því gengið í lögum, hvaða kvaðir verði lagðar á borgarana.

Rannsóknarregla 10. gr. stjórnsýslulaga leggur þá skyldu á stjórnvöld að sjá til þess að mál séu nægilega upplýst, áður en ákvörðun er tekin. Þrátt fyrir þetta felst ekki í reglunni að stjórnvald þurfi sjálft að afla allra upplýsinga. Þegar mál byrjar að frumkvæði málsaðila, getur stjórnvald beint þeim tilmælum til hans að hann veiti upplýsingar og leggi fram þau gögn, sem nauðsynleg eru og með sanngirni má ætla að hann geti lagt fram án þess að það íþyngi honum um of. Þegar mál byrjar á hinn bóginn að frumkvæði stjórnvalds, hafa stjórnvöld mun minna svigrúm á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga til þess að leggja skyldu á aðila til þess að afla gagna og veita upplýsingar. Hafi stjórnvöld ekki sérstakar lagaheim-

ildir til þess að krefja málsaðila upplýsinga í slíkum tilvikum, stendur lögmatísreglan því almennt í vegi, að íþyngjandi upplýsingagjöf verði lögð á borgarana.

Þegar stjórnvöldum er falin álagning skatta og gjalda á grundvelli upplýsinga, sem gjaldandi þeirra þarf sjálfur að láta í té, til að skatturinn eða gjaldið verði á hann lagt, er þess vegna nauðsynlegt að löggjafinn taki skýra afstöðu til þess í lögum, hvaða heimildir stjórnvöldum er ætlað að hafa, til að krefja gjaldandann um þær upplýsingar, og enn fremur, hvaða úrræði skuli vera þeim tæk, bregðist gjaldandinn lögboðinni skyldu sinni að þessu leyti. Í þessu skyni eru stjórnvöldum oft veittar víðtækar lagaheimildir til að afla sér nauðsynlegra upplýsinga til álagningar lögboðinna gjalda. Til marks um það má t.d. nefna aðgang Framleiðsluráðs landbúnaðarins að upplýsingum hjá skattstjórum skv. 68. gr. laga nr. 99/1993 og heimildir skattyfirvalda skv. IX. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, um framtöl og skýrslugjöf.

Í lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, var eins og fyrr greinir ekki að finna neinar slíkar heimildir fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins til að krefja þá, er álagning hins svonefnda neytenda- og jöfnunargjalds beindist að, um upplýsingar til að ákvarða gjaldstofn gjaldsins.

2.

Kemur þá næst til athugunar, hvort íþyngjandi ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990 eigi sér nægilega skýra stoð í lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum.

Samvæmt skýringum landbúnaðarráðuneytisins, dags. 29. nóvember 1996, var reglugerð sú, er gjald þetta var síðast innheimt samkvæmt, sett á grundvelli svohljóðandi ákvæðis 2. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum skv. [. . .], 3. og 4. tölul. þessarar greinar og skal innheimta og álagning gjaldanna fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“

Í 18. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, var þó jafnframt að finna aðra heimild til að setja reglugerð um starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins, „m.a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur skv. 4. gr., enda [bryti] sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum“.

Í ljósi þess, að lög nr. 45/1971, með síðari breytingum, víkja ekki með öðrum hætti að málsmeðferð Framleiðsluráðs við gjaldtöku þessa, þykir rétt að gera hér svofellda grein fyrir könnun á tilurð reglugerðarheimilda þessara og skýringargögnum við þær.

3.

Þegar lög nr. 45/1971 voru sett, byggðust tekjur Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. 4. gr. laganna á tvenns konar gjöldum, sem lögð voru með mismunandi hætti á söluvörur landbúnaðarins, auk framlaga úr ríkissjóði og vaxtatekna, svonefndu framleiðendagjaldi skv. 2. tölul. og sams konar gjaldi og því, er síðar var nefnt neytendagjald skv. 4. tölul. Í 2. mgr. 4. gr. var Framleiðsluráði landbúnaðarins falið að sjá um framkvæmd á ákvæðum 2. og 4. tölul. greinarinnar. Í því skyni bjó ráðið við mismunandi ákvæði. Annars vegar sagði í 2. tölul., að framleiðendagjaldið skyldi ákvarðað og innheimt á sama hátt og búnaðarsjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945. Samkvæmt 3. gr. þeirra laga var verslunum og sölumiðstöðvum, er fyrst veittu gjaldskyldum vörum móttöku, gert að standa skil á gjaldinu. Í því skyni var í 2. mgr. sömu greinar sérstaklega mælt fyrir um skyldu þessara aðila til að afhenda stjórnvöldum skýrslu um mótttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem mælt væri fyrir um í reglugerð. Með þessu móti var því með lögum mælt fyrir um skyldu gjaldenda til að láta stjórnvöldum í té nauðsynlegar upplýsingar til að stofn gjaldsins yrði ákveðinn og álagning og innheimta gæti farið fram samkvæmt því.

Með svipuðum hætti sagði í 4. máls. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, að sölu-samtök framleiðenda og aðrir seljendur skyldu standa skil á gjaldi samkvæmt þeim tölulíð samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Þar sagði hins vegar ekkert um skyldu gjaldenda til að láta stjórnvöldum í té upplýsingur um sölumagn gjaldskyldra afurða eða heimildir stjórnvalda til að heimta þær af þeim, enda þótt upplýsingar þar að lútandi væru nauðsyn-legur þáttur í álagningu gjaldsins.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps þess, er varð að lögum nr. 45/1971, sagði um 4. gr., að hún væri óbreytt. (Alþt. 1970, A-deild, bls. 1388.) Var þá vísað til þess, að engar breytingar væru í þeirri grein gerðar frá því, sem ákveðið var með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum, en lög nr. 45/1971 leystu þau lög af hólmi, sbr. 77. gr. síðarnefndu laganna.

Þessi atriði tóku ekki efnislegum breytingum, þegar lögum nr. 45/1971 var breytt með lögum nr. 68/1973 og I. kafli laganna, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, var tekinn upp í heild sinni og ýmsar breytingar aðrar gerðar á tekjustofnum deildarinnar skv. 4. gr., þ. á m. á hlutfalli framangreindra gjalda af gjaldstofnum sínum. Jafnframt var gjaldtaka skv. 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. flutt í 3. tölul. sömu málsgreinar.

Engar breytingar voru heldur gerðar á málsmeðferðarákvæðum eða reglugerðarheimildum laga nr. 45/1971, sbr. lög nr. 68/1973, þegar svonefndu jöfnunargjaldi var aukið við tekjustofna Stofnlánadeildar með 1. gr. laga nr. 60/1978, um breytingu á þeim lögum. Um útreikning á gjaldinu sagði aðeins, að það skyldi vera einn af hundraði og reiknað á sama hátt og gjald skv. 3. tölul.

Með 1. gr. laga nr. 41/1982 var 4. gr. laga nr. 45/1971, eins og henni hafði verið breytt með 1. gr. laga nr. 68/1973 og 1. gr. laga nr. 60/1978, enn tekin upp í heild sinni. Fram að því hafði 2. mgr. greinarinnar aðeins mælt fyrir um, að Framleiðsluráð landbúnaðarins annað-ist innheimtu á gjöldum skv. 1. mgr., en við þessa breytingu var bætt við þá málsgrein ákvæði um að álagning þeirra og innheimta skyldi fara fram samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Um leið var heimild til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skyldu sölusam-taka framleiðenda og annarra seljenda til að standa skil á gjaldi skv. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. felld brott.

Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 41/1982, kom fram, að nýmæli samkvæmt greininni fælust í lækkun framleiðendagjalds skv. 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. gagnvart nánar tilteknum gjaldstofnum annars vegar og hins vegar í heimild til að endur-greiða eða fella niður neytenda- og jöfnunargjöld skv. 3. og 4. tölul. 1. mgr. sömu greinar af búvöru til útflutnings. Að öðru leyti væru ákvæði þessarar greinar efnislega samhljóða þágildandi lögum. (Alþt. 1981–82, A-deild, bls. 1707.)

Samhengis vegna er rétt að rifja hér upp, að samhliða lögum nr. 41/1982 voru sett ný heildarlög um búnaðarmálasjóð, lög nr. 40/1982, er komu í stað eldri laga nr. 38/1945. Í 3. gr. yngri laganna voru áfram sams konar ákvæði og verið höfðu í eldri lögnum um skyldu gjaldenda til veita stjórnvöldum nauðsynlegar upplýsingar til að ákvarða gjaldstofn bún-aðarmálasjóðsgjalds, en í 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 45/1971, eins og honum var breytt með 1. gr. laga nr. 41/1982, var áfram vísað til þess gjalds við ákvörðun og innheimtu framleiðendagjalds, að brott felldri tilvísun í númer eldri laganna.

4.

Auk þess, sem að framan er rakið, var í 18. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 68/1973, ákvæði, er heimilaði að sett væru með reglugerð „nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m.a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda [bryti] sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum“. Samhljóða ákvæði var áður í 24. gr. laga nr. 45/1971 og var flutt óbreytt þangað úr 23. gr. laga nr. 75/1962,

með síðari breytingum. (Alpt. 1970, A-deild, bls. 1389.) Í athugasemdum við þá grein frumvarps þess, er varð að lögum nr. 75/1962, sagði svo um ástæður þess, að sérstaklega væri vikið að gjaldtöku þessari í ákvæðinu:

„Erfitt er á þessu stigi að ákveða endanlega hversu hagað verði innheimtu álags á landbúnaðarvörur. Verður því að heimila ákvörðun þess atriðis í reglugerð. Þykir ástæða til að tilgreina það atriði sérstaklega, enda þótt auðvitað kunni að vera þörf á setja nánari ákvæði í reglugerð um ýmis önnur framkvæmdatriði.“ (Alpt. 1961, A-deild, 1003.)

5.

Að virtum þeim kröfum, sem gera verður til skýrleika lagaheimilda fyrir íþyngjandi reglugerðarákvæðum, sbr. 1. og 2. tölul. þessa kafla, er það álit mitt í ljósi þess, sem að framan er rakið um tilurð og efni lagaheimilda til að setja reglugerðir á grundvelli laga nr. 45/1971, með síðari breytingum, að ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990 eigi sér ekki viðhlítandi stöð í lögum, en í ákvæðinu er fjallað um heimildir Framleiðsluráðs til að áætla neytenda- og jöfnunargjald skv. 2. mgr. 1. gr. sömu reglugerðar og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun, ef gjaldskyldur aðili lætur ekki í té þær upplýsingar, sem 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar tekur til.

VII.

Fyrir liggur í máli þessu, að Framleiðsluráði landbúnaðarins bar samkvæmt lögum nr. 45/1971, með síðari breytingum, að leggja svokallað neytenda- og jöfnunargjald á landbúnaðarvörur og innheimta það af sölusamtökum framleiðenda þeirra og öðrum seljendum á heildsölustigi. Með sama hætti hvíldi á hinum gjaldskyldu aðilum lögbundin skylda til að standa Framleiðsluráði skil á gjöldunum. Engu að síður voru stjórnvöldum ekki af lög-gjafans hálfu fengin þau úrræði, sem einungis er í hans valdi að veita, til að gjaldið yrði lagt á og innheimt í samræmi við tilgang laganna. Þar sem lög nr. 45/1971 hafa nú verið felld úr gildi, tel ég hins vegar ekki ástæðu til að aðhafast neitt frekar í tilefni af þessum meinbugum á þeim lögum, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Af sömu ástæðu er það ekki á mínu færi að leysa úr því, hvort A hafi greitt þessi gjöld umfram skyldu á því tímabili, sem kvörtun hans tók til. Í ljósi þess, að álagning þeirra og innheimta fór fram samkvæmt áætlun, og þeirrar niðurstöðu, að stjórnvöld hafi ekki að lögum búið að fullnægjandi heimildum til að grípa til þess úrræðis, beini ég því til landbúnaðarráðuneytisins, að álagning gjaldanna á umræddu tímabili verði endurupptekin í ljósi þeirra sjónarmiða, sem lýst hefir verið hér að framan, komi fram ósk um það frá A.

VIII.

1.

Í inngangi að skýrslu minni til Alþingis fyrir árið 1995 benti ég á að undirrót margra ágreiningsefna í stjórnsýslu væru oft atriði, sem ekki hefði verið hugað nægilega að við samningu laga (SUA 1995:12). Ágreiningur sá, er mál þetta er sprottið af, á að verulegum hluta rætur að rekja til slíkra atriða, eins og grein hefur verið gerð fyrir hér að framan.

2.

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 536/1990, um innheimtu gjalda til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sótti hún einnig stöð sína í þágildandi lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, að því er varðaði svonefnt framleiðsluráðsgjald skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 46/1985 var svohljóðandi heimild til að setja reglugerð:

„Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um gjaldskyldu, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, álagningu gjaldanna skv. áætlun og annað sem lýtur að framkvæmd á innheimtu gjaldanna.“

Lög nr. 46/1985 voru síðar endurútgefin með innfelldum síðari breytingum sem lög nr. 99/1993. Hést framangreind reglugerðarheimild óbreytt með sömu greinatölu í þeim lögum allt þar til lög nr. 99/1995 voru sett.

Við athugun máls þessa vakti það athygli mína, að með 1. gr. síðastnefndu laganna var 27. gr. laga nr. 99/1993 breytt á þann veg, að framangreind 2. mgr. greinarinnar féll brott. Af þessu tilefni leitaði ég í bréfi mínu til landbúnaðarráðherra, dags. 29. ágúst 1996, eftir skýringum á því, hvort 27. gr. laga nr. 99/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 99/1995, þætti veita fullnægjandi lagastoð til að heimta gjald skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 536/1990 á grundvelli áætlunar skv. 2. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar. Í bréfi landbúnaðarráðuneytisins, dags. 29. nóvember 1996, var ekki vikið að þessu atriði.

Við nánari athugun málsins kom hins vegar í ljós, að lögum nr. 99/1993 var enn breytt með lögum nr. 124/1995 á þann veg, að við 27. gr. bættust á ný sömu málsgreinar og fallið höfðu brott með 1. gr. laga nr. 99/1995.

Að þessu virtu þykir ljóst, að 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 99/1993 voru með 1. gr. laga nr. 99/1995 felldar brott fyrir mistök, sem leiðrétt voru tæpu hálfu ári síðar með 21. gr. laga nr. 124/1995. Breytir það ekki því, að á því tímabili naut reglugerð nr. 536/1990 ekki lagastoðar að því er varðar hið svonefnda framleiðsluráðsgjald skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 27. gr. laga nr. 99/1993 og 1. gr. laga nr. 99/1995.

Að sínu leyti er hér um ræða vandamál af sama meiddi og lýst var í áðurnefndum innangi að ársskýrslu minni fyrir árið 1995. Gefur það tilefni til að áréttta, að ekki er aðeins brýnt að vanda til nýsmíði laga, heldur einnig og ekki síður til síðari breytinga á þeim.

IX.

Niðurstaða.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða mín sú, að A hafi verið lögskyld að greiða af kartöfluuppskeru sinni umrætt gjald samkvæmt 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, með síðari breytingum.

Hins vegar er það álit mitt, að ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 536/1990 um heimildir Framleiðsluráðs til að áætla neytenda- og jöfnunargjald skv. 2. mgr. 1. gr. sömu reglugerðar og innheimta það samkvæmt þeirri áætlun, ef gjaldskyldur aðili lætur ekki í té þær upplýsingar, sem 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar tekur til, eigi sér ekki tilskilda lagastoð.

Í ljósi þess, að álagning nefndra gjalda og innheimta fór fram samkvæmt áætlun, og þeirrar niðurstöðu, að stjórnvöld hafi ekki að lögum búið að fullnægjandi heimildum til að grípa til þess úrræðis, beini ég því til landbúnaðarráðuneytisins, að álagning gjaldanna á því tímabili, sem um ræðir í álitu þessu, verði endurupptekin í ljósi þeirra sjónarmiða, sem lýst hefir verið hér að framan, komi fram ósk um það frá A.

Í inngangi að skýrslu minni til Alþingis fyrir árið 1995 benti ég á, að undirrót margra ágreiningsefna í stjórnsýslu væru oft atriði, sem ekki hefði verið hugað nægilega að við samningu laga (SUA 1995:12). Ágreiningur sá, er mál þetta er sprottið af, á að verulegum hluta rætur að rekja til slíkra atriða, eins og grein hefur verið gerð fyrir hér að framan.

Athugun mín hefur leitt í ljós, að 2. og 3. mgr. 27. gr. laga nr. 99/1993 voru með 1. gr. laga nr. 99/1995 felldar brott fyrir mistök, sem leiðrétt voru tæpu hálfu ári síðar með 21. gr. laga nr. 124/1995. Breytir það ekki því, að á því tímabili naut reglugerð nr. 536/1990 ekki lagastoðar að því er varðar hið svonefnda framleiðsluráðsgjald skv. 1. mgr. 1. gr. reglugerð-

arinnar, sbr. 27. gr. laga nr. 99/1993 og 1. gr. laga nr. 99/1995. Að sínu leyti er hér um ræða vandamál af sama meiði og lýst var í áður nefndum inngangi að ársskýrslu minni fyrir árið 1995. Gefur það tilefni til að áréttta, að ekki er aðeins brýnt að vanda til nýsmíði laga, heldur einnig og ekki síður til síðari breytinga á þeim.“

**11.2. Sala ríkisjarða. Ábúð. Vandaðir stjórnisýsluhættir.
(Mál nr. 1572/1995)**

A, ábúandi á ríkisjörð, kvartaði yfir því að honum hefði ekki borist svar við bréfi, sem hann ritaði landbúnaðarráðuneytinu í tilefni af sölu ríkisins á hluta af óskiptu landi svonefndrar Z í Ölfushreppi til H. Kemur fram í bréfi A að hann hafi sem ábúandi að X nytjað hið óskipta land um áratuga skeið ásamt ábúendum jarðarinnar Y. Engu að síður hefði umrædd sala farið fram að sér fornspruðum.

Í áliti umboðsmanns var fyrst getið byggingarbréfs sem staðfest hefði verið af landbúnaðarráðuneytinu 11. mars 1967, þar sem A var byggð jörðin X frá fardögum 1966 að telja. Þá rakti hann ákvæði ábúðarlaga nr. 64/1976 þar sem sagði að leiguliði hefði full afnotaumráð þeirra nytja, sem jörðin gæfi sjálf af sér í samræmi við forna landsvenju. Nær samhljóða ákvæði hefði verið að finna í eldri ábúðarlögum er í gildi voru þá er ábúðarréttur A stofnaðist, þ.e. 25. gr. laga nr. 36/1961.

Fyrir lá sameiginlegur skilningur samningsaðila, er beint var í formi skriflegrar yfirlýsingar til A, að þrátt fyrir samninginn, stæði óhaggaður lögbundinn og umsamiinn réttur A til afnota af hinu selda landi, sbr. nefnt byggingarbréf. Umboðsmaður taldi því að leggja bæri til grundvallar að afnotarétti A væri ekki raskað með sölunni til H og taldi ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tilefni af þessum þætti kvörtunarinnar.

Niðurstaða umboðsmanns var hins vegar að landbúnaðarráðuneytið hefði átt að gæta betur vandaðra stjórnisýsluhátta við undirbúning og frágang umræddra makaskipta, en í makaskiptasamningnum var hvergi að því vikið að landið væri háð erfðaábúðarrétti, og hinu sama var heldur ekki komið á framfæri með viðhlítandi hætti í afsali fyrir landinu. Hefði þetta skapað óviðunandi óvissu um réttarstöðu og ríka hagsmuni A. Í samræmi við vandaða stjórnisýsluhætti hefði ráðuneytið átt að kynna A fyrirhugaða samningsgerð og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

**11.3. Uppsögn afnotaréttar. Ábúð.
(Mál nr. 1894/1996)**

Hjónin A og B kvörtuðu yfir ítrekuðum uppsögnum menntamálaráðuneytisins á afnotarétti þeirra á landspildu þar sem þau höfðu starfrækt gróðrarstöð frá árinu 1982.

Umboðsmaður lauk málinu með bréfi til A og B. Þar gat hann þess að ekki væri ágreiningur um það að samningar um leigu landspildunnar hefðu af hálfu leigusala verið gerðir af aðila sem bær var til að ráðstafa henni á þann veg, skólanefnd Héraðsskólans á Laugarvatni, en nefndin hefði í raun farið með eignarráð yfir spildunni allt fram til ársins 1991, er Menntaskólanum á Laugarvatni var falinn rekstur og umsjón með héraðsskólanum. Hann vísaði til ákvæða ábúðarlaga nr. 64/1976 um réttarstöðu aðila ábúðarsamnings þar sem öðru fremur væri lögð áhersla á að vernda hagsmuni leiguliða. Yrði ekki vikið frá ákvæðum laganna í ábúðarsamningi, nema um þau

atriði, sem lögin sjálf mæltu fyrir um, að gæti verið háð samkomulagi aðila. Umboðsmaður vísaði til gagna er fyrir lögju um að garðyrkjubýli A og B væri í tölu lögbýla samkvæmt jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins og taldi með því ljóst að líta yrði svo á að afnotaréttur A og B teldist til ábúðarréttar í skilningi ábúðarlaga. Réttarstaða þeirra færi því eftir ákvæðum þeirra laga. Umboðsmaður rakti ákvæði 3. gr., 1. mgr. 5. gr. og 6. gr. nefndra laga. Sagði hann verulegan vafa uppi í málinu um tímamörk ábúðar A og B. Væri út frá því gengið að stofnast hefði ótímabundinn ábúðarréttur þeim til handa, en að öðrum kosti væri ekki ástæða til frekari umfjöllunar umboðsmanns Alþingis. Yrði þeim afnotarétti að meginstefnu því aðeins slitið af hálfu landsdrottins, að um vanefndir á ábúðarskyldum þeirra væri að ræða. Frá því sé ein veigamikil undantekning þar sem 3. mgr. 5. gr. nefndra laga byggðist á því grunnsjónarmiði að landsdrottinn eigi skýlausan rétt til að taka jörðina til eigin þarfa eða náninna skyldmenna sinna, með nánar greindum skilyrðum sem m.a. er ætlað að vernda leiguliða.

Niðurstaða umboðsmanns var að tilkynningar til A og B um uppsögn hefðu haft að geyma afdráttarlausar yfirlýsingar landeiganda um þau áform hans að taka umrædda landspildu úr ábúð til eigin þarfa. Taldi umboðsmaður því ekki að kvörtunin gæfi tilefni til sérstakra athugasemda af hans hálfu.

12.0. Lífeyrismál.

12.1. Staðfesting reglugerðar. Lögmatísreglan. Málshraði. Jafnræðisregla. Svör stjórnvalda til umboðsmanns. (Mál nr. 1754/1996)

Lífeyrissjóðurinn A kvartaði yfir synjun fjármálaráðuneytisins á því að staðfesta reglugerð fyrir sjóðinn, en í reglugerðinni var gert ráð fyrir því að sjóðnum yrði skipt í deildir eftir fjárfestingarstefnu. Á árunum 1993 og 1994 hafði fjármálaráðuneytið hafnað sams konar beiðnum sjóðsins. A bar fram kvörtun við umboðsmann Alþingis af því tilefni, og komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu í áliti sínu, í máli nr. 1204/1994 (SUA 1995:214), að synjun fjármálaráðuneytisins hefði verið ólögmat. Var þeim tilmælum beint til ráðuneytisins í nefndu áliti, að það tæki erindi A til meðferðar að nýju og leysti úr því í samræmi við niðurstöðu álitsins. Í framhaldi af þessu leitaði A á ný til fjármálaráðuneytisins og óskaði eftir því að reglugerð fyrir sjóðinn, þar sem gert var ráð fyrir að honum yrði skipt í deildir eftir fjárfestingarstefnu, yrði staðfest. Fjármálaráðuneytið hafnaði beiðni A að nýju 14. mars 1996, á þeim grundvelli, að unnið væri að samningu frumvarps um rekstur og fjárfestingu lífeyrissjóða, þar sem skýrar reglur yrðu settar um fjárfestingar lífeyrissjóða, rekstur þeirra og innra eftirlit, og hefði því verið ákveðið að samþykkja ekki breytingar á reglugerðum lífeyrissjóða, sem lytu að þessum atriðum.

Í tilefni af kvörtun A vegna síðari synjunar fjármálaráðuneytisins á erindi sjóðsins, ritaði umboðsmaður fjármálaráðherra bréf í apríl 1996 og óskaði eftir því að honum yrðu lätin í té gögn málsins og að fjármálaráðuneytið skýrði viðhorf sitt til kvörtunarinnar. Var þess sérstaklega óskað, að upplýst yrði, hvort í ráði væri að leggja fram frumvarp til laga um rekstur og fjárfestingu lífeyrissjóða á því þingi sem þá stóð yfir. Væri sú ekki raunin var þess óskað, að upplýst yrði, hvort ráðuneytið væri tilbúið til að taka erindi A til meðferðar á ný. Væri ekki svo var þess óskað, að tilgreind yrði sú lagaheimild sem synjun ráðuneytisins á umsókn A væri byggð á. Bréf þetta var ítrekað fjórum sinnum án þess að svör bærust. Í bréfi til fjármálaráðherra 9. janúar 1997 ítrekaði umboðsmaður enn tilmæli sín og óskaði eftir því að skýrt yrði hvers vegna hefði dregist að svara erindi hans. Í bréfi fjármálaráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis vegna sams konar máls, frá 26. febrúar 1997, kom fram að gert væri ráð fyrir því að það mundi skýrast innan fárra vikna hvort frumvarp um skipan lífeyrismála yrði lagt fram á því þingi. Yrði ekkert af því mundi ráðuneytið taka fyrirbyggjandi erindi um deildarskiptingu lífeyrissjóða til afgreiðslu. Svar fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn umboðsmanns frá 23. apríl 1996 er dagsett 8. júlí 1997. Þar kemur fram, að ráðuneytið tók ákvörðun um að staðfesta ekki reglugerðir sem fela í sér frávik frá þeim reglum sem lífeyrissjóðir almennt starfa eftir, t.a.m. um stofnun séreignadeilda við almenna lífeyrissjóði og deildarskiptingu sjóða, fyrr en umfjöllun Alþingis um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem lagt var fram vorið 1997, væri lokið.

Umboðsmaður rakti umfjöllun sína um fyrri kvörtun sjóðsins, sbr. mál nr. 1204/1994 (SUA 1995:214), en þar tók hann fram, að áskilnað 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um staðfestingu fjármálaráðuneytisins á reglugerðum fyrir lífeyrissjóði yrði að skilja svo, að ráðuneytinu bæri að synja um staðfestingu á slíkum reglugerðum ef ákvæði þeirra stefndu réttindum sjóðfélaga í óhóflega hættu eða væru með öðrum hætti ósamrýmanleg lögum eða öðrum réttarreglum. Bæri fjármálaráðuneytinu því að kanna hvort ákvæði reglugerða fyrir lífeyrissjóði stæðust að þessu leyti. Hann tók fram, að ekki væri fyrir að fara

almennri löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða, þ. á m. um ávöxtun fjár þeirra og áhættudreifingu. Engin ákvæði væru í lögum nr. 55/1980 um ávöxtun fjár lífeyrissjóða, áhættudreifingu og fjárfestingarstefnu þeirra. Niðurstaða umboðsmanns í álitinu frá 1995 var sú, að stjórnvöld hefðu ekki svigrúm til þess að grípa inn í slíkt einkaréttarlegt samningsatriði, eins og það sem málið snerist um, og banna deildarskiptingu lífeyrissjóðs, nema með viðhlítandi stoð í lögum. Fjármálaráðuneytið yrði við ákvarðanir sínar um staðfestingar á reglugerðum fyrir lífeyrissjóði að byggja á þeim lagaákvæðum sem um það efni fjölluðu á hverjum tíma. Lög reistu ekki beinar skorður við efni þeirra reglugerðarbreytinga, sem ráðuneytið hefði neitað að staðfesta. Þá taldi umboðsmaður að fjármálaráðuneytið hefði heldur ekki sýnt fram á, að umrædd deildarskipting sjóðsins fæli í sér slíka áhættu fyrir sjóðfélaga, að það færi í bága við megintilgang lífeyrissparnaðar og að fjármálaráðuneytið gæti því ekki synjað um staðfestingu á þeim grundvelli. Sú aukning áhættu fyrir einstaka sjóðfélaga, sem ráðuneytið teldi leiða af reglugerðarbreytingunum, stafaði af einkaréttarlegum samningsatriðum. Taldi hann því, að sú synjun fjármálaráðuneytisins á reglugerðarbreytingunum, sem var efni kvörtunarinnar, hefði ekki verið lögmæt og beindi þeim tillæmum til fjármálaráðuneytisins að það tæki erindi A til meðferðar að nýju og leysti úr því í samræmi við niðurstöðu álitsins.

Umboðsmaður vísaði til þess, að þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið hefði tekið fram, er það fjallaði um fyrri umsókn A, að synjun þess byggðist ekki á því að verið væri að vinna að frumvarpi til laga um lífeyrismál, hefði ráðuneytið byggt á því, er sjóðurinn leitaði þangað aftur að fengnu álitum umboðsmanns, að fyrirhugað væri að setja lög um lífeyrissjóði, sem tækju m.a. til fjárfestinga þeirra. Í upphafi og við meðferð fyrri kvörtunar sjóðsins til umboðsmanns hefði ráðuneytið því tekið undir það, að lagagrundvöll fyrir staðfestingum yrði að sækja í gildandi lög á hverjum tíma og ekki byggt synjun sína á hugsanlegri lagasetningu. Að fengnu álitum umboðsmanns hefði ráðuneytið hins vegar horfið frá fyrri afstöðu og neitaði nú um staðfestingu á þeim grundvelli einum, að löggjöf varðandi lífeyrissjóði væri í sjónmáli. Umboðsmaður taldi ekki ástæðu til að rekja ólögmæti þessa sjónarmiðs frekar, enda yrði það skýrt ráðið af álitum hans.

Umboðsmaður taldi að líta yrði svo á, að ráðuneytið hefði ákveðið að skjóta því á frest að afgreiða erindi A með formlegum hætti, uns lægi fyrir hvort sett yrði almenn löggjöf um lífeyrisréttindi og starfsemi lífeyrissjóða. Hann tók fram af því til efni, að borgararnir ættu rétt á því, að stjórnvöld afgreiddu mál þeirra svo fljótt sem unnt væri á grundvelli þeirra laga og stjórnvaldsfyrirmæla, sem í gildi væru þegar þeir bera fram erindi sín við stjórnvöld, sbr. 1. mgr. 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Það er almennt ekki á valdi stjórnvalda að ákveða að biða með afgreiðslu mála, uns settar hafa verið nýjar reglur, heldur verða þau að beita þeim réttarheimildum, sem í gildi eru á hverjum tíma við úrlausn mála. Umboðsmaður taldi, að meðferð fjármálaráðuneytisins á erindi A hefði verið þessu marki brennd. Hann fann einnig að því, að fjármálaráðuneytið, sem ekki byggði á fyrirhugaðri lagasetningu við umfjöllun á fyrri umsókn A, hefði síðar tekið aðra afstöðu. Hann áréttaði lögmætisreglu íslensks stjórnisýsluréttar og jafnræðisreglur, sem lögfestar eru í 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og 65. gr. stjórnarskrárinnar, og minnti á, að óréttlætt synjun um afgreiðslu mála gæti leitt til bótaskyldu hins opinbera. Þá tók umboðsmaður fram, að lög-gjafanum væri í lófa lagið að mæla svo fyrir við samþykkt löggjafar um lífeyrismál, að áður staðfestar reglugerðir skyldu aðlagðar lagafyrirmælum, ef þær fullnægðu ekki nýjum lagakröfum, enda yrði veittur hæfilegur frestur í því skyni.

Þá vísaði umboðsmaður til þess, að dregist hefði í fjórtán og hálfan mánuð, að erindi hans til fjármálaráðuneytisins væri svarað. Í því sambandi vísaði hann einnig til

þess, að í fyrstu skýrslu sinni til Alþingis hefði hann tekið fram, að það væri forsenda laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, að umboðsmaður væri virtur svars og tekið tillit til álita hans. Í skýrslu hans fyrir árið 1996 kæmi hins vegar fram, að dráttur á svörum gæti ekki talist almennur lengur og mikil bragarbót hefði orðið á verklagi margra stjórnvalda í því efni. Umboðsmaður vísaði til þess að fyrir lægi, að fjármálaráðuneytið hefði virt álit hans frá 6. október 1995 að vettugi, svaraði ekki erindum fyrr en liðið væri á annað ár eftir að óskað væri skýringa í tilefni af kvörtun, gæfi engar skýringar á drættinum þótt þeirra væri leitað, og að svör væru ófullnægjandi er þau loksins bærust. Fjármálaráðuneytið skæri sig að þessu leyti verulega úr miðað við önnur stjórnvöld. Af þeim sökum taldi umboðsmaður rétt að gera forsætisráðherra og forseta Alþingis grein fyrir máli þessu með því að senda þeim álitíð.

Í framhaldi af ofangreindu álitu tel ég rétt að geta þess að hinn 30. júní 1998, var samþykkt í fjármálaráðuneytinu reglugerð fyrir lífeyrissjóðinn A.

12.2. Málsmeðferð stjórnvalda. Staðfesting reglugerðar. Málshraði. Svör stjórnvalda við erindum sem þeim berast. Lögmatísreglan. Jafnræðisregla. (Mál nr. 2009/1997)

Lífeyrissjóðurinn A kvartaði yfir því, að fjármálaráðuneytið hefði ekki afgreitt beiðni sjóðsins um staðfestingu á breytingu á reglugerð fyrir sjóðinn varðandi stofnun sér-eignardeildar við hann.

Umboðsmaður taldi, með hliðsjón af skýringum fjármálaráðuneytisins, að líta yrði svo á, að ráðuneytið hefði ákveðið að fresta því að afgreiða erindi A með formlegum hætti uns fyrir lægi hvort sett yrði almenn löggjöf um lífeyrismál og starfsemi lífeyrissjóða. Hann taldi kvörtun A gefa tilefni til þess að fjallað yrði um fjögur atriði.

Í fyrsta lagi tók umboðsmaður til athugunar meðferð fjármálaráðuneytisins á erindi A. Hann vísaði til álits síns, í máli nr. 74/1989 (SUA 1989:93), þar sem tekið var fram að það væru góðir stjórnsýsluhættir að stjórnvöld svörðu bréflaga skriflegum erindum, nema erindi bæri með sér að svars væri ekki vænst. Þar var enn fremur lögð áhersla á að tafir á svörum við erindum væru skýrðar fyrir þeim, sem í hlut ætti. Umboðsmaður vísaði til þeirrar meginreglu í stjórnsýslurétti, að hver sá, sem ber upp skriflegt erindi við stjórnvöld, eigi almennt rétt á að fá skriflegt svar, nema svars sé ekki vænst og til almennrar málshraðareglu, sem lögfest er í 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Hann taldi það viðhorf fjármálaráðuneytisins, að rétt væri að bíða með formlega afgreiðslu á staðfestingu reglugerðarbreytinganna uns almenn löggjöf um lífeyrismál hefði verið sett, ekki geta réttlætt, að ráðuneytið svaraði erindi A ekki skriflega. Hvað sem liði lögmæti þessa sjónarmiðs fjármálaráðuneytisins gæti ráðuneytið ekki vikið sér undan því að afgreiða erindi lífeyrissjóðsins skriflega svo fljótt sem kostur væri. Það var því niðurstaða umboðsmanns, að við meðferð erindis A hefði fjármálaráðuneytið farið verulega á svig við meginreglur stjórnsýsluréttar um skrifleg og skjót svör við erindum.

Í öðru lagi fjallaði umboðsmaður um þá forsendu fjármálaráðuneytisins að fresta því að afgreiða erindi A þar til settar hefðu verið lagareglur um lífeyrismál og starfsemi lífeyrissjóða almennt, en lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, voru samþykkt á Alþingi í desember 1997. Hann benti á að engin önnur ástæða hefði verið tilgreind fyrir þeirri ákvörðun ráðuneytisins að afgreiða ekki erindi A. Borgararnir ættu rétt á því, að stjórnvöld afgreiddu mál þeirra svo fljótt sem unnt væri, á grundvelli þeirra laga og stjórnvaldsfyrirmæla, sem í gildi

væru er þeir bæru fram erindi sín við stjórnvöld, sbr. 9. gr. stjórn-sýslulaga. Það væri almennt ekki á valdi stjórnvalda að ákveða að biða með afgreiðslu mála þar til settar hefðu verið nýjar reglur, heldur yrðu stjórnvöld að beita þeim réttarheimildum sem í gildi væru á hverjum tíma við úrlausn mála. Í þessu sambandi áréttaði umboðsmaður lögmætisreglu íslensks stjórn-sýsluréttar og jafnræðisreglur, sem lögfestar eru í 11. gr. stjórn-sýslulaga og 65. gr. stjórnarskrárinnar. Hann tók fram, að löggjafanum væri í lófa lagið við samþykkt löggjafar um lífeyrismál og starfsemi lífeyrissjóða, að mæla svo fyrir, ef ástæða væri talin til að áður staðfestar reglugerðir verði aðlagðar laga-fyrirmælum, enda væri veittur til þess hæfilegur frestur.

Að því er varðaði þann lagagrundvöll, sem fjármálaráðuneytið gat byggt á við afgreiðslu erindis A, tók umboðsmaður fram, að frá því að A bar fyrst fram erindi sitt í nóvember 1993 hefði engin breyting orðið á lagagrundvellingum fyrr en með lögum nr. 129/1997. Hann vísaði til álits síns, í máli nr. 1204/1994 (SUA 1995:214), þar sem raktar voru þær réttarheimildir sem staðfestingar fjármálaráðuneytisins á reglugerðum lífeyrissjóða höfðu byggt á og hvað fælist í slíkum staðfestingum. Niðurstaða umboðs-manns í nefndu álitu var sú, að synjun fjármálaráðuneytisins um staðfestingu á breyt-ingum á reglugerð fyrir X, sem lutu að því að lífeyrissjóði yrði skipt í deildir eftir fjár-festingarstefnu, hefði ekki verið lögmæt. Umboðsmaður taldi því ekki ástæðu til að fjölyrða um lögmæti synjunar fjármálaráðuneytisins á erindi A, enda hefði laga-grundvöllur sá, sem byggt yrði á af hálfu fjármálaráðuneytisins við slíkar staðfesting-ar, verið reifaður í framangreindu álitu. Af þeirri umfjöllun mætti ráða, að engum lagafyrirmælum hefði verið til að dreifa sem fjármálaráðuneytið gat stutt synjun sína á erindi A við. Það var því niðurstaða umboðsmanns að enginn efnislegur lagagrund-völlur hefði verið fyrir afstöðu ráðuneytisins til stofnunar séreignardeildar við A.

Umboðsmaður benti sérstaklega á, að álit hans, í máli nr. 1204/1994 (SUA 1995:214), hefði legið fyrir er A endurnýjaði beiðni sína, um staðfestingu á breyting-um á reglugerð fyrir sjóðinn. Hefði fjármálaráðuneytinu því mátt vera ljóst að afstaða þess til erindisins var ólögmæt. Umboðsmaður vísaði til álits síns í máli nr. 1754/1996 og taldi, að af málsatvikum í því og þessu máli yrði ekki annað ályktað en að fjármálaráðuneytið hefði ákveðið að horfa framhjá niðurstöðunni í álitu hans í máli nr. 1204/1994 (SUA 1995:214). Um þetta atriði vísaði hann til athugasemda í fyrr-greindu álitu í máli nr. 1754/1996.

Í fjórða lagi fjallaði umboðsmaður um það, hvort A hefði sætt mismunun af hendi fjármálaráðuneytisins. Umboðsmaður vísaði til 11. gr. stjórn-sýslulaga og benti á, að fjármálaráðuneytið hefði almennt ekki amast við stofnun séreignarlífeyrissjóða og því talið að ekki væri útilokað að lögum að það staðfesti reglugerðir fyrir slíka sjóði. Þá hefði ráðuneytið ekki talið ástæðu til að biða setningar löggjafar um lífeyris-mál og starfsemi lífeyrissjóða áður en það afgreiddi staðfestingar á reglugerðum slíkra sjóða. Ráðuneytið hefði hins vegar talið efni til þess, á forsendum sem ekki væru ljósar, að taka almenna lífeyrissjóði út úr með tilliti til stofnunar séreignardeilda. Umboðsmaður taldi að ekki hefðu komið fram í skýringum fjármálaráðuneytisins hald-bær lagarök, sem gætu réttlætt þann mun sem fjármálaráðuneytið gerði milli lífeyris-sjóða á grundvelli þágildandi laga. Þar sem umboðsmaður hafði þegar komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun fjármálaráðuneytisins, um að staðfesta ekki reglugerð fyrir A, hefði verið ólögmæt að efni til, taldi hann ekki tilefni til frekari umfjöllunar um brot fjármálaráðuneytisins á jafnræðisreglum stjórnarskrár og stjórn-sýsluréttar.

Í framhaldi af framangreindu álitu tel ég rétt að geta þess að hinn 29. maí 1998, stað-festi fjármálaráðuneytið samþykktir fyrir A.

13.0. Lögreglumálefni.

13.1. Lögreglusamþykktir. Veiðiréttindi. Meðalhófsreglan. (Mál nr. 2091/1997)

A kvartaði yfir bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem sú skoðun kom fram að landeigendur jarðar á Álftanesi yrðu að hlíta þeim takmörkunum á skotveiðum sem lögreglusamþykkt Garðakaupstaðar kveður á um. Umboðsmaður tók fram að þrátt fyrir að ráðuneytið hefði ekki litið á erindi A sem stjórnslukæru, liti hann svo á, að í bréfi ráðuneytisins fælist staðfesting þess á lögmæti afskipta lögreglu og afstöðu sýslumanns.

Umboðsmaður skildi kvörtun A svo að hún beindist að afskiptum lögreglunnar í Hafnarfirði, á grundvelli lögreglusamþykktar, af skotveiði landeigenda umræddrar jarðar en tók fram að hann teldi ekki efni til þess að taka til meðferðar álitamál er snertu bótarétt jarðeiganda yrði tekið fyrir skotveiðar á landareign hans.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir, ákvæði lögreglusamþykktar nr. 171/1988 fyrir Garðakaupstað og ákvæði 4. mgr. 20. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, en rakti jafnframt að lögum samkvæmt fylgdi veiðiréttur eignarrétti að landi. Hann taldi sýnt að landeigendur yrðu að sæta almennri skerðingu á veiðiréttindum sem stafaði af nauðsyn þess að draga úr hættu og tryggja öryggi fólks á almannafæri, en að slík skerðing væri háð því að landareignin væri á almannafæri og almenningi stafaði raunveruleg hættu af skotveiðum á henni. Með vísan til lögskýringargagna taldi hann umrædda jörð ekki vera á almannafæri í skilningi laga um lögreglusamþykktir. Hins vegar væri um að ræða nálægð við slík svæði og hefði það ráðið afstöðu sýslumanns og ráðuneytisins í málinu.

Niðurstaða umboðsmanns var að með því að um væri að ræða bann við notkun skotvopna sem hefði í för með sér sérstakar takmarkanir á nýtingu veiðiréttinda sem kæmu niður á A umfram eigendur annarra jarða utan þess svæðis er samþykktin tæki til, hefði verið tilefni til sérstakrar athugunar á því hvort skotveiðibann teldist nauðsynlegt vegna öryggissjónarmiða og eftir atvikum hvort hægt væri að beita vægari úrræðum til að ná fram umræddu markmiði. Umboðsmaður tók fram að skotveiðirétti landeigenda yrðu ekki settar víðtækari skorður en nauðsynlegt teldist vegna öryggissjónarmiða.

Beindi hann þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það tæki mál A upp að nýju kæmi fram ósk um það frá honum.

Hinn 2. júní 1999 og í tilefni af bréfi A til mín ritaði ég dóms- og kirkjumálaráðherra bréf, þar sem meðal annars sagði:

„Í niðurlagi álits síns beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytis yðar að taka mál [A] á ný til meðferðar kæmi fram ósk um það frá honum og leysa þá úr því á grundvelli þeirra sjónarmiða sem rakin eru í álitinu. Ráðuneyti yðar sendi umboðsmanni Alþingis bréf, dags. 5. mars 1998, þar sem fram kom meðal annars að ráðuneytið hefði beint því til bæjarstjórnar Garðabæjar að endurskoða lögreglusamþykkt kaupstaðarins í samræmi við fyrrgreint álit. Þá upplýsti ráðuneytið að það hefði falið ríkislögreglustjóra, með bréfi, dags. 17. desember 1997, að gera drög að reglugerð um lögreglusamþykktir.

Samkvæmt upplýsingum frá [A] hefur hann leitað til ráðuneytis yðar á ný en ráðuneytið ekki afgreitt erindi hans. Með vísan til framanritaðs leyfi ég mér að óska

eftir upplýsingum um hvað líði afgreiðslu á erindi [A] og hvers vegna dregist hafi að afgreiða erindi hans.“

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 22. júní 1999, segir meðal annars:

„Eins og fram hefur komið í bréfaskiptum yðar og ráðuneytisins beindi ráðuneytið því til bæjarstjórnar Garðabæjar að endurskoða lögreglusamþykkt kaupstaðarins í samræmi við fyrrgreint álit. Hefur ráðuneytið síðan ítrekað þessi tilmæli sín til bæjarstjórnarinnar í nokkur skipti, nú síðast með bréfi dags. 10. júní sl. Í meðfylgjandi bréfi bæjarstjórnarinnar, dags. 16. júní sl., kemur fram að endurskoðun lögreglusamþykktarinnar sé ekki lokið, en að vinnsla hennar sé á lokastigum. Það skal tekið fram að ráðuneytið telur sig ekki hafa heimildir til að hafa frumkvæði að breytingum á lögreglusamþykktum, heldur er slíkt í verkahring sveitarstjórna á hverjum stað.“

14.0. Menntamál.

- 14.1. Opinberir starfsmenn. Veiting lektorsstöðu við Háskóla Íslands.
Veitingarvald ráðherra. Álitsumleitan. Málshraði.
(Mál nr. 2087/1997)

A kvartaði yfir úrskurði menntamálaráðuneytis þar sem kæru hans var vísað frá. Kæran varðaði niðurstöðu dómnefndar um hæfi umsækjenda til að gegna auglýstri stöðu lektors í sálfræði við félagsvísindadeild Háskóla Íslands, en frávisunarástæða ráðuneytisins var að A hefði ekki neytt til hlítar úrræða til að leita leiðréttingar innan Háskóla Íslands.

Umboðsmaður rakti fyrst að með lögum nr. 30/1989 sem komu til breytingar á eldri háskólalögum hefði ljóslega verið að því stefnt að auka áhrif háskóladeildar á stöðuveitingar, með því að skylda menntamálaráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990 til að leita álits dómnefndar áður en hann veitti stöðuna. Veitingarvaldið hefði eftir sem áður verið í höndum ráðherra sem færu með allar almennar valdheimildir og starfsskyldur veitingarvaldshafa að svo miklu leyti sem þær hefðu ekki verið frá honum teknar með lögum. Þá taldi umboðsmaður sérstaka ástæðu til að árétta að þegar fjallað væri um stjórnslukæru og önnur úrræði ráðherra til afskipta og endurskoðunar á málum sem háskólayfirvöld hafi haft til meðferðar, yrði að gera glöggan greinarmun á þeim málum þar sem þau tækju stjórnvaldsákvörðun og hins vegar málum þar sem þau tækju einungis þátt í undirbúningi máls en ráðherra tæki síðan stjórnvaldsákvörðun um það. Hann féllst á það með menntamálaráðuneyti að ekki hefðu verið skilyrði til þess að fara með erindi A sem stjórnslukæru skv. VII. kafla stjórnslulaga en tók fram að engu að síður hefði erindi hans gefið sérstakt tilefni til ákveðinna viðbragða við meðferð umrædds máls, enda hefði staðan þá ekki enn verið formlega veitt. Sú skylda hefði hvílt á ráðherra og ráðuneyti hans að rannsaka málið og sjá til þess að það væri undirbúið að öðru leyti á forsvaranlegan hátt. Vísaði umboðsmaður um þetta til fyrra álits síns, í máli nr. 900/1993 (SUA 1994:49), um að séu annmarkar á umsögn sem stjórnvaldi er skylt að afla verulegir, beri hlutadeigandi stjórnvaldi að hafa forgöngu um að bætt sé úr honum. Minnti umboðsmaður á að þetta hefði A áréttað í erindi sínu til ráðuneytisins. Þeim mun brýnna hefði verið að ráðuneytið kannaði hvort umrædd umsögn var haldin verulegum annmarka með því að hún var bindandi.

Því næst tók umboðsmaður fram að ekki hefði verið heimilt að kæra niðurstöðu dómnefndar til háskólaráðs, með hliðsjón af skipunarhætti og sérfræðilegum störfum nefndarinnar. Gat hann þess og að niðurstaða dómnefndar teldist ekki stjórnvaldsákvörðun. Af dómi Hæstaréttar, H 1981:266, réð umboðsmaður að A kynni að vera dómstólsleið fær og lauk umfjöllun sinni um þann þátt kvörtunar A sem laut að forsendum niðurstöðu dómnefndar með ábendingu til A þar um, sbr. c-lið 2. mgr. 10. gr. laga um umboðsmann Alþingis.

Þá tók umboðsmaður fyrir þann þátt kvörtunarinnar sem laut að hæfi nefndarmanna. Tók hann þar fyrst fram að með því að háskólaráð, menntamálaráðherra og hlutadeigandi háskóladeild færu saman með eiginlegt skipunarvald í umrædda nefnd yrði háskólaráð, með hliðsjón af stöðu ráðherra að íslenski stjórnskipan, ekki talið eiga úrskurðarvald um lögmati ákvarðana ráðherra um skipan manna í dómnefndir. A hefði því ekki verið nauðsyn á að bera þann þátt kvörtunar sinnar undir háskólaráð áður en hann gat leitað til umboðsmanns Alþingis. Hins vegar var það niðurstaða

umboðsmanns að þessi þáttur kvörtunarinnar gæfi ekki tilefni til nánari athugunar af hans hálfu.

Umboðsmaður taldi að afgreiðsla ráðuneytisins á erindi A hefði dregist um of, en afgreiðsla ráðuneytisins tók rúma fjórtán mánuði.

Hinn 27. mars 1998 barst umboðsmanni Alþingis afrit af bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 26. mars 1998, til Háskóla Íslands. Þar sagði meðal annars:

„Með vísan til þessara grundvallarsjónarmiða, sem fram koma í framangreindu bréfi ráðuneytisins til Háskóla Íslands og í ljósi niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, sem hér fylgir hjálagt, er það óbreytt afstaða ráðuneytisins að háskólaráði beri að fjalla um ágreiningsmál er varða málsmeðferð dómnefnda eða deildarfunda og ákvarða hvort annmarki hafi verið á undirbúningi stöðuveitinga af stofnunarinnar hálfu og láta ráðuneytinu í té álit þar að lútandi. Telur ráðuneytið þessa málsmeðferð fullnægjandi til að bregðast við þeim sjónarmiðum, sem fram koma í fyrrgreindu álit umboðsmanns Alþingis.“

14.2. **Flugvélavirkjun. Skilyrði þess að þreyta sveinspróf.
Starfsnám. Rannsóknarreglan.
(Mál nr. 2119/1997)**

A kvartaði yfir þeirri ákvörðun menntamálaráðuneytisins að synja beiðni hans um að fá að þreyta sveinspróf í flugvélavirkjun. Fram kom af hálfu menntamálaráðuneytisins að um mat á því hvort mælt verði með heimild til að gangast undir sveinspróf, sé fylgt þeirri meginviðmiðun laga og reglugerðar að umsækjandi hafi lokið námi frá iðnmenntaskóla og starfsþjálfun hjá fyrirtæki í tilskilinn tíma. Skólinn verði og að vera viðurkenndur af þarlandum yfirvöldum.

Umboðsmaður rakti ákvæði IX. kafla laga nr. 80/1996, um framhaldsskóla, þar sem fjallað er um starfsnám og reglugerð nr. 560/1995, um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistara réttindi, en hún var í gildi þá er umsókn A var synjað. Taldi umboðsmaður starfsnám fara fram í skóla og á vinnustað og einungis vera heimilt að taka til sveinsprófs þann, sem lokið hefði burtfararprófi frá iðnfræðsluskóla og verksamningi eða starfsþjálfunarsamningi. Hann rakti að flugvélavirkjun væri ekki kennd á Íslandi og að ekki hefði verið sett námskrá um iðngreinina. Heimild til töku sveinsprófs í greininni yrði því einungis veitt á grundvelli menntunar, sem aflað hefði verið erlendis. Við úrlausn þess hvort slík menntun fullnægði kröfum framhaldsskólalaga og reglugerðar yrði að líta til fyrirbyggjandi upplýsinga um skipulag náms en þær yrðu ekki, eins og hér stæði á, bornar saman við íslenska námskrá.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að við ákvörðun um það hvort skilyrði sveinsprófs um skólagöngu væri fullnægt yrði ekki eingöngu litið til þess hvort nám hafi farið fram í iðnmenntaskóla í skilningi framhaldsskólalaga. Menntamálaráðuneytinu hefði borið að leggja efnislegt mat á menntun A og eftir atvikum kalla eftir frekari upplýsingum við undirbúning ákvörðunar um það, hvort honum skyldi heimilað að taka sveinspróf í flugvélavirkjun. Þá benti umboðsmaður á heimild 5. gr. reglugerðar nr. 560/1995 til þess að leyfa einstaklingi að sanna kunnáttu sína með sveinsprófi, ef erfitt reynist að fá fram nægilega örugg gögn.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki mál A upp að nýju, óskaði hann þess.

Með bréfi, dags. 5. apríl 2000, óskaði ég eftir upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu um hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 25. apríl 2000, segir meðal annars:

„[. . .]

Í framhaldi af álitinu yðar var [A] sent bréf dags. 12. janúar 1998, þar sem honum er tilkynnt að menntamálaráðherra hefði ákveðið að taka mál hans til endurskoðunar og honum jafnframt gefinn kostur á að leggja fram ítarlegri matshæf gögn um nám sitt. [A] lagði ekki fram nein ný gögn en ritaði ráðuneytinu bréf dags. 25. janúar 1998 sem varpar ekki frekara ljósi á nám hans. Ráðuneytið leitaði eftir frekari upplýsingum frá þeim aðilum í Bandaríkjunum, sem [A] kvaðst hafa aflað sér menntunar hjá: Harless Aviation og Southeastern School of Aeronautics. Sú eftirgrennslan skilaði ráðuneytinu ekki neinum viðbótar upplýsingum er gætu orðið til þess að breyta fyrri ákvörðun í málinu. Þá funduðu fulltrúar ráðuneytisins með fulltrúa Flugmálastjórnar til þess að fá álit óháðs aðila með sérþekkingu á þeim gögnum sem [A] hafði upphaflega lagt fram með umsókn sinni. Sá fundur varð til þess að renna enn frekari stöðum undir þá skoðun ráðuneytisins að ákvörðun um að hafna beiðni [A] um heimild til að gangast undir sveinspróf í flugvélavirkjun hefði verið réttmæt.

[. . .]“

14.3.

Stjórnvaldsákvörðun. Málshraði.

(Mál nr. 2449/1998)

A kvartaði yfir úrskurði menntamálaráðuneytis þar sem kæru þess var vísað frá, á þeim grundvelli að ákvörðun Námsgagnastofnunar um að veita umsögn um kennslugagn samkvæmt ósk þriðja aðila væri ekki stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórn-sýslulaga og því ekki kæránleg til ráðuneytisins.

Umboðsmaður rakti að umsögn ráðuneytisins hefði verið veitt í tilefni af sérstakri fyrirspurn fyrirtækis sem hugðist leggja fé til framleiðslu kennsluefnisins. Að því athuguðu og með tilliti til þess að ekki yrði séð að um lögbundna þjónustu Námsgagnastofnunar væri að ræða, yrði ekki séð að ákvörðun hefði verið tekin í skjóli opinbers valds um réttindi eða skyldur, sbr. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Umboðsmaður tók skýrt fram að hann tæki einungis afstöðu til þess hvort umsögn Námsgagnastofnunar hefði verið kæránleg á grundvelli 26. gr. stjórnsýslulaga sem ein-skorðuð væri við stjórnvaldsákvörðanir.

Umboðsmaður tiltók að frá því að öll gögn lágu fyrir hefði það tekið menntamálaráðuneytið rúmlega tvö ár að úrskurða í málinu. Hann teldi útskýringar ráðuneytisins ekki nægja til að skýra þennan mikla drátt og hefði málsmeðferð ráðuneytisins því farið í hága við hina almennu málshraðareglu 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga. Einnig hefði orðið misbrestur á því að ráðuneytið sendi kæranda tilkynningar um tafir.

15.0. Námslán og námsstyrkir.

15.1.

Námslán. Námsframvinda. (Mál nr. 1824/1996)

A kvartaði yfir afgreiðslu stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á beiðni um námsaðstoð vegna náms hans við háskóla í Kanada. Með ákvörðun stjórnar sjóðsins hafði A verið gefinn kostur á 75% láni í fjögur misseri og fullu láni í eitt misseri. Tvisvar fór A fram á að þessi niðurstaða yrði endurskoðuð en stjórn lánasjóðsins ítrekaði fyrri niðurstöðu, á þeirri forsendu, að A hefði ekki sýnt fram á með opinberum gögnum frá skólanum að upplýsingar þær sem sjóðurinn lagði til grundvallar um lágmarkstíma náms væru ekki réttar.

Umboðsmaður taldi álítaefnið lúta að því hvort telja bæri námstíma A í dýrafræði við umræddan háskóla hæfilegan og eðlilegan miðað við skipulag skólans. A taldi að miða bæri við að slíkt nám tæki sex námsannir sem væri í samræmi við viðmiðunarmörk í slíku námi. Lánasjóðurinn taldi hins vegar að um styttra nám væri að ræða. Í upphafi taldi stjórn LÍN að miða bæri við að námi væri lokið á tveimur önnum en með bréfi tilkynnti hún umboðsmanni að hún hefði ákveðið að miða lágmarkstíma og svigrúm til fullra námslána við fjórar annir.

Umboðsmaður vísaði til þess, að stjórn lánasjóðsins hefði byggt niðurstöðu sína á upplýsingum skóla um stysta mögulega námstíma, þ.e. tvær annir. Umboðsmaður taldi ljóst, á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lágu frá skólanum, að almennt væri gert ráð fyrir að umræddu námi yrði lokið á sex námsönnum, en jafnframt að meðalnámstími væri nokkuð lengri. Í skipulagi skólans væri tekið tillit til þess að námið byggi á sjálfstæðri rannsóknarvinnu sem ekki væri fyrir fram ljóst hvað muni taka langan tíma. Umboðsmaður rakti ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 2. gr. reglugerðar nr. 210/1993 og greinar 2.2.1 í úthlutunarreglum sjóðsins fyrir námsárið 1995–1996 og taldi námsmenn eiga rétt á að taka lán úr sjóðnum, hefði námsframvinda þeirra verið með eðlilegum hætti miðað við skipulag skóla. Taldi hann framangreindar upplýsingar frá skólanum sýna að eðlilegt teldist að ljúka umræddu námi á sex námsönnum og að námsframvinda A veitti honum rétt til láns í þann tíma.

Umboðsmaður vísaði til álits síns í máli nr. 1305/1994 (SUA 1996:292), og gerði skv. framansögðu athugasemd við það sjónarmið stjórnar lánasjóðsins að miða bæri við lágmarkstíma náms við ákvörðun um svigrúm til fullra lána.

Umboðsmaður taldi því að Lánasjóði íslenskra námsmanna hefði borið að meta námsframvindu A með hliðsjón af skipulagi viðkomandi skóla og að samkvæmt því teldist eðlilegt að ljúka því á sex námsönnum.

Beindi hann þeim tilmælum til lánasjóðsins að mál A yrði tekið fyrir að nýju, kæmi fram ósk um það frá honum og leyst úr því í samræmi við framangreind sjónarmið.

Með bréfi, dags. 31. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um hvort A hefði leitað til stjórnarinnar á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í svari stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, dags. 14. júní 1999, kom fram að A hefði farið fram á að mál hans yrði tekið upp hjá sjóðnum að nýju. Í framhaldi af því óskaði stjórn sjóðsins eftir skýringum frá skóla A á þeim misvísandi upplýsingum sem lágu

fyrir frá skólanum. A var tilkynnt um þetta með bréfi, dags. 6. nóvember 1998. Ekki hafi borist svör við fyrirspurninni.

A leitaði til umboðsmanns Alþingis á ný með bréfi, dags. 29. júní 1999, og kvartaði yfir því að Lánasjóður íslenskra námsmanna hefði ekki tekið mál hans fyrir á ný eins og umboðsmaður hefði mælt til. Sama dag ritaði ég stjórn lánasjóðsins bréf þar sem ég með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, óskaði eftir upplýsingum um hvað liði erindi A. Í svari stjórnar lánasjóðsins, dags. 5. ágúst 1999, sagði að enn hefðu engin svör borist við fyrirspurnum um skýringar á misvísandi upplýsingum sem lágu fyrir hjá skólanum. Sjóðurinn hefði því ítrekað fyrirspurn sína til skólans og myndi stjórn sjóðsins taka mál A til meðferðar um leið og svör bærust.

Með bréfi, dags. 1. september 1999, ritaði ég stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna bréf að nýju þar sem ég óskaði eftir því með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að stjórn lánasjóðsins gerði nánar grein fyrir tilefni fyrirspurnar sjóðsins til skóla A um skýringar á þeim „misvísandi upplýsingum“ sem legið hefðu fyrir hjá skólanum og þá hverjar þessar „misvísandi“ upplýsingar hefðu verið. Einnig óskaði ég eftir því að stjórn sjóðsins gerði grein fyrir því með hvaða hætti hún teldi að sú fyrirspurn réttlætti þann drátt sem hefði orðið á því að erindi A væri afgreitt hjá sjóðnum í ljósi álits umboðsmanns Alþingis í máli hans. Svar barst frá stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna með bréfi, dags. 22. september 1999. Þar segir:

„[. . .]

Eins og fram hefur komið í bréfum stjórnar LÍN til yðar hafa komið fram misvísandi upplýsingar um skipulag náms við University of Guelph í tengslum við mál [A]. Í úrskurði stjórnarinnar í máli [A] var miðað við upplýsingar úr kennsluskrá skólans og bréf sem staðfestu þær upplýsingar. Í stuttu máli var það niðurstaða stjórnarinnar að hér væri um fjögurra missera nám að ræða, og [A] reiknað svigrúm í samræmi við þær upplýsingar eins og reglur sjóðsins gera ráð fyrir. Þá lágu fyrir bréf frá einstökum kennurum skólans þar sem því var haldið fram að ekki væri hægt að ljúka náminu á svo skömmum tíma, reikna verði námsmönnum a.m.k. sex misseri til þess að ljúka námi. Jafnframt voru uppi deildar meiningar um hvort störf manna við aðstoðarkennslu hefðu áhrif á námstíma nemenda. Þetta var gefið í skyn í bréfum skólans, en umboðsmaður Alþingis taldi svo ekki vera í áliti sínu.

Pegar mál [A] kom aftur til afgreiðslu hjá stjórn LÍN taldi stjórnin rétt að óska eftir frekari staðfestingu frá skólanum um skipulag námsins. Að mati stjórnarinnar þurfa að liggja fyrir skýrar upplýsingar um uppbyggingu náms áður en tekin er afstaða í erindi sem þessu. Meginregla stjórnarinnar hefur verið að miða við upplýsingar úr kennsluskrá skóla. Þar sem þessar upplýsingar höfðu verið véfengdar, bæði með bréfum kennara, og í framhaldi af þeim bréfum með áliti umboðsmanns, þótti stjórninni rétt að leita frekari staðfestingar til að fá úr því skorið hvort miða bæri við upplýsingar kennaranna eða kennsluskrá skólans við afgreiðslu málsins. Nú hafa borist svör frá Guelph University eftir ítrekaðar fyrirspurnir frá LÍN, annars vegar frá aðstoðarháskólaritara og hins vegar frá námsráðgjafa í dýrafræðideild skólans sbr. meðfylgjandi gögn. Samkvæmt þessum nýju upplýsingum er upphaflegur skilningur stjórnar LÍN á skipulagi námsins, sem byggðist á kennsluskrá, réttur. Jafnframt er staðfest að námsmenn sem ekki hafa kennsluskyldu geti lokið náminu misseri fyrr.

Stjórn sjóðsins mun taka mál [A] til meðferðar í ljósi þessara svara frá skólanum.

[. . .]“

Ég kynnti A framkomið bréf stjórnar lánasjóðsins með bréfi, dags. 27. september 1999. Þar sagði ég að ég teldi rétt að bíða um sinn með frekari afskipti af málinu þar til séð

yrði hvort og þá hvenær stjórnin afgreiddi málið. Jafnframt það ég A um að láta mig vita ef honum bærust tilkynningar frá stjórn lánasjóðsins um framhald málsins eða ef enn yrði dráttur á að málið hlyti afgreiðslu.

Mér barst bréf frá A, dags. 13. október 1999, þar sem hann kynnti fram komið bréf frá stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, dags. 20. september 1999. Í bréfi stjórnar lánasjóðsins segir svo:

„Samkvæmt gr. 2.2.1. og 2.2.2. í úthlutunarreglum LÍN getur námsmaður fengið fullt lán ljúki hann 100% af fullu námi samkvæmt skipulagi skóla. Ljúki námsmaður minna en 100% af fullu námi skal lán hans skerðast hlutfallslega í samræmi við árangur. Miða skal fullt nám við stystan eðlilegan námstíma skv. formlegum upplýsingum um skipulag viðkomandi skóla. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá University of Guelph telst stysti eðlilegi námstími í mastersnámi þínu vera fjögur misseri. Námsmanni í þessu námi getur því staðið til boða fullt lán í fimm misseri, eða fullt lán í tvö misseri og 75% lán í fjögur, eftir að tekið hefur verið tillit til viðamikils lokaverkefnis. Þú valdir fyrri kostinn með bréfi dags. 16. október 1995. Á námsárunum 1994–5 og 1995–6 fékkst þú fullt lán í fjögur misseri til námsins. Með bréfi í apríl 1998 gaf stjórn LÍN þér kost á láni í eitt misseri til viðbótar til þess að ljúka náminu. Þú hefur ekki sótt þennan rétt þinn þar sem þú hefur ekki lagt inn umsókn vegna mastersnámsins eftir að námsárinu 1995–96 lauk. Samkvæmt vottorði sem sjóðnum hefur borist vegna umsóknar þinnar um lán til doktorsnáms á námsárinu 1998–99, laukst þú mastersnáminu vorið 1998. Stjórn LÍN gefur þér hér með kost á undanþágu frá reglum sjóðsins um umsóknarfresti, þér er því gefinn kostur á að sækja um lán fyrir vormisserið 1998 þó svo úthlutun lána fyrir námsárið 1997–98 sé löngu lokið, enda berist slík umsókn frá þér innan mánaðar frá dagsetningu þessa bréfs. Það skal tekið fram að stjórn LÍN getur ekki fallist á lán umfram ofangreint svigrúm til mastersnámsins, eða frekari undanþágur frá reglum sjóðsins um umsóknarfresti.

[. . .]“

Ég ritaði A bréf, dags. 19. október 1999, þar segir:

„[. . .]“

Kvörtun yðar, sem barst mér 29. júlí sl., beindist að því að lánasjóðurinn hefði ekki svarað erindi yðar frá 28. október 1998 sem þér senduð lánasjóðnum í framhaldi af áliti umboðsmanns Alþingis frá 22. júní 1998. Með bréfi, dags. 27. september sl., gerði ég yður grein fyrir því að mér hefði borist bréf stjórnar lánasjóðsins, dags. 22. september sl., þar sem fram kæmi að stjórninni hefðu borist upplýsingar sem leiddu til þess að hún myndir taka mál yðar til meðferðar. Í bréfi mínu tók ég fram að með tilliti til þessa teldi ég rétt að bíða um sinn með frekari afskipti af málinu þar til séð yrði hvort og þá hvenær stjórnin afgreiddi málið.

Með bréfi yðar, dags. 13. október sl., fylgdi síðan bréf stjórnar lánasjóðsins, dags. 20. september sl., þar sem fram kemur að stjórnin hafi afgreitt mál yðar með þeim hætti sem þar greinir. Erindi yðar frá 28. október 1998 hefur því hlotið afgreiðslu og ég tel því ekki rétt að ég fjalli frekar um þann drátt sem orðið hefur á svörum af hálfu lánasjóðsins og þær skýringar sem látnar hafa verið uppi í því efni af sjóðnum.

Um efni bréfs lánasjóðsins, dags. 20. september sl., til yðar og þær fyrirspurnir sem fram koma í bréfi yðar til mín, dags. 3. október sl., skal eftirfarandi tekið fram.

Bréf lánasjóðsins frá 20. september sl. felur í sér nýja ákvörðun. Eftir að ákvörðun sú, sem var tilefni kvörtunar yðar til umboðsmanns 21. júní 1996, var tekin hefur breyting orðið á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með lögum

nr. 67/1997, sem tóku gildi 1997, og nú skal sérstök úrskurðarnefnd skera úr um hvort úrskurðir stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er ekki unnt að kvarta til umboðsmanns, ef skjóta má máli til æðra stjórnvalds, fyrr en æðra stjórnvald hefur felld úrskurð sinn í málinu. Í samræmi við þetta eru ekki uppfyllt lagaskilyrði til þess að ég fjalli nú um þessa nýju ákvörðun stjórnar lánasjóðsins í þessu tiltekna máli, þótt þar sé um að ræða framhald þess máls sem umboðsmaður lauk með álitinu sínu, dags. 22. júní 1998. Ef þér eruð ósáttur við afgreiðslu lánasjóðsins á máli yðar, og eftir að hafa leitað til áður nefndrar málskotsnefndar, er yður heimilt að bera fram kvörtun við umboðsmann vegna þeirra atriða sem um er fjallað í bréfi yðar frá 13. október sl.

Afskiptum mínum af kvörtun yðar frá 29. júní sl. er því lokið, sbr. a. lið 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

[. . .]

16.0. Opinberir starfsmenn.

16.1. Réttur til þess að launaákvörðun verði vísað til kjaranefndar. Málshraði.

Vandaðir stjórn-sýsluhættir.

(Mál nr. 2217/1997)

A, B, C og D, skrifstofustjórar hjá Póst- og símamálastofnun, kvörtuðu yfir þeirri ákvörðun fjármálaráðuneytis að hafna beiðni þeirra um að ákvörðun um launakjör þeirra yrði vísað til kjaranefndar, sbr. þágildandi 4. mgr. 9. gr. laga nr. 120/1992.

Meginrök umsóknar A, B, C og D voru þau að meiri hluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hefði í nefndaráliti um frumvarp það, er varð að lögum nr. 120/1992, og við flutning þeirrar breytingartillögu, er síðar var samþykkt sem 4. mgr. 9. gr. laganna, nefnt þau störf er þeir gegndu sem dæmi um störf er ákvæðinu væri ætlað að taka til. Fjármálaráðuneytið taldi hins vegar að störf fjórmeninganna uppfylltu ekki það skilyrði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 120/1992 að starf mætti að umfangi og ábyrgð öldungis jafna til starfa þeirra starfsmanna er tilgreint væri í 1. mgr. 9. gr. sömu laga að féllu undir verksvið nefndarinnar.

Umboðsmaður féllst ekki á þá afstöðu ráðuneytisins að 4. mgr. 9. gr. takmarkaðist við forstöðumenn og forstjóra ríkisstofnana sem ekki væru tilgreindir í 1. mgr. 9. gr. laganna. Hefði ráðuneytinu því borð að kanna sérstaklega stöðu og hlutverk fjórmeninganna innan Póst- og símamálastofnunar við mat sitt á framangreindu skilyrði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 120/1992.

Umboðsmaður rakti ákvæði laga nr. 36/1977, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með síðari breytingum, og reglugerðar nr. 173/1991 sbr. reglugerð nr. 98/1995, um Póst- og símamálastofnun, skipulag og verkefni. Af ákvæðum þessara laga og reglugerða réð umboðsmaður að hver framkvæmdastjóranna um sig hefði borð ábyrgð á einu aðalsviði í stjórnunarhluta stofnunarinnar og hafi sem slíkum borð að vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftirliti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum. Auk þessara starfa mátti, skv. 5. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 173/1991, og síðar skv. reglugerð nr. 98/1995, fela hverjum þeirra um sig að gegna stöðu aðstoðarpóst- og símamálastjóra, og sem framkvæmdastjórar aðalsviða áttu fjórmeningarnir sæti í starfsmannaráði sem m.a. var ætlað að fjalla um launakjör og starfsmannamál stofnunarinnar.

Þá sagði umboðsmaður að í öðru lagi yrði ekki fram hjá þeirri athugasemd litið sem fram kæmi í nefndaráliti meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp það er varð að framangreindum lögum, þar sem aðstoðarpóst- og símamálastjóri og æðstu framkvæmdastjórar Póst- og símamálastofnunar voru beinlínis nefndir sem dæmi. Lagði umboðsmaður og áherslu á að í ræðu framsögumanns meiri hlutans um breytingartillögurnar við frumvarpið voru þessi sömu dæmi áréttuð.

Rúmlega fjögur ár liðu frá því að A, B, C, og D leituðu fyrst eftir því að ákvörðun um launakjör þeirra yrði vísað til kjaranefndar með bréfi til fjármálaráðherra þar til því var svarað. Umboðsmaður taldi ljóst að dráttur sá er orðið hefði á ákvörðun ráðuneytisins í málinu væri andstæður markmiði og efni 1. mgr. 9. stjórn-sýslulaga.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að fjármálaráðuneytinu hefði verið skylt að vísa ákvörðun launakjara A, B, C og D til kjaranefndar og að dráttur sá er varð á ákvörðun hefði ekki samrýmt 1. mgr. 9. gr. stjórn-sýslulaga eða vönduðum stjórn-sýsluháttum. Þá tók hann fram að það væri niðurstaða sín að þrátt fyrir breytingar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hefðu fjórmeningarnir átt lögvarða kröfu um, að fjármálaráð-

herra vísaði ákvörðun um launamál þeirra til kjaranefndar þá er ráðuneytinu barst ósk þar um. Beindi hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að það leitaði leiða til að rétta hlut þeirra og eftir atvikum atbeina kjaranefndar vegna þess tíma sem ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, gilti um launakjör fjórmenninganna.

Í framhaldi af framangreindu álitu sendi fjármálaráðuneytið mér svohljóðandi bréf, dags. 4. nóvember 1998:

„Í framhaldi af álitu umboðsmanns Alþingis, 14. okt. sl. um málefni starfsmanna Póst- og símamálastofnunar og viðuræðna sem fram hafa farið, vill ráðuneytið taka eftirfarandi fram og beita sér fyrir þeirri málsmeðferð sem hér er lýst.

Forsaga málsins er sú að í ágúst 1997 leitaði [X] hrl. fyrir hönd fjögurra starfsmanna Póst- og símamálastofnunar álitis á þeirri ákvörðun fjármálaráðuneytisins frá 6. júní 1997 þar sem synjað var beiðni þeirra um að ákvörðun um laun þeirra sem framkvæmdastjóra hjá Póst- og símamálastofnun yrði vísað til kjaranefndar.

Niðurstaða umboðsmanns Alþingis liggur nú fyrir þess efnis að þrátt fyrir þær breytingar er gerðar voru á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, með lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hafi umræddir starfsmenn átt lögvarða kröfu um að fjármálaráðherra vísi ákvörðun um launamál þeirra til kjaranefndar. Umboðsmaður beinir jafnframt þeim tilmælum til ráðuneytisins að það leiti leiða til að rétta hlut þeirra sem álitis leituðu.

Með vísan til niðurstöðu umboðsmanns Alþingis í málinu hefur kjaranefnd verið skrifað hjálágt bréf, þar sem óskað er eftir að nefndin fjalli um laun fjórmenninganna og sérstaklega óskað eftir að afgreiðslu málsins verði flýtt sem kostur er.“

16.2. Kjaranefnd. Kjaradómur. Aðgangur að gögnum. Rannsóknarreglan. Leiðbeiningarskylda. Rökstuðningur. Heildarlaun. Yfirvinna og álag. Aukastörf. Skyldubundið mat. (Mál nr. 2271/1997 og 2272/1997)

Skrifstofustjórar í Stjórnarráðinu kvörtuðu yfir ákvörðun kjaranefndar frá 16. júní 1997 um launakjör þeirra, annars vegar töldu þeir nefndina hafa brotið gegn málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og hins vegar gegn efnisreglum laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd.

Umboðsmaður tók fyrst til athugunar hvort kjaranefnd hefði farið að málsmeðferðarreglum. Rakti hann ákvæði 1. másl. 1. mgr. 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um rétt aðila máls til að kynna sér skjöl og önnur gögn er málið snerta. Kjaranefnd taldi sig ekki skylduga til að afhenda skrifstofustjórunum vinnugögn en umboðsmaður rakti ákvæði 3. mgr. 16. gr. stjórnarsýslulaga og áréttaði að einvörðungu þau vinnuskjöl, sem útbúin væru hjá stjórnvaldinu sjálfu, væru undanþegin aðgangi aðila. Af gögnum málsins mætti ráða að kjaranefnd hefði byggt ákvörðun sína m.a. á skriflegum og munnlegum upplýsingum, sem nefndin aflaði frá viðkomandi ráðuneytum. Kjaranefnd hefði því borið að afhenda skrifstofustjórunum afrit eða ljósrit af gögnum, sem nefndin aflaði frá ráðuneytunum, að því gættu, að afhendingin færi ekki í bága við efnisákvæði 2. másl. 1. mgr. 15. gr. stjórnarsýslulaga.

Þá tók umboðsmaður undirbúning og rannsókn málsins til athugunar. Hann rakti ákvæði 9. gr. laga nr. 120/1992 þar sem fjallað er um meðferð mála í kjaranefnd sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og ákvæði 10.

gr. laga nr. 120/1992 sem kveður á um matsgrundvöll kjaranefndar. Taldi umboðsmaður að við úrlausn á því hvort ákvæðið legði kjaranefnd þá skyldu á herðar að afla sjálfstætt upplýsinga um starfskjör sambærilegra launþega í samfélaginu, yrði að líta til markmiða setningar laganna og þeirra sérstöðu sem gert væri ráð fyrir að ákvarðanir Kjaradóms hefðu á úrlausnir kjaranefndar. Niðurstaða umboðsmanns var sú, að þrátt fyrir að líta yrði á 10. gr. laga nr. 120/1992, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, sem sjálfstæða efnisreglu um ákvörðunarvald kjaranefndar, leiddi samanburðarskýring ákvæðis 10. gr. við önnur ákvæði laga nr. 120/1992 til þess, að við athugun nefndarinnar á kjörum sambærilegra aðila í þjóðfélaginu væri nefndin að meginstefnu til bundin við þær almennu launaforsendur, sem Kjaradómur hefði lagt til grundvallar úrskurðum sínum. Sjálfstæð rannsóknarskylda kjaranefndar væri því háð þeirri takmörkun að henni bæri einkum að gæta að því að samræmi væri milli þeirra forsendna sem nefndin legði til grundvallar í ákvörðunum sínum og niðurstaðna Kjaradóms. Því væri ekki annað fram komið en að kjaranefnd hefði gætt lögmæltrar skyldu sinnar við undirbúning og rannsókn málsins.

Umboðsmaður taldi aðfinnsluvert að leiðbeiningar um heimild til að fá ákvörðunina rökstudda var ekki að finna í ákvörðuninni sem þó væri lagaskylda. Hann taldi einnig að kjaranefnd hefði eigi gætt nægilega fyrirmæla um efni rökstuðnings skv. 1. mgr. 22. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, því að með hliðsjón af því að ákvörðunin byggði á matskenndum efnispáttum 10. og 11. gr. laga nr. 120/1992, hefði kjaranefnd borið að draga fram með skýrum hætti þau megin sjónarmið sem ráðandi voru við mat hennar á launþætti málsins, sbr. 2. másl. 1. mgr. 22. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Kjaranefnd bæri, í rökstuðningi fyrir ákvörðunum sínum, að tilgreina hvaða viðmiðunaratriði væru lögð til grundvallar, hvort sem þau væru leidd af efnisatriðum ákveðinna kjarasamninga starfsmanna ríkisins, úrlausnum Kjaradóms eða öðrum gögnum, sem þýðingu hefðu haft við mat nefndarinnar.

Umboðsmaður greindi þann hluta kvörtunarinnar er sneri að efnislegri niðurstöðu kjaranefndar í þrennt.

Skrifstofustjórnarnir héldu því í fyrsta lagi fram að kjaranefnd hefði brotið gegn ákvæði 11. gr. laga nr. 120/1992 með því að ákveða föst heildarlaun, en skv. áður nefndri lagagrein væri hún einvörðungu bær til að ákvarða föst laun fyrir dagvinnu. Umboðsmaður rakti ákvæði 11. gr. laga nr. 120/1992 og bar saman við ákvæði 6. gr. sömu laga sem fjallar um ákvarðanir Kjaradóms. Hann taldi ljóst að fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hefði kjaranefnd borið að fjalla um heildarlaun þeirra embættismanna sem féllu undir starfssvið hennar. Taldi umboðsmaður heimilt að gagnálykta frá ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996 á þann veg, að forstöðumönnum stofnana sé óheimilt að greiða þeim starfsmönnum, sem falla undir úrskurðarvald kjaranefndar, laun til viðbótar grunnlaunum, eins og þau eru ákveðin af kjaranefnd hverju sinni. Hann taldi orðalag 11. gr. laga nr. 120/1992, eins og því var breytt með 56. gr. laga nr. 70/1996, ekki útiloka eitt og sér þann skilning, að kjaranefnd væri enn skylt að ákvarða heildarlaun starfsmanns, laun fyrir dagvinnu og fyrir yfirvinnu ásamt starfskjörum. Benti hann á að nefndin gæti við ákvarðanir sínar tekið tillit til sérstakrar hæfni, er nýttist í starfi, og sérstaks álags, sem starfinu fylgdi og bæri að taka tillit til kvaða, sem störfunum kynna að fylgja, svo sem þeirra fyrirmæla forstöðumanns, að starfsmaðurinn ynni yfirvinnu, sbr. 1. másl. 2. mgr. 17. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Niðurstaða umboðsmanns var að ákvæði laga nr. 70/1996 hefðu ekki takmarkað efnissvið ákvarðana kjaranefndar, eins og það var skilgreint með eldri ákvæðum 1. og 2. mgr. 12. gr. laga nr. 120/1992, þrátt fyrir breytingu á orðalagi síðarnefndu ákvæðanna með 56. gr. laga

nr. 70/1996. Því væri ekki ástæða til athugasemda við túlkun kjaranefndar á 1. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992.

Skrifstofustjórnarnir kvörtuðu í öðru lagi yfir því að nefndin hefði með ákvörðun eininga metið saman yfirvinnu og álag í starfi. Umboðsmaður rakti ákvæði 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992, um Kjaradóm og kjaranefnd, sbr. 56. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með vísan til fyrri niðurstöðu sinnar um að kjaranefnd bæri við framkvæmd verkefna sinna að ákvarða heildarlaun þeirra starfsmanna sem féllu undir úrskurðarvald nefndarinnar og með vísan til ákvæðis 2. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996 taldi umboðsmaður ekkert því til fyrirstöðu, að kjaranefnd tæki tillit til sérstaks álags í starfi skrifstofustjóra við mat sitt á launafjárhæðum vegna yfirvinnu. Þvert á móti væri það skoðun sín, að tilgangur heimildar 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/1996 og ákvæðis 3. másl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 120/1992 væri að skilgreina þá efnispætti sem forstöðumönnum stofnana annars vegar og kjaranefnd hins vegar bæri að taka sérstakt tillit til við mat á launafjárhæðum yfirvinnu. Taldi umboðsmaður því ekki tilefni til frekari athugasemda við ákvörðun kjaranefndar að þessu leyti.

Í þriðja lagi töldu skrifstofustjórnarnir að kjaranefnd hefði með ákvörðun um reglur um greiðslur fyrir aukastörf brotið í bága við 11. gr. laga nr. 120/1992. Taldi umboðsmaður beina orðalagsskýringu 2. másl. 1. mgr. 11. gr. leiða til þeirrar niðurstöðu að það sé hlutverk kjaranefndar að ákvarða, hvaða aukastörf starfsmannsins teljist hluti af aðalstarfi hans og meta heildarlaun með hliðsjón af því. Komist kjaranefnd að þeirri niðurstöðu að ákveðin verkefni starfsmanns falli utan aðalstarfs hans, sé það hins vegar ekki á verksviði hennar að ákveða laun fyrir slík verkefni. Samkvæmt lögum sé það hlutverk kjaranefndar að ákveða sérstaklega launa- og starfskjör hvers starfsmanns með vísan til þeirra atvika og aðstæðna, sem við eiga hverju sinni. Í þeim tilvikum er löggjafinn hefur veitt stjórnvöldum mat til þess að geta tekið ákvörðun, sem best hentar hag hvers aðila með tilliti til allra aðstæðna, er stjórnvöldum óheimilt að afnema matið með því að setja reglu, sem tekur til allra mála, sambærilegra eða ósambærilegra. Í slíkum tilvikum sé mat stjórnvalda skyldubundið og því óheimilt að afnema það eða takmarka óhófllega. Samkvæmt því var það niðurstæða umboðsmanns að reglur kjaranefndar frá 16. júní 1997, um ákvörðun greiðslna vegna aukastarfa, væru fullafdráttarlaust orðaðar. Væri því fyrir hendi hætta á því, að þær drægju úr því markmiði löggjafans, að kjaranefnd tæki þá launaákvörðun, sem réttust og eðlilegust þætti í hverju tilviki fyrir sig, með skírskotun til allra atvika og aðstæðna. Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til nefndarinnar að hún endurskoðaði þann þátt ákvörðunarinnar frá 16. júní 1997, er varðaði greiðslur fyrir aukastörf, óskuðu skrifstofustjórnarnir þess.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá kjaranefnd um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álitu umboðsmanns.

Í svari kjaranefndar, dags. 18. maí 1999, sagði meðal annars:

„Kjaranefnd hefur tekið þessar ákvarðanir í tilefni af fyrrgreindu álitu umboðsmanns Alþingis:

- Í 1. mgr. V. kafla álits umboðsmanns [. . .], sbr. grein 2.1. í IV. kafla álitsins [. . .] var þeim tilmælum beint til kjaranefndar að hún taki til endurskoðunar afstöðu sína til beiðnar skrifstofustjóra um aðgang að gögnum sem nefndin aflaði frá ráðuneytum vegna ákvörðunar sinnar um starfskjör skrifstofustjóra.

Til samræmis við þessi tilmæli umboðsmanns var beiðni skrifstofustjóranna [A, B og

C], sbr. bréf þeirra til nefndarinnar dags. 31. janúar 1999, um upplýsingar sem varða mál þeirra, svarað með bréfi nefndarinnar dags. 2. mars 1999. Í bréfi nefndarinnar er bent á að þau gögn er fyrrgreind tilmæli umboðsmanns lutu að (hjálf. 1) hefðu verið send skrifstofustjórunum með bréfi b.t. formanns nefndar sem skrifstofustjórar völdu sér til fyrirsvars gagnvart kjaranefnd, þ.e. [D], skrifstofustjóra, dags. 11. júlí 1997. Þar með hafði nefndin sent skrifstofustjórum afrit eða ljósrit allra fyrirbyggjandi gagna sem nefndin aflaði frá ráðuneytum og lagði til grundvallar umræddri ákvörðun en falla ekki undir 3. tl. 1. mgr. 16. gr. stjórnslulaga.

- Í 2. mgr. V. kafla álitss umboðsmanns [. . .] sbr. grein 2.2. í IV. kafla álitss [. . .] var komist að þeirri niðurstöðu að kjaranefnd hefði gætt rannsóknarskyldu sinnar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 120/1992 um kjaranefnd og Kjaradóm og 10. gr. 1. 37/1993, við ákvörðun launa skrifstofustjóra frá 16. júní 1997.

Kjaranefnd hefur engar ákvarðanir tekið í tilefni af þessari niðurstöðu umboðsmanns.

- Í 2. mgr. V. kafla álitss umboðsmanns [. . .] sbr. grein 2.3. í IV. kafla álitss [. . .] var bent á að kjaranefnd hafi borið að leiðbeina skrifstofustjórum um heimild þeirra til að fá ákvörðun nefndarinnar rökstudda samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 20. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Í tilefni af lögfræðilegri álitssgerð sem fjármálaráðherra aflaði um stjórnslulega stöðu og valdsvið kjaranefndar frá 8. október 1997 og í samræmi við fyrrgreinda ábendingu umboðsmanns frá 19. október 1998 hefur nefndin gætt sérstaklega að umræddri leiðbeiningarskyldu við birtingu ákvarðana sinna. Þar sem skrifstofustjórar Stjórnarráðssins nýttu sér heimild sína til að fá tilgreinda ákvörðun rökstudda, þrátt fyrir að þeim hefði ekki verið leiðbeint um þessa heimild skv. 1. tl. 2. mgr. 20. gr. 1. 37/1993, tók nefndin ekki sérstakar ákvarðanir vegna þeirra af þessu tilefni.

- Í 2. mgr. V. kafla álitss umboðsmanns [. . .] sbr. grein 2.4. í IV. kafla álitss [. . .] var einnig talið að kjaranefnd hafi ekki gætt ákvæða 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 við rökstuðning ákvörðunar sinnar. Nánar tiltekið taldi umboðsmaður að nefndinni bæri í rökstuðningi sínum að tilgreina hvaða viðmiðunaratriði séu lögð til grundvallar ákvörðunum hennar [. . .].

Af þessu tilefni setti nefndin fram í fyrrgreindu bréfi til skrifstofustjóra dags. 2. mars 1999 þau atriði sem umrædd ákvörðun um laun þeirra tók aðallega mið af [. . .].

- Í 3. mgr. V. kafla álitss umboðsmanns [. . .] sbr. grein 3.1. í IV. kafla [. . .], grein 3.2. í IV. kafla álitss [. . .] og grein 3.3. í IV. kafla álitss [. . .] var komist að þeirri niðurstöðu að hvorki væri ástæða til að gera athugasemdir við þá niðurstöðu kjaranefndar, að ákvarða heildarlaun skrifstofustjóra, né að meta saman yfirvinnu og álag í starfi.

Kjaranefnd hefur engar ákvarðanir tekið í tilefni af þessari niðurstöðu umboðsmanns.

- Í 3. mgr. V. kafla álitss umboðsmanns [. . .] sbr. grein 3.1. í IV. kafla [. . .] grein 3.2. í IV. kafla álitss [. . .] og grein 3.3. í IV. kafla álitss [. . .] var einnig komist að þeirri niðurstöðu að reglur kjaranefndar frá 16. júní 1997, um ákvörðun greiðslna

vegna aukastarfa, væru full afdráttarlaust orðaðar. Því var þeim tilmælum beint til kjaranefndar að hún endurskoði þann þátt ákvörðunarinnar frá 16. júní 1997 er varðar greiðslur fyrir aukastörf, kæmi fram ósk um það frá skrifstofustjórum.

Í tilefni af lögfræðilegri álitserð sem fjármálaráðherra aflaði um stjórnáslulega stöðu og valdsvið kjaranefndar frá 8. október 1997 og í samræmi við fyrrgreinda ábendingu umboðsmanns frá 19. október 1998 felldi nefndin niður reglur um greiðslur fyrir aukastörf. Með hliðsjón af nefndri álitserð og álitum umboðsmanns birti nefndin hins vegar 16. desember 1997 viðmiðunarreglur um greiðslur fyrir aukastörf [. .].

Einnig tók nefndin þann 5. mars 1999, í samræmi við fyrrgreinda niðurstöðu umboðsmanns og að ósk [C] skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, ákvörðun um samsvarandi breytingu á fyrrgreindum úrskurði sínum um launakjör skrifstofustjóra, þ.e. að úr úrskurðinum var fellt ákvæði þess efnis að ekki skuli greiða sérstaklega fyrir störf í nefndum eða stjórnnum á vegum þess ráðuneytis, sem viðkomandi starfar í. Í stað þess var samþykkt ákvæði þess efnis að úrskurður um hvaða störf tilheyri aðalstarfi og hver ekki sé háð mati nefndarinnar hverju sinni [. .].

Kjaranefnd hefur ekki tekið aðrar ákvarðanir í tilefni af framangreindu álitum umboðsmanns.“

**16.3. Kjaranefnd. Dráttur á svörum. Skýringar á drætti á svörum.
Aðild að kvörtun til umboðsmanns.
(Mál nr. 2471/1998)**

A kvartaði yfir meintum brotum kjaranefndar á 9. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, við ákvörðun launa prófessora, þ.e. að nefndin hefði dregið úr hömlu að kveða upp úrskurð sinn um laun prófessora annars vegar og ekki veitt honum viðhlítandi upplýsingar um ástæður tafanna hins vegar. Umboðsmaður taldi með hliðsjón af málsatvikum, með sérstakri skírskotun til þess sem fram kæmi í skýringum kjaranefndar, og ákvörðun um samskipti nefndarinnar og viðræðunefndar prófessora og því að unnið var að grundvallarbreytingum á launakerfi prófessora ekki tilefni til athugasemda við þann tíma sem leið þar til kjaranefnd tók ákvörðun í launamáli þeirra. Umboðsmaður gat þess hins vegar að hann hefði margoft áréttað í álitum sínum að það yrði að telja óskráða meginreglu að hver sá sem bæri upp skriflegt erindi við stjórnvöld ætti almennt rétt á að fá skriflegt svar nema svars væri ekki vænst sbr. mál nr. 114/1989 (SUA 1989:51). Þá vísaði hann til 3. mgr. 9. gr. stjórnáslulaga þar sem kveðið er á um að þegar fyrirsjáanlegt sé að afgreiðsla máls muni teffast beri að skýra aðila máls frá því, upplýsa um ástæður og hvenær ákvörðunar sé að vænta. Umboðsmaður taldi að kjaranefnd hefði ekki verið skylt að senda A bréf að eigin frumkvæði þar sem hann gegndi ekki lengur starfi prófessors, en þar eð A hefði sjálfur beint formlegri fyrirspurn til kjaranefndar um hvenær úrskurðar væri að vænta taldi hann að kjaranefnd hefði borið að svara þeirri spurningu og áætla jafnframt hvenær úrskurðar yrði að vænta.

**16.4. Frávíking að fullu. Nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996.
Refsiverð háttsemi. Játning.
(Mál nr. 2127/1997)**

A kvartaði yfir þeirri ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytis að víkja honum að fullu úr embætti lögreglumanns frá og með ákvörðunardegi. Taldi hann ákvörðunina

fara í bága við fyrirmæli laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þar sem mál hans hefði ekki hlotið umfjöllun í nefnd sérfróðra manna, sbr. 27. gr. laganna, áður en lausn var ákveðin.

Umboðsmaður rakti að skv. lögum nr. 70/1996 teldust lögreglumenn til embættismanna í skilningi laganna, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. þeirra. Rakti hann næst og bar saman ákvæði laganna um lausn frá embætti um stundarsakir og ákvæði laganna um frávikningu að fullu, en gat þess að áður en embættismanni væri veitt lausn yrði að taka afstöðu til þess, á hvaða lagagrundvelli það yrði gert. Kæmi þá sérstaklega til álita, hvenær skylt væri að fara með mál skv. 27. gr. laga nr. 70/1996.

Umboðsmaður vísaði til þess að A hefði verið veitt lausn frá starfi um stundarsakir á grundvelli 2. málsl. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996. Dómsmálaráðuneytinu hefði því borið að vísa máli hans til rannsóknar skv. 27. gr. laganna og bíða áhlits nefndar sérfróðra manna um það, hvort rétt hefði verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir, áður en ákvörðun um endanlega lausn yrði tekin. Ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um frávikningu var grundvölluð á endanlegum dómi í opinberu máli, sem höfðað var á hendur starfsmanninum til refsingar vegna þeirra ávirðinga sem upphaflega leiddu til lausnar um stundarsakir og ákvæði 3. mgr. 29. gr. laga nr. 70/1996. Studdi ráðuneytið ákvörðun sína þeim rökum að 3. mgr. 29. gr. tæki til þeirrar aðstöðu þegar sannað telst að embættismaður hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi, sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, óháð því hvort hann hafi játað brot á sig. Tók umboðsmaður sérstaklega til athugunar hvort frávikning að fullu hafi verið stjórnvöldum heimil, enda þótt ekki hafi legið fyrir játning af hálfu starfsmannsins um refsiverða háttsemi, svo sem skýrt sé áskilið í tilvitnuðu ákvæði 29. gr. laga nr. 70/1996.

Umboðsmaður vísaði til þess að þegar ekki liggi fyrir dómur um sviptingu starfsréttinda, verði frávikningu að fullu, án undanfarandi lausnar um stundarsakir, einungis beitt á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga nr. 70/1996, en þar er áskilið að starfsmaður hafi játað á sig refsiverða háttsemi. Í ákvörðun dómsmálaráðuneytisins hafi hins vegar falist að ákvæðinu var með lögjöfnun beitt um það tilvik, þegar sönnur teljast hafa verið færðar að því í dómsmáli, án þess að játning liggi fyrir, að embættismaður hafi gerst sekur um refsivert brot. Heimild til frávikningar að fullu án undanfarandi lausnar um stundarsakir og málsmeðferðar skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 byggist þannig á sérreglu.

Umboðsmaður var sammála nefnd skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 og fjármálaráðuneytinu um, að eðlilegast væri að skýra ákvæði 27. gr. laganna svo, að nefnd skv. greininni skuli ávallt rannsaka mál, falli tilvik ekki undir undantekningarákvæði 1. eða 3. mgr. 29. gr. laganna. Þessi lögskýring leiði til þess að ekki sé til að dreifa neinni ólögákvæðinni aðstöðu, að því er snertir frávikningu starfsmanna, sem lögjöfnun verði beitt um. Yrði því ekki fallist á að lögjafnað yrði frá undantekningarákvæði 3. mgr. 29. gr. laga nr. 70/1996 í andstöðu við hagsmunum embættismanns, svo sem gert hefði verið í máli A.

Niðurstaða umboðsmanns var sú að þau sjónarmið og ástæður, sem lágu til grundvallar þeirri ákvörðun, að víkja A að fullu úr starfi, yrðu ekki studd að lögum við ákvæði 29. gr. laga nr. 70/1996, og þar sem ekki var farið með málið skv. ákvæðum 27. gr. laganna taldi umboðsmaður rétt hafa verið brotinn á A. Telja yrði að ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hafi verið haldinn verulegum annmarka, enda yrði það að teljast verulegur annmarki, þegar ekki sé gætt ófrávikjanlegra lagaákvæða við frávikningu starfsmanns. Vísaði umboðsmaður um þetta til fyrri álita sinna í málum nr. 227/1990 (SUA 1990:172), nr. 104/1989 (SUA 1992:326) og SUA 1994:416 og til dóms Hæstaréttar, H 1995:1347.

Beindi umboðsmaður þeim filmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins að það tæki mál A til meðferðar að nýju, óskaði hann þess, og tæki þá til sérstakrar athugunar hvernig hlutur hans yrði réttur.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðherra um, hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sagði meðal annars:

„Af tilefni fyrirspurnar yðar 19. maí 1999 tekur ráðuneytið fram að eftir að álit yðar lá fyrir óskaði [A] eftir því við ráðuneytið að hann fengi að koma til starfa á ný. Með bréfi, dags. 16. nóvember 1998, óskaði ráðuneytið eftir því við nefnd skv. 27. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 að hún gæfi álit sitt á því hvort rétt hafi verið að veita [A] lausn að fullu eða hvort rétt sé að láta hann taka aftur við embætti sínu. Í niðurstöðu nefndarinnar frá 29. janúar 1999 kemur fram að það sé ekki innan valdsviðs nefndarinnar að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að embættismaður taki við embætti sínu að nýju heldur einskorðist hlutverk hennar við umfjöllun um réttmæti þess að víkja embættismönnum um stundarsakir og vísaði því málinu frá.

Í kjölfar framangreinds álits nefndar skv. 27. gr. laga nr. 70/1996 var í samráði við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóran í Reykjavík ákveðið að veita [A] sitt fyrra starf og kom hann því aftur til starfa 1. mars sl.“

**16.5. Veiting kennarastarfs. Menntaskólar. Rannsóknarreglan.
Sjónarmið sem ákvörðun verður byggð á.
(Mál nr. 1923/1996)**

A kvartaði yfir úrskurði menntamálaráðuneytisins er staðfesti ákvörðun rektors Menntaskólans X um ráðningu í afleysingastarf spænskukennara við skólann. Niðurstaða ráðuneytisins byggðist á því að A hefði hvorki sótt um né fengið útgefið leyfisbréf til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari er ákvörðun var tekin um veitingu starfsins, en að B, er ráðin var til starfans, hefði uppfyllt það skilyrði. sbr. ákvæði 1. og 7. gr. laga nr. 48/1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra. B hafði lokið námi í uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda vorið 1996. A lauk kennsluréttindanámi sínu á sama tíma. B fékk útgefið leyfisbréf, sem dagsett var 21. júní 1996 en leyfisbréf A var dagsett 23. ágúst 1996.

Kvörtun A laut að því að ekki hefði verið gætt jafnræðis meðal umsækjenda þar sem B hefði einni verið gefinn kostur á að leggja fram framangreint leyfisbréf. Jafnframt hefði að öðru leyti ekki verið gætt málefnalega sjónarmiða við val á umsækjendum í starfið.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 48/1986 þess efnis að umsækjandi um stöðu framhaldsskólakennara þyrfti að hafa fengið leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari skv. 1. gr. laganna. Af gögnum málsins mætti ráða að A og B hefðu hvorugt fengið útgefið slíkt leyfi er þau sóttu um umrætt starf, þótt þau hefðu þá bæði lokið þeirri menntun sem til þurfti. Kom þar fram að á fundi skólanefndar 18. júní hefði verið ákveðið að mæla með B og varð ekki annað séð en að þar hafi verið lögð til grundvallar greinargerð deildarstjóra fornmáladeildar skólans frá 15. júní 1996. Samkvæmt greinargerðinni var á því byggt að bæði A og B

hefðu lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum til kennsluréttinda við Háskóla Íslands, og að vilji hefði staðið til þess að ráða B í nefnda afleysingastöðu. Ekki lágu hins vegar fyrir gögn eða upplýsingar um það hvenær rektor skólans ákvað að ráða B eða með hvaða hætti öðrum umsækjendum hefði verið tilkynnt um þá niðurstöðu. Var það því niðurstaða umboðsmanns að það fengist vart staðist, sem lagt var til grundvallar í úrskurði menntamálaráðuneytisins, að á fundi skólanefndar 18. júní 1996 hefði verið „samþykkt að mæla með umsókn annars umsækjanda, sem hafði fengið útgefið leyfisbréf til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari“. Lagði menntamálaráðuneytið því ekki réttar staðreyndir til grundvallar niðurstöðu sinni, er það staðfesti þá ákvörðun rektors skólans að ráða B í nefnda afleysingastöðu. Skorti því á að ráðuneytið rannsakaði málið með nægjanlega tryggu hætti, sbr. 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Umboðsmaður sagði að ekki yrði annað séð en að bæði B og A hefðu fullnægt skilyrðum til þess að fá leyfi til að nota starfsheitið framhaldsskólakennari á þeim tíma er skólanefndin fjallaði um umsóknirnar. Hefðu þau því komið jafnt til greina við mat á því hvaða umsækjandi skyldi valinn til starfsins, enda hefðu þau lagt fram nefnd leyfisbréf áður en til ráðningar kom. Rakti hann síðan þær grundvallarreglur er gilda um veitingu opinberra starfa og vísaði til eldri álita umboðsmanns um þau sjónarmið. Komst hann að þeirri niðurstöðu að þau sjónarmið, sem fram komu í greinargerð deildarstjóra fornmaladeildar skólans um að mæla með B í nefnda stöðu, hefðu verið lögmæt. Með vísan til þessa og þess að B hafði fengið leyfisbréf sitt til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari áður en gerður var við hana ráðningarsamningur var það niðurstaða umboðsmanns að þeir annmarkar sem voru á undirbúningi og rannsókn málsins af hálfu menntamálaráðuneytisins ættu ekki að leiða til ógildis úrskurðar þess.

16.6.

Fæðingarorlof. Jafnræðisregla.
(Mál nr. 2196/1997)

A kvartaði yfir því að mismunur á rétti starfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi eftir því hvort þeir féllu undir 12. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eða 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum, bryti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Umboðsmaður rakti efni 12. gr. laga nr. 70/1996 og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í sömu lögum og athugasemdir í lögskýringargögnum um þau. Gat hann þess að umrædd ákvæði hefðu í raun haft í för með sér að réttarstaða starfsmanna var hin sama og fyrir gildistöku laganna. Með þessari skipan mála hefði Alþingi eftirlátið stéttarfélögum að semja um rétt starfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi. Hvorki lög nr. 70/1996 né aðrar réttarreglur stæðu því í vegi að jafnræði næðist milli annars vegar þeirra sem nú féllu undir 12. gr. laganna og hins vegar þeirra, sem heyrðu undir 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða.

Taldi umboðsmaður því ekki tilefni til frekari afskipta af málinu, sbr. a-lið, 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997.

17.0. Póstþjónusta.

17.1. Skaðabætur. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 1860/1996)

A og B kvörtuðu yfir synjun Póst- og símamálastofnunar á kröfu þeirra um fullar bætur vegna tapaðrar ábyrgðarsendingar, sem send var frá Reykjavík og glataðist á leiðinni til Birmingham á Englandi, og yfir málsmeðferð og niðurstöðu samgönguráðuneytisins í málinu.

Umboðsmaður rakti ákvæði þágildandi póstlaga nr. 33/1986 um skaðabóta-ábyrgð, en 34. gr. þeirra kvað á um að Póst- og símamálastofnun gæti við vissar kringumstæður bætt tjón samkvæmt almennum skaðabótareglum en stofnuninni var falið að meta það hverju sinni eftir aðstæðum, þar á meðal að meta hvort ástæða væri til að víkja frá ákvæðum laganna um hámarksbætur. Umboðsmaður vísaði til þess að hann hefði áður í álitum sínum fjallað um það að þegar löggjafinn eftirléti stjórnvaldi mat fælist í því skylda stjórnvalds til að leggja sjálfstætt mat á hvert málefni, sem síðan fæli í sér, að stjórnvaldi væri skylt að taka til athugunar þau sjónarmið, sem máli skiptu við matið og væru málefnaleg og forsvaranleg. Póst- og símamálastofnun hefði borið að taka afstöðu til þess með tilliti til allra aðstæðna og sjónarmiða sem hefðu málefnalega þýðingu, hvort ástæða væri til að bæta tjón A og B samkvæmt almennum skaðabótareglum. Umboðsmaður tók fram að A og B byggðu kröfu sína um fullar bætur ekki á því að um vanrækslu væri að ræða heldur því að Póst- og símamálastofnun hefði ekki veitt þeim þá þjónustu sem lofað hafði verið.

Umboðsmaður taldi úrskurð samgönguráðuneytis fara í bága við ákvæði 31. gr. stjórnsýslulaga og vera haldinn verulegum annmarka. Beindi hann þeim tilmælum til samgönguráðuneytisins að mál A og B yrði tekið til nýrrar meðferðar, óskuðu þau eftir því, og meðferð þess þá hagað í samræmi við þau sjónarmið sem grein var fyrir gerð í álitinu.

18.0. Ríkisútvarpið.

18.1. Verklag stjórnvalda við innheimtu og rannsókn mála. Starfssvið umboðsmanns Alþingis. Réttarágreiningur sem heyrir undir dómstóla. (Mál nr. 1757/1996)

A kvartaði yfir því að hún og sambýlismaður hennar væru krafín um útvarpsgjald og yfir framkomu starfsmanna innheimtudeildar Ríkisútvarpsins við innheimtuna. Starfsmenn innheimtudeildar höfðu komið á heimili A og B í tvígang til að athuga hvort þar væri viðtæki. A hélt því fram að það viðtæki sem þar var er starfsmenn Ríkisútvarpsins komu þangað fyrst hefðu þau haft í láni og að ekkert viðtæki væri á heimilinu.

Umboðsmaður rakti ákvæði 24. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 um skyldu til greiðslu útvarpsgjalds, og ákvæði 25. og 26. gr. sömu laga um skyldu eiganda, sem breytir afnotum sínum til að tilkynna það Ríkisútvarpinu og um skrá yfir viðtæki, sem Ríkisútvarpið skal halda. Þá vísaði hann til þess að í 2. mgr. 37. gr. útvarpslaga er kveðið á um að vanræksla á tilkynningum um eigendaskipti eða breytt afnot viðtækis varði sektum.

Umboðsmaður tók í fyrsta lagi til skoðunar, hvort innheimtudeild Ríkisútvarpsins hefði verið stætt á því að beina innheimtu útvarpsgjalds að B, sambýlismanni A. Í skýringum Ríkisútvarpsins kom fram, að þeirri reglu væri fylgt að skrá tæki sem fyndust á heimilum fólks á nafn þess maka, sem yrði fyrir svörum, nema hinn makinn væri þegar skráður fyrir viðtæki. Þá kom fram, að auðsótt mál væri að breyta skráningu. Umboðsmaður taldi, að þegar óskráð viðtæki fyndist mætti ganga út frá því, að skrá Ríkisútvarpsins yfir viðtæki, sbr. 26. gr. útvarpslaga, væri röng, annaðhvort um raunverulegan eiganda eða afnot hans. Þyrfti þá að upplýsa um réttan eiganda tækis. Yrði það ekki gert taldi hann réttast, að hver sá sem talist gæti húsráðandi með hliðsjón af þjóðskrá, yrði að svo stöddu skráður eigandi viðtækis. Með tilliti til þessa, þess að skýlaus skylda er að greiða af viðtæki og þess að auðsótt er að breyta skráningu, taldi umboðsmaður ekki ástæðu til að finna að því að B var skráður eigandi sjónvarpstækis þess sem var á heimili hans er starfsfólk innheimtudeildar heimsótti þau A fyrst, enda taldi hann að ekki yrði séð af gögnum málsins að B hefði ekki þá gefið upp nafn raunverulegs eiganda.

Í öðru lagi tók umboðsmaður til skoðunar vinnulag starfsmanna innheimtudeildar Ríkisútvarpsins við könnun á því hvort á heimili væri viðtæki eða ekki. Umboðsmaður vísaði til þess að í reglugerð nr. 357/1986, sem er sett á grundvelli 38. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985, er m.a. kveðið á um það að innheimtudeild Ríkisútvarpsins hafi með höndum innheimtu útvarpsgjalds af viðtækjum og eftirlit með því að fyrirmælum útvarpslaga og reglugerðarinnar um tilkynningar sé fullnægt og annist könnun í því skyni. Væri álitæfni hversu langt slík könnun mætti ganga. Umboðsmaður rakti, að það varðar sektum samkvæmt útvarpslögum ef ekki er tilkynnt um breytt afnot eða eignarhald á viðtæki og að um rannsókn slíkra brota fer samkvæmt reglum laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Hann tók fram, að í útvarpslögum væru engin fyrirmæli sem fælu innheimtudeild Ríkisútvarpsins rannsókn á slíkum brotum og að slíkum fyrirmælum yrði heldur ekki fundinn staður í reglugerð 357/1986. Það heyrði því undir lögreglu en ekki innheimtudeildina að rannsaka hvort brot, er varðaði refsingu samkvæmt útvarpslögum, hefði verið framið.

Umboðsmaður taldi ekki ástæðu til athugasemda við verklag starfsmanna innheimtudeildar Ríkisútvarpsins eins og því var lýst í greinargerð innheimtustjóra.

Vegna þeirrar aðstöðu, er þeir sem heimsóttir eru neita því að á heimilinu sé viðtæki, tók hann fram, að hvorki í útvarpslögum né í reglugerð nr. 357/1986 væri mælt fyrir um sérstök úrræði til handa starfsmönnum innheimtudeildar við slíkar aðstæður. Umboðsmaður taldi, að hefðu starfsmenn innheimtudeildarinnar rökstuddan grun um að viðtæki væri að finna á heimili, en heimilisfólk neitaði að sýna fram á annað gæti innheimtudeildin allt að einu kraftið viðkomandi einstakling um útvarpsgjald og látið reyna á réttmæti kröfunnar fyrir dómi. Þá gæti hún enn fremur kært meint brot til lögreglu samkvæmt framansögðu, enda yrði ekki litið fram hjá yfirvofandi refsí- ábyrgð samkvæmt útvarpslögum. Umboðsmaður taldi hins vegar, að væri áskilnaður um rökstuddan grun ekki fyrir hendi, yrði kröfu um greiðslu útvarpsgjalds ekki haldið til streitu við þessar aðstæður. Hann taldi, að fenginni þessari niðurstöðu, ekki ástæðu til að fjalla um það hvort starfsmenn innheimtudeildar hefðu farið offari við könnun á því hvort viðtæki væri á heimili A og B.

Rúmum tveimur árum eftir að starfsmenn innheimtudeildar sóttu A og B fyrst heim leitaði A til innheimtudeildarinnar og óskaði upplýsinga um það, af hvaða tæki væri innheimt útvarpsgjald hjá B. Skýrði hún þá frá því að tæki það, sem fannst hjá þeim við heimsóknina hefðu þau haft í láni um takmarkaðan tíma. Umboðsmaður taldi, að til að skorið yrði úr því, hvort innheimtudeildinni bæri að lækka eða fella niður innheimtu útvarpsgjald vegna tímabilsins áður en A leitaði til innheimtudeildarinnar, kynni að vera þörf á að taka skýrslur af vitnum og meta sönnunargildi þeirra. Þá þyrfti eftir atvikum að taka afstöðu til þess hvaða þýðingu tómlæti B hefði í málinu. Þessi þáttur málsins varðaði því réttarágreining, sem ætti undir dómstóla og eðlilegt væri að þeir leystu úr. Af sömu ástæðum fjallaði umboðsmaður ekki um það hvort efni hefðu verið til þess af hálfu innheimtudeildarinnar að sinna ekki mála- leitan A, í stað þess að líta á hana sem tilkynningu um breytt afnot viðtækis, né um það hvernig innheimtudeild Ríkisútvarpsins stóð að upplýsingaöflun hjá Íslenska útvarpsfélaginu hf.

18.2.

**Innheimta útvarpsgjalds. Andmælaréttur.
Birting stjórnvaldsákvörðunar. Rannsóknarreglan.
(Mál nr. 1986/1996)**

A, sem er ellilífeyrisþegi og hafði því verið undanþegin greiðslu útvarpsgjalds, kvartaði yfir því að án skýringa hefði innheimtu útvarpsgjalds verið beint að henni. Í skýringum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins til umboðsmanns kom fram, að ástæða þessa væri sú, að auk A byggju tveir aðrir einstaklingar á heimilinu og væru þeir ekki undanþegnir greiðslu gjaldsins. Þar sem undanþágan væri miðuð við það að viðtækið væri nýtt til einkanota hefði innheimtu verið beint að A.

Í álitinu rakti umboðsmaður ákvæði 1. mgr. 24. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 um skyldu eigenda viðtækja, sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins, til greiðslu útvarpsgjalds. Í ákvæðinu kemur fram að aðeins skuli greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili, en skilgreiningu á heimili er að finna í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 357/1986, um Ríkisútvarpið. Þá rakti umboðsmaður að í 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga segði að í reglugerð megi ákveða að þeir, sem hljóti uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Þessi heimild var nýtt í 7. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 357/1986. Upphaflega voru þau skilyrði sett í ákvæðinu að viðkomandi byggji einn og nyti uppbótar á lífeyrinn samkvæmt tiltekinni reglugerð, og að tækið væri hagnýtt til einkanota. Með reglugerð nr. 478/1986 var skilyrðið um að viðkom-

andi byggja einn fellt niður. Ákvæðinu var síðan breytt að nýju með reglugerð nr. 370/1997, en þar sem kvörtun A laut að tilteknu tímabili á árinu 1996, fjallaði umboðsmaður ekki frekar um þá breytingu.

Umboðsmaður vísaði til þess að það væri óumdeilt að A hefði, á þeim tíma sem um ræddi í málinu, notið uppbótar á ellilífeyri sinn og uppfyllt að því leyti skilyrði 1. másl. 2. mgr. 24. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 fyrir undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds. Annarra skilyrða fyrir undanþágu væri ekki getið í lögnum. Hann vísaði til þess, að sú breyting sem gerð var, er áskilnaður um að viðkomandi ellilífeyrisþegi byggja einn var felld úr reglugerð nr. 357/1986, um Ríkisútvarpið, vísaði til þess að einkanot í skilningi 7. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar yrðu ekki einskorðuð við það að lífeyrisþeginn einn hefði afnot af tækinu. Taldi hann að áskilnaður reglugerðarinnar um einkanot, þannig skýrður, ætti viðhlítandi lagastöð.

Umboðsmaður taldi, að stjórnvaldsákvörðun um niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu gjaldsins, sem A hefði notið, hefði legið fyrir frá þeim tíma sem krafan á hendur A um greiðslu var miðuð við. Um þessa stjórnvaldsákvörðun og undirbúning hennar hefðu gilt ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í því sambandi rakti hann ákvæði 10., 13. og 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Það var álit hans, að svo framarlega sem afstaða aðila til fyrirhugaðrar niðurfellingar á heimild hans til undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds lægi ekki fyrir í gögnum málsins með skýrum hætti, yrði ákvörðun ekki tekin með réttu fyrr en leitað hefði verið eftir afstöðu aðilans og röksemdum. Þá þyrfti einnig að upplýsa málið að öðru leyti, einkum að því er lyti að einkanotum lífeyrisþegans. Fyrir lá í málinu, að A var ekki gefinn kostur á að njóta andmælaréttar síns áður en heimild hennar til undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds var felld niður og að afstaða hennar til niðurfellingar lá ekki fyrir í gögnum innheimtudeildar Ríkisútvarpsins er ákvörðun var tekin. Þá var A ekki tilkynnt um ákvörðunina fyrr en rúmu ári eftir að hún kom til framkvæmda og eftir að A hafði leitað til umboðsmanns. Það var því álit umboðsmanns að ákvæða 13. og 20. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 hefði ekki verið nægilega gætt við meðferð málsins.

Það var óumdeilt, að á því tímabili sem um ræddi í málinu, bjuggu tveir einstaklingar, sem ekki nutu réttar til undanþágu frá greiðslu útvarpsgjalds, ásamt A í einbýlishúsi og höfðu afnot af sjónvarpstæki í hennar eigu. Umboðsmaður taldi engu að síður, og í ljósi þess hvernig áskilnaður um einkanot lífeyrisþega er skýrður, þörf á því að atvik málsins yrðu nánar upplýst að þessu leyti. Yrði málinu ekki með réttu ráðið til lykta á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir lögju.

Beindi hann þeim tilmælum til innheimtudeildar Ríkisútvarpsins að hún tæki málið fyrir að nýju, kæmi fram ósk um það, og leysti þá úr því í samræmi við þau sjónarmið sem fram kæmu í álitinu.

19.0. Sakarkostnaður.

19.1. Nauðsynlegur kostnaður. Valdmörk stjórnvalda. Stjórnvaldsákvörðun. Rökstuðningur. Form og efni úrskurða. (Mál nr. 2063/1997)

A kvartaði yfir ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytis frá 7. mars 1997 um að breyta ekki úrskurði sínum frá 25. janúar 1995, en þar hafði úrskurður Fangelismálastofnunar ríkisins um greiðslu sakarkostnaður í máli ákærvaldsins á hendur A verið staðfestur. Endurupptaka málsins í ráðuneytinu hafði komið til í kjölfar bréfs umboðsmanns Alþingis í tilefni af kvörtun A, þar sem umboðsmaður greindi ráðuneytinu frá því að athugun sín vegna málsins hefði leitt í ljós að nokkur réttaróvissa hefði ríkt um verkaskiptingu fangelismálastofnunar og dómstóla, að því er tæki til ákvörðunar sakarkostnaðar í refsímálum. Deila mætti um hvort sú verkaskipting sem lög mæltu fyrir um þetta atriði væri eðlileg. Beindi umboðsmaður því til ráðuneytisins að það gengist fyrir athugun á því hvort ákvörðun bæði um skyldu til greiðslu sakarkostnaðar og fjárhæð hans væri ekki betur komið hjá dómstólum með tilliti til réttaröryggis og hagkvæmni.

Niðurstaða ráðuneytisins 7. mars 1997 var að það heyrði undir valdsvið þess að úrskurða um einstaka málskostnaðarliði, þar á meðal hvort tilteknar rannsóknaradgerðir væru ónauðsynlegar eða óþarflega umfangsmiklar. Með hliðsjón af því að undirbúningur var hafinn að þeirri athugun sem umboðsmaður hvatti til, taldi hann ekki ástæðu til að fjalla frekar um málið á þeim grundvelli.

Kæra A til dómsmálaráðuneytis laut m.a. að málsmeðferð fangelismálastofnunar. Umboðsmaður rakti að ákvörðun fangelismálastofnunar um fjárhæð sakarkostnaðar teldist til stjórnvaldsákvæðana í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stjórnarsýslulögin voru ekki í gildi þá er ákvörðunin var tekin en umboðsmaður taldi að með því að fangelismálastofnun kannaði ekki sérstaklega hvort þau gögn sem lágu til grundvallar ákvörðuninni, fyrst og fremst reikningar, hefðu legið frammi við þinghald í málinu hefði henni borið, í samræmi við grundvallarreglur stjórnarsýsluréttar, að gefa A kost á að tjá sig. Á þessu hefði ráðuneytinu borið að taka í úrskurði sínum, enda vakti A máls á því, og einnig hefði því borið að fjalla um öll atriði kæru A, þ. á m. um rökstuðning. Gerði umboðsmaður að auki athugasemd við það hversu langur tími leið frá kæru A til ráðuneytisins þar til úrskurður lá fyrir, eða um fjórtán mánuðir.

Með dómi Héraðsdóms Reykjaness hafði A verið gert skylt að greiða allan kostnað sakar í málinu. A mótmælti því við fangelismálastofnun að laun lækna vegna útgáfu vottorða, sem væri hluti af starfi þeirra, teldust til sakarkostnaðar og því að honum bæri að greiða reikning Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði vegna réttarkrufningar sem hann taldi hafa verið mun ítarlegri og dýrari en nauðsynlegt hefði verið til að komast að dánarorsök.

Umboðsmaður rakti ákvæði 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, en skv. því teljast til sakarkostnaðar óhjákvæmileg útgjöld vegna rannsóknar og málsmeðferðar og að í dómi um greiðslu sakarkostnaðar fælist að hinn sakfelldi skyldi greiða allan kostnað sem sérstaklega hefði verið stofnað til vegna máls hans, nema dómari hefði dæmt hann til að greiða hlutfall sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991. Umboðsmaður taldi þá niðurstöðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að kostnaður vegna þóknunar fyrir sérfræðilegar álitsgerðir, mat og skoðun félli undir 164. gr. laga nr. 19/1991, í samræmi við umrætt ákvæði. Hann taldi hins

vegar, að eins og úrskurðum ráðuneytisins væri háttáð, lægi ekki fyrir hvaða sjónarmið hefðu verið ráðandi við mat á réttmæti greiðslanna eða því hvort um óþarfa kostnað hefði verið að ræða. Úrskurður ráðuneytisins fullnægði því ekki ákvæði 31. sbr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um rökstuðning. Þá taldi umboðsmaður úrskurðinn að öðru leyti ekki í samræmi við ákvæði 31. gr. stjórnslulaga um form og efni úrskurða í kærumálum.

Í skýringum sínum til umboðsmanns gerði ráðuneytið hins vegar grein fyrir þeim sjónarmiðum sem lágu að baki niðurstöðu þess og var það niðurstaða umboðsmanns, einnig með vísan til þess hvernig málinu var háttáð, að þrátt fyrir annmarka á málsmeðferð ráðuneytisins væri ekki tilefni til athugasemda af sinni hálfu um efnislega niðurstöðu ráðuneytisins.

20.0. Samgöngumál.

20.1.

Valdmörk stjórnvalda. Valdframsal. (Mál nr. 1926/1996)

A og B kvörtuðu yfir úthlutun samgönguráðuneytisins á styrkjum af fé, sem veitt var á fjárlögum fyrir árið 1995 til skuldbreytingar hjá heilsárshótelum á landsbyggðinni. Laut kvörtunin að málsmeðferð ráðuneytisins, starfsaðferðum þriggja manna úthlutunarnefndar, sem skipuð var til að gera tillögur um úthlutun fjárins og loks að hæfi nefndarmanna. Ákvörðun um það hvaða hótél hlutu styrki byggðist fyrst og fremst á tillögum úthlutunarnefndarinnar, sem skipuð var af samgönguráðherra vorið 1995. Tveir nefndarmanna í henni voru tilnefndir af Ferðamálasjóði og Ferðamálaráði.

Umboðsmaður óskaði í tilefni kvörtunarinnar skýringa á því, hvers vegna þeim aðilum, sem getið er í 8. og 20. gr. laga nr. 117/1994, um skipulag ferðamála, var ekki falið að annast úthlutun fjárins og á hvaða grundvelli hefði verið talið heimilt að fela það öðrum. Í svari samgönguráðuneytisins kom fram, að þar sem úthlutunarnefndin hefði verið skipuð fulltrúum frá Ferðamálaráði, Ferðamálasjóði og fjárlaganefnd Alþingis hefði verið talið tryggt að hlutaðeigandi aðilar, þ.m.t. Ferðamálaráð, ættu aðild að undirbúningi málsins og tillögu að úthlutun.

Í álitinu sýna vísaði umboðsmaður til þess, að á þeim tíma, sem hér skipti máli, hefði framlag ráðist til þeirra málaflokka, sem greindir eru í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 117/1994, af vörusölu Fríðhafnarinnar í Keflavík og því fallið utan fjárlaga. Þessu hefði síðan verið breytt. Þá vísaði hann til þess, að skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 117/1994 færi Ferðamálaráð með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgöngumálaráðuneytisins. Í álitinu eru rakin ákvæði laga um skipan og framkvæmdastjórn Ferðamálaráðs og heimild sú, sem ráðið og framkvæmdastjórn þess hafa, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 117/1994, til þess að skipa undirnefndir til að vinna að einstökum málaflokkum. Þá eru rakin lagaákvæði um hlutverk Ferðamálaráðs, en í lögum nr. 117/1994 er m.a. gert ráð fyrir því að ráðið veiti styrki til ákveðinna verkefna og leggi Ferðamálasjóði að auki til fjármagn til styrkveitinga.

Með vísan til þessa var það álit umboðsmanns að löggjafinn hefði falið Ferðamálaráði að sjá um úthlutun þess fjár, sem varið var á fjárlögum fyrir árið 1995 til skuldbreytinga hjá heilsárshótelum á landsbyggðinni. Hann taldi ljóst að Ferðamálaráð, og eftir atvikum framkvæmdastjórn þess, gæti sett á laggirnar undirnefnd til að annast þetta verkefni á ábyrgð og undir yfirstjórn þeirra. Með vísan til ótvíræðs orðalags 3. mgr. 5. gr. laga nr. 117/1994 væri það hins vegar aðeins á valdi þessara aðila að mæla fyrir um skipun undirnefndar og þar með visst framsal til ákvarðana á tilteknu sviði. Þessi ályktun væri í samræmi við það meginsjónarmið í stjórnisýslurétti, að ákvörðun um framsal á lögbundnum verkefnum stjórnvalds yrði eingöngu tekin af því sjálfu og að öðrum skilyrðum valdframsals uppfylltum, enda kvæðu skýr lagafyrirmæli ekki á um heimildir æðra stjórnvalds í þeim efnum. Umboðsmaður taldi það engu breyta, þótt samgönguráðuneytið færi samkvæmt lögum nr. 117/1994 með yfirstjórn þeirra mála, sem lögin taka til. Það var því niðurstaða hans, að samgönguráðherra hefði brostið heimild til að takmarka valdsvið Ferðamálaráðs með þeim hætti sem raun varð á og skipun úthlutunarnefndarinnar fól í sér. Hann taldi, að tilnefning Ferðamálaráðs á fulltrúa í nefndina hefði ekki orðið til þess að hún hefði þar með haft nægilegan lagagrundvöll fyrir starfsemi sinni. Samkvæmt þessu var úthlutunarnefndin ekki bær til að fara með það verkefni sem henni var falið, og var því að lögum ekki staðið rétt að úthlutun fjárins.

Vegna þessarar niðurstöðu taldi umboðsmaður ekki ástæðu til að fjalla um starfshætti nefndarinnar eða almennt og sérstakt hæfi þeirra manna, sem hana skipuðu.

21.0. Skattar og gjöld.

21.1.

Úrskurður yfirs kattane fndar. Skattskyldar tekjur. Skattasniðganga. Rökstuðningur. (Mál nr. 1931/1996)

Meinataeknafélag Íslands kvartaði fyrir hönd A yfir úrskurði yfirs kattane fndar vegna álagningar opinberra gjalda A gjaldárið 1995. Nánar tiltekið laut kvörtunin að þeirri niðurstöðu yfirs kattane fndar að telja úthlutun til A úr kjaradeilusjóði X til skattskyldra tekna A, en hún hélt því fram að um lán hafi verið að ræða úr sjóðnum, sem henni væri skylt að endurgreiða.

Í álitinu sínu vék umboðsmaður almennt að heimildum skattyfirvalda til að leggja sjálfstætt mat á aðstæður skattþegna við heimfærslu atvika undir skattareglu og tók fram að viðurkennt væri, að skattyfirvöldum væri heimilt að leggja á það sjálfstætt mat, hvort atvik hefðu verið með þeim hætti, að tiltekin lagaregla tæki til þeirra, og væru skattyfirvöld þá ekki bundin við mat skattþegna á sömu atvikum eða yfirlýsingar þeirra um það. Taldi umboðsmaður, að skattstjóra og yfirs kattane fnd hefði verið heimilt og rétt, að taka sjálfstæða afstöðu til þess í máli A, hvert skattalegt eðli þeirrar greiðslu hefði verið, sem A var úthlutað úr kjaradeilusjóði X.

Umboðsmaður tók fram í álitinu sínu að af hálfu skattyfirvalda hefði verið litið svo á, að útgreiðsla lánsfjárins úr kjaradeilusjóði X til A hefði verið skattskyldur verkfallsstyrkur en að skuldbindinguna bæri að telja sérstakt tillag í sjóðinn síðar. Taldi umboðsmaður að skattyfirvöldum hefði því einungis verið stætt á þessu, að fyrir hefðu legið gild rök til þess að líta á ráðstafanir þær, sem í málinu greindi, sem tvo gerninga, annars vegar úthlutun verkfallsstyrks og hins vegar skuldbindingu um sérstakt framlag, í stað eins láns samnings, eins og A hélt fram, eða, að A og X hefðu með þessum tilfæringum reynt að sniðganga tiltekna lagagrein, í þessu tilviki 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Benti umboðsmaður á í þessu sambandi að yfirs kattane fnd hefði lagt sjálfstætt mat á viðskipti A við X og hafnað því að einvörðungu væri um láns samband og láns samning að ræða. Yrði því ekki séð að sniðgöngusjónarmið hefðu út af fyrir sig búið að baki niðurstöðu nefndarinnar.

Umboðsmaður taldi að á hefði skort í forsendum úrskurðar yfirs kattane fndar í máli A að fram kæmi á hvaða grundvelli eða með hvaða heimild nefndin legði ekki yfirlýsingar A og X til grundvallar mati nefndarinnar á aðstæðum, en til þess hefði verið sérstakt tilefni miðað við sjónarmið A í kærnu til yfirs kattane fndar. Þá taldi umboðsmaður verulega skorta á, að yfirs kattane fnd hefði fært rök að því, að heimilt hefði verið að víkja til hliðar í skattalegu tilliti efni þeirra gerninga, sem A og X hefðu gert, svo sem umboðsmaður gerði frekari grein fyrir. Umfjöllun um reglur kjaradeilusjóðsins, sem gilt hefðu vorið 1994, nægði að dómi umboðsmanns alls ekki ein og sér til þess að sýna fram á efnislega heimild til þeirrar niðurstöðu, sem nefndin hefði komist að. Bæri þar að líta til þess, að ekki væri ávallt víst, að heimild skorti til lánveitinga, ef heimild til styrkveitinga væri fyrir hendi.

Beindi umboðsmaður því til yfirs kattane fndar, að nefndin tæki mál A til meðferðar að nýju, kæmi fram ósk um það frá henni, og að þá yrði leyst úr því á grundvelli þeirra sjónarmiða, sem umboðsmaður hafði reifað.

21.2. Ívilnun. Lækkun eignarskattstofns. Verklagsreglur. Skyldubundið mat.
(Mál nr. 1833/1996 og 2339/1997)

A og B kvörtuðu yfir synjun ríkisskattstjóra um lækkun eignarskattstofns þeirra til tekin gjaldár, vegna veikinda A. Beindist kvörtunin að málsmeðferð ríkisskattstjóra og að efni synjunarinnar, en þau töldu að ríkisskattstjóra hefði verið óheimilt í tilviki þeirra að líta til efnahags við ákvörðun á skattívilnun þeim til handa skv. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá laut kvörtun A og B almennt að reglum ríkisskattstjóra um skilyrði fyrir ívilnun.

Umboðsmaður vísaði til fyrra álits síns, í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485), í máli A og B, þar sem m.a. kom fram það álit hans að komið gæti til greina að horfa til efnahags skattþegns að vissu marki við beitingu heimildarákvæðis 2. mgr. 80. gr. laga nr. 75/1981. Taldi umboðsmaður að eins og efnahag A og B viðkomandi ár hefði verið háttáð eftir því sem gögn málsins bæru með sér hefði verið tilefni til að horfa til þess, hvort efnahagurinn stæði ívilnun í vegi. Taldi umboðsmaður að þær viðmiðanir, sem skattstjóri og ríkisskattstjóri hefðu haft til hliðsjónar, gætu ekki talist ómálefna- legar. Að virtum þessum viðmiðunum með tilliti til efnahags A og B umrædd ár og þróunar hans samkvæmt skattframtölum gerði umboðsmaður ekki athugasemdir við það, að synjað hafi verið um ívilnanir þeim til handa, enda yrði hvorki séð, að um- ræddar skattgreiðslur hefðu í raun raskað efnahag þeirra né verið fallnar til þess.

Umboðsmaður vék sérstaklega að því sjónarmiði ríkisskattstjóra fyrir synjun á umsókn A og B um ívilnun, að skattframtöl þeirra bæru með sér óskýrða eignamynd- un, og benti af því tilefni á, að skattframtölin hefðu verið lögð til grundvallar álag- ningu umrædd ár og þannig haft bindandi áhrif bæði fyrir skattaðila og skattyfirvöld. Engar formlegar endurákvæðanir hefðu verið teknar með tilliti til hugsanlegra van- framtalinna eigna. Af þessum sökum taldi umboðsmaður að ekki hefði staðist að draga inn í meðferð á ívilnunarbeiðnum A og B ætlaða annmarka á skattframtölum þeirra umrædd ár, sem samkvæmt framansögðu hefðu verið tekin sem gildar heimild- ir til skattlagningar. Þrátt fyrir þennan annmarka taldi umboðsmaður ekki tilefni til að beina því til ríkisskattstjóra að gangast fyrir því, að ívilnunarmál A og B færi í þriðja sinn til meðferðar hjá skattyfirvöldum, enda hefðu skattframtölin, eins og þau lágu fyrir, og önnur atriði, er máli skiptu, borið með sér að mati umboðsmanns að ekki væri tilefni til ívilnunar í tilviki þeirra.

Í álitinu tók umboðsmaður undir þau áform ríkisskattstjóra, sem fram höfðu komið undir rekstri málsins, að kveða með almennum stjórnvaldsfyrirmælum nánar á um það, á hvern hátt skyldi líta til eigna gjaldenda við mat á ívilnun skv. 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981. Umboðsmaður taldi hins vegar ástæðu til að benda á, að jafnan mundi verða að fara fram mat í einstökum tilvikum, þar sem virða þyrfti, hvort um verulega skert gjaldþol væri að ræða, og því þyrfti að gæta að því, að með setningu stjórnvaldsfyrirmæla yrði slíkt mat ekki afnumið.

Umboðsmaður ítrekaði áður fram komið sjónarmið í álitinu sínu, í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485), þess efnis, að meðferð beiðna um ívilnanir félli ekki undir hina almennu kærumeðferð skattamála, heldur væri mælt fyrir um sérstaka málskots- leið í þeim efnunum. Beindi umboðsmaður því til ríkisskattstjóra að gæta þessa tryggilega við setningu fyrirmæla um meðferð beiðna um ívilnanir. Þá taldi umboðsmaður að lag- færa þyrfti reglur ríkisskattstjóra nr. 212/1996 um skilyrði fyrir ívilnun að því leyti til, að þar vantaði að taka tillit til afleiðinga þeirra atvika, sem um ræddi í 1. tölul. 1. mgr. 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981. Að öðru leyti taldi umboðsmaður ekki tilefni til að fjalla um reglur þessarar, en benti þó almennt á að þær mættu vera nokkru fyllri.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá ríkisskattstjóra um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álitni.

Í svari ríkisskattstjóra, dags. 20. maí 1999, segir meðal annars:

„Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 212/1996, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda, hefur ekki verið leyst af hólmi með nýrri auglýsingu. Ítarlegri reglur varðandi ívilnun á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, koma hins vegar fram í verklagsreglum ríkisskattstjóra og er gerð grein fyrir því í bréfi mínu til yðar, dagsettu 10. maí sl., er varðaði [X].

Við þeim tilmælum sem fram koma í áðurgreindu álitni umboðsmanns Alþingis að ríkisskattstjóri gæti þess tryggilega við setningu fyrirmæla um meðferð beiðna um ívilnanir að slík erindi falli ekki undir almenna meðferð kærumála var brugðist með bréfi til allra skattstjóra, dagsettu 1. mars 1996, [. . .].“

21.3. Ívilnun. Lækkun tekjuskattsstofns. Jafnræðisregla. (Mál nr. 2147/1997)

A kvartaði yfir synjun skattstjóra og ríkisskattstjóra um að veita honum ívilnun á grundvelli 1. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, vegna kostnaðar við ættleiðingu barns erlendis frá, og ætlaðri mismunun í afgreiðslu skattstjóra-embætta við framkvæmd ívilnana til foreldra í slíkum tilvikum.

Umboðsmaður vísaði til álits síns, í máli nr. 1427/1995 (SUA 1996:485), og bréfs frá 22. apríl 1994 í máli nr. 1006/1994 og benti á að þegar metið væri hvort gjaldþol manns hefði skerst vegna veikinda í skilningi 1. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981 væri lögð áhersla á tvennt, þ.e. annars vegar þann beina kostnað sem skattþegn hefði orðið fyrir vegna veikinda, svo sem lyfja- og læknskostnað, og hins vegar að aflahæfi hans hefði skerst, svo sem vegna missis atvinnu eða launa. Tók umboðsmaður fram að í ljósi þessara skýringa á skerðingu gjaldþols vegna veikinda hefði kostnaður við að ættleiða barn ekki verið talinn falla undir þessa ívilnun.

Í málinu lá fyrir að ívilnun hafði verið veitt vegna kostnaðar af lækni meðferð við glasafrjógvun skv. 1. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981. Með hliðsjón af því hvernig hugtakið „skert gjaldþol“ væri skýrt, svo og þess lagaskilyrðis að skerðingin væri tilkominn vegna „veikinda“, taldi umboðsmaður að í lagalegu tilliti yrði kostnaði við ættleiðingu naumast jafnað til kostnaðar af lækni meðferð og aðrar aðstæður við glasafrjógvun. Með hliðsjón af áður nefndum lagaskilyrðum og þá sérstaklega að aflahæfi hefði skerst verulega vegna veikinda var það niðurstaða umboðsmanns að það breytti ekki framangreindu, þótt ástæða ættleiðingarinnar hefði verið að samkvæmt lækniúrskurði gætu hjónin ekki átt barn saman. Umboðsmaður taldi því ekki efni til að gera athugasemd við þá túlkun ríkisskattstjóra að ekki væru lagaskilyrði til þess að veita ívilnun vegna kostnaðar við ættleiðingu barns skv. 1. tölul. 66. gr. laga nr. 75/1981.

A hélt því fram í málinu, að skattstjórar í öðrum skattumdæmum en Reykjanesumdæmi hefðu veitt gjaldanda ívilnun vegna ættleiðingar barns erlendis frá, og gerði kröfu um sambærilega afgreiðslu á sínu máli á grundvelli jafnræðisreglunnar. Umboðsmaður tók fram að hefði slík ívilnun verið veitt hefði ákvörðun skattstjóra um ívilnunina ekki verið í samræmi við lög. Við túlkun jafnræðisreglunnar væri viðurkennt að reglan veitti mönnum almennt ekki tilkall til neins þess sem ekki samrýmdist lögum. Hefði efni ákvörðunar orðið ólögmaett, gæti aðili í öðru máli almennt

ekki borið fyrir sig þá ákvörðun og krafist sambærilegrar úrlausnar. Af þessum sökum taldi umboðsmaður að A ætti ekki rétt til ívilnunar á grundvelli jafnræðisreglunnar. Umboðsmaður tók að endingu fram að hann hefði til meðferðar mál, sem hann hefði tekið upp að eigin frumkvæði, og varðaði almennt eftirlit ríkisskattstjóra með störfum skattstjóra og samræmingu skattframkvæmdar.

21.4. Ívilnun. Lækkun tekjuskattsstofns. Rökstuðningur.
(Mál nr. 1970/1996)

A kvartaði yfir synjun skattstjóra og ríkisskattstjóra um að veita honum ívilnun á grundvelli 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, vegna tapaðrar hlutafjáreignar. Þá laut kvörtun A að rökstuðningi skattstjóra og ríkisskattstjóra fyrir synjuninni.

Í málinu reyndi á það hvort tapað hlutfé við gjaldþrot hlutfélags gæti talist „eignartjón“ í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, eða fallið undir tap „á útistandandi kröfum“ í skilningi 6. tölul. 1. mgr. sömu greinar, þannig að lagaskilyrði væru til ívilnunar í sköttum.

Umboðsmaður rakti í álitinu sínu þau ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um ívilnanir, sem málið vörðuðu, og þróun þeirra. Taldi umboðsmaður einsýnt, að eldri ákvæði um ívilnun vegna eignartjóns hefðu ekki tekið til tapaðs hlutafjár, enda hefði orðalag ákvæðanna borið það ótvírætt með sér. Enda þótt ákvæði um ívilnun vegna eignartjóns hefði verið rýmkað með núgildandi ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, yrði ekki séð, að stefnt hefði verið að neinum grundvallarbreytingum í þessum efnium. Vísaði umboðsmaður um það til athugasemda með frumvarpi því, er varð að lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Þá tók umboðsmaður fram, að af hálfu ríkisskattstjóra hefði komið fram að í skattframkvæmd hefði tap á hlutfé ekki verið talið falla undir ívilnunarákvæði um eignartjón. Með hliðsjón af framansögðu taldi umboðsmaður verða að byggja á því, að synjun skattyfirvalda á beiðni A um ívilnun á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 vegna tapaðs hlutafjár hefði verið lögmat.

Varðandi það álitaefni, hvort tap á hlutafjáreign gæti talist til tapa á útistandandi kröfum í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, benti umboðsmaður á, að hlutabréf teldust ekki til kröfuréttinda, hvorki samkvæmt almennri málmerkingu né í fræðilegum skilningi. Að því virtu og þegar horft væri til ákvæðis í d-lið 1. tölul. A-liðar 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem sérstaklega væri tekið fram að ekki skyldi veitt skattalækkun vegna tapa á hlutabréfum eða öðrum stofnframlögum til félaga eða atvinnurekstrar, og jafnframt haft í huga að lagaákvæði varðandi frádrátt tapaðra krafna í atvinnurekstri hafi ekki verið talin taka til tapaðs hlutafjár, taldi umboðsmaður óyggjandi, að ívilnun til handa A yrði ekki byggð á 6. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981.

Umboðsmaður tók undir með A, að heppilegt hefði verið að ákvæði d-liðar 1. tölul. A-liðar 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963 hefði verið tilgreint sérstaklega af hálfu skattstjóra og ríkisskattstjóra við meðferð málsins, en í því ákvæði var sérstaklega tekið fram, að ívilnun vegna skuldatapa tæki ekki til hlutafjár. Hins vegar hefði verið vísað til 49. gr. reglugerðarinnar bæði í tilgreindu bréfi skattstjóra og úrskurði hans, sem að öðru leyti hafi uppfyllt meginkröfur um rökstuðning, sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnáskýslulaga nr. 37/1993, þannig að ekki væri tilefni til frekari athugasemda af því tilefni. Það var því niðurstaða umboðsmanns að ekki væri tilefni til að gera athugasemd við þá ákvörðun skattstjóra, sem staðfest var af ríkisskattstjóra, að synja A um

ívilnun vegna taps á hlutafé, enda félli tapað hlutafé hvorki undir ákvæði 5. né 6. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981.

Umboðsmaður taldi ástæðu til að beina þeim tilmælum til ríkisskattstjóra, að við endurskoðun á reglum nr. 212/1996, um skilyrði fyrir ívilnun skv. 66. og 80. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, yrði tekin upp nánari skilgreining á hugtakinu verulegt eignartjón í skilningi 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá ríkisskattstjóra um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álitu.

Í svari ríkisskattstjóra, dags. 20. maí 1999, kemur fram að auglýsing ríkisskattstjóra nr. 212/1996, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda, hafi ekki verið leyst af hólmi með nýrri auglýsingu. Ítarlegri reglur varðandi ívilnun á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, komi hins vegar fram í verklagsreglum ríkisskattstjóra.

21.5. Bifreiðagjald. Tilkynning um eigendaskipti. Verklagsreglur. Lögmætisreglan. (Mál nr. 2131/1997)

A kvartaði yfir því að innheimtu bifreiðagjalds af bifreiðinni X vegna fyrri helmings ársins 1996 skyldi beint að honum. Bifreiðina hafði hann eignast árið 1993 en selt 28. desember 1995. Daginn eftir skilaði hann tilkynningu um eigendaskiptin á pósthús og greiddi lögboðið eigendaskiptagjald.

Umboðsmaður rakti efni 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, en samkvæmt henni er gjaldskyldan bundin við upplýsingar um eignaraðild skv. opinberri skráningu óháð því hvort henni sé í raun á þann veg háttað. Hafi eigendaskipti að bifreið ekki verið tilkynnt til skráningar á gjalddaga, hvílir gjaldskyldan þó jafnframt á hinum nýja eiganda. Hann rakti að þá er lög nr. 39/1988 öðluðust gildi hefði móttaka tilkynninga um eigendaskipti og skráning þeirra alfarið verið í höndum Bifreiðaeftirlits ríkisins. Hinn 1. janúar 1989 hefði hlutafélagi í eigu ríkisins, Bifreiðaskoðun Íslands hf., verið falið að annast hlutverk hins fyrrnefnda, og á sama tíma tók gildi reglugerð nr. 523/1988, um skráningu ökutækja. Skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar er seljendum ökutækja gert að standa skil á tilkynningum en í 2. mgr. sömu greinar er að finna heimild til að fela opinberri stofnun móttöku þeirra.

Umboðsmaður vísaði til þess að í lögum um bifreiðagjald væri ekki vikið sérstaklega að þeirri aðstöðu sem uppi væri í málinu. Taldi hann þann skýringarkost nærtækastan að við þessar aðstæður yrði stöðu seljanda bifreiðar í öllu falli jafnað við það, að hann teljist ekki skráður eigandi hennar í skilningi 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1988 og skylda til greiðslu bifreiðagjalds skv. lögnum hvíli þar með ekki á honum. Líta yrði svo á að móttaka tilkynningar um eigendaskipti að ökutæki jafngilti áskilnaði um skráningu hennar.

Af þessari niðurstöðu leiddi að verklagsreglur fjármálaráðuneytisins til innheimtumanna ríkissjóðs, dags. 1. ágúst 1995, færu í bága við lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.

Það var niðurstaða umboðsmanns að sá skilningur fjármálaráðuneytisins að miða gjaldskyldu seljandans alfarið við skráningu eigendaskipta í bifreiðaskrá, færi í bága við lög.

Beindi hann því þeim tilmælum til ráðuneytisins að það tæki álagningu bifreiðagjalds við nefndar aðstæður til endurskoðunar og kæmi henni í lögmætt horf í

samræmi við þau sjónarmið sem hann gerði grein fyrir. Þá mæltist hann til þess að ráðuneytið sæi til þess, óskaði A eftir endurgreiðslu hins ofgreidda fjár, að það mál fengi efnislega úrlausn í samræmi við niðurstöðu álitsins og minnti í því samhengi sérstaklega á ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá fjármálaráðherra um, hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í framhaldi af því.

Í svari fjármálaráðuneytisins, dags. 31. maí 1999, kom fram að ráðuneytið sendi sýslumanninum á Blönduósi bréf, dags. 16. nóvember 1998, þar sem embætti sýslumanns var falið að endurgreiða A bifreiðagjald að upphæð 14.979 krónum, með vöxtum og dráttarvöxtum, fyrir fyrria gjaldtímabil ársins 1996 vegna bifreiðarinnar X.

21.6. Þjónustugjöld. Eftirlitsgjald með vínveitingahúsum. (Mál nr. 2098/1997)

Einkahlutafélagið A kvartaði yfir laga- og reiknigrundvelli sérstaks eftirlitsgjalds með vínveitingahúsum samkvæmt áfengislögum nr. 82/1969.

Umboðsmaður rakti efni erindisbréfs nr. 212/1991 handa eftirlitsmönnum með veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga. Vísaði hann þvínæst til eldri álita sinna þar sem fjallað er um mun skatta og þjónustugjalda og um þau megin sjónarmið sem verður að gæta við ákvörðun þjónustugjalda. Nefndi hann sérstaklega að um þjónustugjöld gildi sú meginregla, að fjárhæð þeirra mætti ekki vera hærri en sá kostnaður, sem almennt hlytist af því að veita þá þjónustu sem gjaldtökuheimildin nær til.

Umboðsmaður rakti ákvæði 5. og 6. mgr. 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1989, sem heimilar dómsmálaráðherra að ákveða nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum skuli háttáð. Gat hann þess að þetta eftirlit væri í reynd hluti af þeirri löggæslustarfsemi, sem ríkið hefur með höndum og almennt er sinnt af lögreglumönnum. Kostnaður af þessari starfsemi ríkisins væri almennt með þeim hætti að örðugt væri að afmarka hann við það sem nefna mætti veitta þjónustu í hverju tilviki, á þann hátt að uppfyllt séu skilyrði um beitingu lagaheimilda um innheimtu þjónustugjalda. Það útiloki þó ekki að löggjafinn velji þá leið að láta þá sem slíkt eftirlit beinist að taka þátt í greiðslu kostnaðar. Þá verði hins vegar að koma til fullnægjandi tengsl milli gjaldtöku og veittrar þjónustu. Lagaheimild 5. mgr. 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969 væri skv. hljóðan sinni heimild til töku gjalds, sem teldist til þjónustugjalda, en fullnægði ekki kröfum stjórnarskrár um heimtu skatta. Tók umboðsmaður og fram að ekki hefðu verið settar sérstakar reglur um endurgreiðslu þessa kostnaðar eftir þá breytingu sem gerð var á 5. mgr. 12. gr. með 6. gr. laga nr. 25/1989. Enn væri af hálfu ríkisins fylgt þeirri reglu, sem sett hefði verið með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneyti, dags. 6. mars. 1978, að „skipta kostnaðinum á vínveitingahúsin eftir leyfðri gestatölu“. Með þessu taldi umboðsmaður að umrædd gjaldtaka væri ekki bundin við þá þjónustu sem látin væri í té í tilviki hvers vínveitingahúss. Gjaldtakan væri þannig framkvæmd sem skattur, en slík framkvæmd gæti ekki orðið tækur grundvöllur fyrir töku þjónustugjalda án skýlausrar heimildar í lögum.

Hinn 5. júní 1998 var frumvarp til nýrra áfengislaga samþykkt sem lög frá Alþingi. Með gildistöku þeirra, 1. júlí 1998, féll heimild til töku sérstaks gjalds vegna

eftirlits með vínveitingahúsum niður. Féll eftirlit með vínveitingahúsum þaðan í frá undir hefðbundna starfsemi lögreglunnar og greiddist kostnaður af skatttekjum ríkissjóðs.

Niðurstaða umboðsmanns var sú, að regla sú sem byggt hefði verið á við útreikning eftirlitsgjalds skv. 5. mgr. 12. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 6. gr. laga nr. 25/1989, gæti ekki, eins og umræddu eftirliti væri háttáð, ein ráðið hlut einstakra vínveitingastaða við endurgreiðslu kostnaðar við eftirlitið. Lagaheimild hefði hins vegar staðið til þess, og mundi svo verða til 1. júlí 1998, að gera leyfishöfum að endurgreiða ríkissjóði kostnað við eftirlitið, þrátt fyrir þá annmarka sem væru á innheimtu kostnaðar við slíkt almennt eftirlit í formi þjónustugjalda.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðuneytis að það hagaði gjaldtökunni á þann veg að það stæðist þær kröfur sem gerðar væru til þjónustugjalda. Að auki mæltist hann til þess að ráðuneytið tæki til sérstakrar athugunar þá gjaldtöku sem A ehf. hafði kvartað yfir, óskaði A þess, og hlutaðist til um endurgreiðslu reyndist gjaldtakan of há eða á hafa skort að viðhlítandi grundvöllur yrði lagður að innheimtunni á grundvelli lagaheimildarinnar.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá dóms- og kirkjumálaráðherra um, hvort A hefði leitað til ráðuneytisins á ný og þá hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar af því tilefni. Jafnframt óskaði ég eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið hefði eftir viðtöku álitsins hagað gjaldtöku vegna umrædds eftirlits á þann veg að það standist þær kröfur sem gerðar eru til þjónustugjalda.

Í svari dóms- og kirkjumálaráðuneytisins kom fram að ráðuneytið hefði með bréfi, dags. 12. janúar 1999, óskað eftir álit ríkislögmans á því hvernig farið skyldi með mál A. Álit ríkislögmans hefði ekki borist, en ákvörðunar ráðuneytisins væri ekki að vænta fyrir en að því álitu fengnu.

21.7. Framsetning tölulegra upplýsinga af hálfu opinberra innheimtumanna.

Frumkvæðisathugun.

(Mál nr. 2143/1997)

Umboðsmaður tók til athugunar að eigin frumkvæði hvernig háttáð væri framsetningu tölulegra upplýsinga um opinber gjöld af hálfu innheimtumanna ríkissjóðs. Hann ákvað að einskorða umfjöllun sína við þau tæknilegu atriði, sem reynir á við framsetningu tölulegra upplýsinga af hálfu opinberra innheimtumanna til þeirra, er ekki hafa staðið í skilum. Í svörum stjórnvalda kom fram að mál þau er lúta að útskrift viðskiptayfirlits kunna að vera mjög flókin. Grunnur þessara kerfa sé að hluta til úr sér genginn, vegna tæknibreytinga og stóraukins umfangs. Fram kemur að í ljósi þessa hafi fjármálaráðuneytið ákveðið að búa til nýtt tekjubókhaldskerfi, sem tekið verði í notkun í áföngum. Í nýja kerfinu verði unnt að skrifa út viðskiptayfirlit fyrir gjaldanda í hverju gjaldflokki, þar sem fram komi álagningarfjárhæðir, breytingar og greiðslur með gildisdagsetningum.

Umboðsmaður gat þess að nauðsynlegt væri að gjaldandi, sem þess óskaði, fengi fullkomnar upplýsingar um greiðslustöðu, þar sem fram kæmi skýrlega álagning gjalds eða gjalda, innborganir, þ.m.t. vegna skuldajafnaðar, og stofn og útreikningar vaxta. Með vísan til þess að fjármálaráðuneytið hefði sjálft litið svo á að úrbóta væri þörf, taldi umboðsmaður ekki nauðsyn frekari umfjöllunar af sinni hálfu. Tók hann fram að þörf væri á að umræddu verki yrði hraðað.

21.8.

Þjónustugjöld. Gatnagerðargjald.
Úrskurðarvald félagsmálaráðuneytisins í sveitarstjórnarmálum.
(Mál nr. 2168/1997)

A kvartaði yfir ákvörðun bæjarstjórnar Kópavogsbæjar um álagningu B-gatnagerðargjalds vegna húseignar hans en hann taldi óheimilt að leggja á gatnagerðargjöld vegna viðhaldsverkefna með þeim rökum að gatnagerðargjald hefði ekki áður verið lagt á vegna upphaflegra framkvæmda við götuna. Þá kvartaði hann yfir bréfi félagsmálaráðuneytisins sem hann taldi ekki uppfylla skilyrði stjórnssýslulaga um form og efni úrskurða.

Umboðsmaður vísaði til dóms Hæstaréttar, H 1984:573, þar sem leyst var úr svipuðu álitaefni á þá leið að álagning gatnagerðargjalds væri heimil. Vegna bréfs félagsmálaráðuneytisins ritaði umboðsmaður ráðherra og innti eftir því hvort ráðuneytið teldi sig hafa verið bært til þess að úrskurða um lögmati álagningar gatnagerðargjalds í gildistíð laga nr. 54/1971. Ítrekaði ráðuneytið þá afstöðu sína, sem margoft áður hafði komið fram í bréfaskiptum þess og umboðsmanns vegna eldri mála, að það teldi sig ekki hafa úrskurðarvald. Vísaði umboðsmaður jafnframt til þess að hann hafi talið að ákvörðun um álagningu gatnagerðargjalda yrði skotið til ráðuneytisins til úrskurðar.

Ný lög um gatnagerðargjald nr. 17/1996 tóku gildi 1. janúar 1997. Kom fram í svari ráðuneytisins við bréfi umboðsmanns, dags. 28. ágúst 1997, að orðalag 5. gr. laga nr. 17/1996, þar sem kveðið er á um kæruehimild til félagsmálaráðherra, væri með þeim hætti, að aðili máls gæti skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til félagsmálaráðherra, hvort sem um væri að ræða álagningu skv. lögum nr. 51/1974 eða skv. lögum nr. 17/1996. Taldi umboðsmaður því ekki ástæðu til að hann fjallaði frekar um form eða efni bréfs félagsmálaráðuneytis til A.

Í framhaldi af kvörtun A ákvað umboðsmaður að kanna sérstaklega hvort vandamál þau er sköpuðust vegna meinbuga á hinum eldri lögum, hefðu verið leyst með fullnægjandi hætti með setningu laga nr. 17/1996, en í eldri álitum (sjá mál nr. 78/1989 (SUA 1992:189)) hafði sú skoðun hans, að óviðunandi óvissa ríkti um skilyrði til álagningar og innheimtu sérstaks gatnagerðargjalds skv. 3. gr. laga nr. 51/1974, komið fram.

21.9.

Endurupptaka. Endurákvörðun. Stjórnssýslukæra. Kæruehimild.
Endurákvörðun skattstjóra verður skotið til yfirkattanefndar.
(Mál nr. 2078/1998)

A kvartaði yfir staðfestingu ríkisskattstjóra á þeirri úrlausn skattstjórans í Reykjavík að hafna endurupptöku endurákvörðunar skatta. Það hefði skattstjóra borið að gera þar sem endurákvörðunin byggðist á ófullnægjandi og röngum upplýsingum.

Umboðsmaður taldi að enda þótt ráð hefði verið fyrir því gert í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, á þeim tíma er hér um ræddi, að skattstjóri endurskoðaði endurákvörðun sína skv. kæruehimild og kvæði upp kæruehimild í því sambandi, sbr. 1. máls. 1. mgr. 99. gr. þeirra laga, eins og hún þá hljóðaði, væri ekki tilefni til þess að gera sérstaka athugasemd við þá afstöðu skattstjóra að taka erindi A sem beiðni um endurupptöku á endurákvörðun. Almennt yrði hins vegar að gera ráð fyrir því, í samræmi við almennar reglur stjórnssýsluréttar um endurupptöku, að skattaðili hefði val um það hvort hann leitaði eftir endurupptöku eða kærði ákvörðun til æðra stjórnvalds.

Með breytingu á lögum nr. 75/1981 hefði endurákvörðun skattstjóra verið gerð að formlegum úrskurði, sem kæránlegur sé til yfirskattanefndar. Sú kæruleið sem skattstjóri gat um í ákvörðun sinni, þ.e. til ríkisskattstjóra, taldi umboðsmaður að fengi ekki staðist. Fengi hann ekki séð að annað stjórnvald en yfirskattanefnd, sbr. lög nr. 30/1992, hefði verið bært til að endurskoða þessa ákvörðun.

21.10. Aðgangur skattýfirvalda að gögnum hjá bankastofnunum. Andmælaréttur.
(Mál nr. 2509/1998)

Kvörtun A laut að því hvort skattýfirvöldum væri heimilt á grundvelli 1. mgr. 94. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að afla yfirlita frá Reiknistofu bankanna um bankareikninga, án þess að aðilum væri gert viðvart, og hvort það samrýmdist 43. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Umboðsmaður rakti ákvæði 43. gr. laga nr. 113/1996, 1. mgr. 94. gr. laga nr. 75/1981 og 36. gr. eldri laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 55/1964, sbr. 5. gr. laga nr. 70/1965, en ákvæði 36. gr. laga nr. 55/1964, sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar (H 1965:930), var sambærilegt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 75/1981 hvað mál A snertir.

Niðurstaða umboðsmanns var að af áður nefndum dómi og ummælum í lögskýringargögnum væri ljóst að 43. gr. laga nr. 113/1996 stæði ekki í vegi fyrir því að skattýfirvöld öfluðu upplýsinga um einstaka skattaðila frá bankastofnum í þágu skatteftirlits eða skattransóknna, sbr. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 75/1981. Hvað varðaði andmælarétt 4. mgr. 94. gr. sagði umboðsmaður að með orðinu aðili í fyrrgreindu ákvæði væri átt við þá sem væri óskað upplýsinga hjá en ekki þá aðila sem óskað væri upplýsinga um. Andmælaréttur hafði því ekki verið brotinn á A.

22.0. Skipulags- og byggingarmál.

22.1. Stjórnsýslukæra. Kærufrestur. Upphaf kærufrests. Stjórnvaldsákvörðun.

Form og efni úrskurða.

(Mál nr. 2322/1997)

A kvartaði yfir úrskurði umhverfiráðuneytisins frá 14. júlí 1997 þar sem kæru hans vegna samþykktar byggingarnefndar Reykjavíkur frá 17. mars 1997 var vísað frá. Samþykktin hafði verið gerð í tilefni af kröfu A um að byggingarnefnd og byggingarfulltrúi hlutuðust til um að tilteknar breytingar yrðu gerðar á sameign hússins að X-götu 12.

Álitaefnið í málinu laut að því við hvaða tímamark bæri að miða upphaf kærufrests til umhverfiráðuneytisins, en það hafði vísað kærinni frá á grundvelli þess að kærufrestur væri liðinn.

Umboðsmaður vísaði til þess að á þeim tíma er atvik málsins gerðust hefði kærheimild til umhverfiráðuneytis vegna ákvarðana byggingarnefnda sveitarfélaga verið að finna í 8. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og samkvæmt henni hefði kærufrestur verið þrjú mánuðir frá því að aðila varð kunnugt um ályktunina.

Umboðsmaður vék að skilyrðum þess að stjórnsýslukæra yrði tekin til efnislegrar meðferðar, þ.e. að fyrir liggi ákvörðun lægra setts stjórnvalds og að um sé að ræða kærusamband milli æðra og lægra stjórnvalds. Þar sem í þessu máli lá fyrir ákvörðun byggingarnefndar Reykjavíkur sem var stjórnvaldsákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga hefði A verið heimilt að skjóta henni til umhverfiráðuneytis sem æðra stjórnvalds og jafnframt að ráðuneytinu hefði borið að fara með erindi þau er lögmaður A bar upp sem stjórnsýslukæru og leysa efnislega úr þeim ágreiningi er fyrir lá. Umboðsmaður taldi hins vegar afgreiðslu ráðuneytisins hvorki uppfylla skilyrði 31. gr. stjórnsýslulaga um úrskurðarform né það efnisskilyrði að vera bæði ákveðin og skýr um niðurstöðu málsins. Umboðsmaður taldi framangreint fela í sér verulega ágalla á málsmeðferð ráðuneytisins.

Um hina síðari kröfu, að ráðuneytið tæki afstöðu til barborðs og læstra smáskápa, taldi umboðsmaður að þegar afstaða byggingarnefndar hefði verið birt A með bréfi hefði hinn þriggja mánaða langi kærufrestur hafist. Kæra lögmanns A hefði því verið send ráðuneytinu innan kærufrests hvort sem miðað væri við dagsetningu upprunalegrar eða hinnar leiðréttu kæru. Í þessu sambandi áréttaði umboðsmaður að ekki væri heimilt að líta til þess hvort um tómlæti hefði verið að ræða hjá aðila við að bera mál undir byggingarnefnd, enda yrði að skýra ákvæði byggingarlaga um kærufrest í ljósi 27. gr. stjórnsýslulaga.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til umhverfiráðuneytis að það sæi til þess að mál A yrði endurupptekið af til þess bærum aðila, kæmi fram ósk um það frá honum.

Í tilefni af framangreindu álitinu mínu barst mér bréf úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, dags. 30. apríl 1999, en bréfinu fylgdi afrit af bréfi til B, hæstaréttarlögmanns, f.h. A þar sem tilkynnt var um ákvörðun úrskurðarnefndarinnar um endurupp-töku á máli A á grundvelli álits míns.

Úrskurður gekk í málinu hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála 4. febrúar 2000. Úrskurðarorð er svohljóðandi:

„Hafnað er kröfu kæranda um að lagt verði fyrir byggingarfulltrúann í Reykjavík að hann hlutist til um að reistir verði á ný veggbútar í sameiginlegu rými hússins að

[X-götu] 10, 12 og 14 og að hann sjái til þess að barborð og læstir smáskápar í sameiginlegu rými í húsinu verði fjarlægðir.

Kröfu húsfélagsins [Z] um að nefndin úrskurði að íbúð kæranda skuli tilheyra húsinu nr. 14, í stað nr. 12, við [X-götu] er vísað frá úrskurðarnefndinni.“

**22.2. Frestun réttaráhrifa. Stjórnvaldsákvörðun. Rannsóknarreglan.
Málshraði. Rökstuðningur.
(Mál nr. 2450/1998)**

A og B, X-götu 7 í Reykjavík, og C, X-götu 9 í Reykjavík, kvörtuðu yfir því að úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála hefði ekki afgreitt kröfu þeirra frá 6. apríl 1998 um stöðvun framkvæmda við nýbyggingu að Y-götu 2.

Umboðsmaður vísaði til þess að í álitinu sínu í máli nr. 297/1991 (SUA 1992:40) hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að umhverfisráðuneytinu væri heimilt sem æðra stjórnvaldi að fresta réttaráhrifum ákvarðana lægra setts stjórnvalds í byggingarmálum meðan þær væru til meðferðar í ráðuneytinu ef sérstakar ástæður mæltu með því. Yrði í því sambandi að hafa í huga að kæruehimild til ráðuneytisins yrði í sumum tilvikum þýðingarlaus í raun væri frestunarmeimild ekki til að dreifa. Hann tók fram að orðalag skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 væri í samræmi við hina almennu heimild æðra stjórnvalds til að fresta réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar skv. 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga.

Umboðsmaður benti á að ákvörðun um frestun réttaráhrifa væri stjórnvaldsákvörðun og því bæri að fara að málsmeðferðarreglum stjórnsýslulaga þegar hún væri tekin. Það réði hins vegar umfangi rannsóknarskyldu að stöðvun framkvæmda væri bráðabirgðaúrræði sem gripið væri til undir rekstri ágreiningsmáls. Yrði því ekki krafist jafnítarlegrar rannsóknar máls á þessu stigi, eins og þurfa mundi til að úrskurða um gildi byggingarleyfis að efni til. Á hinn bóginn kynni hraði málsmeðferðar við ákvörðun um stöðvun framkvæmda að ráða úrslitum um hvort kæruehimild væri í raun virkt úrræði. Lékust því á annars vegar skylda stjórnvalds til að upplýsa mál nægilega og hins vegar sjónarmið um málshraða. Að þessu virtu taldi umboðsmaður að úrskurðarnefndinni hefði verið unnt að gæta andmælaréttar með því að boða aðila máls á fund nefndarinnar og gefa þeim kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri munnlega. Meðferð stöðvunarkröfunnar fyrir nefndinni hefði tekið 37 daga frá móttökudegi til og með uppkvaðningardegi úrskurðarins. Sagði umboðsmaður það skoðun sína að slíkur málsmeðferðartími væri ósamrýmanlegur markmiði þess úrræðis sem 5. mgr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga hefði að geyma. Þá benti umboðsmaður á að þó að tveir nefndarmenn hefðu þurft að víkja sæti vegna vanhæfis í málinu hefði nefndinni allt að einu verið rétt að ýta málinu úr vör, sbr. ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. stjórnsýslulaga.

Umboðsmaður taldi og að rökstuðningi nefndarinnar um stöðvunarkröfuna hefði verið nokkuð áfátt, þ.e. ekki yrði ráðið af rökstuðningnum hvaða sjónarmið hefðu ráðið úrslitum við mat nefndarinnar á því hvort skilyrði væru fyrir hendi til að neyta úrræða nefndrar lagagreinar.

Beindi umboðsmaður þeim tilmælum til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál að nefndin tæki verklag sitt við afgreiðslu stöðvunarkrafna til endurskoðunar í samræmi við þau viðhorf sem fram kæmu í álitinu.

Með bréfi, dags. 10. maí 1999, óskaði ég eftir upplýsingum frá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála um, hvort einhverjar ákvarðanir hefðu verið teknar í tilefni af framangreindu álitinu.

Hinn 4. júní 1999, barst mér svar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Þar sagði:

„Með bréfi til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála dags. 10. maí síðastliðinn óskið þér upplýsinga um ákvarðanir nefndarinnar í tilefni af álitu yðar frá 14. október 1998 varðandi verklag við afgreiðslu krafna um stöðvun framkvæmda en í álitinu beinduð þér þeim tilmælum til nefndarinnar að hún endurskoðaði umrætt verklag.

Þegar mál það sem fyrrnefnd kvörtun beindist að kom til meðferðar í úrskurðarnefndinni verður varla sagt að verklag nefndarinnar við meðferð krafna um stöðvun framkvæmda hafi verið fullmótað. Hafði lítið reynt á það fyrir þann tíma hvernig standa bæri að verki í umræddum tilvikum en ákvæði 5. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1997 veita engar leiðbeiningar um málsmeðferð umfram það að áherslu beri að leggja á málshraða. Ljóst þótti hins vegar að ekki mætti skilja orðalag ákvæðisins bókstaflega heldur yrði að fjalla um kröfur um stöðvun framkvæmda eftir reglum stjórnarsýslulaga og veita hagsmunaaðilum hæfilegan frest til andmæla. Í framhaldi af tilmælum yðar og að fenginni aukinni reynslu hefur úrskurðarnefndin mótað viðmiðunarreglur um meðferð umræddra krafna. Er verklag nefndarinnar nú í stuttu máli eftirfarandi:

1. Leitað er afstöðu þess aðila, sem krafa um stöðvun framkvæmda beinist að. Er sérstaklega leitað eftir því hvort hann geti fallist á kröfuna þannig að ekki þurfi að koma til úrskurðar um hana. Hefur í nokkrum tilvikum verið fallist á að framkvæmdir verið stöðvaðar eða þær ekki hafnar meðan beðið er efnisúrlausnar máls.
2. Sé ekki fallist á kröfuna kannar framkvæmdastjóri hvort framkvæmdir séu hafnar eða að hefjast. Sé svo er byggingarleyfisafa og viðkomandi byggingarnefnd gefinn stuttur frestur til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Sérstaklega er reynt að hraða málsmeðferð ef framkvæmdir eru verulegar eða varanlegar þannig að þær hafi áhrif á réttarstöðu aðila eða raski hagsmunum verulega, t.d. ef um uppsteypu mannvirkis er að tefla.
3. Ef mikið liggur við þykir koma til álita að aðilar fái að reifa mál munlega og að úrskurður sé kveðinn upp innan örstutts tíma, jafnvel innan sólarhrings frá því krafa um stöðvun framkvæmda kemur fram. Til slíkrar málsmeðferðar hefur ekki komið enn enda hafa þær aðstæður ekki skapast að slíkt hafi þótt nauðsynlegt. Stundum eru framkvæmdir ekki hafnar þar sem byggingarleyfi skv. 44. gr. laga nr. 73/1997 hefur ekki verið gefið út. Er í slíkum tilvikum lagt fyrir byggingarfulltrúa að gera nefndinni viðvart um það hvenær byggingarleyfið verði gefið út og er tíminn þá notaður til þess að undirbúa úrskurð svo sem með því að kalla eftir afstöðu aðila.
4. Stundum eru framkvæmdir þess eðlis að ekki er talið brýnt að stöðva þær þegar í stað. Þetta getur átt við þegar sýnt er að framkvæmdir muni koma að gagni án tillits til niðurstöðu kærumáls eða ef þær eru smávægilegar. Er metið í hverju tilviki hversu mikil þörf er skjótrar úrlausnar.
5. [...]

Það er von úrskurðarnefndar að það verklag, sem nefndin hefur mótað við umfjöllun krafna um stöðvun framkvæmda og að framan er lýst, teljist í samræmi við vandaða stjórnarsýsluháttu og að með því hafi verið orðið við tilmælum yðar, sem fram komu í áðurgreindu álitu.“

22.3.

**Bindandi skipulag. Endurskoðun skipulags.
(Mál nr. 2421/1998)**

A og B báru fram kvörtun vegna breyttrar nýtingar landspildu á Arnarneshæð samkvæmt aðalskipulagi Garðabæjar fyrir árin 1995–2015, sem umhverfisráðuneytið hafði staðfest. Töldu A og B að bæjaryfirvöldum hefði verið óheimilt að taka umrætt svæði undir blandaða íbúða- og stofnanabyggð.

Í bréfi umboðsmanns til kvartenda kom fram að gögn málsins sýndu að fyrir lægi samningur milli eigenda Arnarnesslands og Garðahrepps um gatnagerð o.fl. Með því að kvartendur voru ekki aðilar að samningnum gátu þeir ekki borið fram kvörtun vegna vanefnda á honum.

Á þeim tíma er hin umdeilda skipulagstillaga var lögð fram og staðfest voru í gildi skipulagslög nr. 19/1964, með síðari breytingum. Umboðsmaður rakti ákvæði 5. mgr. 18. gr. þeirra laga og 7. gr. laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, um það að skipulag teljist bindandi, bæði fyrir stjórnvöld og almenning, þegar það hafi orðið til og verið birt. Hann vísaði til þess að lög og stjórnvaldsreglur gerðu ráð fyrir að aðalskipulag sætti endurskoðun í samræmi við breyttar þarfir. Því væri ekki haldið fram í kvörtun A og B að skilyrði um þörf á endurskoðun hefði ekki verið fullnægt eða að ákvörðun um breytta nýtingu svæðisins í endurskoðuðu skipulagi hefði byggt á ólögumætum sjónarmiðum. Taldi umboðsmaður því ekki tilefni til frekari athugunar á grundvelli kvörtunarinnar eða til athugasemda við þá ákvörðun umhverfisráðuneytisins að staðfesta endurskoðað aðalskipulag fyrir Garðabæ 1995–2015.

23.0. Skráning og meðferð persónuupplýsinga.

23.1. Tölvunefnd. Rannsóknarreglan. Rökstuðningur. (Mál nr. 2080/1997)

A kvartaði yfir meðferð tölvunefndar á kærnu fyrirtækisins vegna starfshátta Reikni- stofunnar ehf., einkum því að tölvunefnd hefði ekki sinnt eftirlitsskyldu sinni sem skyldi, brotið gegn rannsóknarreglu og að rökstuðningur nefndarinnar hefði verið ófullnægjandi.

Umboðsmaður rakti þau ákvæði er snerta tölvunefnd í X. kafla laga nr. 121/1989, um skerðingu og meðferð persónuupplýsinga, og fjalla um eftirlit með framkvæmd þeirra. Því næst rakti hann þær skyldur sem 10. gr. stjórnáskýslulaga leggur á stjórnvald um rannsókn máls. Fyrir lægi í málinu að Reiknistofan ehf. hefði ýmist ekki svarað eða svarað með ófullnægjandi hætti fyrirspurnum tölvunefndar og með hliðsjón af lögmæltu hlutverki nefndarinnar og rannsóknarskyldu hefði hún átt að fylgja rannsókn sinni fastar eftir. Þá tók umboðsmaður fram að beiting tölvunefndar á meðal- hófsreglu hefði ekki átt við, enda sé meðalhófsregla ekki sönnunarregla.

Þá var það niðurstaða umboðsmanns að rökstuðningur tölvunefndar fullnægði ekki 22. gr. stjórnáskýslulaga með því að ekki hefði verið vísað til þeirra réttarheimilda sem ákvörðun nefndarinnar byggðist á. Beindi hann þeim tilmælum til tölvunefndar að hún gætti þeirra sjónarmiða sem rakin hefðu verið í álitinu um rannsókn mála og rökstuðning.

24.0. Starfssvið umboðsmanns og skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun.

24.1. Málskot til æðra stjórnvalds.

Ákvörðun valnefndar Lögregluskóla ríkisins verður borin undir dómsmálaráðherra. (Mál nr. 2465/1998)

A kvartaði m.a. yfir ákvörðun valnefndar Lögregluskóla ríkisins, þar sem umsókn hans um skólavist var hafnað. Í bréfi umboðsmanns, dags. 3. júní 1998, sagði meðal annars: „Í 4. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um það, að dómsmálaráðherra sé æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Fjallað er um Lögregluskóla ríkisins í VIII. kafla laganna. Þar segir í 1. mgr. 36. gr., að skólinn sé sjálfstæð stofnun. Ákvæði um inntöku nýnema og námstillögum eru í 38. gr. laganna. Í 3. mgr. greinarinnar er ákvæði um það, að valnefnd velji nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Fimm menn sitji í nefndinni og sé einn þeirra tilefndur af dómsmálaráðherra, einn af ríkislögreglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra lögregluskólans og sé hann formaður. Í 39. gr. laganna er dómsmálaráðherra falið að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um stjórn skólans og starfslíð, inntökuskilyrði, námstillögum og próftökum. Í 1. gr. reglugerðar nr. 490/1997, um Lögregluskóla ríkisins, er ítrekað að skólinn sé sjálfstæð stofnun, sem heyri undir dómsmálaráðherra. [. . .] Þrátt fyrir að lögregluskólinn sé tilgreindur sem „sjálfstæð stofnun“ í lögreglulögum, kemur fram í athugasemdum við VIII. kafla þess frumvarps, er varð að lögreglulögum nr. 90/1996, að skólinn sé „sérstök stofnun sem heyri beint undir dómsmálaráðherra [. . .]“. Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, taldi umboðsmaður því ekki skilyrði fyrir því að hann fjallaði frekar um málið að svo stöddu.

Ákvörðun lækni um að afhenda ekki sjúkraskrá lýtur eftirliti landlækni. (Mál nr. 2418/1998)

A kvartaði yfir því að læknar á geðdeild Landspítalans hefðu neitað sér um afrit af sjúkraskýrslum. Í bréfi umboðsmanns, dags. 17. mars 1998, sagði m.a.: „Fjallað er um aðgang að sjúkraskrá í 14. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga. Þar er kveðið á um það, að lækni og öðrum, sem færa sjúkraskrá, sé skylt að sýna hana sjúklingi eða umboðsmanni hans og afhenda þeim afrit skrárinnar, sé þess óskað. Þó skuli ekki sýna sjúklingi upplýsingar í sjúkraskrá, sem hafðar eru eftir öðrum en honum sjálfum eða heilbrigðisstarfsmönnum, nema sá samþykki það, sem gaf upplýsingarnar. Landlæknir getur þó í vissum tilvikum ákveðið, að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að slíkum upplýsingum. Í 4. mgr. 14. gr. er ákvæði þess efnis, að telji læknir það ekki þjóna hagsmunum sjúklings, að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit hennar skuli án tafar framsenda landlækni afrit hennar til frekari afgreiðslu. Landlæknir skal svo ákveða innan átta vikna, hvort viðkomandi fái afrit af skránni, og má skjóta niðurstöðu hans til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Ástæða þess, að ég rek þetta hér, er sú að í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997, um

umboðsmann Alþingis, er kveðið á um það, að ef skjóta megi máli til æðra stjórnvalds, sé ekki unnt að kvarta til umboðsmanns, fyrr en það stjórnvald hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Ég tel því rétt, að þér óskið enn á ný eftir því við viðkomandi lækna, að þér fáið afrit skrárinnar. Telji þeir, að ekki beri að afhenda yður hana, er þeim skylt að framsenda landlækni afrit skrárinnar. Landlækni ber síðan að ákveða innan átta vikna, hvort þér fáið afrit skrárinnar. Ef þér teljið enn, að fenginni ákvörðun landlæknis og eftir atvikum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, að þér séuð beittir rangindum, er yður heimilt að leita til mín á ný.“

**Formleg krafa um vaxtagreiðslu vegna ofgreidds skattfjár skal beint að
embætti tollstjórans í Reykjavík.
(Mál. nr. 2386/1998)**

A kvartaði yfir því að honum hefðu ekki verið greiddir vextir af inneign hans vegna ofgreidds tekjuskatts, eins og kveðið væri á um í 112. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í bréfi, dags. 27. febrúar 1998, sagði umboðsmaður m.a.: „Endurgreiðsla ofgreidds skattfjár á undir innheimtumenn ríkissjóðs, í tilviki yðar embætti tollstjórans í Reykjavík. Ég tel því rétt, að þér beinið formlegri kröfu um vaxtagreiðslu að embætti tollstjórans í Reykjavík. Ákvörðun innheimtumanns getið þér eftir atvikum kært til fjármálaráðuneytisins.“ Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997 lauk umboðsmaður afskiptum sínum af málinu að svo stöddu.

25.0. Stjórn fiskveiða.

25.1. Birting laga. Frumkvæðisathugun. Grundvallarreglur réttarríkisins. (Mál nr. 2140/1997)

Umboðsmaður tók til athugunar að eigin frumkvæði, í tilefni af athugun sinni á tveimur kvörtunum, ákvæði laga nr. 105/1996, um breyting á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, einkum atriði, sem vörðuðu birtingu laganna og ákvæði þeirra um gildistöku. Fyrirspurnir umboðsmanns til forseta Alþingis, sjávarútvegsráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra sneru ýmist að afgreiðslu, samþykkt, tilkynningu um samþykki, undirbúningi að staðfestingu forseta Íslands og birtingu í Stjórnartíðindum, m.a. hvenær nefnd lög hefðu borist skrifstofu Stjórnartíðinda til birtingar.

Umboðsmaður rakti að með lögum nr. 105/1996 hefði ákvæði laga um stjórn fiskveiða, er snertu krókabáta, verið breytt. Í 2. mgr. 3. gr. hinna nýju laga hefði verið svo fyrir mælt að eigandi krókabáts skyldi tilkynna Fiskistofu „fyrir 1. júlí 1996“, hvort hann hygðist stunda veiðar tiltekinn fjölda sóknardaga eða miða við þorskaflahámak. Hefði eigandi ekki gert það fyrir nefnt tímamark skyldi hann stunda veiðar miðað við þorskaflahámak.

Þá vísaði umboðsmaður til þess að í 8. gr. laganna væri mælt fyrir um gildistöku þeirra, þ.e. að þau öðluðust gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlaðist þegar gildi.

Umboðsmaður rakti að frumvarpið hefði verið samþykkt sem lög frá Alþingi 5. júní 1996. Hinn 11. júní 1996 hefði skrifstofa Alþingis sent lögin til sjávarútvegsráðherra. Hinn 19. júní 1996 hefði ríkisráðsritara verið send tillaga sjávarútvegsráðherra til handhafa valds forseta um staðfestingu laganna. Fallist hefði verið á tillögu sjávarútvegsráðherra samdægurs. Í samræmi við venju hefði ríkisráðsritari sent ritstjóra Stjórnartíðinda myndrit með undirskriftum handhafa valds forseta og dagsetningu staðfestingar, en texti laganna hefði áður borist beint frá Alþingi. Hinn 24. júní 1996 hefði sjávarútvegsráðuneytið óskað eftir því að lögin yrðu birt hið fyrsta. Lögin hefðu síðan verið birt í A-deild Stjórnartíðinda sem lög nr. 105/1996 þann 27. júní 1996. Samkvæmt því hefðu lögin verið birt fjórum dögum áður en frestur sá, sem mælt væri fyrir um í 2. mgr. 3. gr., rann út.

Umboðsmaður vísaði til 27. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands um birtingu laga og gat þess að birting laga heyrði til stjórnsýslu, þar sem hún komi til eftir að eiginlegu löggjafarstarfi er lokið, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Þá rakti hann ákvæði laga nr. 64/1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sbr. lög nr. 22/1962, og efni greinargerða með þeim. Hann gat þess að verulegar breytingar hefðu orðið á íslensku samfélagi frá því að umrædd lög voru sett og að með nýjum aðferðum, einkum á sviði tölvutækni, hefði orðið gerbylting við miðlun upplýsinga. Þrátt fyrir það giltu enn þær röksemdir, er byggju að baki þeim áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu laga-reglna, að menn skyldu eiga kost á að kynna sér lögin, og ákvæði um að mönnum sé ekki skylt að fara eftir óbirtum lögum. Þá vék umboðsmaður að grundvallarreglum réttarríkisins, með vísan til Mannréttindasáttmála Evrópu og úrlausna stofnana Evrópuráðsins, og rakti að samkvæmt sáttmálum væri með vissum skilyrðum heimilt að setja mannréttindum skorður, en meðal þeirra skilyrða væri sú ófrávikjanlega krafa að umræddar skorður væru ákveðnar í lögum en enn fremur yrðu lögin að vera reist á grundvallarreglum réttarríkisins um réttaröryggi, þ.e. vera skýr almennings og aðgengileg. Lýsti umboðsmaður því að framangreindar kröfur til laga yrðu ekki aðeins

leiddar af Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú væri lög í landinu, heldur einnig byggðar á stjórnskipun Íslands sem réttarríkis.

Niðurstaða umboðsmanns var að gera tvenns konar athugasemdir við ákvæði laga nr. 105/1996. Í fyrsta lagi taldi hann að gildistökuákvæði 8. gr. væri til þess fallið að valda ruglingi um eiginlega gildistöku laganna, meðal annars um það hvort unnt væri að beita þeim fresti, sem mælt væri fyrir um í 2. mgr. 3. gr. Þótt það gæti ekki talist alls kostar heppilegt að einstök ákvæði laga tækju gildi á mismunandi tímum, hefði verið skýrara að taka einnig fram sérstaklega um 2. mgr. 3. gr. ef ætlunin var sú að það ákvæði öðlaðist þegar gildi. Taldi umboðsmaður þessa lagasetningarhætti illa samræmast megin sjónarmiðum um réttaröryggi og skýrleika laga, sem ákvæði stjórnarskrár um birtingu laga og lög nr. 64/1943 væru reist á. Hefði verið þeim mun ríkari ástæða til að vanda til lagasetningar að þessu leyti, þegar haft væri í huga, að lög nr. 105/1996 snertu mikilsverð atvinnuréttindi manna og svigrúm væri mjög lítið til að breyta fyrri ákvörðun, eftir að tilkynningarfrestur rann út.

Í öðru lagi taldi umboðsmaður að eigendum krókabáta hefði verið ætlaður mjög stuttur frestur, frá því að löggin gátu í fyrsta lagi tekið gildi, til að taka ákvörðun um það, með hvaða hætti þeir hygðust stunda veiðar. Áréttta bæri að í sumum tilvikum hefði þurft að athuga hvor hinna tveggja kosta væri hagkvæmari fyrir eiganda krókabáts. Þessa lagasetningarhætti taldi umboðsmaður einnig erfitt að samræma framangreindum megin sjónarmiðum um birtingu laga og gildistöku, sérstaklega með hlíðsjón af hinum mikilvægu atvinnuhagsmunum og að svigrúm til að breyta ákvörðuninni síðar var mjög lítið. Taldi umboðsmaður þá sérstöku kynningu, sem löggin fengu meðal eigenda krókabáta, hafa verið til bóta, en tók fram að það breytti ekki niðurstöðu sinni.

Umboðsmaður tók fram að hann hefði í álitinu ekki tekið neina afstöðu til þess hver kynnu að vera réttaráhrif þeirra annmarka, sem fjallað væri um í álitinu og snertu lög nr. 105/1996.

I.

Í tilefni af athugunum mínum á tveimur kvörtunum, sem ég hafði fjallað um, ákvæði ég, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að taka að eigin frumkvæði til athugunar tiltekin ákvæði laga nr. 105/1996, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, einkum atriði, sem varða birtingu laganna og ákvæði þeirra um gildistöku.

II.

Með lögum nr. 105/1996 var breytt ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem snertu veiðar krókabáta. Í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 var svo fyrir mælt, að eigandi krókabáts skyldi tilkynna Fiskistofu „fyrir 1. júlí 1996“, hvort hann hygðist stunda veiðar tiltekinn fjöldi sóknardaga eða miðað við þorskaflahámark. Hefði eigandi krókabáts ekki tilkynnt um val sitt fyrir nefnt tímamark, skyldi báturinn stunda veiðar með þorskaflahámarki. Um gildistöku laga nr. 105/1996 segir í 8. gr. þeirra, að þau öðlist gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr., sem skuli þegar öðlast gildi. Frumvarp það, sem varð að lögum nr. 105/1996, var samþykkt sem lög frá Alþingi 5. júní 1996. Þau voru síðan undirrituð af handhafa valds forseta 19. júní 1996 og birt í Stjórnartíðindum 27. júní 1996. Við birtingu laganna í Stjórnartíðindum urðu þau mistök, að nafn forseta Íslands var prentað undir lögum, þótt þau hefðu verið undirrituð af handhöfum valds forseta. Um það atriði verður ekki fjallað frekar í þessu álitu.

III.

Með bréfi til forseta Alþingis, dags. 12. júní 1997, óskaði ég eftir því, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að skrifstofa Alþingis léti mér í té tiltæk gögn og upplýsingar um, hvenær og með hvaða hætti frumvarp það, er síðar varð að lögum nr. 105/1996, hefði verið afgreitt frá Alþingi, eftir að frumvarpið hafði verið samþykkt sem lög þaðan. Þá ritaði ég sjávarútvegsráðherra þann sama dag bréf og óskaði eftir því, að sjávarútvegsráðuneytið léti í té tiltæk gögn um, hvenær og með hvaða hætti ráðuneytinu hefði verið tilkynnt um, að frumvarp það, er síðar varð að lögum nr. 105/1996, hefði verið samþykkt sem lög frá Alþingi. Jafnframt óskaði ég eftir tiltækum gögnum og upplýsingum um, hvernig staðið hefði verið að undirbúningi að staðfestingu forseta Íslands á frumvarpi því, er varð að lögum nr. 105/1996, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar, og að birtingu þeirra í Stjórnartíðindum. Enn fremur óskaði ég eftir því með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðherra, dags. sama dag, að ráðuneytið léti mér í té tiltæk gögn og upplýsingar um, hvenær nefnd lög, er hlotið höfðu staðfestingu forseta Íslands, hefðu borist skrifstofu Stjórnartíðinda til birtingar í Stjórnartíðindum.

IV.

Bréfi mínu til forseta Alþingis var svarað með bréfi, dags. 19. júní 1997. Í svarbréfi skrifstofu Alþingis segir þetta:

„Með tilvísun til bréfs yðar dags. 12. júní 1997 skal upplýst að umrædd lög nr. 105/1996, samþykkt á Alþingi 5. júní 1996, voru send sjávarútvegsráðuneytinu þ. 11. júní 1996, eins og fram kemur á hjálögðu ljósriti af bréfi Alþingis til sjávarútvegsráðuneytisins.“

Með bréfinu til mín fylgdi ljósrit af tilvitnuðu bréfi Alþingis til sjávarútvegsráðuneytisins.

Bréfi mínu til sjávarútvegsráðuneytisins var svarað með bréfi, dags. 20. júní 1997. Þar kemur meðal annars þetta fram:

„Ráðuneytinu var send tilkynning um samþykkt tédra laga með bréfi forseta Alþingis dags. 11. júní 1996. Bréfið er í hefðbundnu formi og sendist hjálagt í myndriti ásamt texta laganna er því fylgdi.“

Hinn 19. júní er ríkisráðsritara send tillaga handhafa valds forseta Íslands um staðfestingu laganna, sbr. hjálagt myndrit. Ástæða fyrir því að 4–5 virkir dagar líða frá því að ráðuneytinu barst tilkynning um samþykkt laganna þar til þau voru send til staðfestingar virðist m.a. vera sú að sjávarútvegsráðherra dvaldist erlendis frá 11.–17. júní 1996. Handhafar forsetavalds féllust á staðfestingartillögu sjávarútvegsráðherra 19. júní og tilkynnti ríkisráðsritari ráðuneytinu það samdægurs sbr. hjálagt myndrit.

Í samræmi við venju sendi ríkisráðsritari ritstjóra Stjórnartíðinda myndrit af undirskriftum og dagsetningu staðfestingar. Mun þessi staðfesting hafa borist Stjórnartíðindum 21. júní en texti laganna berst beint frá Alþingi til Stjórnartíðinda.

Hinn 24. júní ritaði ráðuneytið Stjórnartíðindum bréf með ósk um að m.a. nefnd lög yrðu birt hið fyrsta. Er það bréf hjálagt í myndriti.“

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið svaraði erindi mínu með bréfi, dags. 2. júlí 1997. Í svarbréfinu kemur meðal annars þetta fram:

„1. Með símbréfi kl. 15.34 21. júní 1996 [. . .] barst afrit af staðfestingu handhafa valds forseta Íslands, en texti laganna hafði áður borist frá Alþingi, annars vegar í

prentuðu formi boðsent frá skjalavörslu Alþingis til skrifstofu Stjórnartíðinda og hins vegar í tölvupósti beint til prentsmiðju (Steinsdórsprent Gutenberg).

2. Af hagskvæmiástæðum er sá háttur hafður á við útgáfu laga, þegar tilskilin gögn hafa borist (þ.e. lagatextinn og afrit af staðfestingu forseta Íslands), að reynt er að safna saman nokkrum málum, þannig að fylli a.m.k. 16 bls. (þ.e. eina ör) í útgáfu nema gildistökuákvæði eða fyrirmæli ráðuneytis sem fer með viðkomandi mál gefi tilfni til skjótari birtingarháttá.

3. Með símbréfi kl. 15.20 mánudaginn 24. júní 1996 [. . .] óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir að umrædd lög um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, yrðu birt hið fyrsta og eigi síðar en fyrir lok vikunnar.

4. Fimmtudaginn 27. júní 1996 [. . .] voru umrædd lög gefin út í A-deild Stjórnartíðinda nr. 105 19. júní 1996, sbr. meðfylgjandi [. . .]

5. Þau mistök komu í ljós í tilefni af þessari fyrirspurn nú, að misræmi er milli fylgiskjala 1 og 4 þannig að í útgáfu Stjórnartíðinda er ranglega birt nafn forseta Íslands í stað nafna handhafa valds forseta Íslands. Hef ég nú þegar gert ráðstafanir til að láta endurprenta bls. 337–352 í A-deild Stjórnartíðinda 1996 til þess að leiðrétta þessi mistök.“

V.

Í forsendum og niðurstöðu álits míns, dags. 14. maí 1998, segir:

„Rétt þykir að gera hér grein fyrir þeim ákvæðum laga nr. 105/1996, sem hér koma til athugunar.

Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, er síðar varð að lögum nr. 105/1996 (Alþt. 1995–96, A-deild, bls. 3623), kemur fram, að meginmarkmið frumvarpsins hafi verið að stuðla að breytingum á aðstöðu krókabátaútgærða, sem væru til þess fallnar að einfalda reglur og auðvelda þann atvinnurekstur, án þess að hvíkað yrði frá því að geta haft tök á að halda veiðunum innan viðmiðana um heildarafla. Markmið frumvarpsins var að setja reglur um stjórn á veiðum krókabáta. Þar var gert ráð fyrir, eins og áður hafði verið, að krókabátar stunduðu áfram veiðar með þorskaflahámarki eða tiltekinn fjölda sóknardaga, en sú breyting var lögð til, að sóknardagahóparnir yrðu tveir í stað eins áður, þannig að öðrum hópnum yrði eingöngu heimilað að stunda veiðar með handfærum, en hinum með handfærum og línu. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 5. júní 1996.

Í 3. gr. laganna eru fyrirmæli, sem lúta að vali krókabátaeigenda milli nefndra kosta. Í 2. mgr. 3. gr. segir meðal annars þetta:

„Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996 kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga eftir annarri hvorra þeirra aðferða sem nánar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Innan sama frests getur eigandi krókabáts komið fram athugasemdum við Fiskistofu um útreikning á þorskaflahámarki. Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátur stunda veiðar á þorskaflahámarki. Sætti eigandi sig ekki við úrskurð Fiskistofu um þorskaflahámark getur hann, innan mánaðartíma frá því að úrskurður liggur fyrir, skotið málinu til sérstakrar kærunefndar sem ráðherra skipar. [. . .]“

Í 8. gr. laganna segir svo um gildistöku þeirra:

„Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.“

Eins og fyrr segir, var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi 5. júní 1996. Hinn 11. júní 1996 sendi skrifstofa Alþingis löginn til sjávarútvegsráðherra. Hinn 19. júní 1996 var ríkisráðsritara send tillaga sjávarútvegsráðherra til handhafa valds forseta um staðfestingu laganna. Fallist var á tillögu sjávarútvegsráðherra samdægurs. Í samræmi við venju sendi ríkisráðsritari ritstjóra Stjórnartíðinda myndrit með undirskriftum handhafa valds forseta og dagsetningu staðfestingar, en texti laganna hafði áður borist beint frá Alþingi. Hinn 24. júní 1996 óskaði sjávarútvegsráðuneytið eftir því að löginn yrðu birt hið fyrsta. Löginn voru síðan birt í A-deild Stjórnartíðinda sem lög nr. 105/1996 27. júní 1996. Samkvæmt því voru löginn birt fjórum dögum áður en frestur sá, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr., rann út.

VI.

Sem fyrr segir, er tilefni álits þessa tvær kvartanir, sem mér höfðu borist. Í fyrri kvörtuninni var kvartað yfir þeirri ákvörðun Fiskistofu, að tiltekinn krókabátur skyldi stunda veiðar með þorskaflahámarki. Athugun mína í tilefni af kvörtun þessari einskorðaði ég við það, hvort þeirri reglu 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996, að eigendur krókabáta skyldu tilkynna Fiskistofu fyrir 1. júlí 1996, hvort þeir hygðust stunda veiðar með sóknardögum, yrði beitt fyrir 1. september 1996. Í svari mínu, dags. 16. maí 1997, taldi ég, að ekki væru skilyrði til þess að ég hefði frekari afskipti af málinu, þar sem dómsmál væri fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem sama álitaefni væri til umfjöllunar. Vísaði ég af þessu tilefni til 2. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, og 4. tölul. 3. gr. reglna nr. 82/1988, um umboðsmann Alþingis. Niðurstaða mín varðandi síðari kvörtunina varð sú sama.

Dómsmál það, sem fyrr er nefnt, var höfðað á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra. Dómur í málinu var kveðinn upp 6. janúar 1988. Í málinu var þess krafist, að ógiltur yrði með dómi úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 18. október 1996, þar sem synjað var umsókn stefnanda um að fá að stunda veiðar samkvæmt sóknardagakerfi. Enn fremur var þess krafist, að ríkissjóður yrði dæmdur til greiðslu skaðabóta. Byggði stefnandi á því annars vegar, að löginn hefðu ekki tekið gildi fyrir en 1. september 1996 og því væri ekki unnt að beita dagsetningunni 1. júlí 1996, og hins vegar á því, að tíminn, sem leið frá birtingu laganna og þar til frestur til að tilkynna um val rann út, hefði verið of skammur. Í dómi héraðsdóms var kröfum stefnanda hafnað. Í niðurlagi forsendna dómsins segir þetta:

„Fallist er á með stefndu, að skilja beri orðalag 2. mgr. 3. gr. laga nr. 105/1996 þannig, að ákvæðið hafi tekið gildi við birtingu laganna 27. júní 1996, því að öðrum kosti væru þau marklaus. Frá og með 27. júní til 1. júlí eru fjórir dagar. Og enda þótt að frestur fyrir stefnanda til að tilkynna um val sitt hafi þannig að sönnu verið naumur, verður umdeildum stjórnvaldsúrskurði ekki hnekk t á þeirri forsendu. [. . .]“

VII.

Í 27. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands segir svo:

„Birta skal lög. Um birtingarháttu og framkvæmd laga fer að landslögum.“

Samkvæmt þessu ákvæði er það ófrávíkjanleg regla, að birta skuli lög. Gert er ráð fyrir, að nánari fyrirmæli um birtingarháttinn og framkvæmd birtingar komi fram í lögum. Í eldri stjórnskipunarlögum var gert ráð fyrir því, að konungur annaðist „birting laga og framkvæmd“. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því, er varð að stjórnarskipunarlögum nr. 33/1944, segir:

„Hér er boðið, að birta skuli lög, og felst í því, að landslýður skuli ekki fara eftir

óbirtum lögum. Gert er ráð fyrir, að um birtingarháttu og framkvæmd laga sé kveðið á í landslögum, og er það réttara en það, sem nú segir, þar sem vitað er, að hvorki birting né almenn framkvæmd laga hefur í raun og veru verið í höndum konungs. Á það skal bent, að brýn nauðsyn er til, að lagaákvæðin um birtingu laga verði endurskoðuð og samin á ný.“ (Alþt. 1944, A-deild, bls. 15.)

Litið er svo á, að birting laga heyri til stjórnssýslu, þar sem hún komi til eftir að hinu eiginlega löggjafarstarfi er lokið, sbr. 26. gr. stjórnarskrárinnar. Að baki áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu laga felst ekki að sérhver skuli þekkja lögin, heldur það sjónarmið, að almenningur skuli eiga kost á að kynna sér lögin, enda verður almenningi ekki gert að fara eftir óbirtum lögum, eins og segir í tilvitnuðum skýringum. Auðsæ sjónarmið um réttaröryggi leiða til þess, að menn verða að eiga kost á því, að kynna sér efni og tilvist réttarreglna og þar með gæta hagsmuna sinna í skiptum sín á milli eða við stjórnvöld.

Stjórnarskrárákvæðið segir ekki til um, hvernig birtingu skuli hagað, heldur er almenna löggjafanum falið að mæla fyrir um það, eins og fram kemur í 27. gr. stjórnarskrárinnar. Nánari fyrirmæli um birtingu laga er að finna í lögum nr. 64 frá 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, sbr. lög nr. 22/1962 um breytingu á þeim lögum:

Í 1. gr. laga nr. 64/1943, með síðari breytingum, segir þetta:

„Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdarvaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum.“

Í 2. gr. laganna segir:

„Í B-deild Stjórnartíðinda skal birta reglugerðir, erindisbréf, samþykktir og auglýsingar, sem gefnar eru út eða staðfestar af ráðherra, umburðarbréf, ákvarðanir og úrlausnir ráðuneyta, sem almenna þýðingu hafa, veitingar opinberra starfa og lausn frá þeim, er handhafi æðsta framkvæmdarvalds eða ráðherra fer með, reikninga sjóða, ef svo er mælt í staðfestum skipulagsákvæðum þeirra, úrslit alþingiskosninga, skrá yfir félög, firmu og vörumerki sem tilkynnt hafa verið á árinu, heiðursmerki, nafnbætur og heiðursverðlaun sem ríkisstjórnin veitir. Einnig skal þar birta reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum er falið lögum samkvæmt að gefa út.“

Í 7. gr. laga nr. 64/1943 segir þetta:

„Fyrirmælum, er felast í lögum, auglýsingum, tilskipunum, reglugerðum, opnum bréfum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita, fyrr en birting samkvæmt 1. og 2. gr. laga þessara hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um það, að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirmælum. Birt fyrirmæli skulu binda alla frá og með 1. degi þess mánaðar, er liðnir eru 3 almanaksmánuðir hið skemmsta frá útgáfudegi þess blaðs Stjórnartíðinda, er fyrirmælin voru birt, nema þau geymi aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.“

Í almennum athugasemdum í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 64/1943 segir svo:

„Rétt þykir að setja heildarlög um birtingu laga og annarra ákvarðana og um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Svo þykir og henta, að sett verði glögg

fyrirmæli um það, hvenær fara megi að beita fyrirmælum laga o.s.frv. og hvenær allir verði að hlíta þeim. Er með því skorið úr ágreiningi meðal fræðimanna um þessi efni, með því að sumir telja rétt að beita óbirtum fyrirmælum gagnvart þeim sem þekkja þau. Aðalatriðið virðist vera það, að fyrirmælin séu birt með þeim hætti, að almenn- ingur geti aflað sér vitneskju um þau. Og eftir það verði allir að sæta ákvæðunum, en enginn fyrir. Með því skapast mest réttaröryggi.

Gleggra sýnist að binda gildistöku ákvæðana við tiltekinn mánaðardag en reikna í vikum frá útkomudegi B-deildar Stjórnartíðinda, eins og segir í lögum nr. 11 1877.“ (Alþt. 1943, A-deild, bls. 224–225.)

Frumvarp það, er varð að lögum nr. 64/1943, geymði ekki skýringar við einstök ákvæði, heldur einungis þær almennu athugasemdir, sem hér var vitnað til.

Lög nr. 64/1943 hafa enn fremur að geyma fyrirmæli um útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs. Er útgáfan í höndum dóms- og kirkjumálaráðherra, sbr. 5. gr. laganna. Með lögum nr. 22/1962 voru gerðar breytingar á 1. og 2. gr. laga nr. 64/1943. Fölu breyting- arnar í sér, að auk A- og B-deilda Stjórnartíðinda skyldi gefa út C-deild Stjórnartíðinda, en þar skyldi „birta samninga við önnur ríki, svo og auglýsingar varðandi gildi þeirra“.

Verulegar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi frá því að lög nr. 64/1943 voru sett. Með nýjum aðferðum, einkum á sviði tölvutækni, hefur orðið gerbylting við miðlun upplýsinga. Þrátt fyrir það gilda enn þær röksemdir, er búa að baki þeim áskilnaði stjórnarskrárinnar um birtingu lagareglna, að menn skuli eiga kost á að kynna sér lögín, og ákvæðum um að mönnum sé ekki skylt að fara eftir óbirtum lögum.

Hér er enn fremur rétt að víkja að grundvallarreglum réttarríkisins og tengslum þeirra við löggjafarstarf og birtingu laga.

Mannréttinasáttmáli Evrópu var lögtekinn hér á landi með lögum nr. 62/1994, um mannréttinasáttmála Evrópu. Í upphafi þess áttmála leggja aðildarríkin áherslu á grund- vallarreglur réttarríkisins. Að því er til mannréttinda tekur, leiðir af þessum grundvallar- reglum ákveðnar kröfur til löggjafar, sem snertir mannréttindi.

Í mörgum ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu er aðildarríkjunum með vissum skilyrðum heimilað að setja mannréttindum ákveðnar skorður. Má hér einkum vísa til 8.– 11. gr. áttmálans, 1. gr. 1. samningsviðauka og 2. gr. 4. samningsviðauka. Meðal nefndra skilyrða er sú ófrávíkjanlega krafa, að umræddar skorður séu ákveðnar í lögum. Með hlið- sjón af grundvallarreglum réttarríkisins verða lögín ennfremur að vera reist á sjónarmið- um réttaröryggis. Gera verður þá kröfu, að þau séu skýr og almenningi aðgengileg.

Framangreind viðhorf til skýringar á Mannréttinasáttmála Evrópu hafa komið fram í fjölmörgum úrlausnum Mannréttindanefndar Evrópu og Mannréttindadómstóls Evrópu. Dæmi um það eru úrlausnir um takmarkanir á tjáningarfrelsi. Þar hefur verið lögð áhersla á, að það skilyrði í 2. mgr. 10. gr., að lög mæli fyrir um takmörkun, feli meira í sér en það eitt, að takmörkunin sé í samræmi við landslög. Það taki einnig til verðleika laganna, þar sem þau verði að samrýmast meginreglum formála mannréttinasáttmálans um réttarríkið (sjá dóm í máli Silver o.fl. gegn Bretlandi frá 25. mars 1983, Ser. A No. 61, § 90, og dóm í máli Golder gegn Bretlandi frá 21. febrúar 1975, Ser. A No. 18, § 34). Þau lög, sem í hlut eiga, verða að vera nægilega aðgengileg í þeim skilningi, að borgarinn verður að eiga kost nægilegra upplýsinga um, miðað við alla málavexti, hvaða lagareglur eigi við. Til laga teljast með öðrum orðum aðeins fyrirmæli, sem eru það skýr, að borgarinn sé fær um að breyta samkvæmt þeim, eftir atvikum að fenginni nauðsynlegri ráðgjöf, og sjá fyrir, eftir því sem eðlilegt er að ætlast til eftir atvikum hverju sinni, hvaða afleiðingar sú athöfn, sem um er að ræða, hafi í för með sér (sjá dóm í máli Sunday Times gegn Bretlandi frá 26. apríl 1979, Ser. A No. 30, § 49). Í þessari kröfu felst, að landsréttur á að veita vissa vörn gegn handahófskenndum afskiptum handhafa opinbers valds af mannréttindum, sem

verndar njóta (sjá dóm í máli Malone gegn Bretlandi frá 2. ágúst 1984, Ser. A No. 82, § 67).

Að mínum dómi verða framangreindar kröfur til laga ekki aðeins leiddar af Mannréttindasáttmála Evrópu, sem nú er lög í landinu, heldur verði þær einnig byggðar á stjórnskipun Íslands sem réttarríkis. Þær réttarreglur, sem fjallað er um í álitinu þessu, verða því að fullnægja þeim skilyrðum, sem nefnd grundvallarsjónarmið réttarríkisins útheimta samkvæmt framansögðu.

VIII.

Ég hef athugað ákvæði laga nr. 105/1996, einkum ákvæði þeirra um birtingu og gildistöku, út frá ákvæðum stjórnarskrár, reglum laga nr. 64/1943 og þeim sjónarmiðum um mannréttindi og réttaröryggi, sem þau eru augljóslega reist á og að framan eru rakin. Athugasemdir mínar eru tvenns konar. Í fyrsta lagi lúta þær að gildistökuákvæði laga nr. 105/1996 og hins vegar að þeim fresti, sem líður frá því að lögin eru birt og þar til að reynir á gildi þeirra.

Að því er fyrra atriðið varðar skal bent á, að í 8. gr. laganna, sem fjallar einvörðungu um gildistöku laganna, segir, að þau öðlist gildi 1. september 1996, nema 2. gr., sem öðlist þegar gildi. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 3. gr., að frestur fyrir eigendur krókabáta til að tilkynna til Fiskistofu, hvort þeir vilja stunda veiðar með þorskaflahámarki eða á sóknardögum, renni út 1. júlí, eða tveimur mánuðum, áður en lögin eiga að öðru leyti að taka gildi. Þetta var að mínum dómi til þess fallið að valda ruglingi um eiginlega gildistöku laganna, meðal annars um það, hvort unnt væri að beita fresti þeim, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. Þeim mun frekar var hætta á misskilningi um þetta efni, þar sem gert er ráð fyrir því í 8. gr., er lýtur að gildistöku laganna, að ákvæði 2. mgr. taki gildi þegar í stað. Á hinn bóginn var tekið fram í 8. gr., að ákvæði 2. gr. laganna skyldi öðlast þegar gildi. Var því nærtækt að gagnálykta út frá ákvæðum 8. gr., að önnur ákvæði laganna en fram koma í 2. gr. tækju því ekki gildi fyrr en 1. september 1996. Þótt það geti ekki talist alls kostar heppilegt að einstök ákvæði laga taki gildi á mismunandi tímum, hefði verið skýrara að taka þetta einnig sérstaklega fram um 2. mgr. 3. gr., ef ætlunin var sú, að það ákvæði öðlaðist einnig þegar gildi. Þessir lagasetningarhættir samræmast að mínum dómi illa þeim meginsjónarmiðum um réttaröryggi og skýrleika laga, sem ákvæði stjórnarskrár um birtingu laga og lög nr. 64/1943 eru reist á. Var þeim mun ríkari ástæða til að vanda til lagasetningarinnar að þessu leyti, þegar haft er í huga, að lög nr. 105/1996 snerta mikilsverð atvinnuréttindi manna og svigrúm mjög lítið til að breyta fyrri ákvörðun, eftir að tilkynningarfrestur rennur út.

Síðara atriðið varðar þann tíma, sem líður frá því að lögin voru birt og þar til frestur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. rann út. Lög nr. 105/1996 voru birt í A-deild Stjórnartíðinda 27. júní 1996. Frestur fyrir eigendur krókabáta til að tilkynna, hvort þeir hygðust stunda veiðar samkvæmt þorskaflahámarki eða sóknardögum rann út 1. júlí 1996. Samkvæmt þessu liðu aðeins fjórir dagar frá því að lögin voru birt og þar til fresturinn rann út, og er þá birtingardagurinn talinn með. Jafnvel þótt fallist yrði á, að unnt væri að beita ákvæði 2. mgr. 3. gr. að því er frestinn varðar, tel ég, að með þessu hafi eigendum krókabáta verið ætlaður mjög stuttur frestur, frá því að lögin gátu í fyrsta lagi tekið gildi, til að taka ákvörðun um það, með hvaða hætti þeir hygðust stunda veiðar. Í þessu sambandi ber að áréttta, að í sumum tilvikum þurfti nokkurrar athugunar við, hvor kosturinn væri hagkvæmari eiganda krókabáts. Ég tel, að þessa lagasetningarhætti sé erfitt að samræma þeim meginsjónarmiðum um birtingu laga og gildistöku, sem að framan eru rakin, sérstaklega þegar haft er í huga, að hér var um að ræða ákvörðun, sem snerti mikilvæga atvinnuhagsmunum eigenda krókabáta, og svigrúm til að breyta henni síðar var mjög lítið. Ég tel, að sú sérstaka kyn-

ing, sem lögín fengu meðal þeirra, sem þau varða mest, hafi verið til bóta, en breyti þó ekki framangreindri niðurstöðu minni.

Samkvæmt framansögðu eru það tilmæli mín til Alþingis og þeirra stjórnvalda, sem standa að undirbúningi laga og birtingu þeirra, að gætt verði þeirra sjónarmiða, sem lýst hefur verið hér að framan í álitinu þessu, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Ég tek fram, að ég hef ekki í álitinu þessu tekið neina afstöðu til þess, hver kunni að vera réttaráhrif þeirra annmarka, sem fjallað er um í álitinu og snerta lög nr. 105/1996.“

25.2. Svipting veiðileyfis. Refsikennd viðurlög. Gildistaka reglugerða. (Mál nr. 2355/1998)

A kvartaði yfir úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun Fiskistofu um að svipta skipið B leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með 8. september til 21. september 1997.

Umboðsmaður taldi úrlausnarefnið þrjúþætt. Í fyrsta lagi hvort skylt væri að vigta skemmdan afla, sem hirtur væri í stað þess að kasta honum fyrir borð, eins og heimild að væri í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni við nytjastofna sjávar. Ef talið yrði, að skylt hefði verið að vigta aflann, þyrfti í öðru lagi að taka afstöðu til þess hvort rétt hefði verið staðið að vigtun í þessu tilviki. Loks þyrfti að kanna hvort Fiskistofu hefði verið rétt að ákveða veiðileyfissviptingu undir þessum tilteknu kringumstæðum.

Umboðsmaður rakti fyrst meginreglu 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 um skyldu til að hirða og koma með að landi allan afla og undantekningarákvæði 2. mgr. 2. gr. um heimild til að varpa fyrir borð vissum tegundum af skemmdum afla. Ákvörðun um sviptingu veiðileyfis var byggð á því að vigta bæri allan afla, sem komið væri með að landi, óháð ásigkomulagi, en A byggði kvörtun sína á því skemmdur humar, sem að öðru jöfnu hefði verið hent fyrir borð, en skipverjar á skipinu B hirtu og fóru með í vinnslu, hefði fallið undir framangreinda meginreglu. Umboðsmaður rakti að í III. kafla nefndra laga væri að finna ákvæði um vigtun sjávaraflla og tók fram að í lögum, reglugerðum eða lögskýringargögnum væri ekki að finna neina ráðagerð um undantekningu frá skilyrði um vigtun, jafnvel þó að um verðlausan afla væri að ræða. Taldi umboðsmaður ekki ástæðu til athugasemda við þá niðurstöðu sjávarútvegsráðuneytisins, að skylt hefði verið að láta vega allan afla, sem skipið B kom með að landi í umrætt sinn.

Þá gat umboðsmaður þess að umrædd humarvinnsla, sem fiskurinn var færður til, hefði ekki svokallað heimavigtunarleyfi, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 618/1994, um vigtun sjávaraflla, og því hefði vigtun hjá þeirri humarvinnslu ekki getað komið í stað hinnar lögboðnu vigtunar á hafnarvog.

Umboðsmaður tók fram að hann teldi ekki ástæðu til að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar að löggiltir vigtunarmenn við Sandgerðishöfn hefðu ekki gætt ákvæða laga og reglugerða við vigtun sjávaraflla. Hann teldi engu að síður rétt að taka til athugunar, ef gengið væri út frá því að hún væri rétt, hvort það ætti að leiða til þess, að ekki teldist rétt að ákveða veiðileyfissviptingu skv. 15. gr. laga nr. 57/1996.

Um þetta atriði gat umboðsmaður þess að lög nr. 57/1996 hefðu að geyma tvöfalt viðurlagakerfi, annar vegar eiginleg refsiviðurlög og hins vegar refsikennd viðurlög. Hann rakti að með 9. gr. nefndra laga væri á skipstjóra lögð sú skylda að halda afla skips aðgreindum eftir tegundum og láta vigta hverja tegund sérstaklega, sem og viðlíka skyldur öikumanna er flyttu óveginn afla og löggiltra vigtunarmanna. Taldi

umboðsmaður orðalag lagaákvæðanna og lögskýringargögn benda til þess að ábyrgð hvers þessara aðila um sig væri sjálfstæð og óháð. Vísaði hann um þetta til dóms Hæstaréttar frá 18. desember 1997. Taldi hann ekki að háttsemi löggiltra vigtunarmanna gæti leyst skipstjóra undan ábyrgð í þessu máli. Fiskistofu væri skylt að ákvarða sviptingu veiðileyfis, sbr. 15. gr. nefndra laga, þegar staðreynt hefði verið að brotið hefði verið gegn ákvæðum laganna. Taldi umboðsmaður ekki ástæðu til athugasemda við ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis.

Þá taldi umboðsmaður að sjávarútvegsráðuneytinu hefði borið að taka það skýrt fram í reglugerð nr. 427/1993, að með henni væri úr gildi fallin reglugerð nr. 261/1992, um vigtun humars.

26.0. Sveitarfélög.

26.1. Lausn nefndarmanns frá störfum. Umboð nefndarmanna. Stjórnarskrá. (Mál nr. 2211/1997)

A, sem setið hafði í hafnarstjórn sveitarfélags, kvartaði yfir úrskurði félagsmálaráðuneytis þar sem ákvörðun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að afturkalla umboð hafnarstjórnar og skólanefndar grunnskóla, áður en kjörtímabili þeirra var lokið, var staðfest. Umboðsmaður einskorðaði athugun sína við þann þátt kvörtunarinnar sem laut að breytingu á stöðu hennar í hafnarstjórn þar eð hún ætti ekki beina hagsmuni af því að fjallað yrði um afturköllun umboðs skólanefndarmanna.

Álitaefnið var hvort nýjum meiri hluta í bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar var heimilt að lögum að veita nefndarmönnum lausn frá starfi og kjósa í nefndir á nýjan leik til að tryggja sér meiri hluta í þeim.

Umboðsmaður vísaði til þess að ákvörðun bæjarstjórnar hefði verið tekin á grundvelli 1. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, en ákvæðið svaraði því eingöngu hver væri bær að lögum til að veita nefndarmönnum lausn frá störfum. Aðrar reglur svöruðu því á hinn bóginn að hvaða skilyrðum uppfylltum það yrði gert, en slík ákvörðun yrði að samrýmast almennum reglum stjórnsýsluréttar, þ. á m. reglum um lögmæt og málefnaleg sjónarmið.

Umboðsmaður beitti gagnályktun frá 5. mgr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, um stöðu nefndarmanna í nefndum sem sveitarstjórn getur kosið til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Um þá gildir að sveitarstjórn getur afturkallað umboð þeirra hvenær sem er og taldi umboðsmaður ljóst að nefndarmönnum annarra nefnda yrði ekki vikið frá með sama hætti.

